


Úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins 2008

3



Gert af nefnd sem ríkissáttasemjari skipaði
að ósk Landssamtaka lífeyrissjóða

Úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins 2008

3

Gert af nefnd sem ríkissáttasemjari skipaði
að ósk Landssamtaka lífeyrissjóða

Útgefandi:

© Úttektarnefnd Landssamtaka lífeyrissjóða

Ritstjórn:

Hrafn Bragason

Héðinn Eyjólfsson

Guðmundur Heiðar Frímansson

Útgáfustjóri:

Kristján Geir Pétursson

Ljósmynd:

Þorgeir Valur Ellertsson

Umbrot og prentun:

Svansprent ehf.

Reykjavík 2012

ISBN: 978-9979-72-100-0

Bindi 1

1. kafli

- 1.1 Verkefni og skipan úttektarnefndar
- 1.2 Afmörkun á efni rannsóknarinnar
- 1.3 Rannsóknarheimildir úttektarnefndar lífeyrissjóðanna
- 1.4 Um þagnarskyldu og birtingu trúnaðarupplýsinga
- 1.5 Uppbygging skýrslunnar
- 1.6 Að vera vitur eftir á

2. kafli

- 2.1 Ágrip af meginniðurstöðum úttektarinnar
 - Summary of the Principal Conclusions of the Review.

3. kafli

- 3.1 Saga lífeyrissjóðanna og viðskiptaumhverfi

4. kafli

- 4.1 Fjárfestingarstefna lífeyrissjóðanna og eftirlit með framkvæmd hennar samkvæmt lögum
- 4.2 Nánar um fjárfestingarheimildirnar
- 4.3 Nánar um mótun og eftirlit með fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða

5. kafli

- 5.1 Almenn um fjárfestingar lífeyrissjóðanna 2006-2009
- 5.2 Stjórn og starfshættir
- 5.3 Yfirlit yfir heildartap lífeyrissjóðanna

Heimildaskrá

Listi yfir þá sem komu fyrir úttektarnefnd LL

Viðauki 1: Ársreikningar lífeyrissjóða – nokkrar

athugasemdir um gerð þeirra, innihald og endurskoðun

Álitsgerð Bjarna Frímanna Karlssonar lektors við viðskiptafræðideild HÍ

Viðauki 2: Íslenska lífeyriskerfið og íslenskur þjóðarbúskapur

Álitsgerð Katrínar Ólafsdóttur lektors við viðskiptadeild HR

Bindi 2

6. kafli

- 6.1. Almenni lífeyrissjóðurinn
- 6.2. Stjórn og starfshættir
- 6.3 Fjárfestingar Almenna lífeyrissjóðsins 2006 - 2009. Athugasemdir úttektarnefndar

7. kafli

- 7.1. Eftirlaunasjóður Félags íslenskra atvinnuflugmanna (EFÍA)
- 7.2 Stjórn og starfshættir
- 7.3 Fjárfestingar Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

8. kafli

- 8.1 Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar
- 8.2 Fjárfestingar Eftirlaunasj. stm. Hafnarfjarðarkaupst. 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

9. kafli

- 9.1 Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar
- 9.2 Fjárfestingar Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

10. kafli

- 10.1 Festa lífeyrissjóður
- 10.2 Stjórn og starfshættir
- 10.3 Fjárfestingar Festu lífeyrissjóðs 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

11. kafli

- 11.1 Frjálsi lífeyrissjóðurinn
- 11.2 Stjórn og starfshættir
- 11.3 Fjárfestingar Frjálsa lífeyrissjóðsins 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

12. kafli

- 12.1 Gildi lífeyrissjóður
- 12.2 Stjórn og starfshættir
- 12.3 Fjárfestingar Gildis lífeyrissjóðs 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

13. kafli

- 13.1 Íslenski lífeyrissjóðurinn
- 13.2 Stjórn og starfshættir

13.3 Fjárfestingar Íslenska lífeyrissjóðsins
2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

14. kafli

14.1 Kjölur lífeyrissjóður
14.2 Stjórn og starfshættir
14.3 Fjárfestingar Kjalar lífeyrissjóðs 2006-
2009. Athugasemdir úttektarnefndar

Bindi 3

16. kafli

16.1 Lífeyrissjóður bankamanna	9
16.1.1 Starfsemi lífeyrissjóðs bankamanna	9
16.1.2 Tap lífeyrissjóðs bankamanna 2008 til 2010	16
16.2 Stjórn og starfshættir	20
16.2.1 Stjórn	20
16.2.2 Samskipta- og siðareglur fyrir stjórn og starfsmenn lífeyrissjóðs bankamanna	20
16.3 Fjárfestingar lífeyrissjóðs bankamanna 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	21
16.3.1 Inngangur	21
16.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins	22
16.3.3 Fjárfestingarstefna lífeyrissjóðs bankamanna	22
16.3.4 Tap lífeyrissjóðs bankamanna	22

17. kafli

17.1 Lífeyrissjóður bænda	25
17.1.1 Starfsemi lífeyrissjóðs bænda (LSB)	25
17.1.2 Tap lífeyrissjóðs bænda 2008 - 2010	30
17.2 Stjórn og starfshættir	35
17.2.1 Stjórn og framkvæmdastjóri	35
17.3 Fjárfestingar lífeyrissjóðs bænda 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	36
17.3.1 Inngangur	36
17.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins	37
17.3.3 Fjárfestingarstefna lífeyrissjóðs bænda	37
17.3.4 Tap lífeyrissjóðs bænda	38

18. kafli

18.1 Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	43
18.1.1 Starfsemi lífeyrissjóðs Neskaupstaðar	43
18.1.2 Tap lífeyrissjóðs Neskaupstaðar 2008 til 2010	46
18.2 Fjárfestingar lífeyrissjóðs Neskaupstaðar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	47

15. kafli

15.1 Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar
15.2 Fjárfestingar lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar
2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

19. kafli

19.1 Lífeyrissjóður Rangæinga	51
19.1.1 Starfsemi lífeyrissjóðs Rangæinga	51
19.1.2 Tap lífeyrissjóðs Rangæinga 2008 og 2009	55
19.2 Fjárfestingar lífeyrissjóðs Rangæinga 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	57
19.2.1 Inngangur	57
19.2.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins	57
19.2.3 Fjárfestingarstefna lífeyrissjóðs Rangæinga, fjárfstýring og tap	58

20. kafli

20.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	61
20.1.1 Starfsemi lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar (LSA)	61
20.1.2 Tap lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrar 2008 til 2010	64
20.2 Fjárfestingar lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	67
20.2.1 Inngangur	67
20.2.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins	67
20.2.3 Fjárfestingarstefna LSA og tap	67

21. kafli

21.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands	71
21.1.1 Starfsemi lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands (LSBÍ)	71
21.1.2 Tap lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands 2008 - 2010	75
21.2 Fjárfestingar lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	77

22. kafli

22.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar	81
---	----

22.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar (LSH)	81
22.1.2 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar	84
22.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	85

23. kafli

23.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar	89
23.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar	89
23.1.2 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar 2008 til 2010	92

24. kafli

24.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	97
24.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb)	97
24.1.2 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2008 til 2010	101
24.2 Stjórn og starfshættir	104
24.2.1 Stjórn og starfsmenn	104
24.2.2 Aðrir lífeyrissjóðir sveitarfélaganna	105
24.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	106
24.3.1 Inngangur	106
24.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins.	106
24.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og tap	107

25. kafli

25.1 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga (LH).	111
25.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH).	111
25.1.2 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga	119
25.2 Stjórn og starfshættir	129
25.2.1 Stjórn.	129
25.2.2 Stjórn og starfsmenn	130
25.2.3 Samskipta og síðareglur.	132
25.3 Fjárfestingar LSR og LH 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar.	133
25.3.1 Inngangur	133
25.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins.	134
25.3.3 Fjárfestingarstefna LSR og LH	135
25.3.4 Tap LSR og LH	137
25.3.3 Fjárfestingarstefna LSR og LH	135

25.3.4 Tap LSR og LH	137
--------------------------------	-----

26. kafli

26.1 Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (LSS).	141
26.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS)	141
26.1.2 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga 2008 til 2010.	147
26.2 Stjórn og starfshættir	153
26.2.1 Stjórn og starfsmenn	153
26.2.2 Samskipta- og síðareglur.	154
26.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS) 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	155
26.3.1 Inngangur	155
26.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins.	155
26.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga	156
26.3.4 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga	157

27. kafli

27.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar	161
27.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjabæjar	161
27.1.2 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjabæjar 2008 til 2010	163
27.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjabæjar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	163

28. kafli

28.1 Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	167
28.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands	167
28.1.2 Tap Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands 2008 - 2009 Tannlæknar tafla 11	172
28.2 Stjórn og starfshættir	173
28.2.1 Stjórn og starfsmenn	173
28.2.2 Samskipta- og síðareglur.	174
28.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	175
28.3.1 Inngangur	175
28.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins.	175
28.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands.	176

Bindi 4

29. kafli

- 29.1 Lífeyrissjóður verkfræðinga
- 29.2 Stjórn og starfshættir
- 29.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs verkfræðinga 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

30. kafli

- 30.1 Lífeyrissjóður verzlunarmanna
- 30.2 Stjórn og starfshættir
- 30.3. Fjárfestingar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

31. kafli

- 31.1 Lífeyrissjóður Vestfirðinga
- 31.2 Stjórn og starfshættir
- 31.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

32. kafli

- 32.1 Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
- 32.2. Stjórn og starfshættir
- 32.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja 2006-2009 Athugasemdir úttektarnefndar.

33. kafli

- 33.1 Sameinaði lífeyrissjóðurinn
- 33.2 Stjórn og starfshættir
- 33.3 Fjárfestingar Sameinaða lífeyrissjóðsins 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar.

34. kafli

- 34.1. Stafir lífeyrissjóður
- 34.2 Stjórn og starfshættir
- 34.3 Fjárfestingar Stafa lífeyrissjóðs 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

35. kafli

- 35.1 Stapi lífeyrissjóður
- 35.2 Stjórn og starfshættir
- 35.3 Fjárfestingar Stapa lífeyrissjóðs 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar.

36. kafli

- 36.1 Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda
- 36.2 Stjórn og starfshættir
- 36.3 Fjárfestingar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

16. Kafli

16.1 Lífeyrissjóður bankamanna	9
16.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs bankamanna	9
16.1.2 Tap Lífeyrissjóðs bankamanna 2008 til 2010	16
16.2 Stjórn og starfshættir	20
16.2.1 Stjórn.	20
16.2.2 Samskipta- og siðareglur fyrir stjórn og starfsmenn Lífeyrissjóðs bankamanna	20
16.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs bankamanna 2006-2009.	
Athugasemdir úttektarnefndar	21
16.3.1 Inngangur	21
16.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins.	22
16.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs bankamanna	22
16.3.4 Tap Lífeyrissjóðs bankamanna.	22

16.1 Lífeyrissjóður bankamanna

16.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs bankamanna

Upphaf

Lífeyrissjóður bankamanna var stofnaður 1. janúar 1929 og er meðal elstu lífeyrissjóða landsins. Fyrstu drög að stofnun sjóðsins eru í lögum um Landsbanka Íslands frá árinu 1919 og var hann þar nefndur Styrktarsjóður. Síðar við stofnun sjóðsins fékk hann nafnið Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka Íslands. Á seinni árum hafa starfsmenn fleiri fjármála-fyrirtækja öðlast rétt til greiðslu í sjóðinn. Sjóðurinn heitir nú Lífeyrissjóður bankamanna.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð sex mönnum. Einn tilnefndur af Landsbanka Íslands, annar tilnefndur af Seðlabanka Íslands og þriðji kosinn af aðildarfyrirtækjum sjóðsins og eru fulltrúar allra aðildarfyrirtækja kjörgengir í þeirri kosningu. Atkvæðagreiðsla fer fram samkvæmt 7. gr. samþykktu sjóðsins, sem felur í sér að meirihluti stjórnar hvers aðildarfélags fer með atkvæði þess en atkvæðavægi einstakra aðildarfyrirtækja miðast við fjölda sjóðfélaga og ræður meirihluti þannig fenginni afstöðu aðildarfyrirtækja í heild. Þrjú stjórnarmenn eru kjörnir af sjóðfélögum á ársfundi sjóðsins. Aðilar tilnefna eða kjósa jafnmarga menn til vara. Skulu varamenn fulltrúa sjóðfélaga kjörnir í þeirri röð sem þeir taka sæti aðalmanna í stjórn. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár. Engin takmörk eru á hámarkstíma sem aðalmaður má sitja í stjórn sjóðsins. Rétt til setu á ársfundi hafa allir sjóðfélagar og hafa þeir tillögurétt og jafnan atkvæðisrétt.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í Lífeyrissjóði bankamanna árin 2006-2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

Bankamenn tafla 1

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna í árslok

Nafn:	Títn.	2009	2008	2007	2006
Fríðbert Traustason	FS	Form.	Form	Form	Form
Atli Atlason	LB	Varaf.			
Helga Jónsdóttir	FS	X	X	X	X
Sigurjón Gunnarsson	FS	X	X	X	X
Ingvar A. Sigfússon	SÍ	X	X	X	X
Hermann Björnsson	*	X			

Nafn:	Títn.	2009	2008	2007	2006
Haukur Þór Haraldsson	LB		Varaf.	Varaf.	Varaf.
Fríðrik Halldórsson	*			X	
Fulltrúar sjóðfélaga	FS				
Bankaráð Landsbankans	LB				
Bankaráð Seðlabanka Íslands	SÍ				
Sameiginleg tilnefning aðildarfélaga	*				

Litlar breytingar hafa verið á stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna á undanförunum árum. Árið 2008 kemur Atli Atlason í stjórn sjóðsins í stað Hauks Þórs Haraldssonar sem kom inn sem varamaður árið 2008. Báðir tilnefndir af bankaráði Landsbanka Íslands hf. Sama ár var Hermann Björnsson tilnefndur af aðildarfélögum og tók hann við af Fríðriki Halldórssyni.

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Starfsmenn Lífeyrissjóðs bankamanna eru fimm. Framkvæmdastjóri sjóðsins frá árinu 1987 hefur verið Sigtryggur Jónsson.

Endurskoðun:

Björg Sigurðardóttir, Knútur Þórhallsson og Örnólfur Jónsson, löggildir endurskoðendur, Deloitte hf.

Tryggingafræðileg athugun:

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur.

Innri endurskoðun:

Sif Einarsdóttir endurskoðandi og Eyrún Einarsdóttir verkefnastjóri, Deloitte hf.

Regluvörður:

Framkvæmdastjóri

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009.

Stjórnarmenn Lífeyrissjóðs bankamanna sátu í eftirtöldum stjórnnum tímabilið 2006-2009.

Atli Atlason

- Félagsstofnun stúdenta, 2006-2009.
- Ewang tannlækningar ehf., 2006-2009.

Fríðbert Traustason

- Reiknistofa bankanna, 2006-2009.
- Landssamtök lífeyrissjóða, 2006-2009.
- SSF (SÍB), 2006 – 2009.

- NFU (norræn samtök bankamanna), 2006 – 2009..

Friðrik Halldórsson

- Kreditkort hf., 2005.
- KB líf hf., síðar Kaupþing Líf ehf., 2005-2007.
- Eftirlaunasjóður stm. Búnaðarbanka Íslands, 2005.
- Fasteignavefurinn hf., 2005.
- KB ráðgjöf ehf., 2005-2007.
- Intrum á Íslandi ehf., 2005.
- Gen ehf., 2005.

Haukur Þ. Haraldsson

- Landsbankinn – Fjárfesting hf., 2005-2007.
- Landsbankinn fasteignafélag ehf., 2005-2007.
- Landsafl hf., 2005 -2006.
- Totus ehf., 2007.
- Vatnsmýri ehf., 2007.
- Hrífa ehf., 2007.
- Situs ehf., 2007.
- Rekstrarfélagið Ago ehf., 2007.
- Hospes ehf., 2007.
- Custos ehf., 2007.
- Landsbankinn Vatnsafl ehf., 2007.

Helga Jónsdóttir

- FSLÍ (félag starfsmanna Landsbanka Íslands hf.), 2001-2010.
- SÍB (Samband íslenskra bankamanna), 1995-2007.
- Samstarfsnefnd um RB fh. SÍB, 1995-2007.

Hermann Björnsson

- Fjölgreiðslumiðlun (FMG), 2009-2010.
- Okkar líf líftryggingafélag, 2009-2010.
- Ysta-Mós ehf., 2009-2010.
- Ingvar Alfrið Sigfússon
- Reiknistofa bankanna, 2005-2010.
- Sigurjón Gunnarsson
- Námssjóður FSLÍ, 2006-2009.
- Menntunarsjóður SSF, 2006-2009.

Heimild: Yfirlit frá Lífeyrissjóði bankamanna dags.12.05.2011

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Lífeyrissjóðs bankamanna er að finna í 1. grein samþykkt sjóðsins.

1. Hlutverk sjóðsins

1.1 Sjóðurinn hefur það hlutverk að sjá sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum fyrir lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykkt þessara.

1.2 Lífeyrissjóðurinn er sjálfstæð stofnun undir eigin stjórn. Sjóðurinn tók við eignum og skuldbindingum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans, sem stofnaður var skv. 49. gr. laga nr. 10, 15. apríl 1928 og tók til starfa 1. janúar 1929 og var í fyrstu kenndur við starfsmenn Landsbanka Íslands. Nafn hans breyttist á ný með gildistöku samþykkt þessara. Heimili og varnarþing Lífeyrissjóðs bankamanna er í Reykjavík.

Starfsemi Lífeyrissjóðs bankamanna

Frá 1. janúar 1998 hefur sjóðurinn starfað í tveimur fjárhagslega aðskildum deildum, hlutfallsdeild og stigadeild. Fyrirrennari sjóðsins, Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans starfaði hins vegar í einni deild. Í eftirlaunasjóðnum voru í gildi hlutfallsréttindi, þar sem lífeyrisréttur var ákveðinn sem hlutfall af lokalaunum starfsmanna og síðan launum eftirmanns. Í hlutfallsdeild eru því þeir sem við skiptingu sjóðsins í tvær deildir óskuðu eftir að vera áfram í þeirri deild. Frá árinu 1998 fóru allir nýir starfsmenn sjálfkrafa í stigadeild sjóðsins, ásamt þeim sem kusu að flytja áunnin réttindi sín úr hlutfallsdeild yfir í stigadeild.

Þann 1. janúar 2008 var stigadeild síðan breytt yfir í aldursdeild. Við breytinguna var horfið frá stigatengingu réttinda, en þess í stað tekin upp aldurstenging.

Aðilar að hlutfallsdeild eru: Landsbanki Íslands hf., Seðlabanki Íslands, Reiknistofa bankana, Valitor hf., Lánasýsla ríkisins og Lífeyrissjóður bankamanna.

Aðilar að aldursdeild voru: Landsbanki Íslands hf., Seðlabanki Íslands, Kaupþing banki h.f., Reiknistofa bankanna, Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, Valitor h.f., Lánasýsla ríkisins, Byr sparissjóður og Sparissjóðurinn í Keflavík. Þær breytingar sem hafa orðið á aðildarfyrirtækjum frá 2009 eru að Lánasýsla

ríkisins hefur fallið brott ásamt Byr sparisjóði og Sparisjóðnum í Keflavík.

Í hlutfallsdeild greiða launþegar 4% af grunnlaunum til sjóðsins á móti 14,4% framlagi atvinnurekenda. Hjá aldursdeild eru hlutföllin 4% á móti 6% framlagi vinnuveitenda.

Skipulag og starfsreglur stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna

Á stjórnarfundi sjóðsins þann 16. maí 2001 voru samþykktar starfsreglur fyrir stjórn sjóðsins. Helstu atriði starfsreglnanna sem snúa að aðkomu stjórnar að fjárfestingum sjóðsins eru eftirfarandi:

- Stjórnin fer að æðsta vald í málefnum sjóðsins og skal sjá um að skipulag sjóðsins og starfsemi séu jafnan í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur sem gilda um sjóðinn.
- Stjórnin skal sjá um að eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna sjóðsins og hvernig skipulagi eftirlits með þessum þáttum sé háttáð.
- Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og gengur frá starfslýsingu hans og erindisbréfi.
- Stjórnin tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórnin getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála. Öll skjöl sem varða meiriháttar ákvarðanir, svo sem samningar er teljast óvenjulegir eða meiriháttar eða hafa greinilega verulega þýðingu fyrir starfsemi sjóðsins skulu undirritaðar af stjórnarformanni sjóðsins og framkvæmdastjóra.
- Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun og starfsemi sjóðsins.
- Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- Stjórnin sér um ráðstöfun á fjármagni sjóðsins og er henni skylt að ávaxta það með hliðsjón af þeim kjörum, sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins.
- Stjórnin skal sjá um að skipting á eignasafni sjóðsins sé í samræmi við gildandi lög og fjárfestingarstefnu sjóðsins hverju sinni.

Önnur atriði í ofangreindum starfsreglum fjalla um skipan og fyrirvar stjórnar, boðun funda, ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl., fundargerðir og fundargerðarbók, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi, breytingar á starfsreglum stjórnar og meðferð starfsreglna.

Á stjórnarfundi Lífeyrissjóðs bankamanna þann 20. nóvember 2003 voru samþykktar starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra sjóðsins. Starfsreglurnar fela í sér skipan framkvæmdastjóra, hæfi hans, starfskyldur, verksvið, upplýsingaskyldu, stjórnarsetu og vanhæfi.

Starfsskyldur og verksvið framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs bankamanna

- Að stjórn sjóðsins fái yfirlit yfir eignir sjóðsins ekki sjaldnar en ársfjórðungslega.
- Að gæta eigna sjóðsins.
- Að sjá um áætlanagerð eftir því sem við á og skipulagsmál.
- Að annast afgreiðslu lífeyrisumsókna og veitingu sjóðfélagalána, gerð ársreikninga og árskýrslu.
- Dagleg stjórnun skrifstofu sjóðsins.
- Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar, nema stjórn hafi veitt honum heimild til afgreiðslu slíkra mála. Öll skjöl sem varða meiriháttar ákvarðanir svo sem samningar er teljast óvenjulegir eða meiriháttar eða hafa verulega þýðingu fyrir starfsemi sjóðsins, skulu undirritað af stjórnarformanni sjóðsins og framkvæmdastjóra.

Að öðru leyti en fram kemur í starfsreglunum hér að ofan er ekki fjallað um aðkomu framkvæmdastjóra að varðveislu fjármuna og fjárfestingum sjóðsins. Þá eru ekki tilgreind nein fjárhæðarmörk sem framkvæmdastjóra ber að starfa eftir eða í hvers kyns fjárfestingum honum er heimilt að taka taka þátt í fyrir hönd sjóðsins. Framkvæmdastjóri leggur tillögur um einstakar fjárfestingar fyrir stjórn sem síðan tekur afstöðu til þeirra.

Fjárfestingarstefna

Stjórn sjóðsins mótar árlega fjárfestingarstefnu sjóðsins. Fjárfestingarstefnan er grundvölluð á sam-

þykktum sjóðsins og lögum um lífeyrissjóði. Í samþykktum sjóðsins segir að stjórn lífeyrissjóðsins skuli móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu fyrir hvora deild um sig. Fjárfestingarstefna hlutfallsdeildar tekur mið af því að búið er að loka deildinni fyrir nýjum iðgjaldagreiðendum. Tapsþol deildarinnar er ekki mikið þar sem lífeyrisgreiðslur eru nú þegar talsvert hærri en iðgjaldagreiðslur og er gert ráð fyrir að það bil eigi enn eftir að aukast. Fjárfestingarstefna hlutfallsdeildar er eins og sjá má frekar íhaldssöm. Ríkisskuldabréf eru um 87% og innlán í bönkum 4%.

Fjárfestingarstefnu hlutfallsdeildar og aldursdeildar fyrir árið 2008 má sjá hér að neðan.

Bankamenn tafla 2

Markmið um samsetningu eigna í hlutfalli af hreinni eign til greiðslu lífeyris

Hlutfallsdeild	Markmið	Vikmörk
Innlán í bönkum og sparissjóðum	4,0%	0-15%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	87,0%	67-100%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	0,0%	67-100%
Skuldabréf banka og sparissjóða	5,0%	67-100%
Fasteignatryggð skuldabréf	4,0%	67-100%
Hlutabréf	0,0%	0-2%
Erlend skuldabréf	0,0%	0-2%
Önnur verðbréf	0,0%	0-2%
Samtals	100%	

Bankamenn tafla 3

Markmið um samsetningu eigna í hlutfalli af hreinni eign til greiðslu lífeyris

Aldursdeild	Markmið	Vikmörk
Innlán í bönkum og sparissjóðum	4,0%	2-20%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	58,5%	30-100%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	0,0%	30-100%
Skuldabréf banka og sparissjóða	0,0%	30-100%
Fasteignatryggð skuldabréf	10,0%	30-100%
Hlutabréf	24,5%	5-40%
Erlend skuldabréf	3,0%	0-5%
Önnur verðbréf	0,0%	0-5%
Samtals	100%	

Heimild: Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2008

Fjárfestingarstefna beggja deilda er með megináherslu á skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs. Hins vegar eru vikmörk í mörgum verðbréfflokkum mjög rúm og þá sérstaklega í aldursdeild sjóðsins.

Eignastýring

Eignastýring Lífeyrissjóðs bankamanna fór fram á þremur stöðum; þ.e. hjá sjóðnum sjálfum, Landsbanka Íslands hf. og Kaupþing banka hf.

Sjóðurinn sá sjálfur um stýringu á ríkisskuldabréfum, sjóðfélagalánum og innlánsamningum við bankana. Innlánsamningar við bankana gengu út á að ávaxta fé sjóðsins á bundnum verðtryggðum innlánsreikningum til mislangs tíma. Innlánsamningar þessir voru jafnan gerðir að undangengnu útboði.

Þann 1. febrúar 2002 voru gerðir fjárvörslusamningar við Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Samningar þessir komu í stað eldri fjárvörslusamninga við sömu aðila sem gerðir höfðu verið árið 1998. Síðan voru enn gerðir nýir fjárvörslusamningar sem tóku gildi þann 1. janúar 2006 og komu þeir í stað samninganna frá 2002.

Lífeyrissjóður bankamanna gerði samninga um eignastýringu við Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. og Landsbanka Íslands hf. Báðir samningarnir voru dagsettir. 4. janúar 2006 og eru nánast samhljóða.

Helstu atriði samninganna eru eftirfarandi:

Markmið með samningnum er að tryggja sem besta ávöxtun og öryggi eigna lífeyrissjóðsins með því að beita markvissum aðferðum við ávöxtun fjármuna sjóðsins í samræmi við fjárfestingarstefnur einstaka deilda sjóðsins sem fylgja með í viðauka I. Í viðauka II er síðan samkomulag um umsýslukostnað og þóknun. Bankinn skal annast kaup, sölu og innlausna fjármálagerninga og meðhöndla þá fjármuni sem bankanum eru faldir til vörslu og umsýslu með sem hagkvæmustum hætti.

Bankinn tekur sjálfstæðar ákvarðanir um ávöxtun. Þá skal fjárfestingarstefna sjóðsins endurskoðuð eftir því sem þurfa þykir og geta báðir samningsaðilar haft frumkvæði að því. Við gerð nýrrar fjárfestingarstefnu skal undirrita nýjan viðauka I. Bankanum er heimilt samkvæmt samningnum að fela þriðja aðila að annast varðveislu fjármálagerninga og uppgjör viðskipta eigna sjóðsins. Einnig skal bankinn skila sundurliðuðu yfirliti mánaðarlega um eignir sjóðsins samkvæmt skilgreiningu og kröfum FME. Þá er kveðið á um að ársfjórðungslega fái sjóðurinn upplýsingar um þróun viðskipta með verðbréf og horfur á fjármálamörkuðum. Yfirlitið skal innihalda rökstuðning varðandi helstu einstakar ákvarðanir sem teknar hafa

verið um hreyfingar í eignasöfnum einstakra deilda viðskiptavinar. Framkvæmdastjóri og formaður stjórnar lífeyrissjóðsins geta gefið sérstök fyrirmæli um einstök verðbréfavíðskipti, með símbrefi, tölvupósti eða símtali. Starfsmenn bankans geta neitað að fara eftir fyrirmælunum hafi þeir minnsta grun um að fyrirmælin komi ekki frá lífeyrissjóðnum.

Hér að neðan má sjá hvernig eignasafni sjóðsins var skipt á milli fjárvörsluaðila frá árinu 2006 til 2009.

Bankamenn tafla 4

Hlutfallsdeild	Hlutfall eignasafna í fjárvörslu			
	01.04.06	01.04.07	01.04.08	01.04.09
Fjárvarsla sjóðsins	42%	43%	57%	97%
Rekstrarfélag Kaupþing banka hf.	34%	32%	26%	2%
Landsbanki Íslands hf.	24%	25%	17%	1%
Samtals	100%	100%	100%	100%

Bankamenn tafla 5

Aldursdeild	Hlutfall eignasafna í fjárvörslu			
	01.04.06	01.04.07	01.04.08	01.04.09
Fjárvarsla sjóðsins	40%	34%	43%	85%
Rekstrarfélag Kaupþing banka hf.	27%	31%	27%	7%
Landsbanki Íslands hf.	33%	35%	30%	8%
Samtals	100%	100%	100%	100%

Heimild: Tölvupóstur frá Sigtryggi Jónssyni framkvæmdarstjóra sjóðsins dags. 31.8.2011

Í framhaldi af hrúni bankanna í október 2008 tilkynnti stjórn sjóðsins skilaneftendum þeirra að hún liti svo á að fjárvörslusamningar milli sjóðsins og bankanna væru úr gildi fallnir. Á árinu 2009 tók framkvæmdastjóri sjóðsins síðan við öllum ákvörðunum um fjárfestingar lífeyrissjóðsins. Eins og fjallað var um að ofan þá voru einstakar ákvarðanir teknar í samráði við stjórn sjóðsins.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur

Lífeyrisgreiðslur beggja deilda sjóðsins árið 2009 námu samtals 1.436 mkr. Á föstu verðlagi í árslok

Bankamenn tafla 6

	Lífeyrisgreiðslur í mkr. - hlutfallsdeild					Lífeyrisgreiðslur í mkr. - aldursdeild				
	2009	2008	2007	2006	2005	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	1.113	923	796	712	642	34	25	18	15	13
Órorkulífeyrir	89	71	57	53	55	27	16	19	16	13
Makalífeyrir	156	132	121	104	97	9	7	4	4	4
Barnalífeyrir	3	1	2	1	1	1	1	1	1	
Dánarbætur	4	3	3	1	1			1		
Samtals, verðlag hvers árs	1.365	1.130	979	871	796	71	49	43	36	30
Samtals, verðlag 2009	1.365	1.215	1.243	1.171	1.145	71	53	55	48	43

2009 hafa lífeyrisgreiðslur hlutfallsdeildar hækkað frá árinu 2005 að meðaltali um 4,5% hjá hlutfallsdeild og um 13,3% á ári hjá aldursdeild. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 797 samanborði við 639 árið 2005. Á þessum fimm árum hefur lífeyrisþegum fjölgað um 5,5% í hlutfallsdeild og 7,2% í aldursdeild. Hafa þarf í huga við fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur, að fá lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni.

Bankamenn tafla 7

Fjöldi lífeyrisþega	2009	2008	2007	2006	2005
Hlutfallsdeild	715	653	624	598	577
Aldursdeild	82	60	49	43	62
Samtals	797	713	673	641	639

Tryggingafræðileg staða

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan stuðst við það viðmið að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Bankamenn tafla 8

Hlutfallsdeild - heildarskuldbinding í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	37.376	35.604	32.113	29.462	24.798
Skuldbindingar	39.673	36.699	32.052	30.358	27.664
Samtals	-2.297	-1.095	61	-896	-2.866
% af skuldbindingum	-5,8%	-3,0%	0,2%	-3,0%	-10,4%

Aldursdeild - heildarskuldbinding í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	32.000	36.471	35.224	28.577	20.215
Skuldbindingar	33.216	37.161	37.587	30.218	20.837
Samtals	-1.216	-690	-2.363	-1.641	-622
% af skuldbindingum	-3,7%	-1,9%	-6,3%	-5,4%	-3,0%

Í töflunum hér að ofan sést, að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar eru neikvæðar allt tímabilið sem er til skoðunar að undanskildu árinu 2007. En þá eru heildarskuldbindingar hlutfallsdeildar jákvæðar en þó einungis um 0,2%.

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Eins og fram kemur hér að neðan þá hefur mestur hluti eigna sjóðsins verið í formi skuldabréfa með ríkisábyrgð. Í árslok 2006 eru 37,5% af eignum sjóðsins skuldabréf með ríkisábyrgð og í árslok 2007 er hlutfallið komið 51,6%. Þá átti sjóðurinn jafnan töluverða fjármuni í skuldabréfasjóðum og þá aðallega í sjóðum Landsbanka Íslands og lítillaga í sjóðum Kaupþings. Kaup sjóðsins á innlendum hlutabréfum voru að mestu í gegnum hlutabréfasjóði Landsbankans og Kaupþings. Bein kaup sjóðsins á hlutabréfum voru lítil. Skuldabréf sjóðfélaga eru á bilinu 2-3 mkr. Erlendar eignir voru aðallega í gegnum erlenda hlutabréfasjóði.

Bankamenn tafla 9

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Bankainnstæður	9.132	5.930	3.640		
Skuldabréf með ríkisábyrgð	26.421	22.269	19.019	13.051	10.916
Skuldabréf sveitarfélaga	87	53	9	8	9
Skuldabréf og vixlar lánastofnana	818	864	1.353	1.426	1.569
Skuldabréf fyrirtækja	1.869	918	1.005	1.191	669
Innlendir skuldabréfasjóðir	590	3.581	5.655	9.346	7.367
Innlendir hlutabréfasjóðir	189	173	1.404	2.711	2.265
Innlend hlutabréf			438	117	
Erlendir hlutabréfasjóðir	1.368	1.372	2.006	5.175	3.616
Erlend hlutabréf	37	20			
Erlendir skuldabréfasjóðir	12	22	85	13	60
Skuldabréf sjóðfélaga	2.992	2.850	2.215	1.778	1.744
Samtals	43.515	38.052	36.829	34.816	28.215

Bankainnstæður, skuldabréf með ríkisábyrgð, skuldabréf sveitarfélaga og sjóðfélagalán eru öll með jákvæða ávöxtun þau ár sem eru til skoðunar. Í árslok 2007 var samanlögð eign sjóðsins í fjórum fyrrnefndum verðbréfaflokkum samtals 24.883 mkr. en það svarar til 67,6% af eignum sjóðsins á þeim tíma. Að líkindum hefur eignasamsetning sjóðsins og þá einkum hátt hlutfall ríkistryggðra verðbréfa gert það að verkum að tap Lífeyrissjóðs bankamanna varð minna en annarra sjóða af svipaðri stærð.

Bankamenn tafla 10

Hlutfallsdeild - hrein raunávöxtun eignasafna

	2009	2008	2007	2006
Bankainnstæður	6,4%	7,3%		
Skuldabréf með ríkisábyrgð	5,7%	3,7%	2,7%	3,8%
Skuldabréf sveitarfélaga	5,3%	5,0%	5,0%	5,2%
Skuldabréf og vixlar lánastofnana	-0,8%	2,6%	3,1%	5,9%
Skuldabréf fyrirtækja	-9,9%	-11,5%	7,1%	5,4%
Innlendir skuldabréfasjóðir	-69,4%	-2,8%	-1,8%	0,5%
Innlendir hlutabréfasjóðir	-21,8%	-77,5%	-1,8%	21,7%
Innlend hlutabréf		-52,5%	-37,2%	-6,1%
Erlendir hlutabréfasjóðir	15,3%		-13,2%	29,3%
Erlend hlutabréf				
Erlendir skuldabréfasjóðir			4,3%	3,5%
Skuldabréf sjóðfélaga	3,9%	5,3%	4,8%	4,5%
Samtals	3,1%	-1,6%	1,7%	6,2%

Bankamenn tafla 11

Aldursdeild - hrein raunávöxtun eignasafna

	2009	2008	2007	2006
Bankainnstæður	4,9%			
Skuldabréf með ríkisábyrgð	4,2%	3,4%	3,8%	3,7%
Skuldabréf sveitarfélaga				
Skuldabréf og vixlar lánastofnana	-8,7%	-40,7%	3,0%	4,7%
Skuldabréf fyrirtækja	-23,2%	-12,5%	5,7%	3,9%
Innlendir skuldabréfasjóðir	-57,6%	0,9%	-1,1%	2,0%
Innlendir hlutabréfasjóðir	9,0%	-74,4%	-0,1%	19,4%
Innlend hlutabréf		-54,3%	-28,7%	-13,8%
Erlendir hlutabréfasjóðir	28,0%	-4,3%	-10,3%	24,7%
Erlend hlutabréf	65,7%	-63,8%	-17,1%	
Erlendir skuldabréfasjóðir	-20,7%	38,1%	-10,7%	
Skuldabréf sjóðfélaga	3,8%	5,3%	4,9%	4,6%
Samtals	2,2%	-9,6%	0,7%	9,8%

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði bankamanna dags. 12.5.2011.

Raunávöxtun

Í töflu 12 er birt raunávöxtun þegar rekstrar-kostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatækjum. Þar sem fjárhagur deildanna er aðskilinn er raunávöxtun birt fyrir hvora deild um sig. Árið 2009 var raunávöxtun hjá hlutfallsdeild 3,1% og 2,2% hjá aldursdeild. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var aftur á móti neikvæð um 1,6% hjá hlutfallsdeild og 9,6% hjá aldursdeild. Raunávöxtun 2007 var jákvæð um um 1,7% hjá hlutfallsdeild en einungis um 0,7% hjá aldursdeild. Hins vegar var raunávöxtun árána 2006 og 2005 mjög góð, sérstaklega hjá aldursdeild eða 9,8% árið 2006 og 10,8% árið 2005. Meðal-raunávöxtun síðustu fimm árin er 2,8% hjá hlutfallsdeild og 2,5% hjá aldursdeild. Meðalraunávöxtun síðustu 10 árin er nokkuð svipuð og síðustu fimm árin (Sjá töflu 12).

Bankamenn tafla 12

	Raunávöxtun hlutfallsdeild					Raunávöxtun aldersdeild				
	2009	2008	2007	2006	2005	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	3,1%	-1,6%	1,7%	6,2%	4,9%	2,2%	-9,6%	0,7%	9,8%	10,8%
Fimm ára meðalávöxtun	2,8%	3,8%	6,0%	5,5%	4,1%	2,5%	4,1%	8,1%	8,0%	6,0%
Tíu ára meðalávöxtun	2,7%	3,1%	3,9%	4,3%	4,2%	2,9%	3,4%	5,1%		

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyrís árin 2005 - 2009 í mkr.

Á árinu 2009 greiddu 2.230 einstaklingar iðgjald til sjóðsins. Þar af 429 í hlutfallsdeild og 1.801 í aldersdeild. Iðgjaldgreiðslur árið 2009 námu samtals 1.464 mkr.

Afkoma beggja deildanna er illa samanburðarhæf milli ára og kemur þar tvennt til. Aðildarfyrirtæki greiddu sérstakt framlag til hlutfallsdeildar árið 2006 að fjárhæð 1.408 mkr. Þegar tekið var upp aldersháð kerfi í stað stigakerfis í aldersdeild sjóðsins voru virkum sjóðfélögum reiknaðar uppbætur að fjárhæð 3.901 mkr. sem fluttust úr sjóðnum yfir í séreignarsparnað sjóðfélaga í öðrum lífeyrissjóðum.

Í desember 2006 var gengið frá samkomulagi við aðildarfyrirtæki sjóðsins um lausn á rekstrarvanda hlutfallsdeildar sjóðsins. Í 1. gr. samkomulagsins var ákveðið að aðildarfyrirtækin greiddu samtals 1.408 mkr. til hlutfallsdeildar til að koma til móts við rekstrarvanda deildarinnar. Í 2. gr. samkomulagsins var ákveðið að aðildarfyrirtækin tækju árlega þátt í rekstrarkostnaði hlutfallsdeildar sem væri umfram 10 mkr. en þó að hámarki 25 mkr. Fjárhæðir skv. 2. gr. væru jafnframt verðtryggðar skv. vísitölu neysluverðs. Heimild: Ársreikningur Lífeyrissjóðs bankamanna 2006

Bankamenn tafla 13

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyrís árin 2005 - 2009 í mkr.

Hlutfallsdeild	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	334	347	345	338	347
Sérstakt aukaframlag				1.408	
Samtals iðgjöld og aukaframlag	334	347	345	1.746	347
Lífeyrir	-1.365	-1.130	-979	-871	-797
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum		8	1		1
Vaxtatekjur vegna iðngjalda					
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	3.804	4.915	1.928	2.863	1.840
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-366	-1.171			
Fjárfestingartekjur	3.438	3.752	1.929	2.863	1.841
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-12	-10	-53	-12	-19
Rekstrarkostnaður	-27	-18	-12	-34	-32
Rekstrargjöld	-39	-28	-65	-46	-51
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	2.368	2.941	1.230	3.692	1.340
Hrein eign frá fyrra ári	28.910	25.969	24.739	21.047	19.707
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyrís	31.278	28.910	25.969	24.739	21.047

Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009

Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	2.368	3.162	1.562	4.964	1.927
Hrein eign frá fyrra ári	28.910	27.919	31.420	28.297	28.337
Hrein eign til greiðslu lífeyrís	31.278	31.081	32.982	33.261	30.264

Á árinu 2008 var tekið upp aldursháð réttinda-kerfi hjá stigadeild sjóðsins. Við þá breytingu eru virkum sjóðfélögum reiknaðar uppbætur sem flytjast skildu yfir í séreignarsparnað hvers og eins sjóðfélaga. Þar sem Lífeyrissjóður bankamanna starfrækir ekki séreignardeild urðu sjóðfélagar að leita úr fyrir sjóðinn varðandi það í hvaða lífeyrissjóði þeir kæmu séreignarsparnaði sínum fyrir. Var það frjálst val hvers og eins sjóðfélaga. Samtals námu uppbæturnar til sjóðfélaga um 3.901 mkr.

Heimild: Ársreikningur Lífeyrissjóðs bankamanna 2008

Bankamenn tafla 14

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyrís árin 2005 - 2009 í mkr.

Aldursdeild	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	1.129	1.520	1.357	1.067	830
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		-3.901			
Samtals iðgjöld og réttindaflutningur	1.129	-2.381	1.357	1.067	830
Lífeyrir	-71	-49	-43	-35	-30
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum	3	1	4		1
Vaxtatekjur vegna iðngjalda					
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	1.395	1.095	755	1.457	993
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-187	-502			
Fjárfestingartekjur	1.211	594	759	1.457	994
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-5	-4	-47	-21	-18
Rekstrarkostnaður	-22	-19	-17	-13	-11
Rekstrargjöld	-27	-23	-64	-34	-29
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	2.242	-1.859	2.009	2.455	1.765
Hrein eign frá fyrra ári	10.231	12.090	10.081	7.626	5.861
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyrís	12.473	10.231	12.090	10.081	7.626

Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009

Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	2.242	-1.999	2.552	3.301	2.538
Hrein eign frá fyrra ári	10.231	12.998	12.803	10.253	8.428
Hrein eign til greiðslu lífeyrís	12.473	10.999	15.355	13.554	10.966

1) Lífeyrissjóður bankamanna sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6. Þóknatekjur fjármálafyrirtækja.

16.1.2 Tap Lífeyrissjóðs bankanna 2008 til 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðsins sem ollu mestu tapi hans. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa jafnri og góðri ávöxtun í gegnum árin. Tap sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 en afleiðingarnar komu hins vegar ekki að fullu fram fyrr en á árið 2009 og lítillaga árið 2010. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/ eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða, úti-standandi gjaldmiðlavarnarsamninga að teknu tilliti til væntanlegrar skuldajöfnunar skuldabréfa á hendur bönkunum. Tap sjóðsins liggur í eftirfarandi liðum:

- Skuldabréfum banka og sparissjóða
- Skuldabréfum fyrirtækja
- Innlendum hlutabréfum
- Innlendum hlutabréfasjóðum
- Innlendum skuldabréfasjóðum
- Erlendum hlutabréfasjóðum

Bankamenn tafla 15

Yfirlit yfir tap Lífeyrissjóðs bankanna af skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innlendum hlutabréfum, innlendum hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum erlendum hlutabréfasjóðum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparissjóða	149	432		581
Skuldabréf fyrirtækja		503	37	540
Innlend hlutabréf *		0	254	254
Innlendir hlutabréfasjóðir		0	856	856
Innlendir skuldabréfasjóðir		225	1.612	1.837
Erlendir hlutabréfasjóðir		90	-14	76
	149	1.250	2.745	4.144
Gjaldmiðlavarnarsamningar (GVT 175)		0		0
Samtals tap í mkr.	149	1.250	2.745	4.144

* Tapi af innlendum hlutabréfum frá 2007 og 2006 að fjárhæð 139 mkr. er bætt við tap ársins 2008.

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði bankanna dags. 12.5.2011 og 28.10.2011

Ofangreindir liðir mynda tap á árunum 2007 til 2010 samtals að fjárhæð 4.144 mkr. Í uppgjöri sjóðsins er gert ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningarnir séu gerðir upp m.v. gengisvísitöluna (GVT) 175 stig. Hins vegar leggja bankarnir til að gjaldmiðlavarnarsamningarnir verði gerðir upp m.v. gengi á gjalddaga hvers samnings fyrir sig. Þá reikna bankarnir einnig dráttarvexti á hina óuppgerðu samninga. Skv. forsendum bankanna ykju gjaldmiðlavarnarsamningarnir tap sjóðsins um 65 mkr. og yrði tapið þá samtals 4.209 mkr.

Skuldabréf banka og sparissjóða

Í ársbyrjun 2008 var eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af bönkum og sparissjóðum samtals 1.353 mkr. Bókfærð skuldabréfaeign í bönkum og sparissjóðum í árslok 2008 var 864 mkr. en í árslok 2009 stóð hún í 818 mkr. Á árinu 2009 voru skuldabréf útgefin af bönkum og sparissjóðum afskrifuð um 432 mkr. og 149 mkr. árið 2010 eða samtals 581 mkr. Mestu afskriftirnar voru hjá Byr sparissjóði 390 mkr. og Landsbanka Íslands hf. 153 mkr. Aðrar afskriftir voru að fjárhæð 39 mkr. Engar afskriftir voru á skuldabréfum fjármálafyrirtækja árið 2008.

Neðangreind tafla sýnir bókfærða stöðu skuldabréfa banka og sparissjóða í eigu Lífeyrissjóðs bankanna árið 2009. Síðan koma afskriftir ársins og nettóstaða í árslok. Að lokum er sýnd afskriftaprósentu hjá hverjum aðila fyrir sig.

Bankamenn tafla 16

Bankar og sparissjóðir - staða og afskriftir skuldabréfa 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskrift	Nettó staða	Afskrift
Byr sparissjóður	439	241	198	55%
Landsbanki Íslands hf.	153	153	0	100%
Glitnir banki hf	30	30	0	100%
Kaupþing banki hf.	9	9	0	99%
Samtals afskriftir 2009 í mkr.	630	432	198	69%

Eftirfarandi tafla sýnir heildar afskriftir Lífeyrissjóðs bankanna árin 2008-2010 af skuldabréfum sem gefin voru út af bönkum og sparissjóðum.

Bankamenn tafla 17

Afskriftir hjá bönkum og sparissjóðum vegna skuldabréfa í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Byr sparissjóður	149	241		390
Landsbanki Íslands hf.		153		153
Glitnir banki hf		30		30
Kaupþing banki hf.		9		9
Samtals í mkr.	149	432	0	581

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði bankanna dags. 30.03.2011 og 12.5.2011.

Skuldabréf fyrirtækja

Eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af fyrirtækjum og stofnunum var 669 mkr. í árslok 2005. Skuldabréfaeign í fyrirtækjaskuldabréfum eykst síðan nokkuð á næstu árum. Þannig á sjóðurinn orðið fyrirtækjaskuldabréf að fjárhæð 1.119 mkr. í árslok 2006 og 1.005 mkr. í árslok 2007. Bókfærð skuldabréfaeign í fyrirtækjum í árslok 2009 var 1.869 mkr.

Á árinu 2008 voru einungis afskrifuð fyrirtækjaskuldabréf að fjárhæð 37 mkr. Afskriftarþörf lífeyrissjóðsins á fyrirtækjaskuldabréfum kom í raun ekki fram fyrr en árið 2009. Það ár voru afskrifuð skuldabréf að fjárhæð 503 mkr. Helstu afskriftirnar voru skuldabréf Atorku hf. 314 mkr., Landic Property hf. 109 mkr. og Burðarás hf. 76 mkr. Aðrar afskriftir voru að fjárhæð 41 mkr.

Neðangreind tafla sýnir bókfærða stöðu skuldabréfa fyrirtækja í eigu Lífeyrissjóðs bankamanna árið 2009. Síðan koma afskriftir ársins og nettóstaða í árslok. Að lokum er sýnd afskriftaprósenta hjá hverju fyrirtæki fyrir sig.

Bankamenn tafla 18

Fyrirtækjaskuldabréf - staða og afskriftir ársins 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskrift	Nettó staða	Afskrift
Atorka hf./Jarðboranir hf.	482	314	169	65%
Landic Property hf.	111	109	2	98%
Burðarás hf.	151	76	76	50%
Bakkavör Group hf.	37	5	32	13%
Samtals	781	503	278	64%

Eftirfarandi tafla sýnir heildar afskriftir Lífeyrissjóðs bankamanna af skuldabréfaeign sinni í fyrirtækjum árin 2008 - 2010.

Bankamenn tafla 19

Afskriftir fyrirtækjaskuldabréfa í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Atorka hf./Jarðboranir hf.		314		314
Landic Property hf.		109		109
Burðarás hf.		76		76
Teymi hf./Kögun hf.			21	21
Stoðir hf./FL Group hf.			16	16
Bakkavör Group hf.		5		5
Samtals	0	503	37	540

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði bankamanna dags. 12.5.2011.

Innlend hlutabréf

Lífeyrissjóður bankamanna hefur lítið fjárfest beint í innlendum hlutabréfum. Þess í stað hafa hlutafjárkaup sjóðsins farið fram í gegnum innlenda hlutabréfasjóði (sjóðir Kaupþings og Landsbankans) Árið 2007 þegar bein hlutabréfaeign sjóðsins var mest nam hún einungis 1,2% af verðbréfasafni sjóðsins. Í árslok 2008 átti sjóðurinn engin innlend hlutabréf. Á fjórum árum tapaði Lífeyrissjóður bankamanna 254 mkr. á innlendra hlutabréfaeign sinni. Mest varð tapið á árinu 2007 eða

134 mkr. en þá voru keypt hlutabréf fyrir 972 mkr. og seld bréf fyrir 518 mkr. Á árinu 2008 töpuðust síðan hlutabréf að verðmæti 115 mkr.

Bankamenn tafla 20

Hagn. / (-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Hlutafjáreign í byrjun tímabils		0	438	117	0
Keypt hlutabréf		0	69	972	140
Seld hlutabréf		0	392	518	18
Hlutafjáreign í lok tímabils		0	0	438	117
Hagn / (-tap)	-254	0	-115	-134	-5

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði bankamanna dags. 12.5. 2011.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir innlendra hlutabréfaeign Lífeyrissjóðs bankamanna tímabilið 1. jan. 2006 til 31. des. 2008 eins og sjá má í töflunni er hlutafjáreignin óveruleg. Félögunum er raðað upp þannig að fyrst er sýnd hlutafjáreign í skráðum félögum og þar á eftir í óskráðum félögum.

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði bankamanna dags. 12.5. 2011.

Nánast öll hlutafjáreign sjóðsins er í skráðum hlutabréfum. Einu óskráðu hlutabréfin eru í Eignarhaldsfélagi lífeyrissjóða um verðbréfaþing ehf. og er sá hluti óverulegur.

Til að leggja mat á tap á hlutabréfum aflaði úttektarnefndin sér upplýsinga um hlutabréfaeign sjóðsins í árslok 2005, árslok 2006 og árslok 2007 og síðan ársfjórðungslega árin 2008. Því er ekki mögulegt að sýna einstök kaup eða sölu hlutabréfa, einungis eru til upplýsingar um gengi og markaðsvirði hlutabréfa í lok hvers tímabils og þær breytingar sem urðu í einstökum félögum á ofangreindum tímabilum. Út frá þessum forsendum má draga þær ályktanir að mest hafi sjóðurinn tapað á hlutabréfum í Landsbanka Íslands hf. eða um 64 mkr. og 47 mkr. á Bakkavör hf. Tap á öðrum félögum var umtalsvert minna samkvæmt ofangreindum forsendum. Þó má gera ráð fyrir að eitthvert tap hafi orðið hjá flestum félögum. Í yfirlitunum um Landsbanka Íslands og Bakkavör Group hér á eftir má sjá hreyfingar á hlutabréfum viðkomandi félaga á ofangreindum tímabilum (Sjá töflu 21).

Landsbanki Íslands hf.

Lífeyrissjóður bankamanna kaupir ekki hlutabréf í Landsbankanum fyrr en á seinni helmingi ársins 2007. Þá eru keyptir 2.900 þús. hlutir fyrir 103 mkr. að markaðsvirði. Á þriðja ársfjórðungi 2008 selur sjóðurinn 2.000 þús. hluti og tapar eins og áður sagði a.m.k. 64 mkr.

Bankamenn tafla 21

Hlutabréfaeign Lífeyrissjóðs bankamanna á markaðsvirði 31.12.2005 - 31.12.2008 í þús.kr.

	31.12.05	31.12.06	31.12.07	31.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Avion hf./HF. Eimskipfél.Ísl.		43.485	8.675				
Marel hf.		54.193	10.200		25.340		
Strumur Burðarás hf.		8.700	22.650				
Atorka hf./Jarðboranir hf.		10.816					
Bakkavör Group hf.			125.775	20.650	14.700		
Össur hf.			65.391				
Kaupþing banki hf.			102.348	48.447			
Landsbanki Íslands hf.			102.950	85.840	68.686	19.989	
Samtals skráð félög í þús. kr.		117.194	437.989	154.937	108.726	19.989	
Eignarhaldsfélag lífsj. um verðbrp.	101	101	101	101	101	101	101
Samtals óskráð félög í þús. kr.	101	101	101	101	101	101	101
Samtals félög í þús. kr.	101	117.294	438.090	155.038	108.827	20.090	101

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05			25,30	
31.12.06		0	26,50	
31.12.07	2.900	2.900	35,50	103
31.03.08	2.900	0	29,60	
30.06.08	2.980	80	23,05	2
30.09.08	980	-2.000	20,40	-41
31.12.08	980		0,00	
Samtals		980		64
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				64
Stæða 31.12.08	980		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				64

Bakkavör Group hf.

Lífeyrissjóðurinn kaupir hlutabréf í Bakkavör Group hf. á seinni helmingi ársins 2007 en þá var hlutabréfaverð þegar tekið að falla. Keyptir voru 2.150 þús. hlutir að verðmæti 126 mkr. Strax á fyrsta ársfjórðungi 2008 selur sjóðurinn 1.650 þús. hluti fyrir 68 mkr. og selur síðan afganginn eða 500 þús. hluti á þriðja ársfjórðungi 2008. Tapað af viðskiptum með hlutabréf Bakkavarar er því um 47 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Stæða	Hreyfing		
31.12.05			50,90	
31.12.06		0	62,50	
30.06.07		0	69,40	
31.12.07	2.150	2.150	58,50	126
31.03.08	500	-1.650	41,30	-68
30.06.08	500	0	29,40	
30.09.08		-500	21,30	-11
31.12.08		0	2,49	
Samtals		0		47
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				47
Stæða 31.12.08	0		2,49	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				47

Hlutabréfasjóðir

Í ársbyrjun 2007 átti lífeyrissjóðurinn 2.711 mkr. í innlendum hlutabréfasjóðum í árslok 2007 var hlutur lífeyrissjóðsins kominn niður í 1.404 mkr. Í árslok 2008 var eign sjóðsins komin niður í 173 mkr. Í töflu 22 hér að neðan má sjá þá hlutabréfasjóði sem lífeyrissjóðurinn tapaði á. Mesta gengislækkun á hlutabréfasjóðunum var á árinu 2008 eða sem nam 856 mkr. Mest var tap á Kaupþingssjóði IS 15 eða 382 mkr., Úrvalsbréfum Landsbankans 184 mkr. og ICEQ sjóði Kaupþings 121 mkr.

Bankamenn tafla 22

Inntendir hlutabréfasjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

		2009	2008	Samtals
Kaupþing	IS-15	47	335	382
Kaupþing	ICEQ verðbréfasjóður	2	119	121
Kaupþing	IS-5	-2	62	60
Kaupþing	Heildarvísitölusjóður	-48	75	27
Kaupþing	Icelandic Equity		7	7
Landsbankinn	Úrvalsbréf	1	183	184
Landsbankinn	Vísitölubréf	0	74	75
Samtals		0	856	856

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði bankamanna dags. 28.10.2011.

Skuldabréfasjóðir

Í árslok 2006 átti lífeyrissjóðurinn 9.346 mkr. í skuldabréfasjóðum. Næstu árin dróst eign lífeyrissjóðsins jafnt og þétt saman. Í árslok 2007 var hún 5.655 mkr., í árslok 2008 3.581 mkr. og í árslok 2009 einungis 590 mkr. Á þessum þremur árum féll hlutfall innlendra skuldabréfasjóða í verðbréfasafninu úr því að vera 26,8% í árslok 2006 niður í 1,4% í árslok 2009.

Á árunum 2008 og 2009 var mesta tapið á Fyrirtækjabréfum Landsbankans um 863 mkr., Markaðsbréfum Landsbankans 501 mkr. og Peningabréfum (ISK) Landsbankans 191 mkr. Tap á öðrum skuldabréfasjóðum nam 282 mkr.

Bankamenn tafla 23

Innlendir skuldabréfasjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

	2009	2008	Samtals
Kaupþing Hávaxtasjóður	22	24	46
Kaupþing Peningamarkaðssjóður		30	30
Landsbankinn Markaðsbréf, löng	24	477	501
Landsbankinn Peningabréf í ISK		191	191
Landsbankinn Peningabréf í EUR		109	109
Landsbankinn Peningabréf í USD		89	89
Landsbankinn Fyrirtækjabréf	160	703	863
Landsbankinn Mezzanine Fund	19	-11	8
Samtals	225	1.612	1.837

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði bankamanna dags. 28.10.2011.

Erlend verðbréfaeign

Lífeyrissjóður bankamanna átti 1.417 mkr. í erlendum verðbréfum í árslok 2009. Hafði erlend eign sjóðsins þá lækkað nokkuð frá ársbyrjun 2008 en þá var hún 2.091 mkr. Erlendu verðbréfin voru nánast eingöngu í hlutabréfasjóðum. Á árinu 2009 var gengislækkun sjóða Landsbankans um 90 mkr.

Bankamenn tafla 24

Erlendir skuldabréfasjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

	2009	2008	Samtals
Landsbankinn Global Oportunity Fund I (EUR)	55	-12	43
Landsbankinn European Oportunity Fund I (EUR)	18	-4	14
Landsbankinn Nordic Oportunity Fund I (EUR)	17	2	19
Samtals	90	-14	76

Heimild: gögn frá Lífeyrissjóði bankamanna 25.10.2011

Gjaldmiðlavararsamningar

Lífeyrissjóður bankamanna gerði gjaldmiðlavararsamninga við Kaupþing banka hf. og Landsbanka Íslands hf. til að takmarka gengisáhættu erlendra verðbréfaeignar í aldursdeild. Engir slíkir samningar voru í gildi hjá hlutfallsdeild. Í efnahagsreikningi var staða óuppgerðra samninga færð til skuldar að upphæð 76 mkr. og var hún reiknuð miðað við uppgjörsgengi samninganna. Ef samningarnir væru gerðir upp miðað við GVT 175 stig og miðað við skuldajöfnun þá myndu þeir nettast út. Sjóðurinn telur sig eiga skuldabréf á bankana að verðmæti 29 mkr. sem

nýtast muni til skuldajöfnunar. Hér að neðan má sjá stöðu gjaldmiðlavararsamningana í árslok 2009 annarsvegar miðað við GVT 175 stig og hins vegar miðað við uppgjörsgengi samninga og dráttarvexti.

Bankamenn tafla 25

Staða gjaldmiðlavararsamninga 31.12.2009, annars vegar tillaga sjóðsins og hins vegar krafa bankanna

	Heild-arkrafa	Vaxta-kostn.	Samtals	Skulda-jöfnun	Mismunur
Tillaga sjóðsins m.v. GVT 175 stig	4	1	5	-5	0
Krafa bankanna m.v. uppgjörsgengi samninganna	76	18	94	-29	65
Mismunur á kröfum í mkr.					65

„Allt frá bankahruninu haustið 2008 hafa átt sér stað viðræður milli fulltrúa þrettán lífeyrissjóða og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um stöðu framvirkra gjaldmiðlavararsamninga sjóðanna við bankann og forsendur fyrir mögulegri sátt um uppgjör þeirra.

Náðst hefur rammisamkomulag milli fulltrúa Landssamtaka lífeyrissjóða og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um fullnaðaruppgjör samninganna.

Niðurstaða samkomulagsins er að mestu í samræmi við stöðu samninganna í ársreikningum lífeyrissjóðanna og mun því ekki hafa frekari áhrif á tryggingafræðilega stöðu þeirra.

Í kjölfar samkomulagsins verður hægt að ljúka uppgjöri milli Landsbanka Íslands hf. og einstakra lífeyrissjóða“.

Heimild: Fréttatilkynning frá Landssamtökum lífeyrissjóða dags. 21. júlí 2011

Lífeyrissjóðirnir hafa átt í viðræðum við Kaupþing banka hf. um uppgjör á útstandandi gjaldmiðlavararsamningum og standa þær viðræður enn yfir.

16.2 Stjórn og starfshættir

Lífeyrissjóður bankamanna er með elstu íslensku lífeyrissjóðunum. Fyrstu drög að honum eru í lögum frá 1919 og er hann þá nefndur styrktarsjóður. Nú þjónar sjóðurinn starfsmönnum Landsbanka, Seðlabanka Íslands, Kaupþings banka og fleirum.

16.2.1 Stjórn

Stjórn sjóðsins er skipuð sex einstaklingum, þrír koma frá aðildarfyrirtækjum sjóðsins, einn tilnefndur af Landsbanka, einn af Seðlabanka Íslands og einn kjörinn af aðildarfyrirtækjum sjóðsins.¹ Meirihluti stjórnar hvers fyrirtækis fer með atkvæði þess og eru atkvæði jafn mörg sjóðfélögum í því fyrirtæki.² Sá sem kosningu hlýtur hefur stuðning meirihluta þeirra sjóðfélaga sem starfa hjá aðildarfyrirtækjunum eða mestan stuðning af þeim sem bjóða sig fram. Hinir þrír stjórnarmennirnir eru kjörnir af sjóðfélögum á ársfundi sjóðsins og skulu tilkynningar um framboð berast skriflega til skrifstofu sjóðsins tveimur vikum fyrir ársfund.³ Kosið er til tveggja ára í senn og stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins og henni ber að hafa „almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna skv. 29. gr. laga nr. 129/1997“.⁴ Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og gerir við hann skriflegan samning og hún „tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar“ en getur veitt framkvæmdastjóra heimild til að afgreiða slík mál.⁵ Stjórninni ber að móta fjárfestingarstefnu sjóðsins og „fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans“.⁶

Stjórnin hefur sett framkvæmdastjóra reglur.⁷ Það er eftirtektarvert að í þeim reglum er hvergi vikið að fjárfestingum og ákvörðunum um þær. Það er eins og stjórnin líti svo á að ákvarðanir um þetta efni séu ekki á verksviði framkvæmdastjórans. Sjóðurinn gerði eignastýringarsamninga við Landsbankann og Kaupþing. Framkvæmdastjóri sjóðsins sá um kaup

á ríkisskuldabréfum og gerð innlánasamninga við Kaupþing og Íslandsbanka/Gliti. Í viðtali við framkvæmdastjórnann kom fram að hann hefði alltaf leitað samþykkis stjórnar fyrirfram, sent þeim tilboðsgögn í tengslum við einstakar fjárfestingar o.s.frv. og þannig „tryggt baklandið“ fyrir hverri fjárfestingu.⁸ Skýringin á þessu er sú að framkvæmdastjórnin hefur engar heimildir til fjárfestinga skv. þeim reglum sem honum eru settar. En skv. þeim reglum sem um stjórn sjóðsins gilda þá á hún ekki að fjalla um einstakar fjárfestingar sem ekki eru mikilsháttar eða óvenjulegar. En hún gerir það skv. framburði framkvæmdastjórans. Þessi skipan er óheppileg og full ástæða til að breyta henni. Stjórn sjóðsins á einungis að fjalla um stefnumarkandi ákvarðanir og ákvarðanir um óvenjuleg og mikilsháttar mál. Um leið og stjórn byrjar að fjalla um minni ákvarðanir gengur hún um of inn á verksvið framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna sjóðsins og sjálf hefur hún minni tíma til að fjalla um hin stærri mál.

16.2.2 Samskipta- og siðareglur fyrir stjórn og starfsmenn Lífeyrissjóðs bankamanna

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna samþykkti samskipta og siðareglur fyrir starfsmenn sjóðsins og stjórn árið 2010.⁹ Samþykkt þessara reglna er utan þess tímaramma sem úttektarnefndin hefur sett sér en þær eru samt teknar með í þessari umfjöllun.

Reglunum er ekki skipt í kafla, einungis efnisgreinar. Í þeim er lýst hlutverki sjóðsins í upphafi og fjallað um stöðu hans. Stjórn og starfsmenn beri ábyrgð á varðveislu fjármuna í eigu sjóðfélaga, þeir skuli virða þagnarskyldu um allt sem þeir verða áskynja í störfum sínum fyrir sjóðinn. Stjórn og starfsmönnum beri að forðast hagsmunaaðrekstra í störfum sínum og eiga góð samskipti við viðskiptaaðila sína. Þeir verði að forðast að sækja fundi sem ekki hafi skýran viðskiptalegan tilgang og sjóðurinn beri kostnað af fundum eða ferðalögum sem séu nauðsynleg vegna hagsmuna sjóðsins og þeir megi ekki þiggja gjafir umfram það sem til-

1 Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna, 2005, 2. gr.

2 Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna, 2005, 7. gr.

3 Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna, 2005, 2. gr.

4 Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna, 2005, 2. gr.

5 Starfsreglur stjórnar. Lífeyrissjóður bankamanna, 2001, 4. gr.

6 Sama.

7 Starfsreglur framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs bankamanna, 2003.

8 Viðtal við Sigtrygg Jónsson, framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs bankamanna, 1.9. 2011.

9 Samskipta- og siðareglur fyrir stjórn og starfsmenn Lífeyrissjóðs bankamanna, 2010.

hlýðilegt er. Í lokin er sagt að brot á reglunum geti varðað áminningu eða uppsögn.

Regluverk Lífeyrissjóðs bankamanna er fremur veikt. Reglur um framkvæmdastjóra eru ófullkomnar, þar ættu til dæmis að vera ákvæði um hve háar upphæðir hann má fjárfesta fyrir án þess að leita sérstaks samþykkis fyrirfram. Siðareglurnar eru ekki tengdar öðrum reglum sjóðsins eins og verður að teljast æskilegt. Það kemur hvergi fram hver beri ábyrgð á að vekja athygli á þeim og efla umræðu um þær. Það

vantar ákvæði í siðareglurnar um hver beri ábyrgð á túlkun þeirra en það er afdrifaríkt atriði fyrir starfsmenn sem eiga að fara eftir reglunum og gætu fengið áminningu eða uppsögn vegna brots á þeim. Eðlilegt er að líta svo á að þeir eigi rétt á að vita hver skeri úr um túlkun reglnanna.

Það er full ástæða fyrir stjórn sjóðsins að endurmeta regluverk sitt og samræma og bæta við eftir því sem ástæða þykir til.

16.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs bankamanna 2006-2009. Athugasemdir úttekta nefndar

16.3.1 Inngangur

Að framan hefur verið farið yfir gögn um fjárfestingarstefnu Lífeyrissjóðs bankamanna á úttekta arárunum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin jafnframt orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Lífeyrissjóður bankamanna var stofnaður 1. janúar 1929. Áður hét hann Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka Íslands en á seinni árum hafa starfsmenn fleiri fjármálafyrirtækja öðlast rétt til greiðslu í sjóðinn og var nafni hans þá breytt. Stærstu bankamannahóparnir innan sjóðsins eru frá Landsbankanum, Sedlabankanum og Arion banka (Kaupþingi). Jafnframt eru starfsmenn Reiknistofu bankanna, Greiðslumiðlunar hf. og Fjármálaeftirlitsins aðilar að sjóðnum. Ennfremur eru í sjóðnum fjölmargir starfsmenn sparisjóða. Íslandsbanki/Glitnir var hins vegar með sjóð innan sinna vébanda auk þess sem starfsmenn bankans greiddu iðgjöld til Lífeyrissjóðs verslunarmanna.¹⁰

Frá 1. janúar 1998 hefur sjóðurinn starfað í tveimur deildum, sem nú eru kallaðar hlutfallsdeild og aldursdeild (áður stigadeild), (Sjá nánar yfirlit um starfsemi lífeyrissjóðs bankamanna hér að framan). Frá árinu 1998 hafa allir nýir starfsmenn aðildarfyrirtækjanna farið í aldursdeildina en eldri starfsmenn nokkurra af aðildarfyrirtækjum Lífeyrissjóðs bankamanna, sem svo kusu, eru áfram í hlutfallsdeild. Hún heitir svo vegna þess að lífeyrisréttur

sjóðfélaga fór eftir ákveðnu hlutfalli af lokalaunum og fylgdi síðan launum eftirmanns. Þetta hefur tekið ákveðnum breytingum.¹¹ Þessi deild er nú lokuð. Hlutfallsdeild hefur að langmestu leyti fjárfest í ríkisskuldabréfum eða verðbréfum með ábyrgð ríkissjóðs. Í árslok 2005 kom í ljós að heildarskuldbindingar þessarar deildar voru umfram eignir. Í framhaldi af því var gert samkomulag milli sjóðsins og aðildarfyrirtækja hlutfallsdeildar dags. 18. desember 2006, sem leysa átti þennan vanda. Það hefur þó ekki tekist fyllilega. Formaður sjóðsstjórnar sagði nefndinni að hann hefði sagt á síðasta almenna fundi deildarinnar að ekki yrði komist hjá því að öllu óbreyttu að skerða lífeyri deildarinnar að fimm árum liðnum.¹²

Í árslok 2009 nam heildareign hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna til greiðslu lífeyris 37.376 mkr. en heildarskuldbinding var 39.673 mkr. Heildareign aldursdeildar var þá 32.000 mkr. og heildarskuldbinding 33.216 mkr. (Lb. tafla 8 að framan). Heildareignir sjóðsins bornar saman við heildarskuldbindingar höfðu þá verið neikvæðar allt úttekta artímabilið að undanskildu árinu 2007 en þá gætti greiðslu samkvæmt áðurgreindu samkomulagi frá 18. desember 2006 varðandi hlutfallsdeildina. Réttindum hefur ekki verið breytt, hvorki í hlutfallsdeild né aldursdeild, vegna falls bankanna.

10 Sbr. viðtal úttekta nefndar við Sigtrygg Jónsson, framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs bankamanna, dags. 1.9.2011.

11 Sbr. viðtal við Sigtrygg Jónsson, dags. 1.9.2011.

12 Sbr. viðtal úttekta nefndar við Friðbert Traustason, stjórnarformann Lífeyrissjóðs bankamanna, dags. 5.9.2011.

16.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra hafa á grundvelli úttektar á áðurgreindum gögnum Lífeyrissjóðs bankamanna rætt við Sigtrygg Jónsson framkvæmdastjóra og Friðbert Traustason, formann sjóðstjórnar. Þá hefur úttektarnefndin haft undir höndum skýrslu tveggja endurskoðenda Deloitte um stöðu lífeyrissjóðsins 14. nóvember 2008 en hún var gerð í tengslum við ríkisvæðingu Landsbankans og Kaupþings en báðir höfðu bankarnir fjárvörslu og fjárfestingarsamninga við sjóðinn. Það athugast að þessi skýrsla var gerð svo skömmu eftir fall bankanna að erfitt hlýtur að hafa verið fyrir endurskoðendurna að gera sér nokkra heildstæða mynd af áhrifum þess.

16.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs bankamanna

Að framan er því lýst (Sjá töflur 4 og 5) hvernig eignastýringu Lífeyrissjóðs bankamanna var háttað á úttektartímanum. Þeim hluta safnsins sem var í eigin stýringu var eingöngu varið til kaupa á ríkisskuldabréfum eða skuldabréfum með ríkisábyrgð og svo til innstæðna í bönkunum í samræmi við þá innlánsamninga sem best gáfust á hverjum tíma.¹³ Kaupþing banki og Landsbankinn höfðu hins vegar frjálsar hendur um fjárfestingar samkvæmt eignarstýringarsamningum við þá og fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins. Sjóðurinn gat fylgst með fjárfestingum stýringaraðilanna, sem aðallega voru í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum þeirra, með því að bankarnir gáfu mánaðarlegar skýrslur til sjóðsins. Þar var tíundað í hverju var fjárfest, hver ávöxtunin var ofl. Þá fóru endurskoðendur sjóðsins ítarlega yfir þær fjárvörsluþóknarir sem sjóðnum var gert að greiða. Sérstök fjárfestingarstefna gildi um þau eignasöfn sem voru í stýringu sem rúmaðist innan heildarfjárfestingarstefnu sjóðsins. Fjárfestingarstefna sjóðsins var með vikmörkum. Virðast þau hafa verið um margt mjög rúm. Vikmörk geta verið nauðsynleg en í rúmum vikmörkum felst hættu á að auðveldlega verði farið yfir þau og mörk lífeyrissjóðalaganna þá brotin. Framkvæmdastjóri sjóðsins sagði að komið hefði fyrir að stýringaraðilarnir færu óverulega út fyrir vikmörkin en það hefði þá verið leiðrétt. Hins vegar taldi hann að þeir hefðu haldið sig nálægt miðgildi í einstökum verðbréfaflokkum og lítið nýtt vikmörkin.

¹³ Sbr. viðtal við Sigtrygg Jónsson, dags. 1.9.2011.

Að sögn framkvæmdastjórans hefur sjóðurinn aðallega litið til verðtryggða ríkisverðbréfa í fjárfestingum sínum. Hafi stjórnarmenn litið svo á að sú leið væri farsælust þegar til lengri tíma væri litið að því gefnu að sjóðurinn fengi viðunandi ávöxtun. Þá sagði framkvæmdastjórinn að sú stefna hefði verið tekin strax 2003 að minnka vægi innlendra hlutabréfa.

16.3.4 Tap Lífeyrissjóðs bankamanna.

Að framan er því lýst að fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs bankamanna var á úttektarárunum mjög varfærin og íhaldssöm. Athygli vekur að sjóðurinn átti ekki mikið af innlendum hlutabréfum fyrir hrun. Þá virðist hann hafa dregið úr vægi þeirra. Það er jafnframt í samræmi við það sem aðrir sjóðir í fjárfestingu Kaupþings voru að gera í aðdraganda hrunsins. Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bankamanna sagði einnig að samskipti þeirra við fjárfestingu Kaupþings hefðu verið góð og betri en við Landsbankann, þar sem þeir hefðu brugðist betur við fyrirmælum. Eignasafnið hjá Kaupþingi kom líka betur út úr hruninu. Tap sjóðsins verður mest í innlendum skuldabréfasjóðum. Fjárfest var í skráðum fyrirtækjum og samkvæmt áður nefndri skýrslu Deloitte vekja einstakar fjárfestingar sjóðsins ekki athygli umfram það, sem sagt er í almenna hluta skýrslunnar. Tap sjóðsins fylgir hruninu og stafar af orsökum þess. Varfærin fjárfestingarstefna sjóðsins skilar sér í litlu tapi hans en skráður ávinningur (t.d. af innlendum hlutabréfum) á fyrri árum úttektarinnar var heldur ekki mikill.

17. Kafli

17.1 Lífeyrissjóður bænda	25
17.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs bænda (LSB).	25
17.1.2 Tap Lífeyrissjóðs bænda 2008 - 2010	30
17.2 Stjórn og starfshættir	35
17.2.1 Stjórn og framkvæmdastjóri	35
17.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs bænda 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar.	36
17.3.1 Inngangur	36
17.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins.	37
17.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs bænda	37
17.3.4 Tap Lífeyrissjóðs bænda	38

17.1 Lífeyrissjóður bænda

17.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs bænda (LSB)

Upphaf

Lífeyrissjóður bænda (LSB) tók til starfa 1. janúar 1971. LSB starfar samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð bænda nr. 12/1999 og lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Í 3. gr. laga nr. 12/1999 er fjallað um skyldu þeirra er starfa við búrekstur til að greiða iðgjald af atvinnutekjum sínum til LSB. Jafnframt er öðrum heimilt að greiða iðgjald til sjóðsins af hverjum öðrum atvinnutekjum en búrekstri ef störfin veita ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði.

Stjórn sjóðsins

Í stjórn sjóðsins sitja fimm menn. Stjórnin er skipuð af fjármálaráðherra til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmanna skal tilnefndur af Hæstarétti og er hann jafnframt formaður stjórnar. Einn skal tilnefndur af landbúnaðarráðherra, tveir af stjórn Bændasamtaka Íslands og einn skal skipaður án tilnefningar. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundi sjóðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í Lífeyrissjóði bænda árin 2006-2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

LSB tafla 1

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda í árslok

Nafn:	Titn.	2009	2008	2007	2006
Skúli Bjarnason	HR	Form.	Form.	Form.	Form.
Örn Bergsson	BS	X	X	X	X
Loftur Þorsteinsson	LB	X	X	X	X
Guðmundur Grétar Guðmundsson	BS	X	X	X	X
Marianna Jónasdóttir	*	X			
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir	*		X		
Lilja Sturludóttir	*			X	X
Hæstiréttur	HR				
Landbúnaðarráðherra	LB				
Bændasamtökin	BS				
Án tilnefningar	*				

Litlar breytingar hafa orðið á stjórn sjóðsins síðastliðin fjögur ár. Marianna Jónasdóttir kemur í stjórn sjóðsins árið 2009 í stað Völu Rebekku Þor-

steinsdóttur sem sat einungis í stjórn sjóðsins frá ágúst 2008 til apríl 2009.

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bænda frá 1995 fram til maí 2009 var Sigurbjörg Björnsdóttir og frá maí 2009 til apríl 2010 var Vala Rebekka Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri. Ólafur K. Ólafsson tók við af Völu og starfar nú sem framkvæmdastjóri sjóðsins.

Endurskoðun:

Árni Snæbjörnsson, löggiltur endurskoðandi, Ernst & Young hf.

Tryggingafræðileg athugun:

Steinunn Guðjónsdóttir, tryggingastærðfræðingur.

Innri eftirskoðun:

Sif Einarsdóttir, löggiltur endurskoðandi, Deloitte hf.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009.

Lífeyrissjóður bænda á 1/3 hluta í Jökulum-Verðbréfum hf. og á sjóðurinn einn fulltrúa í stjórn félagsins. Jökla-Verðbréf hf. var stofnað árið 2000 með það hlutverk að sjá um verðbréfavíðskipti og eignastýringu fyrir eigendur sína. Aðrir eigendur Jökla-Verðbréfa hf. eru Lífeyrissjóður Vestmannaeyja og Festa lífeyrissjóður. Sigurbjörg Björnsdóttir sat í stjórn Jökla-Verðbréfa hf. frá mars 2009 til október 2009 en þá tók Vala Rebekka Þorsteinsdóttir sæti í stjórn Jökla-Verðbréfa hf. fyrir hönd sjóðsins.

Heimild: Minnisblað Lífeyrissjóðs bænda til nefndarinnar dags. 25.10.2010.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Lífeyrissjóðs bænda er að finna í 2. grein samþykta sjóðsins.

2. gr. Hlutverk sjóðsins

2.1 Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt gildandi lögum og ákvæðum samþykta þessara.

2.2 Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999, og lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi

lífeyrissjóða, nr.129/1997 og tryggir þau lágmarks- réttindi sem þar greinir.

2.3 Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

Starfsemi Lífeyrissjóðs bænda

Lífeyrissjóður bænda er eingöngu sameignarsjóður og tekur því ekki við iðgjöldum í séreignarsparnað.

Iðgjöld til samtryggingar skulu að lágmarki nema 12% af launatekjum. Iðgjaldshluti sjóðfélaga er 4% af iðgjaldsstofni. Mótframlag skal einnig greitt af sjóðfélaga, sé ekki samið um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.

Skipulag og starfsreglur stjórnar Lífeyrissjóðs bænda

Á stjórnarfundum sjóðsins þann 31. október 2005 voru samþykktar starfsreglur fyrir stjórn sjóðsins. Helstu atriði starfsreglnanna sem sneru að aðkomu stjórnar varðandi fjárfestingar sjóðsins eru:

- Stjórn fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins og sér um að skipulag hans og starfsemi séu í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur.
- Stjórn sér um að nægilegt eftirlit sé með reikningshaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Hún skal kveða á um skipulag, innra eftirlit, bókhald og reikningsskil.
- Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, gengur frá starfslýsingu og setur honum erindisbréf.
- Stjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórn getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála. Öll skjöl sem varða meiriháttar ákvarðanir, svo sem samningar er teljast óvenjulegir eða meiriháttar eða hafa verulega þýðingu fyrir starfsemi sjóðsins, skulu undirrituð af stjórnarformanni sjóðsins og framkvæmdastjóra.
- Stjórnin mótastefnu sjóðsins og fjárfestingarstefnu. Stjórnin ráðstafar fjármagni sjóðsins með hliðsjón af bestu kjörum á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins. Stjórnin skal sjá um að samsetning eignasafns sé í sam-

ræmi við gildandi lög og fjárfestingarstefnu sjóðsins hverju sinni.

Önnur atriði í starfsreglunum fjölluðu um skipan stjórnar, skiptingu starfa innan stjórnar, fyrirvar stjórnar, boðun funda, atkvæðagreiðslur o.fl., fundargerðir og fundargerðabók, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi, breytingar á starfsreglum stjórnar og meðferð starfsreglna.

Ofangreindar starfsreglur voru endurskoðaðar og gefnar út þann 27. mars 2007 án verulegra breytinga.

Starfsreglur framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs bænda

Í starfsreglum Lífeyrissjóðs bænda 3. kafla frá 27. júní 2008 er að finna starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra sjóðsins. Í grein 3.1, Umboð og starfsvið framkvæmdastjóra, segir: „Framkvæmdastjóri stjórnar daglegum rekstri lífeyrissjóðsins í umboði stjórnar og er í forsvari fyrir sjóðinn. Hann er fulltrúi stjórnar gagnvart sjóðfélögum svo og viðskiptaáðilum sjóðsins. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir sjóðinn og annast fjárreiður hans, bankaviðskipti og bókhald. Hann tekur ákvarðanir um fjárútlát vegna tækjakaupa og reksturs. Allar meiri háttar ráðstafanir skulu þó bornar undir sjóðstjórn“.

Starfsskyldur framkvæmdastjóra eru að sjá um að stjórn sjóðsins fái yfirlit yfir eignir sjóðsins ekki sjaldnar en ársfjórðungslega. Hann skal upplýsa stjórn sjóðsins um rekstur hans, iðgjaldagreiðslur og réttindabókhald a.m.k. einu sinni á ári. Honum ber að gæta eigna sjóðsins að því marki sem þær eru í vörslu hans, áhalda og búnaðar, sjá um nauðsynlegt viðhald og varðveislu.

Að öðru leyti fjalla starfsreglur framkvæmdastjóra um stjórnarfundum, ársfjórðungslegt yfirlit eigna, rekstur og iðgjaldagreiðslur og réttindabókhald, gerð ársreikninga, ársskýrslur, ársfundi og fleira.

Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs bænda

Eignir Lífeyrissjóðs bænda skulu ávaxtaðar í samræmi við 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Í meginráttum hefur sama fjárfestingarstefnan verið í gildi hjá sjóðnum frá árinu 2001. Vikmörkum skuldabréfa var breytt árið 2006 vegna minnkandi framboðs á ríkisskuldabréfum og aukins framboðs á öðrum skuldabréfum. Fjárfestingarstefnan er mótuð

til allt að 5 ára í senn, en yfirfarin árlega. Lífeyrissjóðurinn hefur notið aðstoðar fjárvörsluaðila við móttun fjárfestingarstefnunnar og tekur stjórn sjóðsins ákvörðum um hvort stefnunni og/eða vikmörkum fjárfestinga sé breytt eða ekki.

Skipting verðbréfaeignar Lífeyrissjóðs bænda fyrir árið 2008 skal í grófum dráttum miðuð við neðangreinda hlutfallsskiptingu.

LSB tafla 2

Skipting fjárfestinga eftir tegundaflokkum

Flokkar verðbréfa	Stefna	Lágmark	Hámark
Bundin innlán	0%	0%	15%
Skuldabréf	65%	55%	80%
Íslensk skuldabréf með ríkisábyrgð	40%	15%	65%
Önnur íslensk skuldabréf	25%	15%	45%
Ertend skuldabréf	0%	0%	5%
Hlutabréf	35%	20%	45%
Innlend hlutabréf	10%	5%	17%
Ertend hlutabréf	25%	15%	38%
Framtaksfjárfestingar	0%	0%	5%

Heimild: Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs bænda fyrir árið 2008

Eignastýring

Í ársbyrjun 2009 festi Lífeyrissjóður bænda kaup á 33,3% hlut í Jöklum-Verðbréfum hf. Jafnframt var Jöklum-Verðbréfum hf. falin fjárvarsla á 61,5% af eignum sjóðsins. Einnig sá Kaupþing banki hf. um fjárvörslu á um 30% af eignum sjóðsins. Í vörslu lífeyrissjóðsins voru því um 8,5%, aðallega sjóðfélagalán og innstæður í bönkum. Áður en sjóðurinn festi kaup á Jöklum-Verðbréfum hf. sáu bankarnir þrír, Glitni, Kaupþing og Landsbanki Íslands, um meginhluta af fjárvörslu eignasafna sjóðsins. Við kaup sjóðsins á Jöklum-Verðbréfum hf. sagði sjóðurinn upp fjárvörslusamningum við Glitni og Landsbankann.

Miðað við eignayfirlit sjóðsins frá því um mitt ár 2007 var skiptingin á eignastýringu milli bankanna á þessa leið: Um 20% af eignasafninu voru í eignastýringu hjá Landsbankanum, hjá Glitni voru um 58% og tæp 20% voru hjá Kaupþingi. Þau 2-4% sem út af standa voru m.a. sjóðfélagalán. Engin önnur verðbréf en sjóðfélagalán voru í vörslu lífeyrissjóðsins.

Lífeyrissjóður bænda var með eftirfarandi fjárvörslusamninga og aðra samninga um fjárfestingar.

- Samningur um fjárvörslu og ávöxtun fjármuna við Landsbréf hf. (Landsbankinn - Landsbréf) dags. 11.12.2001.
- Samningur um fjárvörslu og ávöxtun fjármuna við Glitni/Íslandsbanka hf. dags. 11.12.2001.
- Samningur um gjaldmiðlastýringu við Glitni/Íslandsbanka hf. dags. 21.3.2005 ásamt viðauka I og síðan er viðauki I endurnýjaður 25.7.2007.
- Samningur um fjárvörslu og ávöxtun fjármuna við Kaupþing hf. dags. 1.11.2004, ásamt viðauka.

Eignastýring (ÍSB) Íslandsbanka FBA hf.

Samningur þessi fjallaði um fjárvörslu og ávöxtun á u.þ.b. 5.800 mkr. (m.v. 31.10.2001) af aðalverðbréfasafni lífeyrissjóðsins, sem um mitt ár 2007 jafngilti um 58% af verðbréfaeign sjóðsins.

Í eignastýringarsamningi milli Lífeyrissjóðs bænda og ÍSB dags. 11. desember 2001 kemur fram að markmið samningsins sé „að tryggja sem best góða ávöxtun og öryggi eigna lífeyrissjóðsins með því að beita markvissum aðferðum við ávöxtun fjármuna lífeyrissjóðsins“. Einnig kemur fram að „forstöðumanni eignastýringar ÍSB eða öðrum þeim starfsmanni sem hann vísar til sé veitt fullt og ótakmarkað umboð til kaupa og sölu á verðbréfum samkvæmt meðfylgjandi fjárfestingarstefnu. Fjárfestingarstefna lífeyrissjóðsins samkvæmt viðauka I fylgir samningi þessum sem ófráskiljanlegur hluti hans og skal fjárfestingarstefnan endurskoðuð eftir því sem tilefni gefast til“. Að auki var samið um að ÍSB veitti stjórn og starfsmönnum lífeyrissjóðsins ráðgjöf varðandi önnur atriði er lytu að rekstri lífeyrissjóðsins. Í 4. gr. samningsins kom fram að ÍSB skyldi aðstoða við móttun og endurskoðun fjárfestingarstefnu sjóðsins í samræmi við nánari reglur Fjármálaeftirlitsins.

Landsbréf hf. (Landsbankinn-Landsbréf)

Samningur þessi fjallaði um fjárvörslu og ávöxtun u.þ.b. 2.600 mkr. (m.v. 31.10.2001) af aðalverðbréfasafni lífeyrissjóðsins, sem um mitt ár 2007 var um 20% af verðbréfaeign sjóðsins.

Samningurinn er dags. þann 11. desember 2001 og var samningurinn ásamt viðauka I samhljóða

samningi Lífeyrissjóðs bænda við ÍSB sem vitnað er í hér að ofan.

Kaupping Búnaðarbanki hf.

Í samningi um ávöxtun og fjárvörslu hluta eignasafns sjóðsins dags. 1. nóvember 2004 kom fram að bankinn tæki sjálfstæðar ákvarðanir um ávöxtun þeirra fjármuna sem honum hefðu verið faldir til ávöxtunar, innan ramma fjárfestingarstefnu í viðauka I. Einnig kom fram í samningnum að bankinn skyldi veita stjórn og starfsmönnum lífeyrissjóðsins ráðgjöf varðandi mótun fjárfestingarstefnu og önnur atriði er lytu að rekstri eftir nánari óskum. Þá var tekið fram að báðir samningsaðilar gætu haft frumkvæði að endurskoðun fjárfestingarstefnu sjóðsins. Bankanum var heimilt að fela Rekstrarfélagi Kaupþings Búnaðarbanka hf. fjárfestingar í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum, sem félagið stjórnar. Réttarsamband sjóðsins og bankans hélst eftir sem áður óbreytt þótt bankinn nýtti þessa heimild. Með samningnum veitti sjóðurinn bankanum fullt og ótakmarkað umboð til að ráðstafa þeim fjármunum sem hann afhendir bankanum og var bankanum heimilt að framselja fjármálagerninga í nafni sjóðsins.

Áhætturáðgjöf Íslandsbanka hf.

Í viðauka I í samningi um gjaldmiðlastýringu við áhætturáðgjöf Íslandsbanka dags. 21. mars 2005 og endurnýjuðum viðauka, dags. 27. júlí 2007, var kveðið á um gjaldmiðlastýringu fyrir allt að 50% af verðmæti erlendra verðbréfa sjóðsins.

Bönkunum var gert að fjárfesta samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins sem birt var í viðauka I í eignastýringarsamningum milli sjóðsins og bankanna. Hér að neðan má sjá fjárfestingarstefnuna eins og hún leit út árið 2001 í samningunum við Íslandsbanka og Landsbréf. Í samningunum segir: "...skal skipting verðbréfaeignar lífeyrissjóðsins í grófum dráttum miðuð við neðangreinda hlutfallsskiptingu".

	Stefna	Lágmark	Hámark
Skuldabréf	65%	65%	75%
Íslensk skuldabréf með ríkisábyrgð	40%	35%	50%
Önnur íslensk skuldabréf	25%	15%	30%
Hlutabréf	35%	25%	35%
Innlend	10%	5%	15%
Erlend	25%	15%	30%

„Heimilt skal þó að fjárfesta allt að 5% í erlendum skuldabréfum innan skuldabréfahlutans. Erlendar fjárfestingar, þ.e. erlend hlutabréf og skuldabréf, skulu þó aldrei fara yfir 30% af eignum“.

Eins og fram kemur hér að ofan var gerður eignastýringarsamningur við Kaupþing árið 2004. Einu breytingarnar sem gerðar voru á fjárfestingarstefnunni í viðauka I þess samnings voru þær að hámark skuldabréfa var aukið í 80% af heildarsafni, lágmark hlutabréfa var lækkað í 20% og bundin innlán máttu að hámarki vera 15%. Að öðru leyti var fjárfestingarstefnan sú sama og í samningnum við Íslandsbanka og Landsbréf frá 2001.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur

Heildarlífeyrisgreiðslur á árinu 2009 námu 1.031 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins frá árinu 2005 hækkað að meðaltali um 0,4% á ári. Lífeyrisþegum hefur fækkað nokkuð á undanförunum árum. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 3.874 talsins samanborið við 3.974 lífeyrisþega í árslok 2005. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni.

LSB tafla 3

Lífeyrisgreiðslur í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	806	676	589	534	489
Örorkulífeyrir	97	90	91	95	100
Makalífeyrir	82	71	64	59	56
Barnalífeyrir	4	5	8	9	10
Lífeyrisframlag ríkissjóðs	42	41	42	45	50
Samtals, verðlag hvers árs	1.031	883	794	742	705
Samtals, verðlag 2009	1.031	949	1.008	998	1.014

Fjöldi lífeyrisþega	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	2.769	2.745	2.717	2.695	2.681
Örorkulífeyrir	278	302	299	351	388
Makalífeyrir	781	785	781	770	768
Barnalífeyrir	46	53	82	111	137
Samtals	3.874	3.885	3.879	3.927	3.974

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda skal ríkissjóður greiða lífeyri þeirra bænda sem taka lífeyri skv. II. kafla sömu laga. Engar breytingar hafa verið gerðar á lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði bænda frá árinu 1997.

Tryggingafræðileg staða

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

LSB tafla 4

Heildarskuldbinding í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	27.308	26.912	28.345	26.103	23.146
Skuldbindingar	31.512	29.687	25.950	23.767	21.988
Samtals	-4.204	-2.775	2.395	2.336	1.158
% af skuldbindingum	-13,3%	-9,3%	9,2%	9,8%	5,3%

Í töflunni hér að ofan sést, að árið 2009 voru heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar neikvæðar um 13,3% og árið 2008 var hlutfallið neikvætt um 9,3%. Árin þar á undan voru heildareignir samanborið við heildarskuldbindingar hins vegar jákvæðar um 9,2% árið 2007 og 9,8% árið 2006.

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Árin 2005 til 2008 voru u.þ.b. 55–60% af eignum sjóðsins vistuð í innlendum verðbréfasjóðum. Rúmlega 20% voru í erlendum verðbréfasjóðum, 5–6% í skuldabréfum banka og sparissjóða og um 5% voru í Lánasjóði landbúnaðarins. Þannig voru um 80 til 90% af heildareignum sjóðsins ávöxtuð í ofangreindum fjórum verðbréfaflokkum.

LSB tafla 5

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Sjóðfélagalán	1.414	975	352	368	489
Lánasjóður landbúnaðarins	1.009	1.108	1.029	1.081	1.177
Skuldabréf með ríkisábyrgð	5.443	763	570	424	381
Skuldabr. banka og sparissjóða	506	767	1.273	1.181	1.140
Fyrirtækjaskuldabréf	926	670	573	487	193
Sveitarfélög	737	580	328	345	411
Erlend verðbréf	237	290	229	234	167
Erlendir verðbréfasjóðir	5.007	3.823	4.636	4.976	3.439
Innlendir verðbréfasjóðir	6.535	11.005	12.199	11.408	10.515
Hlutabréf	108	87	285	306	78
Önnur verðbréf			32	44	124
Samtals	21.922	20.068	21.506	20.854	18.114

Heimild: Ársskýrslur Lífeyrissjóðs bænda.

Fjórir verðbréfaflokkar standa uppúr varðandi neikvæða ávöxtun árin 2008 og 2009 en þeir eru

innlend hlutabréf, skuldabréf banka og sparissjóða, önnur verðbréf og gengisbundin verðbréf. Varðandi gengisbundnu verðbréfin er væntanlega um stundartap að ræða sem gengur vonandi til baka enda hefur sjóðurinn ekki séð ástæðu til að niðurfæra eða afskrifa neinar af erlendum eignum sjóðsins.

LSB tafla 6

Hrein raunávöxtun eignasafna	2009	2008	2007	2006	2005
Innlán í bönkum og sparissjóðum	-4,0%	2,9%	11,0%	9,9%	27,3%
Ríkisvixtar, ríkisskuldbabr.	8,0%	10,5%	0,4%	-0,4%	0,5%
Skuldabr. bæjar- og sveitarfélaga	-4,0%	4,9%	3,7%	3,1%	3,3%
Skuldabr. banka og sparissjóða	-7,0%	-44,9%	6,8%	3,5%	3,8%
Skuldabréf fyrirtækja		-2,1%	6,4%	10,8%	
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	-8,0%	7,4%	4,0%	6,5%	11,4%
Innlend hlutabréf	-19,0%	-85,7%	3,4%	10,9%	
Önnur verðbréf	-28,0%	-23,3%	3,6%	4,8%	6,8%
Gengisbundin verðbréf	-8,0%	-15,0%	-10,7%	25,7%	8,8%
Samtals	0,6%	-17,9%	-1,1%	8,6%	9,6%

Heimild: Ársskýrslur Lífeyrissjóðs bænda.

Raunávöxtun

Árið 2009 var raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum 0,6%. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var aftur á móti neikvæð um 17,9% og var raunávöxtun 2007 neikvæð um 1,1%. Hins vegar var raunávöxtun árin 2006 og 2005 mjög góð eða 8,6% og 9,6%.

Meðalraunávöxtun síðustu fimm árin var neikvæð um 0,6% en síðustu 10 árin var hún jákvæð um 0,4%.

LSB tafla 7

Raunávöxtun	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	0,6%	-17,9%	-1,1%	8,6%	9,6%
Fimm ára meðalávöxtun	-0,6%	0,7%	6,9%	6,0%	3,6%
Tíu ára meðalávöxtun	0,4%	1,3%	4,2%	5,2%	5,2%

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Heildariðgjöld til sjóðsins árið 2009 voru 505 mkr. sem var lækkun um 3,4% frá árinu 2008. Þar af námu iðgjöld sjóðfélaga 142 mkr. og mótframlög 367 mkr. Réttindaflutningar og endurgreiðslur námu 4 mkr. Hjá bændum miðast iðgjöld við reiknað endurgjald í landbúnaði eða greidd laun þar sem búrekstrarformi er þannig háttað.

Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris milli ára á verðlagi ársins 2009 kemur í ljós að árið 2007 verður veruleg breyting til hins verra á afkomu sjóðsins frá árinu 2006. Árið 2008 er um beina lækkun á hreinni eign til greiðslu lífeyris að ræða um 1.379 mkr. Árið 2009 hækkar hins vegar hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris um 1.371 mkr. frá árinu 2008. Ef borin er saman eignastaða sjóðsins í lok árs 2005 og lok árs 2009 á föstu verðlagi hafa eignir sjóðsins lækkað um 4.530 mkr. eða 4,63% milli ára.

LSB tafla 8

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	505	523	469	437	417
Sérstakt aukaframlag					2.630
Samtals iðgjöld og aukaframlag	505	523	469	437	3.047
Lífeyrir	-990	-842	-752	-698	-655
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum	606	-77	12	26	24
Tekjur/-gjöld af húseignum og lóðum	0	0	0	0	0
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	1.165	356	1.033	2.985	2.021
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	184	-1.181	0	0	0
Fjárfestingartekjur	1.955	-902	1.045	3.011	2.045
Fjárfestingargjöld 1)	-52	-22	-28	-46	-65
Rekstrarkostnaður	-47	-40	-36	-34	-31
Rekstrargjöld	-99	-62	-64	-80	-96
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	1.371	-1.283	698	2.670	4.341
Hrein eign frá fyrra ári	20.320	21.603	20.905	18.235	13.894
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	21.691	20.320	21.603	20.905	18.235

Afíkoma á föstu verðlagi ársins 2009

Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	1.371	-1.379	886	3.590	6.242
Hrein eign frá fyrra ári	20.320	23.225	26.550	24.517	19.979
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	21.691	21.846	27.437	28.106	26.221

1) Lífeyrissjóður bændna sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaup- og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6. Þóknanatekjur fjármálfyrirtækja.

Skýringin á liðnum „sérstakt aukaframlag“ á árinu 2005 er sú að á því ári barst sjóðnum sérstakt framlag úr ríkissjóði samkvæmt fjárukalögum að fjárhæð 2.630 mkr. Fjárhæð þessi var andvirði af sölu Lánasjóðs landbúnaðarins að frádregnum kostnaði við niðurlagningu sjóðsins.

Heimild: Ársreikningur Lífeyrissjóðs bændna árið 2005, skýr. 5.

17.1.2 Tap Lífeyrissjóðs bændna 2008 - 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðsins sem ollu mestu af tapi hans. Ekki var talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað

hafa jafnri og góðri ávöxtun í gegnum árin. Tap sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 en afleiðingarnar komu hins vegar ekki að fullu fram fyrir en á árinu 2009. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða, útistandandi gjaldmiðlavararsamninga að teknu tilliti til væntanlegrar skuldajöfnunar skuldabréfa á hendur bönkunum. Tap sjóðsins liggur að mestu í eftirfarandi liðum:

- Skuldabréfum banka og sparissjóða
- Skuldabréfum fyrirtækja
- Innendum hlutabréfum
- Innendum hlutabréfasjóðum
- Innendum skuldabréfasjóðum

LSB tafla 9

Yfirlit yfir tap Lífeyrissjóðs bændna af skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innendum hlutabréfum, innendum hlutabréfasjóðum og gjaldmiðlavararsamningum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparissjóða	11	96	584	691
Skuldabréf fyrirtækja	10	67	259	336
Innlend hlutabréf		37	119	156
Innlendir hlutabréfasjóðir		58	1.315	1.373
Innlendir skuldabréfasjóðir		659	699	1.358
	21	917	2.976	3.914
Gjaldmiðlavararsamningar (GVT 175)		0		0
Samtals tap í mkr.	21	917	2.976	3.914

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði bændna dags. 27.5.2011 og 3.10.2011.

Fimm ofangreindir liðir mynduðu tap á árunum 2008 til 2010 samtals að fjárhæð 3.914 mkr. Í uppgjöri sjóðsins var gert ráð fyrir að gjaldmiðlavararsamningarnir væru gerðir upp miðað við gengi á gjalddaga hvers samnings og voru því 490 mkr. færðar til skuldar í ársreikningi 2009. Landssamtök lífeyrissjóða hafa farið þess á leit við bankana að gjaldmiðlavararsamningarnir verði gerðir upp m.v. gengisvisitöluna (GVT) 175 stig. Hins vegar vilja bankarnir gera gjaldmiðlavararsamninga upp m.v. gengi á gjalddaga hvers samnings. Hvort heldur miðað er við GVT 175 stig eða gengi á gjalddaga telur sjóðurinn sig geta skuldajafnað við bankana að fullu gagnvart útistandandi gjaldmiðlavararsamningum.

Skuldabréf banka og sparissjóða

Í ársbyrjun 2008 var eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af bönkum og sparissjóðum samtals 1.273 mkr. eða tæp 6% af heildareignum sjóðsins. Bókfærð skuldabréfaeign í bönkum og sparissjóðum í árslok 2008 var

komin niður í 767 mkr. og 506 mkr. í árslok 2009. Um-
talsverðar afskriftir áttu sér stað á skuldabréfum banka og
sparisjóða bæði árin 2008 og 2009 eða samtals 691 mkr.
Mestu afskriftirnar voru hjá Glitni 225 mkr., Landsbanka
Íslands hf. 163 mkr., Kaupþing banka hf. 106 mkr. og
SPRON 84 mkr. Afskriftir vegna skuldabréfa annarra
banka og sparisjóða námu samtals 113 mkr.

Víkjandi og breytanlegt skuldabréf Glitnis

Hluti af skuldabréfaeign sjóðsins í Glitni hf. þegar
bankinn féll var úr skuldabréfaútboði Glitnis frá mars
2008 þar sem boðin voru út svokölluð „víkjandi og
breytanleg skuldabréf“. Lífeyrissjóður bænda keypti
skuldabréf fyrir 40 mkr. í nefndu útboði og tapaðist
sú fjárhæð öll er Glitnir féll. Nánar er fjallað útboð
þetta og skilmála sem fylgdu skuldabréfinu í kafla
5.1.9 Glitnir hf. - skuldabréfaútboð í mars 2008.

Landsbanki Íslands hf. - Lánshæfistengt skuldabréf (Credit-Linked notes).

Lífeyrissjóður bænda keypti lánshæfistengt skulda-
bréf fyrir 30 mkr. Vegna lækkandi gengis varð veðkall
á samningstímanum og ákváðu þá flestir sem fjárfest
höfðu í bréfunum, þ. á m. Lífeyrissjóður bænda, að
loka stöðu sinni. Tap lífeyrissjóðsins varð þar með 30
mkr. Sjá nánar kafla 5.1.9 Landsbanki Íslands hf. –
lánshæfistengt skuldabréf (Credit-Linked Note)

Neðangreind tafla sýnir bókfærða stöðu skulda-
bréfa banka og sparisjóða í eigu Lífeyrissjóðs bænda
árið 2009. Síðan koma afskriftir ársins og nettóstaða
í árslok. Taflan á eingöngu við um árið 2009.

LSB tafla 10

Bankar og sparisjóðir - afskriftir og staða skuldabréfa 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskrift	Nettó staða
Kaupþing banki hf.	197	-21	131
Landsbanki Íslands hf.	69	4	2
Landsbanki Íslands hf. víkjandi	96	-60	0
Glitnir banki hf. víkjandi	225	21	0
SPRON	108	50	24
Byr sparisjóður	94	64	30
Sparisjóður Mýrasýslu	15	15	0
Sparisjóður Keflavíkur	7	5	2
Straumur Burðarás hf.	15	7	8
VBS Fjárfestingabanki hf.	52	11	41
Samtals afskriftir 2009 í mkr.	878	96	238

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði bænda dags. 27.5.2011.

Eftirfarandi tafla sýnir heildar afskriftir Lífeyris-
sjóðs bænda af skuldabréfum sem gefin voru út af
bönkum og sparisjóðum.

LSB tafla 11

Afskriftir hjá bönkum og sparisjóðum vegna skuldabréfa

	2010	2009	2008	Samtals
Glitnir banki hf.		21	204	225
Landsbanki Íslands hf.		-56	219	163
Kaupþing banki hf.		-21	127	106
SPRON		50	34	84
Byr sparisjóður		64		64
Straumur Burðarás hf.	11	7		18
Sparisjóður Mýrasýslu		15		15
VBS Fjárfestingabanki hf.		11		11
Sparisjóðurinn í Keflavík		5		5
Samtals í mkr.	11	96	584	691

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði bænda dags.27.5.2011.

Skuldabréf fyrirtækja

Eign sjóðsins í fyrirtækjaskuldabréfum var 193 mkr.
í árslok 2005. Þessi eign jókst síðan jafnt og þétt milli ára
og var komin í 926 mkr. í árslok 2009. Mestu afskriftir
sjóðsins í fyrirtækjaskuldabréfum áttu sér stað árið 2008
eða 259 mkr. Árið 2009 voru 67 mkr. afskrifaðar og 10
mkr. árið 2010. Alls voru fyrirtækjaskuldabréf afskrifuð
fyrir 336 mkr. á árunum 2008 til 2010.

Mestu afskriftir fyrirtækjaskuldabréfa voru hjá Sam-
son 80 mkr., HF Eimskipafélagi Íslands 52 mkr., Baugi
Group hf. 40 mkr. og Kögun hf. 34 mkr. Afskriftir hjá
öðrum fyrirtækjum voru samtals að fjárhæð 130 mkr.

Neðangreind tafla sýnir bókfærða stöðu fyrirtækja-
skuldabréfa í eigu Lífeyrissjóðs bænda árið 2009. Síð-
an koma afskriftir ársins og síðan nettóstaða í árslok.
Að lokum er sýnd afskriftaprósenta hjá hverjum aðila
fyrir sig. Taflan á eingöngu við um árið 2009.

LSB tafla 12

Fyrirtæki - afskriftir og staða skuldabréfa 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskrift	Nettó staða	Afskrift í %
Baugur Group hf.	45	40	5	89%
Styrkur Invest ehf./BG Capital ehf.	12	6	6	50%
Exista hf.	24	23	1	96%
FL Group hf.	14	14	0	100%
Atorka hf./Jarðboranir hf.	30	18	12	60%
Latibær ehf.	31	28	3	90%
Mosaic Fashions hf.	32	32	0	100%
Samson eignarhaldsfélag ehf.	80	80	0	100%
Avion hf./HF Eimskipafél. Ísl.	45	45	0	0%
Samtals afskriftir 2009 í mkr.	313	286	27	91%

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði bænda dags. 27.5.2011.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarafskriftir Lífeyrissjóðs bænda árin 2008 til 2010 af skuldabréfaeign sinni í fyrirtækjum.

LSB tafla 13

Afskriftir fyrirtækjaskuldabréfa 2008 - 2010

	2010	2009	2008	Samtals
Samson eignarhaldsfélag ehf.		11	69	80
Avion hf./HF Eimskipafél. Ísl.		5	47	52
Baugur Group hf.		7	33	40
Kögun hf.			34	34
Mosaic Fashions hf.		7	25	32
Latibær ehf.		13	15	28
Exista hf.		6	17	23
Atorka/Jarðboranir hf.	3	18		21
Styrkur Invest ehf./BG Capital ehf.	7	6	0	13
Stoðir hf./FL Group hf.		1	11	12
Bakkavör hf.			1	1
Skipti hf./Síminn		-7	7	0
Afskriftir í mkr.	10	67	259	336

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði bænda dags. 27.5.2011 og 26.8.2011.

Innlend hlutabréf

Á fjórum árum tapaði Lífeyrissjóður bænda 126 mkr. á innlendra hlutabréfaeign sinni. Mest varð tapið á árinu 2008 eða samtals 119 mkr. og er skýringuna fyrst og fremst að finna í bankahruninu í október það ár.

Hlutfall hlutabréfa var ekki hátt í verðbréfasafni sjóðsins. Hlutabréfaeignin var mest í ársbyrjun 2007 en þó einungis 1,5% af heildarverðbréfaeign sjóðsins.

LSB tafla 15

Hlutabréfaeign Lífeyrissjóðs bænda á markaðsvirði tímabilið 31.12.05 - 31.12.2008 í þús. kr.

Skráð félög:	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	31.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Skráð félög:								
Actavis hf.	3.219	4.096	11.110					
Atorka Group hf.		10.816	14.490	17.060	13.241			
Bakkavör Group hf.	3.238	3.938	4.372	19.598	13.836	9.849	7.136	834
Century alm. hf.			5.108	5.123	7.470			
Exista hf.		19.530	29.865	17.143	3.723	2.692	2.148	
Glitnir banki hf.		63.073	79.421	22.016	17.302	15.446	4.564	
HF Eimskipafélag Íslands		36.888	35.227	30.328	20.233			
Icelandair Group hf.		10.212	10.356					
Kaupþing banki hf.	48.069	84.941	113.063	91.520	90.739	80.115	72.660	
Marel hf.		37.884	28.528	34.374	31.173	25.340	24.668	21.784
Samtals í þús. kr.	54.526	271.377	331.541	237.161	197.716	133.442	111.175	22.618
Óskráð félög:	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	31.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Einar J Skúlason	1.724							
Ehf. Ís.j um verðbréfabing	153	153	153	153	153	153	153	153
Greiðslustofa lífeyrissjóða	72	72	72	72				
Reiknistofa lífsj.			3.395	3.395	3.395	3.395	3.395	3.395
Önnur félög	887							
Samtals í þús. kr.	2.836	225	3.620	3.620	3.548	3.548	3.548	3.548
Samtals félög í þús. kr.	57.362	271.602	335.161	240.781	201.264	136.990	114.723	26.166

Því var ekki um háar fjárhæðir að ræða hjá sjóðnum í þessum verðbréfaflokki.

LSB tafla 14

Hagn. / (-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Hlutafjáreign í byrjun tímabils	756	87	285	306	78
Keypt hlutabréf	411	62	43	74	233
Seld hlutabréf	286	34	122	116	14
Hlutafjáreign í lok tímabils	755	77	87	285	306
Hagn. / (-tap)	-126	-37	-119	21	9

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði bænda dags. 27.5.2011.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir innlendra hlutabréfaeign Lífeyrissjóðs bænda 1. jan. 2006 til 31. des. 2008. Félögunum er annars vegar skipt upp í skráð félög og hins vegar óskráð félög.

Hér á eftir verður þróun á hlutabréfaeign Lífeyrissjóðs bænda í tveimur félögum sýnd nánar. Úttektarnefndin aflaði sér upplýsinga um hlutabréfaeign sjóðanna þann 31.12.2005, 31.12.2006, 30.06.07 og 31.12.07. Einnig voru fengnar upplýsingar um hlutabréfaeign í lok hvers ársfjórðungs árið 2008. Því er ekki mögulegt að sýna einstök kaup eða sölu hlutabréfa. Einungis er unnt að sýna nafnverð og markaðsvirði hlutabréfa í lok hvers tímabils svo og breytingar á hlutabréfaeign í einstökum félögum milli þeirra tímabila sem könnuð voru.

Sýnt er: Nafn félags, nafnverð, hreyfingar á nafnverði innan tímabils, dagslokagengi og markaðsvirði hinna keyptu/seldu hlutabréfa. Árið 2006 er sýnt sérstaklega. Árinu 2007 er skipt í tvennt, þ.e. sýnd er staðan í lok hvors árhelmingis fyrir sig. Sömu upplýsingar koma fram fyrir árið 2008 en það ár er staðan sýnd í lok hvers ársfjórðungs. Neðst í töflunum eru síðan teknar saman upplýsingar um verðmæti á upphafsstöðu hlutafjár í viðkomandi félagi 31.12.2005 og bætt við það kaupverði umfram söluverð hlutabréfa til áramóta 2008. Þannig er gerð tilraun til að finna út hvert var heildartap sjóðsins í viðkomandi félagi frá árslokum 2005 til ársloka 2008. Það skal áréttað að hér er einungis reynt að sýna tap sjóðsins ofangreint tímabil. Í mörgum tilvikum hafði lífeyrissjóðurinn átt hlutabréfin lengur og keypt þau á lægra verði en kemur fram í yfirlitunum hér á eftir.

Hér að neðan verður fjallað um þau tvö félög sem sjóðurinn tapaði hvað mest á. Ekki er talin ástæða til að fjalla um fleiri félög þar sem um lágar fjárhæðir er að ræða. Einu bankarnir eða fjármála fyrirtækin sem sjóðurinn átti hlutabréf í voru Kaupþing banki hf. og Glitnir banki hf.

Kaupþing banki hf.

Af einstökum félögum fjárfesti sjóðurinn mest í hlutabréfum í Kaupþingi hf. Í ársbyrjun 2006 átti sjóðurinn 63 þús. hluti sem jafngiltu rúmum 40 mkr. að markaðsvirði. Sjóðurinn jók síðan hlut sinn í bankanum á árinu 2006 um 38 þús. hluti. Hæst fór markaðsvirði bréfanna um mitt ár 2007 eða í 113 mkr. Á fyrsta ársfjórðungi 2008 hafði sjóðurinn aukið hlut sinn í 113 þús. hluti, en markaðsvirði hlutanna hafði þá fallið niður í 91 mkr. Fyrir lok annars ársfjórðungs 2008 seldi sjóðurinn 8 þús. hluti og átti síðan við fall bankans 105 þús. hluti. Heildartap sjóðsins á hlutabréfum í Kaupþingi hf. var 83 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	63		763	48
31.12.06	101	38	841	32
30.06.07	101	0	1.125	
31.12.07	104	3	880	3
31.03.08	113	9	762	7
30.06.08	105	-8	770	-6
30.09.08	105	0	723	
31.12.08	0	-105	0	
Samtals		-101		83
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				83
Staða 31.12.08	0		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				83

Glitnir banki hf.

Í ársbyrjun 2007 átti Lífeyrissjóður bænda 2.707 þús. hluti í Glitni hf. Sjóðurinn jók eign sína í bankanum um 36 þús. hluti á fyrri hluta ársins og var eign sjóðsins þá rúmar 79 mkr. að markaðsvirði um mitt ár 2007. Fyrir árslok seldi síðan sjóðurinn 1.740 þús. hluti í Glitni hf. og átti þá 1.003 þús. hluti þar til yfir lauk. Tap sjóðsins á hlutabréfum Glitnis hf. var því 26 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.06	2.707		23,30	63
30.06.07	2.743	36	28,95	1
31.12.07	1.003	-1.740	21,95	-38
31.03.08	1.003	0	17,50	
30.06.08	1.003	0	15,65	
30.09.08	1.003	0	4,55	
31.12.08	0	-1.003		
Samtals		-2.707		26
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				26
Staða 31.12.08	0		0	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				26

Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir

Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir skiptast í hlutabréfa- og skuldabréfasjóði og verður hér á eftir fjallað um sjóðina sem slíka. Í ársbyrjun 2008 námu heildareignir Lífeyrissjóðs bænda samtals 21.506 mkr. Þar af átti sjóðurinn 12.199 mkr. í innlendum hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum en það svarar til 56,7% af öllum eignum sjóðsins. Á árinu 2008 tapaði lífeyrissjóðurinn 2.014 mkr. í hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum sínum. Í ársbyrjun 2009 stóðu innlendir sjóðir í samtals í 11.005 mkr. en voru komnir niður í 6.535 mkr. í árslok 2009. Breytinguna má aðallega rekja til þess að háar fjárhæðir voru fluttar úr hlutdeildarsjóðum yfir í ríkistryggð verðbréf. Þá varð tap af hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum samtals 717 mkr. á árinu 2009. Tap Lífeyrissjóðs bænda í hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum árin 2008 og 2009 varð samtals 2.731 mkr.

LSB tafla 16

Innlendir hlutabréfasjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

		2009	2008	Samtals
Glitnir	Sjóður 6	6	411	417
Glitnir	Sjóður 10	2	461	463
Kaupb.	ICEQ		24	24
Kaupb.	Einingabréf 9	10	64	74
Kaupb.	IS-5		35	35
Kaupb.	IS-15	38	270	308
Landsb.	Vísitölubréf		49	49
Landsb.	Nordic 40	2	1	3
Samtals hlutabréfasjóðir í mkr.		58	1.315	1.373

LSB tafla 17

Innlendir skuldabréfasjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

		2009	2008	Samtals
Glitnir	Sjóður 1	559	457	1.016
Glitnir	Sjóður 11	35	0	35
Kaupb.	Hávaxtasjóður	12	8	20
Landsb.	Markaðsbréf, stutt			0
Landsb.	Markaðsbréf, millilöng			0
Landsb.	Markaðsbréf, löng	12		12
Landsb.	Fyrirtækjabréf	41	234	275
Samtals skuldabréfasjóðir í mkr.		659	699	1.358

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði bænda dags. 3.10. 2011.

Erlendar eignir

Samkvæmt upplýsingum frá Lífeyrissjóði bænda voru engar erlendar eignir sjóðsins niðurfærðar eða afskrifaðar árin 2008 og 2009.

Heimild: Tölvupóstur frá Lífeyrissjóði bænda dags. 15. sept. 2011.

Gjaldmiðlavarnarsamningar

Lífeyrissjóður bænda gerði gjaldmiðla- og vaxtasamninga við Kaupþing hf., Glitni hf. og Landsbanka Íslands hf. Sjóðurinn telur sig eiga óuppgærðar kröfur að upphæð 501 mkr. vegna skuldajöfnunar við bankana.

LSB tafla 18

Staða gjaldmiðlavarnarsamninga 31.12.2009

Annars vegar tillaga sjóðsins og hins vegar krafa bankanna

	Heildar- krafa	Vaxta kostn.	Samtals	Skulda- jöfnun	Mis- munur
Tillaga sjóðsins m.v. GVT 175 stig	108	0	108	-108	0
Krafa bankanna m.v. uppgjörsgengi samninganna	476	14	490	-490	0
Mismunur á kröfum í mkr.					0

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði bænda dags. 27.5.2011.

Í ársreikningi 2009 færði sjóðurinn til skuldar 490 mkr. sem skuld við lánastofnanir vegna óuppgærðar

gerðra gjaldmiðlavarnarsamninga. Ofangreind fjárhæð var m.v. gengisvísitölu á gjalddaga samninganna. Þá gerði sjóðurinn ráð fyrir að geta skuldajafnað skuldabréfum í eigu sinni á viðkomandi viðskiptabanka. Skuldabréf í eigu sjóðsins útgefin af bönkum sem sjóðurinn gerði ráð fyrir að geta skuldajafnað eru að fjárhæð 501 mkr. sem er hærri fjárhæð en nemur ytrustu kröfum bankanna.

„Allt frá bankahrininu haustið 2008 hafa átt sér stað viðræður milli fulltrúa þrettán lífeyrissjóða og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um stöðu framvirkra gjaldmiðlavarnarsamninga sjóðanna við bankann og forsendur fyrir mögulegri sátt um uppgjör þeirra.

Náðst hefur rammisamkomulag milli fulltrúa Landssamtaka lífeyrissjóða og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um fullnaðaruppgjör samninganna.

Niðurstaða samkomulagsins er að mestu í samræmi við stöðu samninganna í ársreikningum lífeyrissjóðanna og mun því ekki hafa frekari áhrif á tryggingafræðilega stöðu þeirra.

Í kjölfar samkomulagsins verður hægt að ljúka uppgjóri milli Landsbanka Íslands hf. og einstakra lífeyrissjóða“.

Heimild: Fréttatilkynning frá Landssamtökum lífeyrissjóða dags. 21. júlí 2011

Lífeyrissjóðirnir hafa átt í viðræðum við Kaupþing banka hf. og Glitni banka hf. um uppgjör á útistandandi gjaldmiðlavarnarsamningum og standa þær viðræður enn yfir.

17.2 Stjórn og starfshættir

Lífeyrissjóður bændna hefur starfað í fjörutíu ár og sjóðfélagar eru bændur og makar þeirra sem starfa við búrekstur. Um sjóðinn gilda sérstök lög ásamt almennu lögnum um lífeyrissjóði.¹

17.2.1 Stjórn og framkvæmdastjóri

Í stjórn sjóðsins sitja fimm einstaklingar, einn skipaður af Hæstarétti Íslands og er formaður, tveir eru tilnefndir af Bændasamtökum Íslands, einn af landbúnaðarráðherra og einn er skipaður án tilnefningar. Varamenn eru tilnefndir með sama hætti. Stjórnarmenn eru skipaðir til fjögurra ára í senn. Stjórn lífeyrissjóðsins fer með yfirstjórn hans og á að fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir um stefnumótun og starfsemi hans og sömuleiðis á hún að sjá um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Hún ræður framkvæmdastjóra og forstöðumann endurskoðunardeildar. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri skal bera allar ákvarðanir undir stjórn sem eru „óvenjulegar eða mikilsháttar“ nema þær séu samkvæmt fyrirfram samþykkttri áætlun stjórnarinnar. Sé ekki unnt að bera slíkar ákvarðanir undir stjórn fyrirfram skal haft samráð við formann stjórnar og eftir föngum aðra stjórnarmenn og slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfundi.²

Framkvæmdastjóri sér um allan daglegan rekstur en honum ber að vísa til sjóðstjórnar öllum málum sem eru mikilsháttar eða óvenjuleg. Þetta er svipað og hjá öðrum lífeyrissjóðum. En verksvið framkvæmdastjóra sjóðsins er mun þrengra en tíðkast. Í samþykktum sjóðsins er enginn sérstakur kafli um framkvæmdastjóra en í starfsreglum sjóðsins er einn kafli um hlutverk hans.³ Í þessum reglum, lið 3.1., segir: „Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk í samráði við stjórn sjóðsins og stjórnar vinnu þess.“ Þá segir í samþykktum: „Sé samningur um umsjón fjárfestinga fyrir sjóðinn skv. ákvæðum 8.9 í gildi, hefur framkvæmdastjóri ekki heimild til ákvarðanatöku um fjárfestingar fyrir sjóðinn.“⁴ Í Starfsreglum stjórnar

segir: „Stjórnin ráðstafar fjármagni sjóðsins með hliðsjón af bestu kjörum á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu, og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins.“⁵

Það sést af þessum ívitnunum að hlutverk framkvæmdastjórnans í fjárfestingum er ekkert. Að því gefnu að í gildi sé samningur við verðbréfa- eða fjármála fyrirtæki um ráðstöfun fjár sjóðsins þá hefur framkvæmdastjórinn enga heimild til að fjárfesta fyrir sjóðinn og hann hefur ekki óskoraða heimild til að ráða starfsfólk eins og samþykktir sjóðsins virðast þó kveða á um, heldur verður að gera það í samráði við stjórn. Það er sagt skýrt að stjórnin ráðstafi fjármagni sjóðsins á hverjum tíma. Fyrirverandi framkvæmdastjóri sagði í viðtali við úttektarnefndina að hann hefði engar heimildir haft til fjárfestinga.⁶ Þetta fyrirkomulag er óvenjulegt og virðist ganga gegn góðu verklagi. Stjórn hefur ekki þá þekkingu og færni sem nauðsynleg er til að ákveða ráðstöfun fjármagns á markaði, hún er ekki valin og skipuð á þeim forsendum, enda á hún í raun einungis að fjalla um þær ráðstafanir sem eru mikilsháttar eða óvenjulegar og framkvæmdastjóri um þær sem eru venjulegar og minniháttar enda verður að gera þá kröfu til hans að hann hafi færni og kunnáttuna til að fjárfesta á markaði. Þetta fyrirkomulag sem komið var á í sjóðnum hefur í reynd þá afleiðingu að vitneskja og færni í fjármálum dafnar ekki innan sjóðsins af því að öllum slíkum verkefnum er útvistað og hlutverk framkvæmdastjóra verður að hafa eftirlit með eignastýringaradilunum. Helga Indriðadóttir, sem sá um eignastýringu fyrir Lífeyrissjóð bændna í störfum sínum fyrir Glitni banka, segir að framkvæmdastjóri sjóðsins hafi reglulega kallað eftir upplýsingum frá eignastýringu bankans sem hann hafi síðan unnið úr. Það kemur einnig fram í viðtali við Helgu að stjórn sjóðsins hafi verið áhugasöm um fjárfestingar eignastýringar Glitnis banka fyrir sjóðinn en hins vegar hafi ekki verið innan stjórnar sérfræðingar í verðbréfamörkuðum.⁷

Það er eðlilegt að spyrja um samsetningu stjórnarinnar. Er þetta fyrirkomulag sem hefur verið viðhaft

1 Lög um Lífeyrissjóð bændna nr. 12/1999; Lög um skyldutryggingu lífeyrissjóðs og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

2 Samþykktir fyrir Lífeyrissjóð bændna 2006, gr. 4.

3 Starfsreglur hjá Lífeyrissjóð bændna 2010, 3. kafli.

4 Samþykktir fyrir Lífeyrissjóð bændna 2006, gr. 4.5.2.

5 Starfsreglur hjá Lífeyrissjóði bændna 2007, gr. 4.5.

6 Viðtal við Sigurbjörgu Björnsdóttur, fyrirverandi framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs bændna, 29.8.2011.

7 Viðtal við Helgu Indriðadóttur, fyrirverandi sjóðsstjóra í eignastýringu Glitnis banka, dags. 30.8.2011.

Þess eðlis að halda ætti því áfram? Sjóðurinn starfar nú eins og hver annar almennur lífeyrissjóður og það virðist eðlilegt að svipuð sjónarmið gildi um hann eins og þá. Það sem gefur honum þó sérstöðu er að bændur eru sjálfstæðir atvinnurekendur og þeir sjá sjálfir um að greiða 12% af launum sínum til lífeyrissjóðsins. Þar til nýlega sá ríkið um að greiða atvinnurekendahlutann en því hefur verið breytt. Það er sérkennilegt að það hafi verið lagt á Hæstarétt Íslands að tilnefna formann stjórnar og erfitt að sjá rök fyrir því að halda þeirri skipan áfram.

Það er óeðlilegt að fjármálaráðherra skipi stjórnina. Hann ásamt ráðuneyti sínu er annar eftirlitsaðili allra lífeyrissjóða. Það fer ekki saman í góðri stjórnarsýslu að hafa eftirlit með aðilum sem maður ber ábyrgð á.

Það er líka ráðlegt fyrir stjórnina að breyta starfs-umhverfi framkvæmdastjóra sjóðsins svo að þekking og færni í fjárfestingum þróist meðal starfsmanna sjóðsins og stjórnin geti betur sinnt eftirlits- og stefnumótunarhlutverki sínu.

17.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs bænda 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

17.3.1 Inngangur

Að framan hefur verið farið yfir gögn um fjárfestingarstefnu Lífeyrissjóðs bænda á úttektarárunum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin jafnframt orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Lífeyrissjóður bænda var stofnaður með lögum nr. 101/1970. Nú gilda um þennan sjóð lög nr. 12/1999 með áorðnum breytingum, síðast með lögum nr. 65/2010. Samkvæmt 3. gr. laganna eru bændur og makar þeirra svo og launþegar við landbúnað skyldir til að vera aðilar að sjóðnum. Fjármálaráðherra skipar samkvæmt 2. gr. alla stjórn sjóðsins eftir tilnefningum þar greindra aðila, þar á meðal tilnefnir Hæstiréttur formann sjóðsins. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sbr. ákvæði í samþykktum sjóðsins. Sjóðurinn er því rekinn á líkan hátt og aðrir lífeyrissjóðir með þeim undantekningum sem leiða af sérlögum um hann. Sérstakt við sjóðinn er þannig skylduáðildin að honum, skipun stjórnar og að allt fram á þennan dag hefur íslenska ríkið greitt a.m.k. hluta mótframlags iðgjalds sjóðfélaga auk lífeyrisréttinda eldri sjóðfélaga samkvæmt 3. mgr. 10. gr. núgildandi laga, sbr. 8.-9. gr. laganna (sólarlagsákvæði). Samkvæmt viðtali nefndarinnar við núverandi stjórnarformann hefur ríkið hætt greiðslu mótframlags. Lauk því með sérstakri eingreiðslu.⁸ Mótframlagið á því nú að greiðast af búrekstri bænda. Þetta sérstaka fyrirkomulag mun

hafa átt sér sögulegar ástæður og eiga uppruna sinn í hliðarsamningi við ákvörðun búvöruverðs. Úttektarnefndinni þykir eðlilegt að þessi sjóður þróist áfram í átt til venjulegs almenns lífeyrissjóðs án beinna afskipta ríkissjóðs, enda bændur ekki starfsmenn ríkisins.

Í dómi Hæstaréttar Íslands 1997:1765 er sagt frá því að Lífeyrissjóður bænda hafi orðið fyrir því óláni að tapa verulegum fjármunum. Þetta gerðist þannig að framkvæmdastjóri hans lánaði án samþykkis og samráðs við stjórn verulega fjárhæð til flugfélagsins Emerald Air NI Ltd., sem öll tapaðist. Fyrir lánveitingu þessari voru engin veð eða aðrar tryggingar. Núverandi stjórnarformaður sagði nefndinni að þetta hefði samt ekki verið slíkt tjón sem oft væri nefnt í almennri umræðu því sjóðurinn hefði náð sér aftur á strik. Skipt var um framkvæmdastjóra og a.m.k. hluta stjórnar eftir þetta. Nýja stjórnin ákvað að útvista allri fjárfstýringu og gerði í því skyni samninga við alla þrjá viðskiptabankana um fjárvörslu og ávöxtun fjármuna, svo sem samningarnir eru kallaðir, sbr. síðar. Af þessum sökum fór stýring eignasafnsins og varslan fram hjá bönkunum en undir eftirliti starfsmanna sjóðsins og stjórnarinnar. Fjárfestingarstefnan var gerð með aðstoð eignastýringaraðilanna með hæfilegum vikmörkum. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður voru sammála um að vilji þeirra hefði verið að stefnan og framkvæmd hennar væri varfærin og íhaldssöm. Samningar við eignastýringaraðilana bera þessa nokkur merki. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt 2009 nem eignir sjóðsins 27.308 mkr. en

⁸ Sbr. viðtal úttektarnefndar við Skúla Bjarnason, dags. 30.8.2011.

skuldbindingar 31.512 mkr. Staða sjóðsins er því neikvæð um 13,3% (Sjá töflu 4).

17.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra ræddu á grundvelli úttektar á framangreindum gögnum Lífeyrissjóðs bænda við Sigurbjörgu Björnsdóttur, sem var framkvæmdastjóri sjóðsins á úttektartímabilinu. Hún hefur nú látið af störfum. Núverandi framkvæmdastjóri er Ólafur K. Ólafsson. Þá ræddi nefndin við Skúla Bjarnason, stjórnarformann og hæstaréttarlögmann, en hann er tilnefndur af Hæstarétti Íslands í stjórnina. Einnig ræddu þeir við Björgu Sigurðardóttur, ytri endurskoðanda sjóðsins, en hún starfar hjá Deloitte hf. Jafnframt var rætt við Marinó Örn Tryggvason, forstöðumann eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka hf. (áður Kaupþing), Friðrik Nikulásson, sem á úttektartímanum var forstöðumaður eignastýringar safna hjá Landsbankanum, svo og Helgu Indriðadóttur og Halldóru Skúladóttur sem voru sjóðstjórar í eignastýringu Glitnis banka (Helga til 2007 en Halldóra frá þeim tíma til þess að sjóðurinn hætti viðskiptum 2009). Allt vann þetta fólk að eignastýringu fyrir Lífeyrissjóð bænda samkvæmt fjárvörslu- og eignastýringarsamningum við hvern banka um sig.

Í inngangi er vikið almennt að skipulagi stjórnar sjóðsins. Af viðtölum við framkvæmdastjóra og stjórnarformann er ljóst að innan sjóðsins sjálfs var takmörkuð þekking á almennum fjárfestingum og sótti því sjóðurinn hana til fjárvörslu- og eignastýringaraðilanna. Endurskoðendur og fjárstýringaraðilar segja hins vegar að eftirlit með fjárreiðum sjóðsins hafi verið vandað og unnið af mikilli samviskusemi. Björg Sigurðardóttir endurskoðandi sagði úttektarnefndinni að ljóst hefði verið fyrst eftir að hún kom að endurskoðun sjóðsins, að hann var mjög brenndur af áður nefndu Emerald Air-máli. Sjóðurinn hefði þess vegna haldið sig frá beinum fjárfestingum og haft þá stefnu að útvista allri eignarstýringu. Þar með hefðu rofnað ákveðin tengsl við fjárfestingar sjóðsins, m.a. að því er laut að samskiptum við erlenda sjóði sem lífeyrissjóðurinn fjárfesti í fyrir milligöngu bankanna.⁹ Eftir hrun hefur þessu að hluta til verið breytt með ráðningu nýs framkvæmdastjóra og kaupum í

Jöklum-Verðbréfum; eignastýringarfyrirtæki í eigu þriggja lífeyrissjóða, en framkvæmdastjórinn sat þar í stjórn ásamt framkvæmdastjórum annarra lífeyrissjóða sem eiga aðild að fyrirtækinu. Úttektarnefndinni þykir mikilvægt að sú tilhögun fái að haldast en að sögn stjórnarformanns mun Fjármálaeftirlitið vera á annarri skoðun.¹⁰

Björg Sigurðardóttir endurskoðandi sagði nefndinni ennfremur að fyrri framkvæmdastjóri hefði farið fram á það við fjárvörsluaðila að fært yrði sérstakt fjárhagsbókhalld hjá þeim og allar hreyfingar á eignasafninu sýndar. Hafi framkvæmdastjórinn þannig gengið lengra en lög segðu til um.¹¹ Úttektarnefndinni þykir þessi tilhögun vera sjálfsögð.

17.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs bænda

Að framan er því lýst hvernig eignastýringu Lífeyrissjóðs bænda var hagað á úttektartímanum. Stjórn sjóðsins mun hafa fengið eignastýringaraðilana á fund sinn einu sinni á ári og fengið tillögur þeirra að fjárfestingarstefnu. Síðan mun stjórnin hafa borið saman árangur þeirra og ákveðið hver stefnan ætti að vera fyrir næsta ár. Samkvæmt skýrslum þeim sem skilað hefur verið til Fjármálaeftirlitsins mun sú stefna hafa tekið litlum breytingum milli ára. Vikmörk voru í hófi svo sem áður er fram komið. Samkvæmt því sem framkvæmdastjóri, stjórnarformaður og eignastýringaraðilar hafa sagt nefndinni munu hvorki starfsmenn sjóðsins né stjórnin hafa skipt sér mikið af eignastýringunni á úttektartímanum en lagt áherslu á að fylgjast vel með. Í apríl 2008 ákvað stjórn sjóðsins að segja upp fjárvörslusamningi við Glitni vegna óánægju með ávöxtun safnsins sem þar var í fjárvörslu sem var um 60% heildarsafnsins. Samningurinn var þó endurnýjaður í september eftir að nýtt tilboð barst frá bankanum en hlutur sjóðsins í eignastýringu þar var lækkaður í 1/3 hluta heildarsafnsins. Á miðju ári 2008 sagði stjórn sjóðsins jafnframt upp eignastýringarsamningum við Landsbanka Íslands og átti samningurinn að renna út um áramótin 2008/2009. Eignasafnið mun því ekki hafa verið komið úr vörslu bankans við hrun.¹² Stjórnarformaðurinn sagði að þetta hefði verið gert þrátt fyrir góðar tekjur af stýringu Landsbankans á þessu tíma-

9 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Björgu Sigurðardóttur, dags. 29.8.2011.

10 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Skúla Bjarnason.

11 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Björgu Sigurðardóttur.

12 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Friðrik Nikulásson, dags. 7.9.2011.

skeiði. Stjórnin hefði hins vegar verið óánægð með að farið var út fyrir fjárfestingarstefnu í einhverjum tilvikum. Bankanum hefði verið gefin ákveðin forskrift um hvernig hlutföll áttu að vigta í fjárfestingum sjóðsins með tilliti til aldursamsetningar. Bankinn hefði hins vegar skipt út langtímabréfum fyrir skammtímabréf.¹³ Við bankahrunið var eignastýringarsamningunum við alla þrjá bankana sagt upp. Eignasafnið er nú í stýringu hjá Jöklum-Verðbréfum að hluta en útvistað til Arion banka að hluta. Fyrir hrun jók lífeyrissjóðurinn fjárfestingarhlut Kaupþingsbanka á hlut hinna bankanna. Gögn þau sem nefndin hefur yfirfarið bera með sér að strangt eftirlit var haft með þeim þóknunum sem eignastýringaraðilarnir tóku fyrir aðstoð sína, en að sögn stjórnarformanns þóttu þær með ólíkindum miklar. Þóknanirnar voru bornar saman og samið var um lægra verð.¹⁴

17.3.4 Tap Lífeyrissjóðs bænda

Tap Lífeyrissjóðs bænda varð fyrst og fremst á árinu 2008 þótt afleiðingarnar kæmu ekki að fullu fram fyrr en á árunum 2009 og 2010. Tapið varð aðallega á skuldabréfum banka og sparissjóða og skuldabréfum fyrirtækja. Hins vegar hafði sjóðurinn fjárfest takmarkað í innlendum hlutabréfum. Fjárfestingardeildir bankanna sem sáu um fjárfestingar lífeyrissjóða og stjórnðu þannig fjárfestingum Lífeyrissjóðs bænda samkvæmt samningum við hvern banka um sig höfðu að verulegum hluta fjárfest í sjóðum sem rekstrarfélög bankanna ráku. Deild hvers banka fjárfesti í sjóðum rekstrarfélags sem var dótturfélag þess sama banka.¹⁵ Þessir sjóðir eru hver með sína fjárfestingarstefnu og urðu eignastýringardeildirnar þannig að velja á milli þessara sjóða eftir stefnu þeirra og hvernig hún stemmdi við fjárfestingarstefnu viðkomandi lífeyrissjóðs. Tap lífeyrissjóðanna sem voru í stýringu varð því að verulegum hluta innan þessara sjóða rekstrarfélaganna þótt eignastýringardeildir bankanna gætu auðvitað einnig hafa fjárfest hjá öðrum aðila, beint hjá bankanum sjálfum eða utan hans. Nokkuð var misjafnt hvaða möguleika eignastýringardeildirnar höfðu á eftirliti með fjárfestingum innan sjóða viðkomandi rekstrarfélags. Í

Kaupþingi banka gat eignastýringardeild fylgst með fjárfestingunum daglega í gegnum tölvukerfi bankans en í hinum bönkunum var því ekki að heilsa. Þar voru skýrslur gefnar á fjögurra mánaða fresti en innra eftirlit Landsbankans gaf þó merki færi deildin út yfir fjárfestingarmörk og var þá reynt að koma fjárfestingunum í rétt horf. Við bankahrunið tapaði Lífeyrissjóður bænda langminnst hjá eignastýringardeild Kaupþings. Má vera að það hafi að einhverju leyti verið betra eftirliti að þakka. Aðallega virðist það þó hafa orðið vegna mismunandi áherslna deilda þessara banka í fjárfestingum. Fram hefur komið í viðtölum úttektarnefndarinnar að innan Kaupþings höfðu menn gert áætlun fram í tímann um fjárfestingar sínar og komist að þeirri niðurstöðu eftir mitt ár 2007 að gengi íslensku krónunnar gæti ekki haldist jafn hátt og raun bar vitni. Eignastýringardeild tók því að færa áherslur sínar frá hlutabréfum og skuldabréfum fyrirtækja og kaupa þess í stað aðallega ríkisskuldabréf. Á sama tíma juku sjóðir rekstrarfélags bankans innstæður í honum sjálfum á kostnað verðbréfa, sem einnig kom sér vel í hruninu vegna neyðarlaganna. Þetta dró hvort tveggja vissulega úr ávöxtun þeirra lífeyrissjóða sem deildir og sjóðir Kaupþings fjárfestu fyrir en gerði það að verkum að við hrunið töpuðu þeir minna en hefði orðið við óbreytta stefnu.¹⁶

Eignastýring safna, sem sá um mál lífeyrissjóða hjá Landsbankanum, breytti einnig áherslum sínum en þó síðar eða í mars 2008. Að því er að Lífeyrissjóði bænda sneri seldu þeir bæði innlend og erlend hlutabréf en fjárfestu þess í stað í skammtíma skuldabréfum innlendra fjármálafyrirtækja, sem báru mikla vexti á þessum tíma. Ávöxtunin var því góð en hins vegar töpuðust miklir fjármunir við hrunið.¹⁷

Hjá eignastýringu Glitnis banka varð engin áherslubreyting.¹⁸ Hins vegar kemur fram í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að samsetning í sjóðum rekstrarfélags bankans hafi breyst 2007-2008, sérstaklega í sjóði 9. Lífeyrissjóður bænda mun þó ekki hafa fjárfest mikið í þeim sjóði. Hins vegar fjárfesti lífeyrissjóðurinn í sjóði 7 (ríkisskuldabréfasjóði) og sjóði 1 (blönduðum fyrirtækjaskuldabréfasjóði).¹⁹ Á nefndum tíma voru keypt af deildinni f.h. sjóðs-

13 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Skúla Bjarnason.

14 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Skúla Bjarnason.

15 Sjá um þessa sjóði rekstrarfélaganna 4.h., skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis 14. kafli, bls.135 og áft.

16 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Marínó Örn Tryggvason, dags. 5.9.2011.

17 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Friðrik Nikulásson, dags. 7.9.2011.

18 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Halldóru Skúladóttur, dags. 5.9.2011.

19 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Helgu Indriðadóttur, dags. 30.8.2011.

ins víkjandi skuldabréf í útboði Glitnis banka og af Landsbankanum var keypt lánsþæfistengt skuldabréf útgefið af Union Bank of Switzerland, Jersey útibúi. Samkvæmt því sem segir í almenna hluta skýrslunnar telur úttekta nefndin að lífeyrissjóðir eigi ekki að kaupa verðbréf sem svona háttar um (Sjá kafla 5.1.9.). Hæpið sé að það standist bein ákvæði 36. gr. lífeyrissjóðalaganna og sé alls ekki í samræmi við þá varfærni sem gilda eigi samkvæmt ákvæðinu um fjárfestingar lífeyrissjóða. Eignastýring Glitnis banka hefði því ekki átt að fjárfesta í þessum pappírurum fyrir hönd Lífeyrissjóðs bænda sem samkvæmt viðtölum við sjóðstjóra Glitnis banka vildi stunda varfærna og íhaldssama fjárfestingarstefnu. Samþykkis stjórnar lífeyrissjóðsins mun ekki hafa verið leitað og starfsmenn og stjórn sjóðsins jafnvel ekki gert sér grein fyrir eðli þessara fjárfestinga.

Að framan er því lýst hvernig tap varð af starfsemi Lífeyrissjóðs bænda við hrunið. Þetta gerðist þótt eignasafnið væri vel dreift og venjulega ekki tekin mikil áhætta.

18. Kafli

18.1 Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	43
18.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar	43
18.1.2 Tap Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar 2008 til 2010	46
18.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar 2006-2009.	
Athugasemdir úttektarnefndar	47

18.1 Lífeyrissjóður Neskaupstaðar

18.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar

Upphaf

Lífeyrissjóður Neskaupstaðar var stofnaður árið 1969. Þann 1. júlí 1998 var sjóðnum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Einungis þeim, sem greiddu til sjóðsins til júníloka 1998, var heimilt að greiða áfram til sjóðsins, enda hafi iðgjald verið greitt til sjóðsins óslitið frá þeim tíma. Sjóðfélagar sem greiddu iðgjöld vegna starfa hjá Fjarðabyggð (Neskaupstað), stofnunum bæjarins, sjálfseignarstofnunum eða félögum skrásettum í Neskaupstað sem bæjarfélagið á aðild að voru iðgjaldaskyldir til sjóðsins.

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hefur frá 1. júlí 2000 haft umsjón með og annast rekstur sjóðsins.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum. Einn er kosinn af sjóðfélögum og annar er kosinn af bæjarstjórn. Þriðji stjórnarmaðurinn er bæjarstjóri sem jafnframt er stjórnarformaður sjóðsins. Varamenn eru jafnmargir og tilnefndir á sama hátt. Kjörtímabil stjórnar er fjögur ár. Allir sjóðfélagar, bæði greiðendur og lífeyrisþegar, hafa setu- og tillögurétt á ársfundum sjóðsins. Hver fundarmaður fer með eitt atkvæði.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í Lífeyrissjóði Neskaupstaðar árin 2006-2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

Lsj. Neskaup tafla 1

Stjórn Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar í árslok

Nafn:	Titn.	2009	2008	2007	2006
Helga Jónsdóttir	BS	Form.	Form.	Form.	Form.
Benedikt Sigurjónsson	SF	X	X	X	X
Björk Rögnvaldsdóttir	BF	X	X	X	X
Bæjarstjóri	BS				
Starfsmannafélag Fjarðarbyggðar	SF				
Bæjarstjórn Fjarðarbyggðar	BF				

Á þeim fjórum árum sem eru til skoðunar hefur engin breyting orðið á stjórn sjóðsins.

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Jón G. Kristjánsson. Sviðsstjóri réttindasviðs er Arent Claessen. Báðir hafa þeir gegnt þessum störfum fyrir Lífeyrissjóð Neskaupstaðar frá því Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga tók við rekstri sjóðsins árið 2000. Elías H. Leifsson hefur starfað sem sviðsstjóri fjármálasviðs frá árinu 2007. Á undan Elíasi var Gunnar Ingi Hjartarson sviðsstjóri fjármálasviðs árin 2000-2006.

Endurskoðun:

Helgi F. Arnarson og Hlynur Sigurðsson, endurskoðendur KPMG hf.

Tryggingafræðileg athugun:

Vigfús Ásgeirsson, tryggingastærðfræðingur.

Innri endurskoðun:

Sif Einarsdóttir endurskoðandi, yfirmaður áhættuþjónustu Deloitte hf.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009.

Helga Jónsdóttir hefur setið í eftirfarandi stjórn:

- Austurhöfn TR ehf. frá 2003.

Jón G. Kristjánsson sat í stjórn Íslenskra verðbréfa hf. árin 2009 - 2010.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar er að finna í 2. grein samþykktu sjóðsins.

2. gr. Hlutverk sjóðsins.

2.1 Hlutverk sjóðsins er að veita sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og eftirlátnum mökum þeirra og börnum maka- og barnalífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktu þessara.

Starfsemi Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar

Starfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingarsjóðs.

Skipulag og starfsreglur stjórnar

Starfsreglur stjórnar Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar voru samþykktar á stjórnarfundum þann 21. nóvember 2001.

Verksvið stjórnar samkvæmt 4. grein starfsreglnanna er eftirfarandi:

- Að fara með æðsta vald í málefnum sjóðsins.
- Að hafa eftirlit með reikningshaldi og fjármunum sjóðsins.
- Að veita og afturkalla prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
- Að taka ákvarðanir í öllum málum sem teljast óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórnin getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til að sjá um slík mál.
- Að móta fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- Að sjá um ráðstöfun á fjármagni sjóðsins og ávaxta það.
- Að sjá um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun og starfsemi sjóðsins.

Einnig kemur fram að stjórnin hafi falið Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga (LSS) daglegan rekstur sjóðsins og að framkvæmdastjóri LSS gegni hlutverki framkvæmdastjóra sjóðsins sbr. grein 4.3. í samþykktum sjóðsins. Hann ber sömu ábyrgð og skyldur gagnvart Lífeyrissjóði Neskaupstaðar og LSS.

Að öðru leyti fjalla reglur stjórnar um skipan og skiptingu starfa, fyrirsvar stjórnar, boðun funda, ákvörðunarvald og atkvæðagreiðslur, fundargerðir og fundargerðabók, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi, breytingar og meðferð starfsreglna.

Starfsreglur framkvæmdastjóra

Starfsreglur framkvæmdastjóra LSS voru samþykktar á stjórnarfundum LSS þann 9. september 2003. Helstu atriði starfsreglnanna eru þessi (Starfsreglur framkvæmdastjóra LSS eiga einnig við um framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar):

- Áætlanagerð og skipulagsmál. Afgreiðsla lífeyrisumsókna og veiting sjóðfélagalána.
- Gerð ársreikninga, ársskýrslna o.fl.
- Gæta eigna sjóðsins að því marki sem þær eru í hans vörslu, áhalda og búnaðar, og sjá um nauðsynlegt viðhald og varðveislu.
- Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar, nema stjórn hafi

veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála.

- Framkvæmdastjóra er ekki heimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar.

Fjárfestingarstefna

Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu sjóðsins til eins árs í senn. Fjárfestingarstefnan er grundvölluð á ákvæðum 36. gr. laga nr. 129/1997 og samþykktum sjóðsins. Sjóðurinn nýtur bakábyrgðar sveitarfélags Fjarðarbyggðar. Í töflu 2 má sjá fjárfestingarstefnu Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar fyrir árið 2008.

Lsj. Neskaup tafla 2

Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar fyrir árið 2008

Flokkar verðbréfa	Markmið	Vikmörk
Innlán í bönkum og sparissjóðum	5%	25/0%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkis	65%	80/50%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	0%	5/0%
Skuldabréf banka, sparissjóða og annarra lánastofnana	5%	20/0%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	5%	20/0%
Hlutabréf fyrirtækja	5%	20/0%
Önnur verðbréf	15%	30/0%
Samtals	100%	

Sundurliðun:	Stefna	Lágmark	Hámark
Hlutabréf	5%	0%	20%
Innlend hlutabréf	0%	0%	15%
Erlend hlutabréf	0%	0%	15%
Önnur verðbréf	15%	0%	30%
Skuldabréf fyrirtækja	15%	0%	30%
Annað	0%	0%	5%

Eignastýring

Kaupþing Búnaðarbanki hf.

Lífeyrissjóður Neskaupstaðar var með samning um eignastýringu, umsýslu og vörslu lífeyrissjóðsins við Kaupþing Búnaðarbanka hf. dags. 30. desember 2004. Í viðauka I með eignastýringarsamningi var fjárfestingarstefna sjóðsins sem bankanum var skylt að fjárfesta samkvæmt. Þeir verðbréfaflokkar sem tilgreindir voru í viðaukanum voru þeir sömu og í töflu 2 hér að ofan. Markmiðin voru aðeins frábrugðin, þ.e. markmið um fjárfestingu í ríkisbréfum var 90% árið 2004 í stað 65% í fjárfestingarstefnu fyrir árið 2008. Í viðauka II með samningnum var kveðið á um kostnað og þóknunir og í viðauka III var tilgreind sú þjónusta sem bankinn veitti sjóðnum í tengslum við fjárvörslu. Þessi þjónusta var m.a.:

- Árleg greining á eignum og skuldbindingum viðskiptavinar
- Ráðgjöf við endurskoðun og mótun fjárfestingarstefnu
- Ráðgjöf við mat á fjárfestingarkostum
- Upplýsingafundir eftir því sem við á
- Fræðslufundir með starfsmönnum og stjórn
- Önnur tilfallandi aðstoð

Íslensk verðbréf hf.

Þann 1. febrúar 2007 gerði Lífeyrissjóður Neskaupstaðar samning við Íslensk verðbréf hf. um ávöxtun og vörslu eigna. Í samningnum felst að Íslensk verðbréf kaupa og selja verðbréf fyrir lífeyrissjóðinn samkvæmt fjárfestingarstefnu sem er hluti af samningnum. Íslensk verðbréf annast innlausn og innheimtir afborganir, vexti og verðbætur af verðbréfum.

Það safn sem samningurinn tekur til er skuldabréfasafn sem felur í sér að Íslensk verðbréf fjárfesta eingöngu í skuldabréfum og skuldabréfasjóðum.

Fjárfestingarstefnan var eftirfarandi:

- Markflokkar ríkisskuldabréfa 0-100%
- Skráð skuldabréf fyrirtækja og sveitafélaga 0-80%
- Önnur ríkistryggð skuldabréf 0-60%
- Erlend skuldabréf 0-40%
- Laust fé 0-20%

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur - samtryggingardeild

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 71 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins frá árinu 2005 hækkað að meðaltali um 5,4% á ári. Lífeyrisþegum hefur heldur fjölgað á síðustu árum. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 53 talsins, samanborið við 46 lífeyrisþega í árslok 2005. Á þessum fimm árum hafði lífeyrisþegum fjölgað um 3,6% að

meðaltali milli ára. Þannig höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins á föstu verðlagi hækkað meira en nemur fjölgun lífeyrisþega. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fái lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni (Sjá töflu 3).

Tryggingafræðileg staða - samtryggingardeild

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Lsj. Neskaup tafla 4

Heildarskuldbinding í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	554	508	528	528	238
Skuldbindingar	1.784	1.578	1.598	1.598	1.418
Samtals	-1.230	-1.070	-1.070	-1.070	-1.180
% af skuldbindingum	-68,9%	-67,8%	-67,0%	-67,0%	-83,2%

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar voru neikvæðar frá 83% niður í 67% öll fimm árin sem eru til skoðunar.

Hafa ber í huga að sjóðnum er ekki ætlað að standa að fullu undir réttindum þeim sem sjóðfélögum eru tryggð í reglugerð hans, heldur ber bæjarsjóði Fjarðabyggðar og hlutaðeigandi stofnunum að standa undir hluta útgjaldanna samanber 22. gr. reglugerðar sjóðsins. Þar er kveðið á um endurgreiðslu launagreiðenda á hluta greidds lífeyris á grundvelli tryggingafræðilegrar athugunar. Endurgreiðsluhlutfallið var 70,0% árið 2008 sem var óbreytt hlutfall frá árinu 2007.

Lsj. Neskaup tafla 3

	Lífeyrisgreiðslur í mkr.					Fjöldi lífeyrisþega				
	2009	2008	2007	2006	2005	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	50	48	43	39	25	35	34	32	30	27
Örorkulífeyrir	3	3	3	3	2	7	7	7	7	7
Makalífeyrir	18	15	14	14	13	11	10	10	11	12
Barnalífeyrir										
Samtals	71	66	60	56	40	53	51	49	48	46
Samtals, verðlag 2009	71	71	76	75	58					

Verðbréfaeign

Verðbréfaeign sjóðsins var að mestu leyti í tveimur eignasöfnum sem voru skuldabréf með ríkisábyrgð og innlend hlutdeildarskírteini. Hin síðari ár hafa þessi tvö eignasöfn verið með um og yfir 70% af eignum sjóðsins. Næst komu skuldabréf fyrirtækja með um 25% af heildareignum.

Lsj. Neskaup tafla 5

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Bankainnstæður	32	44	34	19	19
Veðlán	15	30	33	49	7
Innlend hlutdeildarskírteini	81	212	193	184	111
Innlend hlutabréf		1	1	1	1
Innlendir hlutabréfasjóðir	5				
Erlend verðbréfaeign	1	1			
Skuldabréf með ríkisábyrgð	310	123	120	115	24
Skuldabréf lánastofnana	2	11	4	7	8
Skuldabréf fyrirtækja	52	69	61	59	13
Skuldabréf fjárfestingalánasjóða			1		1
Samtals	498	491	447	434	184

Raunávöxtun

Árið 2009 var raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum neikvæð um 1,4%. Raunávöxtun sjóðsins á árunum 2005-2008 var aftur á móti jákvæð. Meðalraunávöxtun síðustu fimm árin var 0,9%.

Lsj. Neskaup tafla 6

Raunávöxtun	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	-1,4%	1,9%	0,6%	2,5%	1,1%
Fimm ára meðalávöxtun	0,9%	2,7%	3,2%	3,5%	3,9%

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Á árinu 2009 voru virkir sjóðfélagar einungis 12 talsins, þ.e. þeir sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í hverjum mánuði. Iðgjaldagreiðslur árið 2009 námu samtals 41 mkr. sem var hækkun um 2,5% frá árinu 2008.

Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign milli ára á verðlagi ársins 2009 kemur í ljós að hrein eign hækkaði um 10,4% að meðaltali milli ára. Ástæða þessarar miklu hækkunar lá í uppgjöri á áföllum skuldbindingum Síldarvinnslunnar hf. árið 2006 að fjárhæð 220 mkr.

Lsj. Neskaup tafla 7

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	41	40	38	44	34
Uppgjör v/lífeyrisskuldbindinga				220	
Samtals	41	40	38	264	34
Lífeyrir	-71	-66	-60	-56	-40
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum	0	-1	-1	0	0
Tekjur/-gjöld af húseignum og lóðum	0	0	0	0	0
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	61	91	32	26	12
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-21	-5			
Fjárfestingartekjur	40	85	31	26	12
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-2	-2	-2	-2	-2
Rekstrarkostnaður	-2	-2	-2	-1	-1
Rekstrargjöld	-4	-4	-4	-3	-3
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	6	55	5	231	3
Hrein eign frá fyrra ári	504	449	444	213	210
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	510	504	449	444	213
Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009					
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	6	59	6	311	4
Hrein eign frá fyrra ári	504	483	564	286	302
Hrein eign til greiðslu lífeyris	510	542	570	597	306

1) Lífeyrissjóður Neskaupstaðar sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6. Þóknatekjur fjármála fyrirtækja.

Heimild: Ársskýrslur Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar.

18.1.2 Tap Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar 2008 til 2010

Heildareign Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar í verðbréfum var 498 mkr. í árslok 2009. Verðbréfaeign sjóðsins var fyrst og fremst í skuldabréfum með ríkisábyrgð og innlendum hlutdeildarskírteinum, sem skiptist í skuldabréfasjóði annars vegar og hlutabréfasjóði hins vegar. Árið 2008 var 91% af eign í skuldabréfasjóðum ríkisbréf og árið 2009 var það hlutfall komið í 98%. Því var ekki um tap að ræða í þessum verðbréfaflokkum. Af hlutabréfasjóðum fjárfesti lífeyrissjóðurinn í hlutabréfasjóðum Kaupþings ÍS 15 og ÍS 5. Árið 2008 átti lífeyrissjóðurinn einungis um 12 mkr. í þessum sjóðum og nam tapið af þeim 3 mkr. Sjóðurinn átti einnig fyrirtækjaskuldabréf og tapaði hann um 5 mkr. á skuldabréfum sem gefin voru út af Bakkavör (gögn frá Lífeyrissjóði Neskaupstaðar dags. 7. okt. 2011). Þar sem verðbréfaeign sjóðsins var ekki mikil og áherslan mest á verðbréf með ábyrgð ríkisins var tap sjóðsins óverulegt og ekki talin ástæða til að fjalla nánar um það.

18.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar 2006-2009. Athugasemdir úttekta nefndar

Að framan hefur verið farið yfir gögn um fjárfestingar Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar á úttektaárunum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Lífeyrissjóðurinn var stofnaður árið 1969 og nýtur bakabyrgðar sveitarfélagsins Fjarðabyggðar. Í kjölfar setningar lífeyrissjóðalaganna og stofnunar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga var honum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum 1. júlí 1998. Einungis þeir sem greiddu iðgjöld til júníloka 1998 máttu greiða í sjóðinn áfram. Þótt sjóðsmyndun sé nokkur í sjóðnum má að öðru leyti líta á hann sem gegnumstreymissjóð. Gildir að því leyti sama um hann og sambærilega sjóði annarra sveitarfélaga sem lokað hefur verið fyrir nýjum sjóðfélögum, svo og um B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR). Má að öðru leyti vísa um þetta fyrirkomuleg til umfjöllunar um LSR. Sjóðurinn er þannig að lögum undanþeginn ákvæðum lífeyrissjóðalaga, m.a. um fjölda sjóðfélaga, ábyrgð á skuldbindingum og afleiðingar tryggingafræðilegrar úttekta. Sveitarfélagið er þannig ábyrgt fyrir þeim skuldbindingum sem sjóðurinn á ekki fyrir. Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (LSS) hefur frá 1. júlí 2000 haft umsjón með og annast rekstur sjóðsins.

Í viðtali nefndarmanna við Jón G. Kristjánsson, framkvæmdastjóra LSS og fleiri sveitarfélagasjóða, kom fram að sveitarfélagasjóðir í rekstri LSS nytu sömu kjara gagnvart eignastýringaraðilum og LSS. Reyndin væri hins vegar sú að hjá þessum sjóðum, sem eru á ábyrgð sveitarfélaganna, væru nánast engar nýfjárfestingar. Stjórnir þessara sjóða hefðu að meginstefnu skipt við ólíka fjárvörsluaðila. Heildareignir Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar eru neikvæðar samanborið við heildarskuldbindingar og stendur sjóðurinn því ekki óstuddur undir skuldbindingum. Tap sjóðsins við hrunið varð í innlendum hlutdeildarskírteinum og skuldabréfum banka og annarra fyrirtækja. Hins vegar var langmestur hluti verðbréfaeignar sjóðsins í skuldabréfum með ríkisábyrgð og tapaðist því ekki. Þykir ekki ástæða til að fjalla frekar um fjárfestingar sjóðsins. Um stjórnarhætti

í honum vísast í umfjöllun um Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar, kafla 24.2.

19. Kafli

19.1 Lífeyrissjóður Rangæinga	51
19.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs Rangæinga	51
19.1.2 Tap Lífeyrissjóðs Rangæinga 2008 og 2009	55
19.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Rangæinga 2006-2009.	
Athugasemdir úttektarnefndar	57
19.2.1 Inngangur	57
19.2.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins.	57
19.2.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs Rangæinga, fjárstýring og tap	58

19.1 Lífeyrissjóður Rangæinga

19.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs Rangæinga

Upphaf

Lífeyrissjóður Rangæinga var stofnaður 12. janúar 1971. Stofnaðilar sjóðsins voru samtök vinnuveitenda í Rangárvallasýslu, iðnaðar- og verkamanna-deild Verkalýðsfélagsins Rangæings og Bílastjórafélag Rangæinga. Núverandi aðildarfélög Lífeyrissjóðs Rangæinga af hálfu launamanna eru Verkalýðsfélag Suðurlands og Félag iðn- og tæknigreina og Samtök atvinnulífsins af hálfu atvinnurekenda.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð fjórum mönnum. Val þeirra fer þannig fram að tveir eru kosnir af fulltrúum launþega á aðalfundi og framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins kys tvo fulltrúa. Fjórir varamenn eru kosnir á sama hátt. Kjörtímabil stjórnarmanna Samtaka atvinnulífsins er tvö ár, en fulltrúar launþega eru kosnir árlega.

Sérstakt fulltrúaráð sem að jöfnu er skipað fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa fer með atkvæði á fundum í umboði aðildarsamtakanna og í samræmi við samþykktir sjóðsins. Fulltrúar hvors hóps fara með jafnan fjölda atkvæða í fulltrúaráðinu. Fulltrúar stéttarféлага eru valdir eftir þeim reglum, sem stéttarfélögin komu sér saman um 2. febrúar 1990: Verkalýðsfélag Suðurlands velur sex fulltrúa en Félag iðn- og tæknigreina velur þrjú fulltrúa. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda eru kosnir af framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúar skulu tilnefndir til eins árs í senn eigi síðar en mánuði fyrir ársfund.

Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarféлага greiði atkvæði hvorir í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmæt.

Lsj. Rang tafla 1

Stjórn Lífeyrissjóðs Rangæinga í árslok

Nafn:	Tiln.	2009	2008	2007	2006
Óskar Pálsson	SA	Form.	X	X	
Árni Þorgilsson	FIT	X	X	X	Form.
Már Guðnason	VS	X	Form.	X	X
Þorgils Torfi Jónsson	SA	X	X		
Ragnar Pálsson	SA			Form.	X
Guðmundur Svavarsson	SA				X
Verkalýðsfélag Suðurlands	VS				
Samtök atvinnulífsins	SA				
Félag iðn- og tæknigreina	FIT				

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Framkvæmdastjóri sjóðsins frá desember 2001 er Þróstur Sigurðsson.

Stöðugildi við sjóðinn eru 1,3 að framkvæmdastjóra meðtöldum.

Endurskoðun:

Gunnar M. Erlingsson, löggiltur endurskoðandi, DFK endurskoðun.

Tryggingafræðileg athugun:

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur.

Innri endurskoðun:

Gunnar M. Erlingsson, löggiltur endurskoðandi, DFK endurskoðun.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009.

Lífeyrissjóður Rangæinga hefur ekki tilnefnt menn til setu í stjórn í félögum sem sjóðurinn hefur átt í.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Lífeyrissjóðs Rangæinga er að finna í 2. gr. samþykktu sjóðsins.

2. gr. Hlutverk sjóðsins.

2.1 Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2.2 Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, á grundvelli samkomulags stéttarféлага og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.

Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

2.3 Sjóðurinn skiptist í fjárhagslega aðskildar deildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Þeir sem einvörðungu greiða til séreignardeildar teljast réttahafar. Ákvæði 19. gr. samþykktu þessara gilda um lífeyrissparnað og tryggingavernd réttahafa í séreignardeild sjóðsins.

Starfsemi Lífeyrissjóðs Rangæinga

Lífeyrissjóður Rangæinga er samtryggingarsjóður. Sjóðurinn starfrækti áður séreignardeild. Árið 2005 var hins vegar ákveðið að flytja séreignardeildina með áunnum réttindum yfir í Lífeyrisauka sem starfræktur var hjá KB banka hf.

Skipulag og starfsreglur stjórnar

Á stjórnarfundi hinn 21. júní 2004 voru samþykktar starfsreglur stjórnar. Þar kemur m.a. fram hvert verkvið stjórnar er, en það er í meginráttum eftirfarandi:

- Að fara með æðsta vald í málefnum sjóðsins og sjá til þess að skipulag hans og starfsemi sé í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur.
- Að sjá um að nægilegt eftirlit sé með reikningshaldi og meðferð fjármuna.
- Að ráða framkvæmdastjóra, ganga frá starfslýsingu, veita honum erindisbréf og gera skriflegan ráðningarsamning.
- Að taka ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórnin getur þó falið framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála.
- Að móta stefnu sjóðsins og fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- Að ráðstafa fjármagni sjóðsins með hliðsjón af bestu kjörum að teknu tilliti til áhættu og sjá til þess að eignasamsetning sé í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins og gildandi lög hverju sinni.

Að öðru leyti fjalla starfsreglur stjórnar um starfsemi sjóðsins, skipan og skiptingu starfa stjórnar, fyrirsvar stjórnar, boðun funda o.fl., ákvörðunarvald,

atkvæðagreiðslur o.fl., fundargerðir og fundargerðar-bók, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi, frekari reglur, breytingar og meðferð á starfsreglum stjórnar.

Fjárfestingarstefna

Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu sjóðsins. Fjárfestingarstefnan er grundvölluð á samþykktum sjóðsins og ákvæðum laga nr. 129/1997. Eðli málsins samkvæmt eru breytingar á fjárfestingarstefnu sjóðsins milli ára ekki miklar. Fjárfestingarstefna sjóðsins fyrir árið 2008 var þessi:

Lsj. Rang tafla 2

Markmið um eignasamsetningu 2008

Verðbréfaflokkar	Stefna	Hámark	Lágmark
Innlán í bönkum og sparissjóðum	10%	20%	0%
Ríkisbréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	45%	60%	30%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	0%	5%	0%
Skuldabréf og vixlar lánastofnana	5%	10%	0%
Fasteignaverðtryggð skuldabréf	0%	10%	0%
Hlutabréf	25%	35%	15%
Önnur verðbréf	15%	30%	5%
Samtals:	100%		

Hlutabréf	Stefna	Hámark	Lágmark
Innlend	5%	10%	0%
Erlend	20%	25%	15%
Samtals:	25%	35%	15%

Eignastýring

Lífeyrissjóður Rangæinga var með samninga um ávöxtun og vörslu verðbréfa við fjögur fjármálafyrirtæki á tímabilinu 2006 til 2009.

Íslensk verðbréf hf.

Þann 11. mars 2003 gerði sjóðurinn fjárvörslusamning við Íslensk verðbréf hf. Íslenskum verðbréfum var ætlað að fjárfesta samkvæmt gildandi fjárfestingarstefnu sjóðsins. Það safn sem afhent var til ávöxtunar og vörslu náði á þeim tíma yfir fjárfestingu lífeyrissjóðsins í innlendum og erlendum hlutabréfum.

Fjárfestingarstefnan sem var í gildi á þessum tíma og fylgdi með í fjárvörslusamningnum var eftirfarandi:

- Innlend skuldabréf 0-100%
- Peningamarkaður í ISK 0-20%
- Innlend hlutabréf 0-50%
- Erlend hlutabréf 0-50%

Þann 25. maí 2007 var fjárvörslusamningurinn frá 2003 endurnýjaður. Nýr samningur var að mestu leyti sambærilegur við fyrri samning. Helsti munur á samningunum var sá að nánar var kveðið á um upplýsingagjöf fjárvörsluaðila til sjóðsins.

Í eldri samningnum frá 2003 kom fram í 6. t.l. að „Íslensk verðbréf hf. skulu senda viðskiptamanni yfirlit og skýrslur um stöðu verðbréfaeignar með reglubundnum hætti. Nánar er fjallað um þetta í fjárfestingarstefnu“. Fjárfestingarstefna lífeyrissjóðsins fylgdi með samningnum sem fylgiskjal en þar var hvergi minnst á skil á yfirlitum um stöðu verðbréfaeignar sjóðsins.

Í samningnum frá 2007 kom fram í 6. t.l. að „Íslensk verðbréf hf. skulu minnst tvisvar á ári senda undirrituðum, þ.e. fjárvörsluþega, yfirlit um uppreiknaða stöðu verðbréfasafns í vörslu. Einnig getur fjárvörsluþegi óskað eftir fundum ef áhugi er fyrir slíku.“

Ný fjárfestingarstefna fylgdi endurnýjuðum samningi og var hún eftirfarandi:

- Innlend hlutabréf, skráð 0-50%
- Innlend skuldabréf 1-100%
- Erlend hlutabréf skráð 0-50%
- Erlend skuldabréf skráð 0-30%
- Innlendir verðbréfasjóðir 0-100%

Prósentutölur merktu umsamið hlutfall af heildareign.

Kaupþing Búnaðarbanki hf.

Í gildi er samningur um eignastýringu við Kaupþing Búnaðarbanka frá 1. október 2003. Samningurinn felur í sér vörslu og ávöxtun á því eignasafni sem sjóðurinn afhenti bankanum til varðveislu. Með samningnum veitir sjóðurinn fjárvörsluaðila fullt og ótakmarkað umboð til kaupa og sölu á verðbréfum og annarrar umsýslu sem því fylgir. Einnig er kveðið á um að bankinn skuli senda sjóðnum mánaðarlega yfirlit yfir verðbréfaeign sína og önnur verðmæti í eignasafni. Í viðauka með samningnum er fjárfestingarstefna sjóðsins sem fjárvörsluaðila ber að fjárfesta samkvæmt. Í afriti af eignastýringarsamningi sem úttektarnefndin hefur undir höndum fylgir fjárfestingarstefna frá 17. mars 2009.

Landsbanki Íslands hf.

- Þann 1. september 2004 var undirritaður samningur um fjárvörslu og ávöxtun fjármuna sjóðsins við Landsbanka Íslands. Samkvæmt samningnum fól fjárvarslan í sér eftirfarandi atriði: Ávöxtun fjármuna sjóðsins í samræmi við 36. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrissjóðsins og starfsemi lífeyrissjóða og samþykka sjóðsins svo og fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins eins og hún er hverju sinni skv. viðauka I.
 - Vörslu og innheimtu skuldabréfa og vörslu hlutabréfa og hlutdeildarskírteina.
 - Kaup og sölu skuldabréfa, hlutabréfa og hlutdeildarskírteina.
 - Upplýsingagjöf fyrir stjórn og starfsmenn lífeyrissjóðsins.
 - Aðstoð við mótun og endurskoðun fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins.
 - Vinnslu upplýsinga vegna skýrslugerða fyrir Fjármálaeftirlitið og Seðlabanka Íslands.
 - Skráningu og hreyfingar á eignum í verðbréfa-kerfi og bókhaldskerfi ásamt afstemmingum.
- Í viðauka I með samningnum er fjárfestingarstefna sjóðsins dags. 8. september 2011.

Íslandsbanki hf.

Íslandsbanki hf. og Lífeyrissjóður Rangæinga gerðu með sér samning um fjárvörslu og eignastýringu þann 9. mars 2006. Í viðauka fylgdi fjárfestingarstefna sjóðsins sem fjárvörsluaðila bar að fjárfesta samkvæmt og var hún eftirfarandi:

	Stefna	Heimilud frávík
Innlendir skuldabréfasjóðir	75%	10%
Innlend hlutabréf og sjóðir	5%	10%
Erlend hlutabréf	20%	10%

Þar sem eignasamsetning sem afhent var fjárvörsluaðila var eingöngu í skuldabréfum var gert ráð fyrir að það tæki nokkurn tíma að ná viðkomandi eignasamsetningu.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur - samtryggingardeild

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 135 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins frá árinu 2005 hækkað að meðal-

tali um 2,8% milli ára. Lífeyrisþegum hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 412 talsins, samanborið við 325 lífeyrisþega í árslok 2005. Á þessum fimm árum hafði lífeyrisþegum fjölgað um 6,1% á milli ára. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftari en einu sinni.

Lsj. Rang tafla 3

Lífeyrisgreiðslur í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	97	78	65	56	50
Örorkulífeyrir	29	17	22	25	26
Makalífeyrir	7	6	6	6	6
Barnalífeyrir	2	1	2	2	2
Samtals, verðlag hvers árs	135	102	95	89	84
Samtals, verðlag 2009	135	110	121	120	121

Frá árinu 1997 hefur eftirfarandi breyting verið gerð á lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði Rangæinga:

Ár	Breyting	
1.7.1997	7,0%	Hækkun lífeyrisréttinda.
2001	-7,0%	Lækkun lífeyrisréttinda

Tryggingafræðileg staða - samtryggingardeild

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Lsj. Rang tafla 4

Heildarskuldbinding í mkr.	2009	2008	2007	2006
Eignir	8.901	8.249	7.692	6.671
Skuldbindingar	10.094	8.981	7.594	6.758
Samtals	-1.193	-732	98	-87
% af skuldbindingum	-11,8%	-8,2%	1,3%	-1,3%

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar eru neikvæðar árið 2006. Árin 2008 og 2009 koma illa út enda er tryggingafræðileg staða þá neikvæð um 8,2% og 11,8%.

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Meginhluti eigna sjóðsins var í innlendum skuldaþréfasjóðum og skuldabréfum banka og sparisjóða. Í árslok 2007 voru eignir í innlendum skuldaþréfasjóðum 1.069 mkr. og skuldabréf banka og sparisjóða voru að fjárhæð 1.344 mkr. Samtals voru þetta 2.413 mkr. eða 62,1% af heildareignum sjóðsins. Skipting á aðra eignaflokka var nokkuð jöfn.

Lsj. Rang tafla 5

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Innlend hlutabréf	55	21	81	53	32
Innlendir hlutabréfasjóðir	136	16	178	163	124
Innlendir skuldabréfasjóðir	1.259	1.319	1.069	1.008	918
Erlend verðbréfaeign	250	357	646	621	383
Húsnæðisbréf	762	309	264	78	23
Innlend bankabréf	1.263	1.279	1.344	1.225	1.185
Innlend skuldabréf	391	276	304	295	143
Samtals	4.116	3.577	3.886	3.443	2.808

Heimild: Ársreikningar Lífeyrissjóðs Rangæinga.

Í ársreikningum Lífeyrissjóðs Rangæinga er hvergi að finna upplýsingar um ávöxtun einstakra eignasafna eins og tíðkast hjá nánast öllum öðrum sjóðum. Í töflu nr. 5 hér að ofan sem unnin er upp úr ársreikningum viðkomandi árs er hins vegar greinargóð skipting á eignasafni sjóðsins í krónum talið. Úttektarnefndin óskaði eftir því við lífeyrissjóðinn að fá raunávöxtun hvers eignasafns fyrir sig þannig að unnt væri að átta sig á afkomu einstakra eignasafna. Við því var ekki orðið. Hins vegar voru nefndinni send afrit af „Úttekt á ávöxtun einstakra eignasafna“ sem send voru Fjármálaeftirlitinu einu sinni á ári. Tafla 6 hér á eftir er sama taflan og send var FME og á að sýna ávöxtun eignasafna sjóðsins.

Það má finna ýmislegt athugavert við þær upplýsingar sem fram koma í töflunni. Upplýsingar eru gloppóttar um ávöxtun hlutabréfa, skuldabréfa bæjar- og sveitarfélaga og skuldabréfa banka og sparisjóða. Fleiri atriði mætti tína til eins og „önnur verðbréf“ en hvergi er að finna neina skilgreiningu á því hvaða eignir eru innifaldar í „öðrum verðbréfum“. Ekki er að sjá að Fjármálaeftirlitið hafi gert athugasemdir við útreikninga eða framsetningu á ávöxtun einstakra eignasafna sjóðsins.

Lsj. Rang tafla 6

Hrein raunávöxtun eignasafna	2009	2008	2007
Innlán í bönkum og sparisjóðum	5,0%	6,0%	6,0%
Ríkisvixlar, ríkiskuldab.	5,0%	7,0%	5,0%
Skuldab. bæjar- og sveitarfélaga	5,0%	5,0%	
Skuldab. banka og sparisjóða			6,5%
Hlutabréf	3,0%		0,4%
Önnur verðbréf	-8,0%	-5,0%	2,0%
Gengisbundin verðbréf	9,0%		-13,0%
Samtals			6,9%

Heimild: Úttekt á ávöxtun eignasafna send til FME.

Raunávöxtun

Árið 2009 var raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum neikvæð um 2%. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var neikvæð um 12,8%. Raunávöxtun 2007 var jákvæð um 1%. Hins vegar var raunávöxtun árinna 2006 og 2005 mjög góð eða 6,8% og 5,5%.

Meðalraunávöxtun síðustu fimm árin var neikvæð um 0,3%. Lífeyrissjóður Rangæinga birti ekki raunávöxtun síðustu 10 ára í ársreikningum.

Lsj. Rang tafla 7

Raunávöxtun	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	-2,0%	-12,8%	1,0%	6,8%	5,5%
Fimm ára meðalávöxtun	-0,3%	1,4%	5,0%	5,5%	4,9%

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Á árinu 2009 var meðalfjöldi sjóðfélaga 816. Iðgjaldagreiðslur árið 2009 námu samtals 255 mkr. sem var hækkun um 5,8% frá árinu 2008.

Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign milli ára á verðlagi ársins 2009 kemur í ljós að árið 2008 fór heldur að halla undan fæti hvað varðaði afkomu sjóðsins. Afkoma ársins 2009 var heldur betri en árið á undan eða um 413 mkr. Meðalhækkun milli ára á hreinni eign til greiðslu lífeyris var 0,5%.

Lsj. Rang tafla 8

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	255	241	217	162	157
Lífeyrir	-135	-102	-95	-89	-84
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum	6	-188	60	254	89
Tekjur/-gjöld af húseignum og lóðum	-1	1	0	0	1
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	313	295	227	241	219

	2009	2008	2007	2006	2005
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-3	-1	-2	-3	-2
Fjárfestingartekjur	315	107	285	492	307
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-14	-10	-9	-9	-11
Rekstrarkostnaður	-8	-6	-6	-5	-6
Rekstrargjöld	-22	-16	-15	-14	-17
Aðrar tekjur	0	-29	2	2	6
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	413	201	394	553	369
Hrein eign frá fyrra ári	4.477	4.276	3.882	3.329	2.960
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	4.890	4.477	4.276	3.882	3.329
Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009					
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	413	216	500	743	531
Hrein eign frá fyrra ári	4.477	4.597	4.930	4.476	4.256
Hrein eign til greiðslu lífeyris	4.890	4.813	5.431	5.219	4.787

1) Lífeyrissjóður Rangæinga sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6. Þóknaritekjur fjármálfyrirtækja.

19.1.2 Tap Lífeyrissjóðs Rangæinga 2008 og 2009

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðsins sem ollu mestu tapi hans. Ekki var talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa jafnri ávöxtun í gegnum árin. Tap sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 en afleiðingarnar komu hins vegar ekki að fullu fram fyrr en á árinu 2009. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða. Tap sjóðsins er fimmþætt og liggur í eftirfarandi liðum:

- Skuldabréfum banka og sparisjóða
- Skuldabréfum fyrirtækja
- Innlendum hlutabréfum
- Innlendum hlutabréfasjóðum
- Innlendum skuldabréfasjóðum

Lsj. Rang tafla 9

Yfirlit yfir tap Lífeyrissjóðs Rangæinga af skuldabréfum banka og sparisjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innlendum hlutabréfum og innlendum hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum í mkr.

	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparisjóða	23	206	229
Skuldabréf fyrirtækja	17	231	248
Innlend hlutabréf	-6	24	18
Innlendir hlutabréfasjóðir	2	130	132
Innlendir skuldabréfasjóðir	52	128	180
	88	719	807

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði Rangæinga dags.13.7.2011 og 1.11.2011.

Fimm ofangreindir liðir mynduðu tap á árunum 2008 og 2009 samtals að fjárhæð 807 mkr. Engar afskriftir áttu sér stað af skuldabréfum árið 2010.

Skuldabréf banka og sparisjóða

Á árunum 2008 og 2009 afskrifaði Lífeyrissjóður Rangæinga 229 mkr. af skuldabréfum gefnum út af bönkum og sparisjóðum. Mestu niðurfærslurnar áttu sér stað á árinu 2008 eða 206 mkr. Eins og sjá má í töflunni hér að neðan þá afskrifaði sjóðurinn mest af skuldabréfum gefnum út af Kaupþingi banka eða 145 mkr., 41 mkr. af skuldabréfum Sparisjóðabanka Íslands og 20 mkr. af skuldabréfum Glitnis og einnig VBS fjárfestingabanka.

Lsj. Rang tafla 10

Afskriftir skuldabréfa banka og sparisjóða 2008 og 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskrift	Nettó staða	Afskrift í %
Glitnir banki hf.	20	20	0	100%
Kaupþingi banki hf.	145	145	0	100%
Sparisjóðabanki Íslands/Icebank hf.	41	41	0	100%
Sparisjóður Bolungarvíkur	15	3	12	20%
VBS Fjárfestingarbanki hf.	20	20	0	100%
Samtals afskriftir í mkr.	241	229	12	95%

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði Rangæinga dags.13.7.2011.

Skuldabréf fyrirtækja

Eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af fyrirtækjum og stofnunum var 143 mkr. í árslok 2005. Skuldabréfaeign sjóðsins í fyrirtækjaskuldabréfum jókst síðan, þannig að sjóðurinn átti orðið fyrirtækjaskuldabréf að fjárhæð 295 mkr. í árslok 2006 sem var helmingsaukning á einu ári.

Á árinu 2008 voru skuldabréf fyrirtækja færð niður um 231 mkr. og til viðbótar voru 17 mkr. niðurfærðar árið 2009. Árið 2009 voru um 179 mkr. færðar yfir í kröfusjóð Íslenskra verðbréfa og er því óvíst um endurheimtur. Í töflu 10 hér að neðan má sjá hvaða skuldabréf voru færð í kröfusjóð. Mest var afskrifað af skuldabréfum Exista eða 116 mkr.

Lsj. Rang tafla 11

Afskriftir skuldabréfa fyrirtækja árin 2008 og 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskrift	Nettó staða	Afskrift í %
Bakkavör hf.	10	10	0	100%
Egla hf.*	6	6	0	100%
Avion hf./HF Eimskipafél. Ísl.	18	17	1	94%

	Bókfærð staða	Afskrift	Nettó staða	Afskrift í %
Exista hf.*	123	116	7	94%
Stoðir hf.*	27	20	7	74%
Flugleiðir hf.	42	41	1	98%
Kögun hf.*	35	18	17	51%
Landic Property hf.*	25	19	6	76%
Opin kerfi hf.	2	1	1	50%
Samtals afskriftir í mkr.	288	248	40	86%

*Fært í kröfusjóð Íslenskra verðbréfa hf.

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði Rangæinga dags.13.7.2011.

Innlend hlutabréf

Á fjórum árum tapaði Lífeyrissjóður Rangæinga 11 mkr. á innlendri hlutabréfaeign sinni. Mest varð tapið á árinu 2008 eða samtals 24 mkr.

Lsj. Rang tafla 12

Hagn. / (-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Hlutafjäreign í byrjun tímabils	188	21	81	54	32
Keypt hlutabréf	133	31	14	62	25
Seld hlutabréf	98	3	50	40	6
Hlutafjäreign í lok tímabils	212	55	21	81	54
Hagn / (-tap)	-11	6	-24	5	2

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði Rangæinga dags.13.7.2011.

Í ársbyrjun 2008 átti sjóðurinn hlutabréf sem voru 81 mkr. að markaðsvirði. Mest átti sjóðurinn í hlutabréfum FL Group hf. eða tæpar 23 mkr. og í Kaupþingi banka hf. um 16 mkr., eignir í öðrum félögum voru umtalsvert lægri. Lífeyrissjóðurinn seldi öll hlutabréf sín í fjármálafyrirtækjum fyrir bankahrunið í október 2008. Í árslok 2008 átti sjóðurinn einungis hlutabréf í þremur skráðum félögum að verðmæti 10 mkr. Hlutabréfaeign sjóðsins í óskráðum félögum nam 11 mkr. að markaðsvirði og var í Eignarhaldsfélagi Suðurlands hf.

Innlendir hlutabréfasjóðir

Í árslok 2007 átti Lífeyrissjóður Rangæinga um 178 mkr. í innlendum hlutabréfasjóðum. Eignin dreifðist á milli sjóða í bönkunum þremur, þ.e. Landsbankanum, Kaupþingi og Glitni. Í árslok 2008 var eignin einungis 16 mkr. Tap lífeyrissjóðsins á hlutabréfasjóðum á árunum 2008 og 2009 var samtals 132 mkr. og var tapið mest á árinu 2008. Mest tapaði lífeyrissjóðurinn á hlutabréfasjóðum Kaupþings eða um 110 mkr. og vó þar þyngst tap á sjóði ÍS 15 að upphæð 68 mkr. og Heildarvísitölusjóði að upphæð 23 mkr.

Lsj. Rang tafla 13

Innlendir hlutabréfasjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

		2008	2009	Samtals
Landsbankinn	Úrvalsbréf	9		9
Landsbankinn	Visitöluþríf	1		1
Kaupþing	Heildarvisitölusjóður	22	1	23
Kaupþing	ICEQ verðbréfasjóður	9		9
Kaupþing	Úrvalsvisitölusjóður	2		2
Kaupþing	ÍS 15	67	1	68
Kaupþing	ÍS 5	8		8
Glitnir	Sjóður 6	4		4
Glitnir	Sjóður 10	8		8
	Samtals í mkr.	130	2	132

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði Rangæinga dags.1.11.2011.

Innlendir skuldabréfasjóðir

Eign lífeyrissjóðsins í skuldabréfasjóðum á árunum 2006 – 2009 vó þungt í verðbréfasafninu eða á bilinu 27 – 36%. Í töflu 14 má sjá þá skuldabréfasjóði sem lífeyrissjóðurinn tapaði á vegna gengislækkunar sjóðanna. Sjóðir Landsbankans lækkuðu um 85 mkr., sjóðir Glitnis um 50 mkr., sjóðir Íslenskra verðbréfa um 34 mkr. og sjóðir Kaupþings lækkuðu um 11 mkr. Samtals var tap Lífeyrissjóðs Rangæinga í skuldabréfasjóðum um 180 mkr. á árunum 2008 til 2009.

Lsj. Rang tafla 14

Innlendir skuldabréfasjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

		2008	2009	Samtals
Landsbankinn	Peningabréf	42		42
Landsbankinn	Fyrirtækjabréf	37	6	43
Kaupþing	Hávaxtasjóður	4	4	8
Kaupþing	Peningamarkaðssjóður	3		3
Ísl. verðbréf	Peningamarkaðssjóður	14	18	32
Ísl. verðbréf	Skuldabréfasjóður		2	2
Glitnir	Sjóður 1	25	22	47
Glitnir	Sjóður 9	3		3
	Samtals í mkr.	128	52	180

Heimild: gögn frá Lífeyrissjóði Rangæinga dags.1.11.2011.

Erlend verðbréf

Engar afskriftir hafa verð á erlendri verðbréfaeign lífeyrissjóðs Rangæinga.

Heimild: Tölvupóstur dags 1.11. 2011 frá framkvæmdastjóra sjóðsins, Presti Sigurðssyni.

Gjaldmiðlavarnarsamningar

Útistandandi gjaldmiðlavarnarsamningar Lífeyrissjóðs Rangæinga við bankana voru óverulegir þegar bankarnir féllu.

19.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Rangæinga 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar**19.2.1 Inngangur**

Að framan hefur verið farið yfir gögn um fjárfestingar Lífeyrissjóðs Rangæinga á úttektarárunum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Sjóðurinn var stofnaður 12. janúar 1971 af vinnuveitendum og félögum launþega í Rangárþingi. Stjórn sjóðsins skiptist að jöfnu milli þessara aðila og er skipuð fjórum stjórnarmönnum. Þannig er hér um að ræða staðbundinn vinnnumarkaðssjóð. Úttektarárin starfaði sjóðurinn eingöngu sem samtryggingarsjóður og fjárfesti ekki í nýjum sjóðfélágálanum. Séreignardeild sem hafði verið starfrækt á tímabili hafði verið lögð niður og séreignarsparnaður þeirra sem hann áttu færður inn í lífeyrisauka viðkomandi sjóðfélaga hjá Kaupþingi en eignastýring deildarinnar hafði verið þar.

Starfsemi Lífeyrissjóðs Rangæinga fyrir fall bankanna ber nokkurt vitni þeim aðstæðum sem sagt er frá í 5. kafla í almenna hluta skýrslunnar. Heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindningar voru neikvæðar árið 2006 sem er óhagstæðara en hjá flestum öðrum vinnnumarkaðssjóðum. Tryggingafræðileg staða var jákvæð 2007 en árin 2008 og 2009 komu illa út enda var þá staðan neikvæð um 8,2% fyrra árið og 11.8% síðara árið.

19.2.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra hafa á grundvelli yfirlits um starfsemi Lífeyrissjóðs Rangæinga rætt við Þröst Sigurðsson, framkvæmdastjóra sjóðsins. Hann var ráðinn til sjóðsins í desember 2001 en hafði áður starfað hjá Búnaðarbankanum á Selfossi. Hann sagði að um 70-80% af eignum lífeyrissjóðsins hefði

verið útvistað til stýringaraðila. Á sínum tíma hafði sjóðurinn keypt ríkistryggð skuldabréf á Búnaðarbanka Íslands fyrir mikinn hluta sjóðseignarinnar. Í dag eru þetta um 800 mkr. af 6 milljarða eign. Bréfin eru í innheimtu. Þá hefur sjóðurinn haft mikla fjármuni í innlánnum. Sjóðurinn sjálfur kaupir einnig langtíma-skuldabréf. Framkvæmdastjórinn var á úttektarárunum eini starfsmaður sjóðsins en nú starfar þar einnig bókari í 30% starfi. Deila má um hvort framkvæmdastjórinn hafi þá menntun og starfsreynslu sem krafist er í dag af sjóðstjórum lífeyrissjóða. Má vera eðlilegt að sjóðurinn geri samning um rekstur sjóðsins í heild eða a.m.k. alla fjárstýringuna. Að öðrum kosti leiti hann samstarfs við aðra sjóði um stýringu.

19.2.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs Rangæinga, fjárstýring og tap

Að framan er því lýst hvernig eignastýringu Lífeyrissjóðs Rangæinga var að miklu leyti útvistað á úttektartímanum. Lífeyrissjóðurinn hefur á síðustu árum verið með eignastýringarsamninga við þrjá banka og eitt verðbréfafyrirtæki. Stærsti einstaki hluti safnsins er í stýringu Arion banka (áður Kaupþingi) eða um 2.200 milljónir króna. Hjá Íslenskum verðbréfum eru um 1.100 mkr. og Íslandsbanki og Landsbankinn eru með um 600 mkr. hvor. Stýringaraðilarnir höfðu nokkuð rúmar heimildir svo fremi þeir héldu sig innan markaðrar fjárfestingarstefnu. Sjóðurinn fær mánaðarlega yfirlit yfir hreyfingar hvers stýringarsafns á undangengnum mánuði. Þá fundar stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóri með forsvarsmönnum stýringaraðila ársfjórðungslega. Nokkur spurning er hvort ekki hefði mátt fá hagstæðari ávöxtun með færri stýringaraðilum því sjóðurinn er ekki stór. Fjárfestingarstefna sjóðsins virðist hafa verið með hæfilegum vikmörkum og eignasafnið dreift. Tap sjóðsins á falli bankanna varð minna en fjölmargra annarra lífeyrissjóða eða um 12-13% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Helgast það m.a. af því að sjóðurinn fjárfesti ekki mikið í hlutabréfum, auk þess að fjárfesta mikið í ríkistryggðum bréfum. Mestu tapaði sjóðurinn á skuldabréfum stóru viðskiptabankanna. Fjárfestingarstefna sjóðsins var ljóslega varfærin sem skilaði sér í minna tapi en ella. Skráðar tekjur á veltuárunum urðu hins vegar minni. Spurning er hverju slíkar tekjur skiluðu lífeyrissjóðum þegar upp er staðið.

20. Kafli

20.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	61
20.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar (LSA) .	61
20.1.2 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrar 2008 til 2010. . . .	64
20.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar 2006- 2009. Athugasemdir úttektarnefndar	67
20.2.1 Inngangur	67
20.2.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins.	67
20.2.3 Fjárfestingarstefna LSA og tap	67

20.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar

20.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar (LSA)

Upphaf

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar (LSA) var stofnaður með samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar og tók til starfa 1. janúar 1942. Stjórn LSA gerði samning við Lífeyrissjóð Norðurlands um rekstur LSA frá og með 1. janúar 2000. Árið 2007 sam- einuðust Lífeyrissjóður Norðurlands og Lífeyrissjóður Austurlands og úr varð Stapi lífeyrissjóður. Stapi lífeyrissjóður yfirtók þá rekstrarsamning þann sem verið hafði í gildi milli Lífeyrissjóðs Norðurlands og LSA. Markmiðið með samningnum var að tryggja góðan rekstur og þjónustu LSA við sjóðfélaga. Öll þjónusta við sjóðfélaga LSA er innt af hendi á skrifstofu Stapa lífeyrissjóðs að Strandgötu 3, Akureyri. Framkvæmdastjóri Stapa lífeyrissjóðs er einnig framkvæmdastjóri LSA.

Stjórn sjóðsins

Stjórn LSA er skipuð fimm mönnum. Hana skipa bæjarstjóri Akureyrarbæjar, sem er jafnframt formaður, og tveir bæjarfulltrúar sem bæjarstjórn kys á sama hátt og fastar nefndir til fjögurra ára. Tveir sjóðfélagar eru tilnefndir af Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar. Fjórir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og til jafnlangs tíma. Stjórn sjóðsins hefur heimild til að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um að sjá um rekstur sjóðsins eða að sjóðirnir hafi sameiginlegt skrifstofuhald og/eða samstarf um ávöxtun fjármuna.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í LSA árin 2006-2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

LSA tafla 1

Stjórn Lsj.stm. Akureyrarbæjar í árslok

Nafn:	Tiln.	2009	2008	2007	2006
Hermann Jón Tómasson	Ak.	Form.	X	X	X
Sigrún Björk Jakobsdóttir	Ak.	X	Form.	Form.	
Oddur Helgi Halldórsson	Ak.	X	X	X	X
Arna Jakobína Björnsdóttir	Kjödur*	X	X	X	X
Hanna Rósa Sveinsdóttir	Kjödur	X	X	X	X
Kristján Þór Júlíusson	Ak.				Form.

* Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannaðjónustu.

Litlar breytingar hafa orðið á stjórn LSA frá 2006 til 2009. Þó hafa þrír stjórnarmenn skipt með sér formennsku og hefur það farið eftir hver hefur verið bæjarstjóri hverju sinni. Kristján Þór Júlíusson hætti stjórnarsetu 2007 eftir að hann lét af formennsku og við tók Sigrún Björk Jakobsdóttir. Hermann Jón Tómasson tók síðan við formennsku af Sigrúnu Björk Jakobsdóttur.

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Framkvæmdastjóri LSA er Kári Arnór Kárason. Hann hefur gegnt því starfi frá árinu 2000 eða frá þeim tíma er samningurinn milli Lífeyrissjóðs Norðurlands og LSA var gerður. Guðmundur B. Guðmundsson er skrifstofustjóri og Jóna Finndís Jónsdóttir er sjóðstjóri.

Endurskoðun:

Arnar Árnason, KMPG hf.

Tryggingafræðileg athugun:

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur.

Innra eftirlit:

Þorsteinn G. Þorsteinsson, KPMG hf.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009.

Stjórnarmenn LSA hafa ekki setið í stjórnnum félaga fyrir lífeyrissjóðinn á tímabilinu 2006-2009.

Starfsmenn LSA sátu í eftirtöldum stjórnnum tímabilið 2006-2009:

Kári Arnór Kárason:

- Íslensk verðbréf hf., stjórnarformaður
- Brú Venture Capital hf., meðstjórnandi
- Fasteignir ÍV ehf., stjórnarformaður
- Rusor ehf., stjórnarformaður
- Glíma ehf., stjórnarmaður og 100% eigandi
- Hámark ehf., stjórnarmaður og 100% eigandi gegnum móðurfélagið Glímu ehf.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson:

- Tækifæri hf.
- Starfsendurhæfing Norðurlands

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar er að finna í 2. grein samþykktu sjóðsins.

2. gr. Hlutverk sjóðsins.

Hlutverk sjóðsins er að sjá sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum fyrir lífeyri samkvæmt þeim reglum sem greinir í samþykktum þessum.

Starfsemi LSA

Sjóðfélagar eru allir starfsmenn Akureyrarbæjar og stofnana hans, 16 ára og eldri, sem ráðnir eru hjá þessum aðilum fyrir 1. janúar 1999 í hálfstarf eða meira í fulla tólf mánuði og fá greidd laun á grundvelli kjarasamninga skv. lögum nr. 94/1986 um kjarasamning opinberra starfsmanna.

LSA skiptist í tvær deildir. A-deild, fyrir sjóðfélaga sem eiga þriggja ára iðgjaldatíma að baki miðað við fullt starf og hlutfallslega lengri tíma fyrir lægra starfshlutfall, og B-deild fyrir þá sjóðfélaga sem eiga geymd réttindi í sjóðnum sem eru innan við þrjú iðgjaldaár miðað við fullt starf. Engin séreignardeild er í sjóðnum. Sjóðnum var lokað fyrir nýjum starfsmönnum Akureyrarbæjar frá og með 1. janúar 1999. Frá þeim tíma hafa nýir starfsmenn Akureyrarbæjar verið sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga (LSS). Í 10. gr. samþykktu sjóðsins kemur fram að Akureyrarbær ábyrgist skuldbindingar sjóðsins.

Skipulag og starfsreglur stjórnar

Á stjórnarfundi þann 18. maí 2000 voru samþykktar starfsreglur stjórnar. Þar kom m.a. fram að meiriháttar ákvarðanir í rekstri sjóðsins megji ekki taka fyrir en allir stjórnarmenn hafi átt þess kost að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur.

Um ábyrgð stjórnarmanna er m.a. eftirfarandi:

- Að hafa eftirlit með rekstri sjóðsins, efnahagsstöðu hans og varðveislu eigna.
- Að sjá til þess að bókhaldi og upplýsingavinnslu hjá sjóðnum sé sinnt af kostgæfni.
- Að ganga reglulega eftir upplýsingum um rekstur sjóðsins og efnahag.
- Að fjalla um rekstraráætlanir og fjárfestingarstefnu og leggja mat á þær.

Síðan kemur fram að stjórnin ráði framkvæmdastjóra sem síðan ráði starfsmenn. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að sjá um allan daglegan rekstur sjóðs-

ins í samræmi við stefnu hennar. Þá veitir stjórnin framkvæmdastjóra heimild til kaupa og sölu á verðbréfum í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins. Daglegur rekstur tekur ekki til þátta sem eru óvenjulegir eða mikilsháttar og getur framkvæmdastjóri einungis tekið ákvarðanir í þess háttar málum með samþykki stjórnar.

Fjárfestingarstefna

Stjórn sjóðsins mótar árlega fjárfestingarstefnu sjóðsins. Markmið sjóðsins er að ná sem bestri ávöxtun miðað við tiltölulega hóflega áhættu. Þar sem sjóðurinn á ekki fyrir skuldbindingum er lögð áhersla á að eignir séu ávaxtaðar í öruggum og seljanlegum eignum í eins miklum mæli og frekast er kostur. Fjárfestingarmarkmið sjóðsins eru að ná a.m.k. sambærilegri ávöxtun og almennt gerist í þeim eignaflokkum sem sjóðurinn fjárfestir í.

LSA tafla 2

Fjárfestingarviðmið fyrir árið 2008

Eignaflokkur:	Vægi
Innlend skuldabréf	60%
Innlend hlutabréf	15%
Erlend skuldabréf	5%
Erlend hlutabréf	18%
Skammtímaabréf og innlán	2%
Samtals:	100%

Heimild: Fjárfestingarstefna LSA 2008.

Eignastýring

Eins og fram hefur komið sér Stapi lífeyrissjóður um rekstur LSA. Rekstrarsamningurinn var undirritaður þann 10. september 2007 og í honum felst allur daglegur rekstur sjóðsins. Þar kemur fram að framkvæmdastjóri Stapa skuli jafnframt vera framkvæmdastjóri LSA og hefur hann fullt og ótakmarkað umboð til viðskipta með verðbréfum í nafni LSA í samræmi við gildandi fjárfestingarstefnu.

Hvað varðar vörslu og stýringu fjármuna, segir í 7. grein samningsins að Stapi skuli sjá um:

- Vörslu og innheimtu verðbréfa annaðhvort sjálfur eða samkvæmt samningi við vörsluaðila/banka.
- Kaup og sölu verðbréfa.
- Samantekt upplýsinga fyrir LSA, þ.m.t. yfirlit um verðbréfaeign í vörslu, hreyfingar eigna og árangur við ávöxtun.

LSA tafla 3

	Lífeyrisgreiðslur í mkr.					Fjöldi lífeyrisþega				
	2009	2008	2007	2006	2005	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	272	239	207	172	150	290	267	242	226	208
Örorkulífeyrir	15	15	16	15	14	16	17	19	20	19
Makalífeyrir	63	54	51	42	40	67	61	60	56	55
Barnalífeyrir	0	0	1	1	1	0	0	1	1	1
Samtals	350	308	275	230	205	374	345	322	302	284
Samtals, verðlag 2009	350	331	349	309	295					

- Aðstoð við mótun og endurskoðun fjárfestingarstefnu LSA.
- Afstemmingar og uppgjör á eignum í vörslu og afstemmingar bankareikninga (velturæikninga), sem og allur undirbúningur undir uppgjör og milliuppgjör LSA.

Hluti af verðbréfa- og hlutafjárviðskiptum hefur farið fram í gegnum Íslensk verðbréf hf.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 350 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins frá árinu 2005 hækkað að meðaltali um 4,4% milli ára. Lífeyrisþegum hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 374 talsins, samanborið við 284 í árslok 2005. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni (Sjá töflu 3).

Tryggingafræðileg staða - samtryggingardeild

Tryggingafræðileg úttekt á LSA er gerð í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1988 og er miðað við 2,0% ársvexti umfram laun. Auk greiðslu iðgjalda ber þeim stofnunum sem greitt hafa til sjóðsins að endurgreiða honum allar hækkanir sem verða á lífeyri eftir að hann hefur verið úrskurðaður.

LSA tafla 4

Heildarskuldbinding í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	8.720	7.984	7.320	3.343	3.121
Skuldbindingar	13.127	12.866	11.478	10.858	9.595
Samtals	-4.407	-4.882	-4.158	-7.515	-6.474
% af skuldbindingum	-33,6%	-37,9%	-36,2%	-69,2%	-67,5%

Í töflunni yfir heildarskuldbindingar sést, að heildareignir hafa ekki staðið undir heildarskuldbindingum sjóðsins. Samkvæmt reglugerð sjóðsins ber Akureyrarbær ábyrgð á skuldbindingum hans. Eins og fram kemur í ofangreindri töflu batnaði tryggingafræðileg staða sjóðsins verulega á árinu 2007. Ástæða þess var greiðsla Akureyrarbæjar til sjóðsins í tengslum við sölu á hlut sínum í Landsvirkjun að fjárhæð 3.242 mkr

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Töflurnar hér að neðan sýna annars vegar sundurliðun á verðbréfaeign LSA eftir árum á verðlagi hvers árs og hins vegar raunávöxtun hvers eignasafns fyrir sig.

Frá árinu 2007 hefur hlutfall verðbréfa með ábyrgð ríkisins verið milli 60%-70% af eignasafni sjóðsins. Greiðsla Akureyrarbæjar vegna sölunnar á Landsvirkjun var í ríkisverðbréfum. Önnur eignasöfn eins og önnur innlend markaðsskuldbréf, skuldbréf banka og fjármálafyrirtækja og skuldbréf sveitarfélaga eru samtals um 26%-28%. Önnur eignasöfn eru mun minni.

LSA tafla 5

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Innlendir peningamarkaðssjóðir	46	80	173	113	27
Innlend hlutabréf			151		
Innlendir hlutabréfasjóðir			292	252	225
Innlendir skuldbréfasjóðir	95			309	291
Erlend verðbréfaeign			603	364	269
Skuldbréf með ríkisábyrgð	4.915	3.966	3.549	417	427
Önnur innlend markaðsskuldbréf	870	997	661	632	618
Erlend skuldbréf	25	59	56	58	53
Erlendir skuldbréfasjóðir			213	11	10
Skuldbréf banka og fjármálafyrirtækja	309	306	13	73	70
Skuldbréf sveitarfélaga	550	293	79	79	76
Veðskuldbréf	55	56	56	65	71
Samtals án niðurfærslu	6.865	5.757	5.846	2.373	2.137
Niðurfærsla	-255	-186	-8	-8	-8
Samtals	6.610	5.571	5.838	2.365	2.129

Skuldabréf með ábyrgð ríkisins, skuldabréf sveitarfélaga, veðskuldabréf (sjóðfélagalán) og erlend skuldabréf komu öll vel út hvað ávöxtun varðar. Skuldabréf banka og fjármálfyrirtækja eru með lökustu ávöxtunina, -89,7% árið 2008 og -47,1% árið 2009. Þótt önnur eignasöfn séu með neikvæða ávöxtun þá voru eignir í þeim söfnum ekki miklar og tap í þeim þ.a.l. ekki mikið í krónum talið.

LSA tafla 6

Hrein raunávöxtun eignasafna	2009	2008	2007	2006	2005
Innlendir peningamarkaðssjóðir	-38,5%	-13,4%	8,1%	5,2%	0,8%
Innlend hlutabréf		-55,6%	-18,2%		
Innlendir hlutabréfasjóðir		-52,3%	-11,3%	4,9%	59,7%
Innlendir skuldabréfasjóðir	-66,2%	-24,8%	-3,1%	1,0%	-1,4%
Erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir		-6,9%	-5,6%	26,6%	9,1%
Skuldabréf með ríkisábyrgð	3,5%	4,2%	4,6%	4,1%	3,9%
Önnur innlend markaðsskuldabréf	7,3%	-18,9%	6,4%	7,2%	8,0%
Erlend skuldabréf	24,2%	20,0%	-5,6%	8,3%	1,0%
Erlendir skuldabréfasjóðir		-12,0%	0,4%	9,4%	14,7%
Skuldabréf banka og fjármálfyrirtækja	-47,1%	-89,7%	6,4%	6,7%	8,1%
Skuldabréf sveitarfélaga	5,5%	5,5%	5,5%	5,5%	5,6%
Veðskuldabréf	5,1%	5,0%	4,9%	5,0%	4,9%
Samtals	3,1%	-0,6%	4,0%	7,1%	10,0%

Heimild: Gögn frá LSA dags 23.03.2011.

Raunávöxtun

Árið 2009 var raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum 3,1%. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var aftur á móti neikvæð um 0,6%. Raunávöxtun árið 2007 var góð eða 4,0%. Einnig var raunávöxtun árána 2006 og 2005 mjög góð eða 7,6% og 10,0%. Meðal-raunávöxtun síðustu fimm árin var 4,7% og síðustu 10 árin var hún 4,3% sem er mjög góður árangur.

LSA tafla 7

Raunávöxtun	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	3,1%	-0,6%	4,0%	7,6%	10,0%
Fimm ára meðalávöxtun	4,7%	6,2%	8,0%	6,7%	5,3%
Tíu ára meðalávöxtun	4,3%	4,9%	6,2%	6,5%	5,8%

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005-2009 í mkr.

Á árinu 2009 greiddu 173 einstaklingar iðgjald til sjóðsins og hafði þeim fækkað um 18 frá árinu á undan. Alls voru átta launagreiðendur sem greiddu iðgjöld til sjóðsins. Virkir sjóðfélagar voru 166 talsins, þ.e. þeir sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld

með reglubundnum hætti í hverjum mánuði. Iðgjaldgreiðslur 2009 námu samtals 207 mkr. sem var hækkun um 10,7% frá árinu 2008.

Ef skoðaðar eru breytingar á hreinni eign milli ára á verðlagi ársins 2009 kemur í ljós að árið 2006 var hækkun á hreinni eign mjög lítil miðað við árið á undan. Aftur á móti var veruleg hækkun árið 2007 eða 4.501 mkr. samanborð við 313 mkr. árið 2006. Þessi mikla hækkun skýrist m.a. af sölu Akureyrar-bæjar á hlut sínum í Landsvirkjun, en andvirði sölunnar rann að mestu til sjóðsins eða 3.242 mkr. (verðlag 2007) eins og getið var um hér að framan. Árin 2008 og 2009 tókst LSA að halda í horfinu hvað varðar hreina eign til greiðslu lífeyris, reiknað á föstu verðlagi 2009.

LSA tafla 8

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	207	187	3.419	157	808
Lífeyrir	-350	-309	-275	-230	-205
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum	0	-6	-29	0	0
Tekjur/-gjöld af húseignum og lóðum	0	0	0	0	0
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	886	1.124	444	315	250
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-68	-178	0	0	-6
Fjárfestingartekjur	818	940	415	315	244
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-5	-5	-4	-2	-1
Rekstrarkostnaður	-13	-14	-11	-7	-7
Rekstrargjöld	-18	-19	-15	-9	-8
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	657	799	3.544	233	839
Hrein eign frá fyrra ári	6.721	5.922	2.378	2.145	1.306
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	7.378	6.721	5.922	2.378	2.145
Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009					
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	657	859	4.501	313	1.206
Hrein eign frá fyrra ári	6.721	6.367	3.020	2.884	1.878
Hrein eign til greiðslu lífeyris	7.378	7.226	7.521	3.197	3.084

1) Lífeyrissjóður LSA sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6. Þóknarir tekjur fjármálfyrirtækja.

20.1.2 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrar 2008 til 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá liði sem ollu mestu af tapi sjóðsins. Tapið átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 og lítilla árið 2009. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða, úti-standandi gjaldmiðlavarnarsamninga að teknu tilliti

til væntanlegrar skuldajöfnunar skuldabréfa á hendur bönkunum. Tap sjóðsins liggur í eftirfarandi liðum:

- Skuldabréfum banka og sparisjóða
- Skuldabréfum fyrirtækja
- Innlendum hlutabréfum
- Innlendum hlutabréfasjóðum
- Peningamarkaðssjóðum

LSA tafla 9

Yfirlit yfir tap LSA af skuldabréfum banka og sparisjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innlendum hlutabréfum, hlutabréfasjóðum peningamarkaðssjóðum og gjaldmiðlavararsamningum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparisjóða	48	68	171	287
Skuldabréf fyrirtækja*	7		50	57
Innlend hlutabréf		29	30	59
Innlendir hlutabréfasjóðir			43	43
Peningamarkaðssjóðir		20	32	52
	55	117	326	498
Gjaldmiðlavararsamningar (GVT 175)		201		201
Samtals tap í mkr.	55	318	326	699

*Niðurfærslur árið 2008 eru bæði fyrir 2008 og 2009.

Heimild: Gögn frá LSA dags. 16.5.2011 og ársreikningar LSA fyrir árin 2008-2009.

Ofangreindir liðir mynduðu tap á árunum 2008 til 2010, samtals að fjárhæð 699 mkr. Í uppgjöri sjóðsins var gert ráð fyrir að gjaldmiðlavararsamningarnir væru gerðir upp m.v. gengisvísitöluna (GVT) 175 stig. Hins vegar vilja bankarnir gera gjaldmiðlavararsamninga upp m.v. gengi á gjald-daga hvers samnings fyrir sig. Þá reikna bankarnir einnig dráttarvexti á hina óuppgerðu samninga. Skv. forsendum bankanna ykju gjaldmiðlavararsamningarnir tap sjóðsins um 30 mkr. og yrði það þá samtals 729 mkr.

Skuldabréf banka og sparisjóða.

Í kjölfar bankahrunsins í byrjun október 2008 hefur sjóðurinn þurft að færa niður eign sína í skuldabréfum útgefnum af bönkum og sparisjóðum. Niðurfærð voru skuldabréf á hendur Byr sparisjóði um 75%, Landsbanka Íslands hf. um 99% og Kaupþingi banka hf. um 80%. Skuldabréf í Straumi-Burðarás hf. voru færð niður um 50% en á árinu 2010 var skuldabréfið gert upp með nýju skuldabréfi á ALMC hf. Niðurfærsla bankabréfa árið 2008 nam 171 mkr. og árið 2009 voru skuldabréfin færð niður um 68 mkr. eða samtals 239 mkr.

LSA tafla 10

Bankar og sparisjóðir - afskriftir skuldabréfa í mkr.

	2010	2008-2009	Samtals
Byr sparisjóður	48	101	149
Straumur Burðarás hf.		66	66
Landsbanki Íslands hf.		53	53
Kaupþing banki hf.		19	19
Samtals	48	239	287

Heimild: Gögn frá LSA dags. 23.5.2011 og 30.11.2011.

Á árinu 2010 voru niðurfærslur skuldabréfa á Byr sparisjóð hækkaðar um 48 mkr. og var þá niðurfærsluhlutfallið komið í 99%. Alls voru niðurfærslur árunum 2008 til 2010 af skuldabréfum banka og sparisjóða að fjárhæð 287 mkr.

Skuldabréf fyrirtækja

Eign sjóðsins í fyrirtækjaskuldabréfum var að mestu í bréfum gefnum út af Norðurorku. Í árslok 2008 var eign sjóðsins í Norðurorku samtals 76% af öllum fyrirtækjabréfum í eigu sjóðsins sem voru tilkomin vegna uppgjörs Akureyrarbæjar á skuldbindingum sínum við sjóðinn. Árin 2008 til 2010 þurfti LSA að færa niður eign sína í fyrirtækjaskuldabréfum um 57 mkr., þar af 47 mkr. af skuldabréfum útgefnum af Nýsi hf.

LSA tafla 11

Skuldabréf fyrirtækja- afskriftir í mkr.

	2010	2008-2009	Samtals
Bakkavör hf.	7	3	10
Nýsir hf.		47	47
Samtals	7	50	57

Heimild: Gögn frá LSA dags. 23.5.2011 og 30.11.2011.

Innlend hlutabréf

LSA fór að fjárfesta í stökum innlendum hlutabréfum í ársbyrjun 2007. Fyrir þann tíma fóru fjárfestingar sjóðsins í hlutabréfum í gegnum hlutabréfasjóði. Hlutabréfakaup sjóðsins voru til að byrja með eingöngu í bönkunum. Á fyrsta ársfjórðungi 2008 seldi LSA hins vegar öll hlutabréf sín í bönkunum, þ.e. Kaupþingi hf., Glitni hf., Landsbanka Íslands hf. og Straumi-Burðarás hf. Í töflu nr. 12 má sjá hagnað/tap sjóðsins af kaupum og sölu hlutabréfa frá ársbyrjun 2007 til 30.09. 2008 þegar sjóðurinn hafði selt öll hlutabréf sín.

LSA tafla 12

Hagn./(-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	30.09.08	30.06.08	31.03.08	31.12.07	30.09.07	30.06.07	31.03.07
Hlutafjäreign í byrjun tímabils	624	26	28	151	206	112	101	0
Keypt hlutabréf	199		1	0	0	97	0	101
Seld hlutabréf	141	18	0	106	17	0	0	0
Hlutafjäreign í lok tímabils	623	0	26	27	151	206	112	101
Hagn./(-tap)	-59	-8	-3	-18	-38	-3	11	0

Heimild: Unnið úr ársfjórðungsskýrslum LSA til FME.

LSA tafla 13

Hlutabréfaeign LSA á markaðsvirði tímabilið 31.3.2007 - 31.6.2008 í þús.kr.

	31.03.07	30.06.07	30.09.07	31.12.07	31.03.08	30.06.08
Glitnir banki hf.	19.845	21.278	28.276	21.816		
Kaupþing banki hf.	41.160	45.000	65.474	53.005		
Landsbanki Íslands hf.	20.034	24.003	40.260	35.290		
Straumur-Burðarás hf.	19.800	21.632	19.454	14.949		
Exista hf.			16.099			
Cent. Alum. hf.			12.351	12.840	18.725	20.116
Avion hf./HF Eimskipafél. Ísl.			2.237	4.311	2.876	1.776
Bakkavör Group hf.			10.057	8.900	6.283	4.473
Stoðir hf./FL Group hf.			12.159			
Samtals í þús.kr.	100.839	111.913	206.367	151.111	27.884	26.365

Heimild: Unnið úr ársfjórðungsskýrslum LSA til FME.

Í töflunni hér að ofan má sjá hlutabréfaeign sjóðsins á markaðsvirði í lok hvers ársfjórðungs árið 2007 til 30.06.2008 (Sjá töflu 13).

Innlendir hlutabréfasjóðir

Í ársbyrjun 2008 átti lífeyrissjóðurinn 292 mkr. í innlendum hlutabréfasjóðum Íslenskra verðbréfa hf. Á árinu 2008 var öll eign í innlendum hlutabréfasjóðum seld með tapi að fjárhæð 43 mkr.

LSA tafla 14

Innlendir hlutabréfasjóðir, gengistap 2008 í mkr.

Íslensk verðbréf	Verðbréf 4	16
Íslensk verðbréf	Verðbréf 5	27
Samtals		43

Heimild: gögn frá LSA dags 30.11.2011.

Peningamarkaðssjóðir

Eign LSA í peningamarkaðssjóðum var mest í árslok 2007 eða 173 mkr. Ári seinna eða í árslok 2008 var eignin 80 mkr. og síðan 46 mkr. í árslok 2009. Tap á peningamarkaðssjóðum samkvæmt ársreikningi 2009 fyrir árin 2008 og 2009 var samtals 52 mkr.

Erlend verðbréf

Í árslok 2007 átti LSA 603 mkr. í erlendum verðbréfum. Á árinu 2008 var öll erlenda eignin seld. Engar niðurfærslur voru gerðar hjá sjóðnum vegna erlendu verðbréfaeignarinnar.

Heimild: Tölvupóstur frá LSA, dags. 30.11.2011.

Gjaldmiðlavarnarsamningar

Erlendar fjárfestingar hjá lífeyrissjóði Akureyrar voru 18,3% árið 2006 og 15,0% árið 2007 af heildarverðbréfaeign sjóðsins.

LSA tafla 15

Staða gjaldmiðlavarnarsamninga 31.12.2009.

Annars vegar tillaga sjóðsins og hins vegar krafa bankanna

	Heildar- krafa	Vaxta- kostn.	Samtals	Skulda- jöfnun	Mis- munur
Tillaga sjóðanna m.v. GVT 175 stig	183	18	201	0	201
Krafa bankanna m.v. uppgjörsgegni samninganna	213	18	231	0	231
Mismunur á kröfum í mkr.					30

Heimild: Gögn frá LSA dags.16.5.2011.

Eins og fram kemur hér að ofan færði sjóðurinn til skuldar 201 mkr. í ársreikningi 2009, sem skuld við lánastofnanir vegna óuppgerðra gjaldmiðlavarn-

arsamninga. Ofangreind fjárhæð er m.v. gengisvísitöluna 175 stig og áfallna vexti.

Hins vegar gera bankarnir ráð fyrir að gjaldmiðla- varnarsamningarnir verðir gerðir upp m.v. gengi á uppgjörstigi hvers samnings fyrir sig ásamt dráttarvöxtum. Kröfur bankanna á hendur sjóðnum m.v.

31.12.2009 eru 231 mkr. Mismunur á tillögum LSA og bankanna er 30 mkr.

Lífeyrissjóðirnir hafa átt í viðræðum við Glitni banka hf. um uppgjör á útstandandi gjaldmiðla- varnarsamningum og standa þær viðræður enn yfir.

20.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar 2006-2009. Athugasemdir úttekta nefndar

20.2.1 Inngangur

Að framan hefur verið farið yfir gögn um fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar (LSA) á úttektaárunum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin jafnframt orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Lífeyrissjóður þessi var stofnaður með samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar og tók til starfa 1. janúar 1942. Sjóðurinn starfar líkt og aðrir lífeyrissjóðir samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldu- tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hann er frábrugðinn hefðbundnum vinnumarkaðs- sjóðum og frjálsum lífeyrissjóðum að því leyti að hann hefur verið lokaður nýjum sjóðfélögum frá 1. janúar 1999. LSA skiptist í tvær deildir, A-deild fyrir sjóðfélaga, sem eiga þriggja ára iðgjaldatíma eða lengri að baki m.v. fullt starf, og B-deild fyrir sjóðfélaga, sem eiga geymd réttindi í sjóðnum sem eru innan við þrjú iðgjaldaár m.v. fullt starf. Stjórn LSA gerði samning við Lífeyrissjóð Norðurlands um rekstur LSA frá og með 1. janúar 2000. Árið 2007 sameinuðust Lífeyrissjóður Norðurlands og Lífeyrissjóður Austurlands í Stapa lífeyrissjóð. Tók Stapi þá jafnframt yfir rekstrarsamning milli Lífeyrissjóðs Norðurlands og LSA um rekstur hins síðastnefnda. Stýring á söfnum sjóðsins fer fram innan eignastýringardeildar Stapa, utan að einu safni sjóðsins er úthýst til Íslenskra verðbréfa, svonefndu lausafjár safni.

Heildareignir LSA hafa verið neikvæðar öll úttektaárin, þ.e. þær hafa ekki staðið undir heildarskuldbindingum. Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði þó verulega á árinu 2007 eins og fram kom í yfirliti um fjárfestingar og eignir sjóðsins hér að framan (Sjá töflu 4). Má rekja ástæðu þess til innborgunar

Akureyrarbæjar í tengslum við sölu á Landsvirkjun að fjárhæð 3.242 mkr.

20.2.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra hafa rætt við Kára Arnór Kárason, framkvæmdastjóra sjóðsins, Jónu Finndísi Jónsdóttur sjóðstjóra og Björn Snæ Guðbrandsson, forstöðumann eignastýringar Íslenskra verðbréfa. Þá ræddi nefndin við Sigrúnu Björk Jakobsdóttur, fyrrverandi bæjarstjóra Akureyrarbæjar, en hún gegndi stjórnarformennsku fyrir sjóðinn hluta þess tíma sem kannaður var. Einnig ræddi nefndin við Þorstein Þorsteinsson, innri endurskoðanda sjóðsins. Í stjórn sjóðsins eiga sæti bæjarstjóri Akureyrarbæjar, sem jafnframt er formaður, tveir bæjarfulltrúar sem bæjarstjórn kys og tveir stjórnarmenn sem tilnefndir eru af Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar. Það er nokkuð athugunarefni um stjórn þessa sjóðs, sem og annarra lífeyrissjóða sveitarfélaga, að hún virðist vera hluti af regluverki sveitarfélagsins á þann hátt að breytingar eru gerðar á stjórn eftir kosningar. Þetta getur skapað óryggi í stjórnuninni. Betra sýnist að einhver af föstum embættismönnum bæjarstjórnar sé látinn varðveita stöðugleika í stjórninni. Að vísu má þó segja að litlar breytingar urðu á stjórn LSA á því tímabili sem kannað var, árin 2006-2009. Fram kemur í starfsreglum stjórnar að aðeins meiriháttar ákvarðanir í rekstri sjóðsins þurfi að bera undir stjórn fyrirfram sé þess nokkur kostur.

20.2.3 Fjárfestingarstefna LSA og tap

Að framan er því lýst hvernig eignastýringu Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar var háttað í stórum dráttum á úttektaárinum. Stjórn sjóðsins

mótaði fjárfestingarstefnu árlega sem yfirfarin var á fundum stjórnar. Einkennidist hún af því að reynt var að ná sem bestri ávöxtun miðað við tiltölulega hóflega áhættu. Var áhersla lögð á að eignir væru ávaxtaðar í öruggum og seljanlegum eignum í eins miklum mæli og frekast var kostur. Var hlutfall skuldabréfa hátt, einkum ríkistryggðra bréfa, en hlutfall innlendra hlutabréfa að sama skapi mun lægra. Þess má geta að fyrir bankahrún hafði sjóðurinn selt allar hlutabréfastöður.¹ Tap sjóðsins var fyrst og fremst í innlendum skuldabréfum (banka-, sparissjóða- og fyrirtækjabréfum), innlendum hlutdeildarskírteinum og peningamarkaðssjóðum. Ofangreindir liðir mynduðu tap á árunum 2008 og 2009, samtals að fjárhæð 699 mkr.

Fram kom í máli innri endurskoðanda sjóðsins í viðtali við nefndina að LSA nyti góðs af því að allir verkferlar sem giltu innan Stapa, giltu ennfremur um LSA.² Má með nokkru líkja sjóðnum við „deild“ innan Stapa og t.a.m. fjallar sama fjárfestingarráð um fjárfestingar beggja sjóða. Úttektarnefndin vakti máls á því að Sigrún Björk Jakobsdóttir væri samhlíða setu sinni í stjórn Stapa stjórnformaður LSA. Slíkt er óheimilt í dag skv. lífeyrissjóðalögum, en var það ekki á þeim tíma. Sagði Sigrún að mögulegir hagsmunarárekstrar hefðu aldrei hvarflað að henni á þeim tíma.³ Virtist innri endurskoðandi sjóðsins heldur ekki hafa verið vakandi yfir mögulegum hagsmunarárekstrum.⁴ Ekkert bendir þó til þess að þessi skípan hafi komið að sök á úttektartímanum, enda LSA lítill lokaður sjóður með lítil umsvif.

Eins og fyrr var nefnt vænkaðist hagur sjóðsins nokkuð við sölu Akureyrarbæjar á hlut sínum í Landsvirkjun og fór neikvæð staða sjóðsins úr -70% í -35% við þá innborgun. Fram kom í máli framkvæmdastjórans að viðbúið væri, að innan áratugar eða svo yrði að óbreyttu byrjað að ganga á höfuðstól safnsins.

1 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Kára Arnór Kárasón, framkvæmdastjóra LSA, dags. 27.5.2011.

2 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Þorstein Þorsteinsson, innri endurskoðanda, dags. 27.5.2011.

3 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Sigrúnu Björk Jakobsdóttur, fyrrv. stjórnarformann LSA, dags. 27.5.2011.

4 Sbr. viðtal við Þorstein Þorsteinsson, dags. 27.5.2011.

21. Kafli

21.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands	71
21.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands (LSBÍ)	71
21.1.2 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands 2008 - 2010	75
LSBÍ tafla 12	76
21.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	77

21.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands

21.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands (LSBÍ)

Upphaf

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. hét áður Eftirlaunasjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands. Þegar Búnaðarbanka Íslands var breytt í hlutafélag þann 1. janúar 1998 fékk sjóðurinn nafnið Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. Við breytinguna var ríkisábyrgð á skuldbindingum sjóðsins afnumin og bankinn greiddi í sjóðinn þá fjárhæð sem á þeim tíma var talin nægja til að standa undir framtíðarskuldbindingum sjóðsins. Þar með varð sjóðurinn sjálfstæð eining og ekki lengur á ábyrgð bankans. Sjóðfélagar greiða 4% iðgjald af launum og mótframlag launagreiðanda er 14,4%.

Stjórn sjóðsins

Fjöldi stjórnarmanna er þrír og þrír til vara. Kjörtímabil stjórnar er tvö ár. Val stjórnarmanna fer þannig fram að Kaupþing banki tilnefnir einn stjórnarmann og einn til vara. Tveir stjórnarmenn ásamt tveimur varamönnum eru kosnir á ársfundi af sjóðfélögum. Sjóðfélagar hafa einir atkvæðisrétt á ársfundi og hefur hver eitt atkvæði. Sjóðfélagar eru þeir sem voru starfsmenn Búnaðarbanka Íslands og óskuðu ekki eftir flutningi úr sjóðnum fyrir 1. júní 1998. Jafnframt eru sjóðfélagar þeir starfsmenn annarra stofnana, sem áttu rétt á þátttöku í sjóðnum samkvæmt samningum sem gerðir voru við eftirlaunasjóðinn fyrir 31. desember 1997.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í LSBÍ árin 2006-2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann. Rétt er að taka fram að frá bankahruni 2008 hefur Arion banki hf. skipað stjórnarmann í stað Kaupþings banka hf.

LSBÍ tafla 1

Stjórn LSBÍ í árslok

Nafn:	Tiln.	2009	2008	2007	2006
Jóhannes Þór Ingvarsson	SF	Form.	Form.	Form.	Form.
Ársæll Hafsteinsson	SF	X	X	X	X
Sigurður Guðmundsson	KB	X			
Magnús Pálmi Skúlason	KB		X	X	
Friðrik Halldórsson	KB				X
Fulltrúar sjóðfélaga	SF				
Kaupþing banki hf.	KB				

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Allir sem koma að sjóðnum eru starfsmenn Arion banka samkvæmt sérstöfum samningi milli sjóðsins og bankans. Sigurður Kristjánsson var framkvæmdastjóri sjóðsins árið 2006. Þá tók Arnaldur Loftsson við starfinu og gegndi því starfi fram á árið 2009 eða þangað til Flóki Halldórsson tók við. Flóki gegndi starfinu um nokkurra mánaða skeið en um haustið 2009 tók Haraldur Yngvi Pétursson við sem framkvæmdastjóri sjóðsins og hefur verið það síðan. Sjóðstjórar frá september 2007 eru Marinó Örn Tryggvason og Hjörleifur Arnar Waagfjörð.

Endurskoðun:

Sæmundur Valdimarsson, endurskoðandi KPMG hf.

Tryggingafræðileg athugun:

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur.

Innri endurskoðun:

Lilja Steinþórsdóttir, forstöðumaður innri endurskoðunar, Arion banka. María Knudsen og Guðrún Sigríður Sæmundsen, sérfræðingar í innri endurskoðun, Arion banka hf.

Regluvörður:

Regluvörður Arion banka hf.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009

Friðrik Halldórsson sem sat í stjórn LSBÍ árið 2006 sat einnig í stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna á árunum 2006 og 2007.

Ársæll Hafsteinsson hefur setið í eftirfarandi stjórnnum:

- Intrum Justitia AB 2005-2007
- ÁH lögmenn ehf. frá október 2008
- Stóðhesturinn Atlas ehf. frá 2007
- Jákvætt ehf. frá 2009

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk LSBÍ er að finna í 2. grein samþykktu sjóðsins.

2. Hlutverk sjóðsins.

2.1 Hlutverk sjóðsins er að veita sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum II. kafla samþykktá þessara.

2.2 Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

Starfsemi LSBÍ

Sjóðurinn er hlutfallssjóður. Sjóðfélagar voru starfsmenn Búnaðarbanka Íslands hf. og fluttu ekki réttindi sín í kjölfar þess að bankanum var breytt í hlutafélag. Við breytinguna 1. janúar 1998 áttu sjóðfélagar kost á því að velja á milli þess að vera áfram í hlutfallssjóðnum eða að flytja réttindin í stigasjóð og séreignarsjóð. Eftir það val var sjóðnum lokað og því hafa nýir sjóðfélagar ekki bæst í sjóðinn.

Skipulag og starfsreglur stjórnar

Á stjórnarfundi þann 24. júlí 2007 voru samþykktar nýjar starfsreglur stjórnar. Starfsreglurnar fjalla um starfsemi, skipan og skiptingu starfa innan stjórnar. Fjórða grein regnanna fjallar um verksvið stjórnar:

- Stjórn fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins og sér um að skipulag hans og starfsemi séu í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur.
- Stjórnin sér um að nægilegt eftirlit sé með reikningshaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Hún skal kveða á um skipulag, innra eftirlit, bókhald og reikningsskil, þar á meðal samninga við þriðja aðila.
- Rekstraraðili sjóðsins tilnefnir einn af starfsmönnum sínum til að hafa með höndum starf framkvæmdastjóra sjóðsins. Tilnefningin er háð samþykki stjórnar sjóðsins sem setur framkvæmdastjóra starfsreglur.
- Stjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórn getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála. Öll skjöl sem varða

meiriháttar ákvarðanir, svo sem samningar er teljast óvenjulegir eða meiriháttar eða hafa verulega þýðingu fyrir starfsemi sjóðsins, skulu undirrituð af stjórnarformanni sjóðsins og framkvæmdastjóra.

- Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans.
- Stjórnin mótastefnu sjóðsins og fjárfestingarstefnu. Stjórnin sér um ráðstöfun á fjármagni sjóðsins og er henni skylt að ávaxta það með hliðsjón af bestu kjörum á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins. Stjórnin skal sjá um að samsetning eignasafns sé í samræmi við gildandi lög og fjárfestingarstefnu sjóðsins hverju sinni.

Önnur atriði í starfsreglum stjórnar fjalla um gerð samþykktá, fyrirvar stjórnar, boðun funda, ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl., fundargerðir og fundargerðabók, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi, frekari reglur um störf stjórnar, breytingar á starfsreglum stjórnar og meðferð starfsreglna.

Ofangreindar starfsreglur voru endurskoðaðar og gefnar út þann 30. janúar 2008 án teljandi breytinga.

Starfsreglur framkvæmdastjóra

Á stjórnarfundi 28. október 2005 voru samþykktar starfsreglur framkvæmdastjóra sjóðsins. Reglunum var síðan lítillega breytt þann 18. ágúst 2008.

Þar segir m.a. að framkvæmdastjóri:

- Annist daglegan rekstur sjóðsins og skal hann fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem sjóðstjórn hefur gefið. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt heimild frá sjóðstjórn.
- Gefi stjórn sjóðsins skýrslu um daglegan rekstur sjóðsins á hverjum stjórnarfundi. Skýrslan skal innihalda a.m.k. rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og upplýsingar um fjölda sjóðfélaga og lífeyrisþega.
- Haldi skrá um þá sem greitt hafa iðgjöld til sjóðsins og þá sem öðlast hafa rétt til lífeyrisgreiðslna úr sjóðnum með öðrum hætti en greiðslu iðgjalda.

- Sendi árlega stjórn sjóðsins skýrslu tryggingafræðings til Fjármálaeftirlitsins um tryggingafræðilega athugun sjóðsins.
- Gefi stjórn sjóðsins skýrslu á hverjum stjórnarfundum um ráðstöfun eigna sjóðsins ásamt nákvæmri tilgreiningu á frávikum frá samþykktu fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Fjárfestingarstefna

Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu til eins árs í senn. Í fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2008 voru ekki gerðar neinar breytingar á markmiðum frá gildandi fjárfestingarstefnu, einungis vikmörk voru rýmkuð í nokkrum tilfellum. Vikmörk voru rýmkuð í innlánnum í bönkum og sparissjóðum og í öðrum verðbréfum. Þá var jafnframt ákveðið á stjórnarfundum þann 28. nóvember 2007 að breyta samsetningu hlutabréfaeignar þannig að um meiri dreifingu væri að ræða en á árinu 2007 átti sjóðurinn hlut í einungis þremur skráðum fyrirtækjum en þau voru Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf. og Exista hf.

LSBÍ tafla 2

Fjárfestingarstefna LSBÍ fyrir árið 2008	Markmið	Vikmörk
Innlán í bönkum og sparissjóðum	0%	0-15%
Verðbréf með ábyrgð ríkisins	65%	50-90%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	5%	0-10%
Skuldabréf banka og sparissjóða	10%	5-15%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	3%	0-10%
Hlutabréf	12%	0-15%
Önnur verðbréf	5%	0-20%
Samtals	100%	
Hlutabréf	12%	0-15%
Innlend hlutabréf	10%	0-15%
Erlend hlutabréf	2%	0-5%
Önnur verðbréf	5%	0-20%
Skuldabréf fyrirtækja	5%	0-15%
Annað	0%	0-5%

Eignastýring

Þann 26. ágúst 2005 var gerður samningur við Arion verðbréfavörslu um reikningshald, uppgjör- og vörsluþjónustu og afgreiðslu sjóðfélagalána. Verðbréfasafn LSBÍ fór ekki allt í vörslu til Arion verðbréfavörslu. Undanskilin voru hlutabréf í Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf. og Exista hf. Innri endurskoðun gerði athugasemd við þetta fyrirkomulag árið 2007 og fór fram á að öll hlutabréf sjóðsins

væru í stýringu hjá Arion verðbréfavörslu. Í rekstrar- samningi við Kaupþing banka þann 30. ágúst 2007 var þetta atriði lagfært.

Frá 28. nóvember 2008 er í gildi samningur við Nýja Kaupþing banka hf. þess efnis að allur rekstur og eignastýring sjóðsins séu í höndum bankans. Sá samningur tók við af samningi dags. 30. ágúst 2007 við Kaupþing banka hf. þar sem Nýi Kaupþing banki samþykkir að yfirtaka skyldur Kaupþings banka hf. skv. samþykktum lífeyrissjóðsins og annast daglegan rekstur hans.

Framkvæmdastjóri og sjóðstjóri skulu annast daglegan rekstur sjóðsins og skulu fara eftir þeirri stefnu og þeim fyrirmælum sem sjóðstjórn hefur gefið. Framkvæmdastjórinn ber ábyrgð gagnvart stjórn sjóðsins á því að Kaupþing banki hf. uppfylli þær skyldur við sjóðinn sem kveðið er á um í samningnum. Samkvæmt 9. gr. rekstrarsamningsins skal stjórn sjóðsins setja framkvæmdastjóra skriflegar starfsreglur. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikilháttar getur Kaupþing banki aðeins gert samkvæmt heimild frá stjórn sjóðsins.

Í 6. grein er fjallað um verklýsingar sjóðstjóra og framkvæmdastjóra sjóðsins. Þar segir:

„Sjóðstjóri skal sjá um að fylgja því eftir að viðskipti séu afgreidd á réttan hátt, þ.e.a.s. að verðbréf, aðgerðir, verð, þóknarir, viðskipta- og uppgjörsgagsetningar, sem og annað sem skiptir máli við að uppgjör séu rétt. Framkvæmdastjóri og sjóðstjóri halda utan um peningalega stöðu sjóðsins. Er sú umsjón fólgin í því að fylgjast með inngreiðslum/innlausnum, viðskiptum, greiðslu umsýsluþóknana, móttöku annarra tekna, s.s. vaxtatekna, og öllu öðru sem hefur í för með sér inn- eða útstreymi peninga.“

Auk þess ber Kaupþing banka hf. að gera stjórn sjóðsins reglulega grein fyrir stöðu hans og leggja fyrir stjórnina þær upplýsingar sem henni eru nauðsynlegar til að fylgjast með fjárfestingum sjóðsins og þróun hans.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 495 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins frá árinu 2005 hækkað að meðaltali um 1,5%

milli ára. Lífeyrisþegum hefur fjölgað á síðustu árum. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 225 talsins, samanborið við 188 í árslok 2006. Á þessum þremur árum hafði lífeyrisþegum fjölgað um 6,2% að meðaltali milli ára. Þannig höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins á föstu verðlagi ekki hækkad eins mikið og fjölgun lífeyrisþega. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni.

LSBÍ tafla 3

Lífeyrisgreiðslur í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	409	409	346	296	256
Örorkulífeyrir	14	17	20	16	14
Makalífeyrir	70	62	61	56	53
Barnalífeyrir og dánarbætur	2	1	1		1
Samtals, verðlag hvers árs	495	489	428	368	324
Samtals, verðlag 2009	495	526	544	495	466

Tryggingafræðileg staða - samtryggingardeild

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er miðað við að ávöxtun sjóðsins á næstu áratugum verði 2% að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins.

LSBÍ tafla 4

Heildarskuldbinding í mkr.

	2009	2008	2007	2006
Eignir	17.633	16.081	14.712	13.706
Skuldbindingar	15.533	15.182	14.675	13.904
Samtals	2.100	899	37	-198
% af skuldbindingum	13,5%	5,9%	0,3%	-1,4%

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar eru neikvæðar árið 2006. Síðan verður viðsnúningur þannig að heildareignir samanborið við heildarskuldbindingar verða jákvæðar árið 2007 og síðan jákvæðar um 5,9% árið 2008 og 13,5% árið 2009.

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Langmestur hluti eignasafns Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands eru skuldabréf með ríkisábyrgð. Á árunum fyrir fall bankanna voru skuldabréf með ríkisábyrgð um og yfir 60% af eignasafni sjóðsins. Skuldabréf lánastofnana voru á bilinu

8-12% og innlend hlutabréf 10-20%. Önnur eignasöfn sjóðsins voru hlutfallslega lítil og dreifð. Eftir fall bankanna varð aðaláhersla sjóðsins sú að fjárfesta í skuldabréfum með ríkisábyrgð og voru þau orðin 84% af eignasafninu í árslok 2009.

LSBÍ tafla 5

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Innlend hlutabréf			1.122	1.727	2.071
Erlend verðbréfaeign	286	217	265	439	4
Innlendir hlutabréfasjóðir	185	781	1.409	227	536
Innlendir skuldabréfasjóðir	174				
Skuldabréf með ríkisábyrgð	12.849	11.149	8.126	7.543	5.950
Skuldabréf lánastofnana	592	615	910	1.033	1.289
Skuldabréf sveitarfélaga	403	297	214	239	257
Skuldabréf fyrirtækja	417	479	374	403	223
Veðlán	327	342	317	298	311
Samtals	15.233	13.880	12.737	11.909	10.641

Heimild: Ársreikningar LSBÍ.

Tap sjóðsins lá fyrst og fremst í innlendum hlutdeildarskírteinum og innlendum hlutabréfum. Þá varð nokkurt tap á skuldabréfum banka og fyrirtækja en það var mun minna í fjárhæðum en tvö fyrst töldu eignasöfnin.

LSBÍ tafla 6

Hrein raunávöxtun eignasafna	2009	2008	2007	2006	2005
Innlend hlutabréf		-35,8%	25,2%	14,5%	46,5%
Gengistryggð bréf	4,3%	3,1%	-7,2%	24,1%	32,1%
Innlend hlutdeildarskírteini	-0,9%	-52,1%	0,1%	-3,5%	36,4%
Skuldabréf með ríkisábyrgð	5,1%	4,9%	4,2%	4,2%	5,1%
Skuldabréf lánastofnana	1,1%	3,9%	5,4%	4,8%	6,2%
Skuldabréf sveitarfélaga	5,3%	0,4%	4,5%	4,7%	4,3%
Skuldabréf fyrirtækja	-8,4%	-19,9%	4,3%		
Veðlán	5,4%	7,4%	4,3%		
Samtals	4,5%	-4,6%	5,8%	6,5%	15,8%

Heimild: Gögn frá LSBÍ dags. 12.4.2011.

Raunávöxtun

Árið 2009 var raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum 4,5%. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var aftur á móti neikvæð um 4,6%. Raunávöxtun árána 2005-2007 var mjög góð eða frá 5,8%-15,8%. Meðalraunávöxtun síðustu fimm og tíu árin er mjög góð. Síðustu fimm árin er raunávöxtun 5,4% og síðustu 10 árin er hún 5,7%.

LSBÍ tafla 7

Raunávöxtun	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	4,5%	-4,6%	5,8%	6,5%	15,8%
Fimm ára meðalávöxtun	5,4%	8,2%	11,5%	11,5%	9,6%
Tíu ára meðalávöxtun	5,7%	6,7%	8,3%		

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005-2009 í mkr.

Á árinu 2009 voru sjóðfélagar 510 talsins, sjóðfélagar sem greiddu iðgjald til sjóðsins voru 130 talsins. Iðgjaldgreiðslur 2009 námu samtals 87 mkr. sem var lækkun um 10% frá árinu 2008.

Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign milli ára á verðlagi ársins 2009 eru sveiflur ekki miklar milli ára. Mest hækkaði hrein eign árið 2005 eða um 2.312 mkr. Þá dró nokkuð úr hækkun á hreinni eign árið 2006. Árið 2008 hækkaði hrein eign til greiðslu lífeyris hvað minnst eða um 1.090 mkr. Árið 2009 hækkaði hrein eign hins vegar um 1.450 mkr. Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2009 var 15.418 mkr. Meðalhækkun á hreinni eign milli árana 2005-2009 á verðlagi ársins 2009 er 0,1%.

LSBÍ tafla 8

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	87	97	108	94	87
Lífeyrir	-495	-489	-427	-368	-324
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum	1	-161	387	370	971
Tekjur/-gjöld af húseignum og lóðum	0	0	0	0	0
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	1.976	1.678	1.024	1.095	879
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-110	-105	0	0	0
Fjárfestingartekjur	1.867	1.412	1.411	1.465	1.850
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-4	0	0	-2	-3
Rekstrarkostnaður	-5	-6	-4	-2	-2
Rekstrargjöld	-9	-6	-4	-4	-5
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	1.450	1.014	1.088	1.187	1.608
Hrein eign frá fyrra ári	13.968	12.954	11.866	10.679	9.071
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	15.418	13.968	12.954	11.866	10.679

Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009

	2009	2008	2007	2006	2005
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	1.450	1.090	1.382	1.596	2.312
Hrein eign frá fyrra ári	13.968	13.927	15.070	14.358	13.043
Hrein eign til greiðslu lífeyris	15.418	15.017	16.452	15.954	15.356

1) LSBÍ sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaup- og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarinnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6. Þóknatekjur fjármálfyrirtækja.

21.1.2 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands 2008 - 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðsins sem ollu mestu af tapi hans. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa jafnri og góðri ávöxtun í gegnum árin. Tap sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 og einungis lítilllega árið 2009. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða, útistandandi gjaldmiðlavarnarsamninga að teknu tilliti til væntanlegrar skuldajöfnunar skuldabréfa á hendur bönkunum. Tap sjóðsins liggur í eftirfarandi liðum:

- Skuldabréfum banka og sparissjóða
- Skuldabréfum fyrirtækja
- Innendum hlutabréfum
- Innendum hlutabréfasjóðum
- Innendum skuldabréfasjóðum

LSBÍ tafla 9

Yfirlit yfir tap LSBÍ af skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innendum hlutabréfum, innendum hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparissjóða	-25	88	58	121
Skuldabréf fyrirtækja		50	47	97
Innend hlutabréf		0	191	191
Innendir hlutabréfasjóðir		1	787	788
Innendir skuldabréfasjóðir		8	6	14
Samtals tap í mkr.	-25	147	1.088	1.211

Heimild: Gögn frá LSBÍ dags. 12.4.2011 og 3.11.2011.

Heildartap sjóðsins af ofangreindum eignasöfn-um árin 2008 til 2010 var 1.211 mkr.

Skuldabréf banka og sparissjóða

Í ársbyrjun 2008 var eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af bönkum og sparissjóðum samtals 910 mkr. Bókfærð skuldabréfaeign í bönkum og sparissjóðum í árslok 2008 var 615 mkr. en í árslok 2009 stóð hún í 592 mkr. Afskriftir á skuldabréfum banka og sparissjóða bæði árin 2008 og 2009 námu 146 mkr. Á árinu 2010 kom hins vegar í ljós að niðurfærslur skuldabréfa útgefna af Straumi Burðarás voru of háar þannig að niðurfærslan var lækkuð um 25 mkr. Nettóafskriftir af skuldabréfum Straums Burðarás urðu samtals 63 mkr. Þá voru 40 mkr. endanlega afskrifaðar af skuldabréfum í Byr sparissjóði og 18 mkr. í Glitni.

LSBÍ tafla 10

Afskriftir hjá bönkum og sparisjóðum vegna skuldabréfa

	2010	2009	2008	Samtals
Straumur Burðarás hf.	-25	54	34	63
BYR sparisjóður		34	6	40
Glitnir banki hf.			18	18
Samtals í mkr.	-25	88	58	121

Heimild: Gögn frá LSBÍ dags. 12.4.2011 og 3.11.2011.

Skuldabréf fyrirtækja

Í ársbyrjun 2008 var eign sjóðsins í fyrirtækja-skuldabréfum samtals 374 mkr. Heildar afskriftir á fyrirtækjaskuldabréfum árin 2008 og 2009 námu 97 mkr. Engar afskriftir voru árið 2010.

LSBÍ tafla 11

Afskriftir vegna skuldabréfa í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Landic Property/Stoðir		48	26	74
Skipti hf./Síminn		2	20	22
Alfesca hf.			1	1
Samtals	0	50	47	97

Heimild: Gögn frá LSBÍ dags. 12.4.2011 og 3.11.2011.

Innlend hlutabréf

Innlend hlutabréfaeign LSBÍ var 2.071 mkr. í ársbyrjun 2006. Hlutabréfaeignin fór síðan lækkandi og fyrir mitt ár 2008 var sjóðurinn búinn að selja öll hlutabréf sín. Hlutdeild hlutabréfa í verðbréfasafninu var 19,5% í árslok 2005, 14,5% í árslok 2006, 8,8% í árslok 2007 og síðan engin í lok árs 2008. Tap sjóðsins á hlutabréfum átti sér einungis stað á árinu 2008 eða 191 mkr.

LSBÍ tafla 12

Hagn. / (-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Hlutafjäreign í byrjun tímabils	4.920	0	1.122	1.727	2.071
Keypt hlutabréf	880	0	466	0	415
Seld hlutabréf	3.031	0	1.397	756	878
Hlutafjäreign í lok tímabils	2.849	0	0	1.122	1.727
Hagn / (-tap)	79	0	-191	151	119

Heimild: Gögn frá LSBÍ dags. 12.4.2011.

Í töflu 13 hér að neðan er gerð grein fyrir innlendra hlutabréfaeign LSBÍ tímabilið 1. janúar 2006 til 30. mars 2008. Í ársbyrjun 2006 átti sjóðurinn einungis hlutabréf í Glitni hf. og Kaupþing banka hf. að verðmæti 2.070. mkr. Í árslok 2006 var sjóðurinn búinn að fjárfesta í fleiri félögum þótt hlutafjäreignin

færi lækkandi. Í lok fyrsta ársfjórðungs 2008 stóð hlutabréfaeignin í 1.385 mkr. Fyrir mitt ár 2008 var búíð að selja alla hlutabréfaeign sjóðsins.

LSBÍ tafla 13

Hlutabréfaeign LSBÍ á markaðsvirði tímabilið 1.1.2006 - 31.12.2008 í þús. kr.

	31.12.2005	31.12.2006	30.6.2007	31.12.2007	30.3.2008
Bakkavör hf.					88.715
Exista hf.		41.332	63.192	33.575	18.888
Glitnir banki hf.	4.790	6.451			
Kaupþing banki hf.	2.066.115	1.235.926	834.290	604.816	751.814
Landsbanki Íslands hf.		443.097	560.857	483.533	434.556
Straumur Burðarás hf.					91.366
Samtals skráð félög	2.070.905	1.726.806	1.458.339	1.121.924	1.385.338

Heimild: Gögn frá LSBÍ dags. 12.4.2011.

Hlutabréfa- og skuldabréfasjóðir

Í árslok 2005 átti lífeyrissjóðurinn um 536 mkr. í innlendum hlutdeildarskírteinum. Ári seinna hafði eign sjóðsins í hlutdeildarskírteinum lækkað í 227 mkr. Á árinu 2007 margfaldaði lífeyrissjóðurinn eign sína í hlutdeildarskírteinum og var hún komin í 1.409 mkr. í árslok. Á árunum 2008 og 2009 lækkaði síðan eign sjóðsins í hlutdeildarskírteinum aftur, aðallega vegna lækkunar á gengi sjóðanna.

Hér á eftir má sjá þá sjóði sem lífeyrissjóðurinn tapaði mest á árin 2008 og 2009. Mesta tapið varð á hlutabréfasjóðum Kaupþings, ÍS 15, um 499 mkr., og Heildarvísitölusjóði, um 289 mkr. Óverulegt tap var á skuldabréfasjóðum eða um 14 mkr. á Hávaxta-sjóði Kaupþings. Alls nam gengislækkun sjóðanna þriggja 802 mkr.

LSBÍ tafla 14

Innlendir hlutabréfasjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

	2009	2008	Samtals
Kaupþing Heildarvísitölusjóður	13	276	289
Kaupþing ÍS 15	-12	511	499
Samtals	1	787	788

LSBÍ tafla 15

Innlendir skuldabréfasjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

	2009	2008	Samtals
Kaupþing Hávaxtasjóður	8	6	14

Heimild: Gögn frá LSBÍ dags. 3.11.2011.

Erlend verðbréf

Engar afskriftir eða niðurfærslur á erlendum eignum LSBÍ áttu sér stað árin 2008-2010.

Heimild: Tölvupóstur dags. 3.11.2011 frá Haraldi Yngva Péturssyni, framkvæmdastjóra LSBÍ.

Gjaldmiðlavarnir:

Ekki var hægt að sjá í ársreikningum LSBÍ að sjóðurinn hefði verið með útistandandi gjaldmiðlavarnarsamninga þegar bankarnir féllu.

21.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

Að framan hefur verið farið yfir gögn um fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands á úttektarárunum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Sjóðurinn hét áður Eftirlaunasjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands. Þegar Búnaðarbankanum var breytt í hlutafélag 1. janúar 1998 fékk sjóðurinn núverandi nafn. Við breytinguna var bakábyrgð ríkisins á skuldbindingum sjóðsins afnumin. Bankinn greiddi hins vegar ákveðna fjárhæð til sjóðsins sem talin var nægja til þess að hann gæti staðið undir framtíðarskuldbindingum sínum. Eftir þetta var sjóðnum lokað fyrir nýjum félögum. Hann hefur því frá þeim tíma eingöngu tekið við iðgjöldum frá þeim sjóðfélögum, sem voru starfandi og greiddu iðgjöld við breytinguna. Stjórnarmenn eru þrír, tveir kosnir af sjóðfélögum og einn tilnefndur af Kaupþingi banka (nú Arion).

Sjóðurinn hafði samning við Arion verðbréfavörslu um reikningshald, uppgjörs- og vörsluþjónustu og afgreiðslu sjóðfélagalána frá 26. ágúst 2005. Undanskilin voru þó hlutabréf í Kaupþingi banka hf., Landsbanka Íslands hf. og Exista hf. en eftir athugasemd frá innri endurskoðun var það lagfært 30. ágúst 2007. Frá þeim tíma er einnig rekstrarsamningur við Kaupþing banka. Nú er í gildi nýr rekstrarsamningur frá 28. nóvember 2008 við Kaupþing/Arion. Fjárfestingarstefnan var og er mótuð í samvinnu við Eignastýringardeild fagfjárfesta hjá Kaupþingi/Arion. Eignasafninu er þannig útvistað í heild sinni. Langmestur hluti eignasafnsins er skuldabréf með ríkisábyrgð. Fyrir fall bankanna voru þau um og yfir 60% og eftir hrun í árslok 2009 voru þau orðin 84%. Skuldabréf lánastofnana voru 8-12% og innlend hlutabréf 10-12%. Önnur eignasöfn voru lítil og dreifð. Tap sjóðsins varð í verðbréfum innlendra

banka, sparisjóða og fyrirtækja og verðbréfasjóða Kaupþings. Hlutdeild hlutabréfa í verðbréfasafninu var mest í ársbyrjun 2006 en fór eftir það lækkandi 2006 og 2007. Fyrir mitt ár 2008 var búið að selja öll innlend hlutabréf sjóðsins. Lækkunin stafar bæði af sölu og lækkun á verði hlutabréfa á markaði en stefna eignastýringardeildarinnar mun hafa verið sú eftir mitt ár 2007 að draga sig út úr fjárfestingum í hlutabréfum.¹ Þykir ekki ástæða til að fjalla frekar um fjárfestingar sjóðsins.

¹ Sbr. viðtal úttektarnefndar við Marínó Örn Tryggvason, dags. 5.8. og 5.9.2011.

22. Kafli

22.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar	81
22.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar (LSH).	81
22.1.2 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar	84
22.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	85

22.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar

22.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar (LSH)

Upphaf

Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar var stofnaður árið 1969. Þann 1. júlí 1998 var sjóðnum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Þeim einum sem greiddu til sjóðsins í júní 1998 er heimilt að greiða áfram til sjóðsins, enda hafi iðgjald verið greitt til sjóðsins óslitið frá þeim tíma. Þetta eru þeir sem greiddu iðgjöld vegna starfa hjá Húsavíkurkaupstað eða stofnunum bæjarins, falla undir lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og voru iðgjaldaskyldir til sjóðsins.

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hefur frá 1. júní 1999 haft umsjón með og annast rekstur sjóðsins.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum. Einn er kosinn af sjóðfélögum og annar er kosinn af bæjarstjórn. Þriðji stjórnarmaðurinn er bæjarstjóri sem jafnframt er stjórnarformaður. Varamenn eru jafnmargir og tilnefndir á sama hátt. Kjörtímabil stjórnar er fjögur ár.

Allir sjóðfélagar, bæði greiðendur og lífeyrisþegar, hafa setu- og tillögurétt á ársfundum sjóðsins, hver fundarmaður fer með eitt atkvæði.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar árin 2006-2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

Húsavík tafla 1

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar í árslok

Nafn:	Tíln.	2009	2008	2007	2006
Bergur Elías Ágústsson	SN	Form.	Form.	Form.	Form.
Ása Gísladóttir	SH	X	X	X	X
Jón Helgi Björnsson	SsN	X	X	X	X
Sveitarstjóri Norðurbings	SN				
Starfsmannafélag Húsavíkur	SH				
Sveitarstjórn Norðurbings	SsN				

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Jón G. Kristjánsson, sviðstjóri réttindasviðs er Arent Claessen. Báðir

hafa gegnt þessum störfum frá árinu 1998. Elías H. Leifsson er sviðstjóri fjármálasviðs og hefur gegnt því starfi frá árinu 2007.

Endurskoðun:

Davíð Búi Halldórsson og Björn St. Haraldsson, endurskoðendur, PricewaterhouseCoopers hf.

Tryggingafræðileg athugun:

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur.

Innri endurskoðun:

Sif Einarsdóttir endurskoðandi, yfirmaður áhættuþjónustu Deloitte hf.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009.

Bergur Elías Ágústsson hefur setið í eftirfarandi stjórnnum:

- Eyþing frá 2006
- Hótel Norðurljós ehf., stjórnarformaður
- Hótel Ásbyrgi ehf., stjórnarformaður frá 2007
- Orku- og stóriðjunefnd Eyþings, formaður
- Orkuveita Húsavíkur hf., stjórnarformaður
- Þeistareykir ehf.

Jón G. Kristjánsson sat í stjórn Íslenskra verðbréfa hf. á árunum 2009 - 2010.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar er að finna í 2. grein samþykktá sjóðsins.

2. Hlutverk sjóðsins.
2.1 Hlutverk sjóðsins er að veita sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og eftirlátnum mökum þeirra og börnum maka- og barnalífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktá þessara.

Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar

Starfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingarsjóðs.

Skipulag og starfsreglur stjórnar

Starfsreglur stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar voru samþykktar á stjórnarfundum þann 30. maí 2002.

Verksvið stjórnar samkvæmt 4. gr. starfsreglnanna er eftirfarandi:

- Að fara með æðsta vald í málefnum sjóðsins.
- Að hafa eftirlit með reikningshaldi og fjármunum sjóðsins.
- Að veita og afturkalla prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
- Að taka ákvarðanir í öllum málum sem teljast óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórnin getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til að sjá um slík mál.
- Að móta fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- Að sjá um ráðstöfun á fjármagni sjóðsins og ávaxta það.
- Að sjá um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun og starfsemi sjóðsins.

Einnig kemur fram að stjórnin hafi falið Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga, LSS, daglegan rekstur sjóðsins og að framkvæmdastjóri LSS gegni hlutverki framkvæmdastjóra sbr. grein 4.4 í samþykktum sjóðsins. Hann beri sömu ábyrgð og skyldur gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar og hann hefur við LSS.

Að öðru leyti fjalla starfsreglur stjórnar um skipan og skiptingu starfa, fyrirvar stjórnar, boðun funda, ákvörðunarvald og atkvæðagreiðslur, fundargerðir og fundargerðabók, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi og breytingar og meðferð starfsreglna.

Starfsreglur framkvæmdastjóra

Starfsreglur framkvæmdastjóra LSS voru samþykktar á stjórnarfundi LSS þann 9. september 2003. Helstu atriði starfsreglnanna eru þessi (Starfsreglur framkvæmdastjóra LSS eiga einnig við um framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs Húsavíkurkaupstaðar):

- Áætlanagerð og skipulagsmál. Afgreiðsla lífeyrisumsókna og veiting sjóðfélagalána.
- Gerð ársreikninga, ársskýrslna o.fl.
- Gæta eigna sjóðsins að því marki sem þær eru í hans vörslu, áhalda og búnaðar, og sjá um nauðsynlegt viðhald og varðveislu.
- Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar, nema stjórn hafi veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála.

- Framkvæmdastjóra er ekki heimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar.

Fjárfestingarstefna

Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu sjóðsins til eins árs í senn. Fjárfestingarstefnan er grundvölluð á ákvæðum 36. gr. laga nr. 129/1997 og samþykktum sjóðsins. Sjóðurinn nýtur bakábyrgðar Húsavíkurkaupstaðar. Í töflu 2 má sjá fjárfestingarstefnu LSH fyrir árið 2008.

Húsavík tafla 2

Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar fyrir árið 2008

Flokkar verðbréfa	Markmið	Vikmörk
Innlán í bönkum og sparissjóðum	3%	10/0
Verðbréf með ríkisábyrgð	50%	70/30
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	2%	20/0
Skuldabréf banka og sparissjóða	15%	40/0
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	5%	20/0
Hlutabréf fyrirtækja	0%	20/0
Önnur verðbréf	25%	40/0
Samtals	100%	

Sundurlíðun:	Stefna	Lágmark	Hámark
Hlutabréf	0%	0%	10%
Innlend hlutabréf	0%	0%	10%
Erlend hlutabréf	0%	0%	10%
Önnur verðbréf	25%	0%	40%
Skuldabréf fyrirtækja	25%	0%	30%
Annað	0%	0%	10%

Eignastýring

LSH var með samning um eignastýringu, umsýslu og vörslu lífeyrissjóðsins við Kaupþing Búnaðarbanka hf. dags. 30. desember 2004. Í viðauka I með eignastýringarsamningnum fylgdi fjárfestingarstefna sjóðsins sem bankanum var skylt að fjárfesta samkvæmt. Þeir verðbréfaflokkar sem tilgreindir voru í viðaukanum eru þeir sömu og í töflu 2 hér að ofan. Markmiðin voru aðeins frábrugðin, þ.e. markmið um fjárfestingu í ríkisbréfum var 65% árið 2004 í stað 50% í fjárfestingarstefnu fyrir árið 2008. Í viðauka II með samningnum var kveðið á um kostnað og þóknarir og í viðauka III var tilgreind sú þjónusta sem bankinn veitir sjóðnum í tengslum við fjárvörslu sína:

- Árleg greining á eignum og skuldbindingum viðskiptavinar.
- Ráðgjöf við endurskoðun og mótun fjárfestingarstefnu.
- Ráðgjöf við mat á fjárfestingarkostum.

Húsavík tafla 3

	Lífeyrisgreiðslur í mkr.					Fjöldi lífeyrisþega				
	2009	2008	2007	2006	2005	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	49	42	37	36	30	49	46	43	43	43
Örorkulífeyrir	6	5	5	6	5	14	14	15	17	17
Makalífeyrir	10	9	9	9	6	12	12	13	12	11
Barnalífeyrir						3	3	3	3	3
Samtals	65	56	51	51	41	78	75	74	75	74
Samtals, verðlag 2009	65	60	65	69	59					

- Upplýsingafundur eftir því sem við á.
- Fræðslufundur með starfsmönnum og stjórn.
- Önnur tilfallandi aðstoð.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur - samtryggingardeild

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 65 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins frá árinu 2005 hækkað að meðaltali um 2,5% á ári. Lífeyrisþegum hafði fjölgað örlítið á síðustu árum. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 78 talsins, samanborið við 74 lífeyrisþega í árslok 2005. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni (Sjá töflu 3).

Tryggingafræðileg staða

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Húsavík tafla 4

Heildarskuldbinding í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	643	647	588	547	523
Skuldbindingar	2.259	2.203	2.000	1.881	1.725
Samtals	-1.616	-1.556	-1.412	-1.334	-1.202
% af skuldbindingum	-71,5%	-70,6%	-70,6%	-70,9%	-69,7%

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar eru neikvæðar sem nemur um það bil 70% öll fimm árin sem eru til skoðunar.

Hafa ber í huga að sjóðnum er ekki ætlað að standa að fullu undir réttindum þeim sem sjóðfélögum eru tryggð í reglugerð hans, heldur ber bæjarsjóður Norðurþings og hlutaðeigandi stofnunum að standa undir hluta útgjaldanna sbr. 22. gr. reglugerðar sjóðsins. Þar er kveðið á um endurgreiðslu launagreiðenda á hluta greidds lífeyris á grundvelli tryggingafræðilegrar athugunar. Endurgreiðsluhlutfallið var 67% í ársbyrjun 2008 og 70% í árslok sama ár.

Heimild: Ársreikningar Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar.

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Meginhluti eigna sjóðsins eða á bilinu 80-95% er í þremur eignasöfnum sem eru: Skuldabréf með ríkisábyrgð, innlend hlutdeildarskírteini og skuldabréf fyrirtækja. Afgangurinn dreifist nokkuð jafnt á önnur eignasöfn. Eftir fall bankanna fara skuldabréf með ríkisábyrgð uppí 60% af eignasafni sjóðsins.

Húsavík tafla 5

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Bankainnstæður	21	48	16	5	6
Veðlán	2	4	11	17	6
Innlend hlutdeildarskírteini	125	143	154	154	251
Innlend hlutabréf			1		
Erlend verðbréfaeign			12	13	9
Skuldabréf með ríkisábyrgð	321	176	111	97	51
Skuldabréf sveitarfélaga	10	9	6	13	29
Skuldabréf lánastofnana		15	28	30	20
Skuldabréf fyrirtækja	71	105	128	112	40
Samtals	550	500	467	441	412

Í töflu 6 má sjá raunávöxtun eignasafna Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar.

Húsavík tafla 6

Raunávöxtun eignasafna	2009	2008	2007	2006
Innlán	5,9%	-0,3%	5,8%	3,8%
Ríkisskuldabréf	4,0%	2,3%	5,8%	13,1%
Skuldabréf bæjar og sveitarfélaga	4,9%	-4,6%	5,8%	-0,9%
Skuldabréf banka og sparissjóða	0,3%	-8,0%	4,9%	2,9%
Fasteignaveðtr. bréf	2,2%	-5,5%	5,8%	12,2%
Hlutabréf	-7,9%	-63,3%	-3,6%	-6,5%
Önnur verðbréf	-2,4%	-7,2%	1,1%	0,0%
Gengisv. verðbréf	-7,9%	-10,6%	-8,4%	-14,0%

Heimild: Lífeyrissjóður stm. Húsavíkurkaupstaðar dags 12.12.2011.

Raunávöxtun

Árið 2009 var raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum 0,9%. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var aftur á móti neikvæð um 4,5% og skýrist það einkum af áföllum þeim sem urðu á fjármálamarkaði hér innanlands. Raunávöxtun 2007 var jákvæð um 2,5%. Meðalraunávöxtun síðustu fimm árin var 0,9%.

Húsavík tafla 7

Raunávöxtun	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	0,9%	-4,5%	2,5%	3,0%	2,7%
Fimm ára meðalávöxtun	0,9%	2,1%	4,0%	4,5%	4,7%

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Á árinu 2009 voru einungis 22 virkir sjóðfélagar, þ.e. þeir sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði. Iðgjaldagreiðslur árið 2009 námu samtals 54 mkr. sem er hækkun um rétt rúm 10% frá árinu 2008.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris á föstu verðlagi ársins 2009 hefur lækkað milli árunna 2005 til og með 2009 um 6%.

Húsavík tafla 8

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	54	49	42	41	35
Lífeyrir	-65	-57	-50	-51	-42
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum	0	0	0	0	0
Tekjur/-gjöld af húseignum og lóðum	0	0	0	0	0
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	70	91	41	45	30
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-15	-33	0	0	0
Fjárfestingartekjur	55	58	41	45	30
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-2	-2	0	0	0
Rekstrarkostnaður	-3	-2	-3	-3	-3
Rekstrargjöld	-5	-4	-3	-3	-3
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	39	46	30	32	20
Hrein eign frá fyrra ári	527	481	451	419	399
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	566	527	481	451	419
Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009					
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	39	49	38	43	29
Hrein eign frá fyrra ári	527	517	573	563	574
Hrein eign til greiðslu lífeyris	566	567	611	606	602

1) Lífeyrissjóður Húsavíkurkaupstaðar sýnir ekki allar þóknarnir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarnir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarnir sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6. Þóknarnatekjur fjármálafyrirtækja.

22.1.2 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti mest í skuldabréfum með ríkisábyrgð og innlendum skuldabréfasjóðum og þar af voru flestir sjóðirnir sem lífeyrissjóðurinn fjárfesti í með ríkisbréfum. Einnig fjárfesti lífeyrissjóðurinn nokkuð í innlendum skuldabréfum fyrirtækja. Eignir í öðrum verðbréfaflokkum voru mjög litlar. Sjóðurinn var ekki með gjaldmiðlavarnir enda voru engar erlendar eignir til staðar frá árinu 2007. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eda niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða.

Innlend skuldabréf

Tap lífeyrissjóðsins liggur fyrst og fremst í skuldabréfum fyrirtækja, alls 59 mkr. Mest var afskrifað af skuldabréfum Burðaráss hf. eða 25 mkr. og Bakka- varar 16 mkr.

Húsavík tafla 9

Afskriftir skuldabréfa fyrirtækja

	2010	2009	2008	Samtals
Burðarás hf.		14	11	25
Bakkavör hf.	10		6	16
Avion hf./HF Eimskipafélag Íslands			12	12
N 1 hf./Oliufélagið hf.	2		2	4
Kögun hf.			2	2
Samtals í mkr.	12	14	33	59

Heimild: Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar dags. 30.9.2011.

Innlendir skuldabréfasjóðir

Eins og áður sagði var stór hluti skuldabréfasjóða sem lífeyrissjóðurinn fjárfesti í með skuldabréfum

ríkissjóðs. Í töflu nr. 10 hér að neðan má sjá þá skuldabréfasjóði sem eitthvert tap var á. Helst ber að nefna Sjóð 1 þar sem tapið var 8 mkr. Í heildina var tap á skuldabréfasjóðum 11 mkr.

Húsavík tafla 10

Innlendir skuldabréfasjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

		2009	2008	Samtals
Glitnir	Sjóður 1	4	4	8
Kaupþing	Hávaxtasjóður	1	1	2
Kaupþing	Fagsjóður alþ.		1	1
Samtals		5	6	11

Heimild: Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar dags. 30.9.2011.

22.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar 2006-2009. Athugasemdir úttekta nefndar

Að framan hefur verið farið yfir gögn um fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar á úttektaárunum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Lífeyrissjóðurinn var stofnaður 1969 og nýtur bakabyrgðar sveitarfélagsins. Í kjölfar setningar lífeyrissjóðalaganna og stofnunar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS) var sjóðnum lokað fyrir nýjum félögum árið 1998. Frá 1999 hefur sjóðurinn einungis tekið við iðgjöldum frá þeim sjóðfélögum sem voru starfandi og greiddu iðgjöld við gildistöku laganna. Þótt sjóðsmyndun sé nokkur má að öðru leyti líta á sjóðinn sem gegnumstreymissjóð. Gildir að því leyti sama um þennan sjóð og sambærilega sjóði annarra sveitarfélaga, sem var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum í kjölfar lagasetningarinnar og stofnunar LSS, svo og B-deild LSR. Má vísa til LSR vegna umfjöllunar um þetta fyrirkomulag að öðru leyti. Sjóðurinn er þannig undanþeginn lagaákvæðum svo sem um fjölda sjóðfélaga, ábyrgð á skuldbindingum og afleiðingum tryggingafræðilegrar úttekta. Sveitarfélagið er því ábyrgt fyrir þeim skuldbindingum sem sjóðurinn á ekki fyrir. Enda eru tveir stjórnarmenn kosnir af bæjarstjórn og einn af sjóðfélögum.

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hefur frá 1. júní 1999 haft umsjón með og annast rekstur sjóðsins. Gildir það sama um fjárfestingu hans sem um fjárfestingu þess sjóðs. Lífeyrissjóðurinn fjárfesti

mest í skuldabréfum með ríkisábyrgð og innlendum skuldabréfasjóðum sem helst fjárfestu einnig í ríkisbréfum. Hann fjárfesti þó nokkuð í innlendum fyrirtækjaskuldabréfum. Hann var ekki með gjaldmiðlavarnir. Tap hans við hrunið var helst í skuldabréfum fyrirtækja eða 59 mkr. samtals. Þykir ekki ástæða til að fjalla frekar um fjárfestingar sjóðsins. Um stjórnarhætti sjóðsins vísast í umfjöllun um Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar, kafla 24.2.

23. Kafli

23.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar	89
23.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar.....	89
23.1.2 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar 2008 til 2010	92

23.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar

23.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar

Upphaf

Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar var stofnaður með samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs þann 21. mars 1958 og staðfestur af ráðherra 19. júní 1958 og hét þá Eftirlaunasjóður Kópavogskaupstaðar. Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum 1. júlí 1998, einungis þeir sem greiddu iðgjöld fyrir þann tíma fengu áfram aðild að sjóðnum. Kópavogskaupstaður ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sjóðsins.

Þann 19. júní 2009 sendi fjármálaráðuneytið frá sér fréttatilkynningu þar sem Lífeyrissjóði starfsmanna Kópavogsbæjar var skipaður umsjónaraðili vegna gruns um að ákvarðanir stjórnar sjóðsins um fjárfestingar hefðu ekki verið í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 og að ítrekuðum kröfum Fjármálaeftirlitsins um úrbætur hafi ekki verið sinnt.

Í ársbyrjun 2011 var greint frá því í fjölmiðlum að rannsókn á málinu væri lokið og það sent saksóknara sem tæki ákvörðun um hvort ákæra yrði gefin út eða málið fellt niður. Þann 15. desember 2011 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur fimm fyrrum stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra sjóðsins. Er ákæran í tveimur liðum og lýtur annars vegar að því að sjóðurinn hafi veitt Kópavogsbæ ólögmaðt lán og hins vegar að sjóðurinn hafi veitt Fjármálaeftirlitinu rangar upplýsingar. Vegna óljósrar stöðu lífeyrissjóðsins verður umfjöllun um hann ekki ítarleg, upplýsingar voru að mestu unnar upp úr ársreikningum sjóðsins og þeim gögnum sem núverandi framkvæmdastjóri hafði tök á að útvega.

Þann 18. janúar 2010 var skrifað undir samning um að Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga annaðist allan daglegan rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar frá 1. mars 2010. Í því felst að LSS annast allt réttindabókhald, útreikning og útborgun lífeyris og hefur umsjón með öllu reikningshaldi fyrir sjóðinn ásamt móttöku, vörslu og ávöxtun iðgjalda, sem og eignastýringu. Jafnframt tók framkvæmdastjóri LSS við sem framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar.

Stjórn sjóðsins

Í stjórn sjóðsins sitja fimm menn. Tveir þeirra eru kosnir af sjóðfélögum á ársfundi og bæjarstjórn Kópavogsbæjar kys tvo. Sá fimmti er tilnefndur af stjórn sjóðsins og skal hann vera óháður bæði af sjóðfélögum og bæjarstjórn. Hann er jafnframt formaður sjóðstjórnar. Jafnmargir varamenn eru tilnefndir/kosnir á sama hátt. Kjörtímabil stjórnar er tvö ár en stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur en 12 ár sem aðalmenn í stjórn sjóðsins.

Allir sjóðfélagar svo og fulltrúar launagreiðenda eiga rétt til fundarsetu á ársfundi með umræðu- og tillögurétti. Allir sjóðfélagar og lífeyrisþegar hafa atkvæðisrétt á fundinum og fer hver með eitt atkvæði.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í Lífeyrissjóði starfsmanna Kópavogsbæjar árin 2006–2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

Kópavogur tafla 1

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar í árslok

Nafn:	Titn.	2009	2008	2007	2006
Hlynur Jónsson	FR	Form.			
Guðrún Arnardóttir	BS	X			
Ármann Kr. Ólafsson	BS	X			
Guðrún Pálsdóttir	SF	X			
Ragnar Snorri Magnússon	SF	X			
Gunnar I. Birgisson	BS		Form.	Form.	Form.
Ómar Stefánsson	BS		X	X	X
Flosi Eiríksson	BS		X	X	X
Jón Júlíusson	SF		X	X	X
Sigrún Guðmundsdóttir	SF		X	X	X
Bæjarstjórn	BS				
Fulltrúi starfsmannafélags	SF				
Fjármálaráðuneyti					
v/ tilskipunar umsjónarmanns	FR				

Í júní 2009 vék FME stjórn og framkvæmdastjóra frá og skipaði Elínu Jónsdóttur umsjónaraðila sjóðsins. Í ágúst var síðan ný stjórn skipuð og nýr framkvæmdastjóri ráðinn. Í janúar 2010 samþykkti stjórn sjóðsins að útvista daglegum rekstri sjóðsins til Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS).

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Á árunum 2006 til 2009 var Sigrún Á. Bragadóttir framkvæmdastjóri sjóðsins. Árið 2009 var síðan

Auður Finnbogadóttir ráðin framkvæmdastjóri. Núverandi framkvæmdastjóri er Jón G. Kristjánsson sem tók við því starfi í janúar 2010.

Endurskoðun:

Hjalti Schiöth og Guðmundur Snorrason, löggiltir endurskoðendur, PricewaterhouseCoopers hf.

Tryggingafræðileg athugun:

Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur, Talnakönnun hf.

Innri endurskoðun:

Gunnar Þór Ásgeirsson, löggiltur endurskoðandi, PricewaterhouseCoopers hf.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009

Nefndin hefur ekki undir höndum upplýsingar um stjórnarsetu stjórnarmanna né starfsmanna sjóðsins.

Hlutverk sjóðsins

2. grein. Hlutverk sjóðsins

„Hlutverk sjóðsins er að sjá sjóðfélögum, mökum þeirra og börnum fyrir lífeyri samkvæmt þeim reglum er greinir í samþykkt þessari.“

Starfsemi

Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar starfar í einni deild, samtryggingardeild. Í árslok 2009 voru um 18% lífeyrisþega á eftirmannsreglu en 82% lífeyrisþega fylgja meðaltalsreglu.

Skipulag og starfsreglur stjórnar

Á stjórnarfundum sjóðsins þann 5. desember 2001 voru samþykktar starfsreglur fyrir stjórn sjóðsins. Fjórða grein starfsreglnanna fjallar um verksvið stjórnar, þar kemur m.a. fram að:

- Stjórn sjóðsins fari með æðsta vald í málefnum sjóðsins.
- Stjórnin skuli sjá um að nægilegt eftirlit sé með reikningshaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.
- Stjórnin ráði framkvæmdastjóra.
- Stjórnin taki ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórnin getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála.

- Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans.
- Stjórnin skuli móta fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- Stjórnin sjái um ráðstöfun á fjármagni sjóðsins.

Að öðru leyti er fjallað um skiptingu og skipan starfa stjórnar, fyrirvar stjórnar, boðun funda o.fl., ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl., fundargerðir og fundargerðarbók, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi, frekari reglur stjórnar, breytingar og meðferð starfsreglna.

Í skýrslu innri endurskoðunar frá árinu 2009 kemur fram að ekki sé til staðar nákvæm starfslýsing framkvæmdastjóra en í óundirritaðri og ódagsettri starfslýsingu komi fram verkefni forstöðumanns lífeyrissjóðsins. Sú lýsing eigi þó ekki nema að hluta til við um störf framkvæmdastjóra.

Fjárfestingarstefna

Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu sjóðsins til eins árs í senn. Fjárfestingarstefnan er grundvölluð á samþykktum sjóðsins og 36. gr. laga nr. 129/1997. Eðli málsins samkvæmt eru breytingar á fjárfestingarstefnunni milli ára ekki miklar. Stefnu sjóðsins fyrir árið 2008 má sjá í töflu 2:

Kópavogur tafla 2

Fjárfestingarstefna ársins 2008	Stefna	Frávik %	
Skuldabréf	60%	-10%	15%
Innlán, laust fé	0%	-5%	5%
Ríkistryggð bréf	22%	-10%	10%
Skuldabréf lánastofnana	8%	-7%	10%
Skuldabréf sveitarfélaga	5%	-5%	5%
Skuldabréf fyrirtækja	10%	-7%	7%
Veðskuldabréf	15%	-10%	10%
Hlutabréf	40%	-15%	10%
Innlend hlutabréf	10%	-5%	20%
Erlend hlutabréf	30%	-15%	5%

Eignastýring

Allar fjárfestingareignir voru í eignavörslu hjá fjármálastofnunum, nema skuldabréf Kópavogsbæjar sem geymd voru í bankahólf. Einungis einn skriflegur eignastýringarsamningur var til við Glitni, dags. 22. nóvember 2007. Glitnir var stærsti fjárvörsluaðilinn.

Heimild: Skýrsla innri endurskoðunar 2009.

Kópavogur tafla 3

	Lífeyrisgreiðslur í mkr.					Fjöldi lífeyrisþega			
	2009	2008	2007	2006	2005	2009	2008	2007	2006
Ellilífeyrir	148	126	117	110	104	159	159	154	152
Örorkulífeyrir	16	19	19	14	7	24	24	22	20
Makalífeyrir	34	35	32	30	27	42	41	43	41
Barnalífeyrir	0	0		1	1				1
Samtals	198	180	168	155	139	225	224	219	214
Samtals, verðlag 2009	198	194	213	208	200				

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 198 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins frá árinu 2005 lækkað að meðaltali um 0,2% milli ára. Lífeyrisþegum hefur heldur fjölgað á síðustu árum. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 225 talsins, samanborið við 214 í árslok 2005. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fái lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni (Sjá töflu 3).

Tryggingafræðileg staða

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Kópavogur tafla 4

Heildarskuldbinding í mkr.	2009	2008	2007	2006
Eignir	3.541	3.181	3.258	3.027
Skuldbindingar	8.824	8.063	7.335	6.947
Samtals	-5.283	-4.882	-4.077	-3.920
% af skuldbindingum	-59,9%	-60,5%	-55,6%	-56,4%

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar hafa verið neikvæðar allt tímabilið sem er til skoðunar. Rétt er að minna á að Kópavogskaupstaður ábyrgist lífeyris-skuldbindingar sjóðsins.

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Í ársreikningum sjóðsins er verðbréfaeign ekki sundurliðuð. Einungis er gerð grein fyrir innlendum hlutabréfum, erlendri verðbréfaeign og veðlánnum. Að öðru leyti eru verðbréf aðeins flokkuð sem *verðbréf með föstum*

tekjum og verðbréf með breytilegum tekjum. Það er því ekki mögulegt að sjá í ársreikningum hversu mikið sjóðurinn á, t.d. af skuldabréfum með ríkisábyrgð eða í öðrum verðbréfaflokkum. Þetta er mjög bagalegt fyrir sjóðfélaga sem ætla mætti að væru lesendur ársreikningsins. Leita þurfti því til lífeyrissjóðsins til að fá sundurliðun á verðbréfaeign sem sjá má í töflu 5 hér að neðan.

Kópavogur tafla 5

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Innlend hlutabréf	11	3	176	231	347
Erlend verðbréfaeign	875	642	748	618	452
Innlendir hlutabréfasjóðir	9	10	107	132	370
Innlendir skuldabréfasjóðir	410	412	683	489	104
Skuldabréf með ríkisábyrgð	629	165	74	19	26
Skuldabréf lánastofnana		11	274	15	26
Skuldabréf sveitarfélaga	435	344	13	16	19
Skuldabréf fyrirtækja	87	114	235	542	202
Veðlán*	161	123	168	289	442
Samtals	2.617	1.824	2.478	2.351	1.988

*Veðlán eru ekki sjóðfélagalán árin 2007 til 2009. Árið 2006 eru sjóðfélagalán einungis 0,1% af veðlánnum eða um 313 þús.kr.

Heimild: Ársreikningar og gögn frá Lífeyrissjóði stm. Kópavogsbæjar dag. 3.11.2011.

Kópavogur tafla 6

Hrein raunávöxtun eignasafna	2009	2008	2007
Innlán í bönkum og sparisjóðum	6%	-5%	5%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	9%	10%	21%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	9%	21%	11%
Skuldabréf banka og sparisjóða	9%	-13%	26%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	1%	0%	9%
Hlutabréf	59%	-76%	9%
Önnur verðbréf	10%	-3%	7%
Gengisbundin verðbréf	31%	-9%	-4%
Samtals	14%	-16%	5%

Heimild: Úttekt á ávöxtun eignasafna sent til FME.

Raunávöxtun

Árið 2009 var raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum 6,8%. Raunávöxtun sjóðsins var jákvæð fram

til ársins 2007 en á því ári var raunávöxtun neikvæð um 0,4% og árið 2008 neikvæð um 15,7%. Meðal-raunávöxtun síðustu fimm árin var 2,3%.

Kópavogur tafla 7

Raunávöxtun	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	6,8%	-15,7%	-0,4%	9,1%	14,4%
Fimm ára meðalávöxtun	2,3%	2,0%	7,0%	6,1%	4,4%

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Á árinu 2009 voru að meðaltali 146 sem greiddu iðgjöld. Iðgjaldagreiðslur 2009 námu samtals 174 mkr. sem var hækkun um 9,2% frá árinu 2008.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris á verðlagi ársins 2009 sveiflast töluvert milli ára eða allt frá 3.216 mkr. árið 2006 niður í 2.619 mkr. árið 2008. Hrein eign til greiðslu lífeyris lækkar um 1,4% milli ára.

Kópavogur tafla 8

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	174	159	152	141	120
Lífeyrir	-198	-179	-168	-155	-139
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum	4	-125	0	224	241
Tekjur/-gjöld af húseignum og lóðum	0	0	0	0	0
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	466	144	150	118	93
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-82	-67	0	0	0
Fjárfestingartekjur	388	-48	150	342	334
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-3	-3	-24	-3	-5
Rekstrarkostnaður	-20	-11	-7	-6	-7
Rekstrargjöld	-23	-14	-31	-9	-12
Aðrar tekjur	24	14	9	9	13
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	365	-68	112	328	316
Hrein eign frá fyrra ári	2.436	2.504	2.392	2.064	1.748
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	2.801	2.436	2.504	2.392	2.064
Afíkoma á föstu verðlagi ársins 2009					
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	365	-73	142	441	454
Hrein eign frá fyrra ári	2.436	2.692	3.038	2.775	2.513
Hrein eign til greiðslu lífeyris	2.801	2.619	3.180	3.216	2.968

1) Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6. Þóknatekjur fjármálfyrirtækja.

23.1.2 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar 2008 til 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðsins sem ollu mestu tapi hans. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem

skilað hafa jafnri og góðri ávöxtun í gegnum árin. Tap sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 en afleiðingarnar komu hins vegar ekki að fullu fram fyrir en á árinu 2009 og 2010. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða. Tap sjóðsins liggur í eftirfarandi liðum:

- Skuldabréfum banka og sparissjóða
- Skuldabréfum fyrirtækja
- Innendum hlutabréfasjóðum
- Innendum skuldabréfasjóðum

Kópavogur tafla 9

Yfirlit yfir tap Lífeyrissjóðs st. Kópavogsbæjar af skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innendum hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparissjóða	-1	12	13	24
Skuldabréf fyrirtækja	41	46	16	103
Innendir hlutabréfasjóðir		1	96	97
Innendir skuldabréfasjóðir		49	16	65
Samtals í mkr.	40	108	141	289

Heimild: Gögn frá Lsj. st. Kópavogsbæjar 3.11.2011.

Ofangreindir liðir mynduðu tap á árunum 2008 til 2010, samtals að fjárhæð 289 mkr. Tap á hlutabréfaeign sjóðsins er ekki með í ofangreindri töflu en ætla má miðað við hlutabréfaeign sjóðsins í lok árs 2007 að tapið gæti hafa verið allt að 130 mkr.

Skuldabréf banka og sparissjóða

Í ársbyrjun 2008 var eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af bönkum og sparissjóðum samtals 274 mkr. Bókfærð skuldabréfaeign í bönkum og sparissjóðum í árslok 2008 var einungis 11 mkr. Einnhverjar afskriftir áttu sér stað á skuldabréfum banka og sparissjóða árin 2008 og 2009 eða samtals 25 mkr. Mest var afskrifað af skuldabréfum gefnum út af Byr sparissjóði, 13 mkr. og síðan voru 10 mkr. afskrifaðar af skuldabréfum Kaupþings banka.

Kópavogur tafla 10

Afskriftir af skuldabréfum banka og sparissjóða

	2010	2009	2008	Samtals:
Byr sparissjóður	1	12		13
Kaupþing banki hf.	-3		13	10
Samtals	-2	12	13	23

Heimild: Gögn frá Lsj.stm. Kópavogsbæjar 3.11.2011.

Skuldabréf fyrirtækja

Eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af fyrirtækjum og stofnunum var 542 mkr. í árslok 2006. Síðan dró jafnt og þétt úr skuldabréfaeigninni. Þannig var hún komin niður í 236 mkr. í árslok 2007, 114 mkr. í árslok 2008 og 87 mkr. í árslok 2009.

Á árunum 2008 til 2010 afskrifaði sjóðurinn 103 mkr. af skuldabréfum fyrirtækja. Mest var afskrifað af skuldabréfum Bakkavarar eða 44 mkr. og skuldabréfum Exista 31 mkr. Afskriftir af skuldabréfum annarra fyrirtækja námu 28 mkr.

Kópavogur tafla 11

Afskriftir af skuldabréfum fyrirtækja

	2010	2009	2008	Samtals:
Bakkavör hf.		44		44
Exista hf.	31			31
Atorka hf./Jarðboranir hf.	9		9	18
Teymi hf.		2	7	9
Skipti hf./Síminn	1			1
Samtals	41	46	16	103

Heimild: Gögn frá Lsj.stm. Kópavogsbæjar 3.11.2011.

Innlend hlutabréf

Lífeyrissjóður stm. Kópavogsbæjar átti hlutabréf að verðmæti 347 mkr. í ársbyrjun 2006. Á árunum á eftir dró jafnt og þétt úr hlutafáreign sjóðsins. Í

Kópavogur tafla 12

Hlutabréfaeign á markaðvirði tímabilið 31.12.2005 - 31.12.2008 í þús.kr

	31.12.05	31.12.06	31.12.07	30.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Alfesca hf. /SÍF hf.							344
Bakkavör hf.			10.413				443
Exista hf.			12.061				
Icelandic Group hf			90				
Össur hf.		26.555	13.298				2.493
Glitnir banki hf.	98.102	34.950	2.195				
Avion hf./HF. Eimskipafél. Ísl.			1.735				
Kaupþing banki hf.	12.331	50.460	86.768				
Landsbanki Íslands hf.	69.048	26.500	28.400				
Straumur Burðarás hf.	92.673	17.400	19.177				
Teymi hf.			1.782				
Actavis Group hf.		18.944					
FL Group hf.	15.280	20.400					
Mosaic Fashion hf.		35.496					
Atorka hf./Jarðboranir hf.		51.200					
Samtals skráð félög í þús. kr.	338.634	230.705	175.919				3.280
Óskráð félög *	8.000						
Samtals óskráð félög í þús. kr.	8.000						
Samtals félög í þús. kr.	346.634	230.705	175.919				3.280

*Engar upplýsingar eru um þessi félög.

Heimild: Gögn frá Lsj. stm. Kópavogsbæjar, dags.3.11.2011.

árslok 2007 stóð hún í 176 mkr. og var í árslok 2008 einungis 3 mkr.

Erfitt er að áætla tap sjóðsins af hlutabréfaeign þar sem ekki fengust fullnægjandi upplýsingar um kaup og sölu á hlutabréfum og eignastöðu um mitt ár 2007, né um ársfjórðungsstöður árið 2008. Þó má gera ráð fyrir að sjóðurinn gæti hafað tapað allt að 130 mkr. miðað við stöðu hlutabréfa í ársbyrjun 2008 og raunávöxtun á hlutabréfum sama ár.

Hér að neðan má sjá þau félög sem sjóðurinn fjárfesti í á tímabilinu 1. janúar 2006 til 31. desember 2008 ásamt markaðsvirði hlutabréfanna.

Hlutabréfasjóðir

Lífeyrissjóður stm. Kópavogsbæjar hefur ekki fjárfest mikið í innlendum hlutabréfasjóðum. Mest var eign sjóðsins í hlutabréfasjóðum í árslok 2005 eða 370 mkr. Þá dró úr eign lífeyrissjóðsins í hlutabréfasjóðum og í ársbyrjun 2008 átti sjóðurinn 107 mkr. í hlutabréfasjóðum en var komin niður í 10 mkr. í árslok þess árs. Á árinu 2008 tapaði lífeyrissjóðurinn 96 mkr. í hlutabréfasjóðum, mest á Glitnissjóði 6 eða 69 mkr. og 28 mkr. á Glitnissjóði 10 (Sjá töflu 13).

Kópavogur tafla 13

Innlendir hlutabréfasjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

	2009	2008	Samtals
Glitnir Sjóður 6	1	68	69
Glitnir Sjóður 10		28	28
Samtals	1	96	97

Heimild: Gögn frá Lsj.stm. Kóp. dags.3.11.2011.

Skuldabréfasjóðir

Eign Lífeyrissjóðs stm. Kópavogsbæjar í skuldabréfasjóðum jókst jafnt og þétt frá árslokum 2005 þegar hún var 104 mkr. uppí 683 mkr. í árslok 2007. Þá var hlutdeild skuldabréfasjóða af heildareign lífeyrissjóðsins orðin tæp 40%. Lífeyrissjóðurinn tapaði einungis á einum skuldabréfasjóði en það var Glitnissjóður 1. Tap á sjóðnum var 65 mkr.

Kópavogur tafla 14

Innlendir skuldabréfasjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

	2009	2008	Samtals
Glitnir Sjóður 1	49	16	65

Heimild: Gögn frá Lsj. stm.Kópavogsbæjar, dags. 3.11.2011.

Erlend verðbréfaeign

Engar upplýsingar fengust um hvort erlend verðbréf hefðu verið afskrifuð eða ekki.

Gjaldmiðlavarnarsamningar

Lífeyrissjóður stm. Kópavogsbæjar var ekki með virka gjaldmiðlavarnarsamninga.

Annað

Þar sem sakamálarannsókn á hendur fyrrum framkvæmdastjóra og stjórn sjóðsins er til meðferðar hjá dómstólum þykir ekki rétt að úttektarnefndin fjalli frekar um sjóðinn en að framan er gert.

24. Kafli

24.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	97
24.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb)	97
24.1.2 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2008 til 2010	101
24.2 Stjórn og starfshættir	104
24.2.1 Stjórn og starfsmenn	104
24.2.2 Aðrir lífeyrissjóðir sveitarfélaganna	105
24.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	106
24.3.1 Inngangur	106
24.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins	106
24.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og tap	107

24.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

24.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb)

Upphaf

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar var stofnaður með samþykki bæjarstjórnar Reykjavíkur þann 2. janúar 1930 og hét þá Eftirlaunasjóður Reykjavíkurborgar. Reglugerð fyrir sjóðinn tók gildi frá og með 1. janúar sama ár. Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Reykjavíkurborg annaðist rekstur sjóðsins frá upphafi þar til 1. júní 1999. Með samkomulagi dags. 3. júní 1999 milli LsRb og Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS) var LSS

„falið að annast daglegan rekstur LsRb frá 1. júní 1999 og fer í því efni eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið og samkvæmt því sem hér á eftir er nánar kveðið á um. Með daglegum rekstri er átt við að LSS annast daglegt reikningshald, innheimtir tekjur og innir af hendi greiðslur, allt eftir tilvísun sjóðsstjórnar.“

LSS var stofnaður þann 28. júlí 1998 með samningi annars vegar milli BHM og BSRB fyrir hönd hlutaðeigandi stéttarfélaga og hins vegar Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd fjölmargra sveitarfélaga.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins skipa þrjár fulltrúar Reykjavíkurborgar sem borgarráð tilnefnið, þar af einn sem formann. Tveir sjóðfélagar eru tilnefndir af Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar til fjögurra ára. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Ef breyting hefur orðið á meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur hefur borgin tilnefnt fulltrúa borgarinnar að nýju. Allir sjóðfélagar svo og fulltrúar Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélaga eiga rétt til fundarsetu á ársfundi sjóðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar árin 2006-2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

Reykjavík tafla 1

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar í árslok

Nafn:	Tiln.	2009	2008	2007	2006
Alfreð Þorsteinsson	BR	Form.	Form.		Form.
Benedikt Geirsson	BR	X	X		X
Björk Vilhelmsdóttir	BR	X	X	X	
Garðar Hilmarsson	SR	X	X	X	X
Sjöfn Ingólfssdóttir	SR	X	X	X	X
Marta Guðjónsdóttir	BR			Form.	
Jón Kári Jónsson	BR			X	
Steinunn Valdis Óskarsdóttir	BR				X
Borgarstjórn Rvk.	BR				
Starfsmannafélag Rvk.	SR				

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Jón G. Kristjánsson hefur verið framkvæmdastjóri sjóðsins frá árinu 1999. Arent Claessen er sviðstjóri réttindasviðs og hefur hann sömuleiðis starfað hjá sjóðnum frá 1999. Elías H. Leifsson er sviðsstjóri fjármálasviðs og hefur gegnt því starfi frá árinu 2007.

Endurskoðun:

Knútur Þórhallsson, endurskoðandi Deloitte hf.

Tryggingafræðileg athugun:

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur.

Innri endurskoðun:

Sif Einarsdóttir, endurskoðandi, yfirmaður áhættuþjónustu Deloitte hf.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009.

Stjórnar- og starfsmenn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar sátu í eftirtöldum stjórnnum tímabilið 2006-2009.

Alfreð Þorsteinsson:

- Orkuveita Reykjavíkur frá 1994
- Sorpa
- Sparisjóður vélstjóra
- Landsvirkjun

Björk Vilhelmsdóttir:

- Strætó 2005-2006
- Faxaflóahafnir sf. 2007-2010

Garðar Hilmarsson:

- Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga
- Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
- BSRB
- Styrktarsjóður BSRB

Sjöfn Ingólfssdóttir:

- BSRB
- Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

Jón G. Kristjánsson:

- Íslensk verðbréf hf. 2009-2010

Heimild: Minnisblað Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar til nefndarinnar dags. 8.7.2011.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar er að finna í 2. gr. samþykktu sjóðsins.

2. Hlutverk sjóðsins.

2.1 Hlutverk sjóðsins er að sjá sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum fyrir lífeyri samkvæmt þeim reglum, er greinir í samþykktum þessum. Sjóðurinn starfar í tveimur deildum, A-deild og B-deild, eins og nánar er kveðið á um í samþykktum þessum.

Starfsemi

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar skiptist í tvær deildir, A-deild og B-deild. A-deild byggist á svokallaðri eftirmannsreglu. B-deild er fyrir þá sjóðfélaga sem hafa ekki uppfyllt skilyrði um ráðningu, starfshlutfall og starfstíma þann tíma sem iðgjöld voru greidd til sjóðsins. A-deild og B-deild hafa sameiginlegan fjárhag.

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar nýtur bakábyrgðar Reykjavíkurborgar og var sjóðnum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum með gildistöku laga nr. 129/1997.

Skipulag og starfsreglur stjórnar

Á stjórnarfundi sjóðsins þann 19. september 2003 voru samþykktar starfsreglur fyrir stjórn sjóðsins. Fjórða grein starfsreglna sjóðsins fjallar um verksvið stjórnar og þar kemur m.a. fram að:

- Stjórn sjóðsins fari með æðsta vald í málefnum sjóðsins.

- Stjórnin skuli sjá um að nægilegt eftirlit sé með reikningshaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.
- Stjórnin taki ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórnin getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála.
- Stjórnin skuli móta fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- Stjórnin sjái um ráðstöfun á fjármagni sjóðsins.

Einnig kemur fram að stjórnin hafi falið Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga, LSS, daglegan rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og að framkvæmdastjóri LSS gegni jafnframt stöðu framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar sbr. gr. 4.4. í samþykktum sjóðsins. Framkvæmdastjóri ber sömu ábyrgð og skyldur gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar og hann hefur við LSS.

Að öðru leyti fjalla starfsreglur stjórnar um skipan og skiptingu starfa, fyrirsvar stjórnar, boðun funda, ákvörðunarvald og atkvæðagreiðslur, fundargerðir og fundargerðabók, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi, breytingar og meðferð starfsreglna.

Starfsreglur framkvæmdastjóra

Starfsreglur framkvæmdastjóra LSS voru samþykktar á stjórnarfundi LSS þann 9. september 2003. Helstu atriði starfsreglnanna eru þessi (Starfsreglur framkvæmdastjóra LSS eiga einnig við um framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar):

- Áætlanagerð og skipulagsmál.
- Afgreiðsla lífeyrisumsókna og veiting sjóðfélagalána.
- Gerð ársreikninga, ársskýrslna o.fl.
- Gæta eigna sjóðsins að því marki sem þær eru í hans vörslu, áhalda og búnaðar og sjá um nauðsynlegt viðhald og varðveislu.
- Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar, nema stjórn hafi veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála.
- Framkvæmdastjóra er ekki heimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar.

Fjárfestingarstefna

Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu sjóðsins til eins árs í senn. Fjárfestingarstefnan er grundvölluð á 36. gr. laga nr. 129/1997 og samþykktum sjóðsins. Eðli málsins samkvæmt eru breytingar á fjárfestingarstefnu sjóðsins ekki miklar milli ára. Sama fjárfestingarstefna er fyrir A-deild og B-deild sjóðsins. Fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2008 má sjá í töflu nr. 2. Samkvæmt fjárfestingarstefnunni fyrir árið 2008 var hlutfall skuldabréfa með ábyrgð ríkissjóðs hækkað í 70% frá árinu 2007 en þá var hlutfallið 60%.

Reykjavík tafla 2

Fjárfestingarstefna fyrir árið 2008

Flokkar verðbréfa	Markmið	Vikmörk
Innlán í bönkum og sparissjóðum	0%	0-10%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	70%	60-85%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	0%	0-10%
Skuldabréf banka og sparissjóða	5%	0-10%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	3%	0-10%
Hlutabréf fyrirtækja	8%	0-20%
Önnur verðbréf	14%	0-20%
Samtals:	100%	

Hlutabréf - sundurliðun milli innlendra og erlendra hlutabréfa

Hlutabréf:	8%	0-20%
Innlend hlutabréf	3%	0-10%
Erlend hlutabréf	5%	0-10%
Önnur verðbréf	10%	0-20%
Skuldabréf fyrirtækja	10%	0-20%
Annað	0%	0-5%

Eignastýring

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar var með samning um eignastýringu, umsýslu og vörslu eigna lífeyrissjóðsins við Kaupþing Búnaðarbanka hf. frá 30.12.2004 og Íslensk verðbréf hf. frá 30.06.2007.

Kaupþing Búnaðarbanki hf.

Í eignastýringarsamningi sem gerður var við Kaupþing Búnaðarbanka hf. var bankanum skylt að miða fjárfestingar við fjárfestingastefnu sjóðsins sem birt var í viðauka I með samningnum. Þeir verðbréfaflokkar sem bankinn hafði heimild til að fjárfesta í voru:

- Innlán í bönkum og sparissjóðum
- Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs

- Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga
- Skuldabréf og víxlar banka, sparissjóða og annarra lánastofnana
- Fasteignaveðtryggð skuldabréf
- Innlend hlutabréf
- Erlend hlutabréf
- Önnur verðbréf

Þá voru sett markmið um hversu mikið skyldi fjárfesta í hverjum verðbréfaflokki og jafnframt sett vikmörk á hvern flokk fyrir sig.

- Viðauki II fjallaði síðan um kostnað og þóknunir við eignastýringu og viðauki III var um þjónustu bankans við lífeyrissjóðinn. Sú þjónusta var: Árleg greining á eignum og skuldbindingum viðskiptavinar
- Ráðgjöf við endurskoðun og mótun fjárfestingarstefnu
- Ráðgjöf við mat á fjárfestingarkostum
- Regluleg skýrslugjöf til framkvæmdastjóra og stjórnar
- Upplýsingafundir eftir því sem við á
- Fræðslufundir með starfsmönnum og stjórn
- Önnur tilfallandi aðstoð

Íslensk verðbréf hf. (ÍV)

Í samningi Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og Íslenskra verðbréfa hf. var samið um stýringu á skuldabréfasafni. Í því fólst að ÍV var eingöngu heimilt að fjárfesta í skuldabréfum og skuldabréfasjóðum. Með samningnum fylgdi fjárfestingarstefna sjóðsins þar sem fram kom eftirfarandi hlutfallsskipting milli skuldabréfaflokka:

Markflokkar ríkisskuldabréfa	0-100%
Skráð skuldabréf fyrirtækja og sveitarfélaga	0-80%
Önnur ríkistryggð skuldabréf	0-60%
Erlend skuldabréf	0-40%
Laust fé	0-50%

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 2.288 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins frá árinu 2005 hækkað að meðaltali um 0,5% milli ára. Lífeyrisþegum hefur heldur fjölgað á síðustu árum. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 2.613 talsins, samanborið við 2.087 lífeyrisþega í árslok

Reykjavík tafla 3

	Lífeyrisgreiðslur í mkr.					Fjöldi lífeyrisþega				
	2009	2008	2007	2006	2005	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	1.666	1.488	1.367	1.203	1.073	1.767	1.727	1.670	1.617	1.328
Örorkulífeyrir	156	132	127	113	103	369	351	359	352	319
Makalífeyrir	464	442	436	419	380	453	447	443	445	402
Barnalífeyrir	2	2	4	3	4	24	28	37	40	38
Samtals	2.288	2.064	1.933	1.738	1.560	2.613	2.553	2.509	2.454	2.087
Samtals, verðlag 2009	2.288	2.219	2.456	2.337	2.244					

2005. Á þessum fimm árum fjölgaði lífeyrisþegum um 5,8% að meðaltali milli ára. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fái lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni (Sjá töflu 3).

Tryggingafræðileg staða, A-deild og B-deild

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Reykjavík tafla 4

Heildarskuldbinding í mkr A-deild.

	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	54.736	50.155	43.727	15.096	14.203
Skuldbindingar	70.777	69.821	63.367	60.826	55.254
Samtals	-16.041	-19.666	-19.640	-45.730	-41.051
% af skuldbindingum	-22,7%	-28,2%	-31,0%	-75,2%	-74,3%

Heildarskuldbinding í mkr. B - deild

	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	2.994	2.679	2.256	2.105	1.822
Skuldbindingar	2.994	2.679	2.256	2.105	1.822
Samtals	0	0	0	0	0
% af skuldbindingum	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

Í töflunum hér að ofan sést, að heildareignir A-deildar sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar hafa verið neikvæðar allt tímabilið sem er til skoðunar. Staðan lagast heldur árið 2007 og fer úr því að vera neikvæð um 75,2% árið 2006 í 31,0% neikvæða stöðu árið 2007. Skýringin á þessu er sú að árið 2007 greiddi Reykjavíkurborg sjóðnum 23.938 mkr. sem var hluti af andvirði sölu borgarinnar á eignarhlut sínum í Landsvirkjun. Greiðslan var afhent sjóðnum til að styrkja eignastöðu hans og gera sjóðinn betur í stakk búinn til að standa undir skuldbindingum sínum um greiðslu lífeyris. Skuldbindingar

B-deildar sjóðsins eru jafnar eignum og eru einungis 4% af heildarskuldbindingum sjóðsins. Þess ber að geta að borgarsjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins.

Heimild: Ársreikningar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Verðbréfaeign

Meginbreytingin á eignasafni sjóðsins milli áranna 2008 og 2009 er sú að nánast öll eignaukning sjóðsins er sett í skuldabréf með ríkisábyrgð og er það í samræmi við breytingu þá sem gerð var á fjárfestingarstefnu sjóðsins um aukið vægi skuldabréfa með ríkisábyrgð. Skuldabréf með ríkisábyrgð eru þannig tæp 80% af heildareignum sjóðsins og skuldabréf fyrirtækja eru um 12%-13%. Önnur eignasöfn eru samtals um 17%-18% af eignum sjóðsins.

Reykjavík tafla 5

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Innlendir skuldabréfasjóðir	1.505				
Innlend hlutabréf	6	3	40	17	19
Innlendir hlutabréfasjóðir	131				
Erlendir hlutabréfa/sjóðir	7		8		
Innlend hlutdeildarskirteini		1.373	1.686	1.516	1.183
Erlend hlutdeildarskirteini		212	846	524	193
Innlend hlutabréfatengd skuldabréf	15				
Vogunarsjóðir	27				
Skuldabréf með ríkisábyrgð	41.293	36.765	30.327	4.352	4.056
Skuldabréf sveitarfélaga	1.044	78	56	148	112
Skuldabréf lánastofnana	276	1.378	719	1.057	334
Skuldabréf fyrirtækja	6.748	5.605	5.204	591	644
Skiptasamningar	-66	-66			
Veðlán	1.268	1.397	1.066	1.169	1.319
Samtals	52.254	46.745	39.952	9.374	7.860

Heimild: Ársreikningar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Raunávöxtun

Árið 2009 var raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum 3,6%. Raunávöxtun sjóðsins var jákvæð

tímabilið 2005 - 2009. Mest var raunávöxtun árið 2007 eða 8,5%. Meðalraunávöxtun síðustu fimm árin var 4,3% sem er góður árangur.

Reykjavík tafla 6

Raunávöxtun	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	3,6%	2,3%	8,5%	3,8%	3,1%
Fimm ára meðalávöxtun	4,3%	4,2%	5,8%	4,8%	4,4%

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Iðgjaldgreiðslur árið 2009 námu samtals 1.605 mkr. sem er hækkun um 8,4% frá árinu 2008. Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign milli ára á verðlagi ársins 2009 sker árið 2007 sig úr en þá hækkar hrein eign sjóðsins um 34.418 mkr. samanborið við 2.308 mkr. árið 2006. Skýringin á þessu er sú eins og fyrr segir að árið 2007 greiddi Reykjavíkurborg sjóðnum 23.938 mkr. sem var hluti af andvirði sölu borgarinnar á eignarhlut sínum í Landsvirkjun. Greiðslan var afhent sjóðnum til að styrkja eignastöðu hans og gera sjóðinn betur í stakk búinn til að standa undir skuldbindingum sínum um greiðslu lífeyris.

Reykjavík tafla 7

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	1.605	1.480	1.399	2.167	1.268
Sérstök aukaframtög			23.938		
Iðgjöld og sérstakt framlag	1.605	1.480	25.337	2.167	1.268
Lífeyrir	-2.288	-2.064	-1.933	-1.738	-1.560
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum	-3	-75	0	-18	14
Tekjur/-gjöld af húseignum og lóðum	0	0	0	0	0
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	5.964	7.749	3.753	1.363	834
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	0	0	0	0	-1
Fjárfestingartekjur	5.961	7.674	3.753	1.345	847
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-32	-22	-14	-10	-10
Rekstrarkostnaður	-53	-46	-43	-47	-42
Rekstrargjöld	-85	-68	-57	-57	-52
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	5.193	7.022	27.100	1.717	503
Hrein eign frá fyrra ári	47.301	40.279	13.179	11.462	10.959
Hrein eign í árstok til greiðslu lífeyris	52.494	47.301	40.279	13.179	11.462
Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009					
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	5.193	7.549	34.418	2.308	723
Hrein eign frá fyrra ári	47.301	43.304	16.738	15.410	15.758
Hrein eign til greiðslu lífeyris	52.494	50.853	51.156	17.719	16.482

1) Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar sýnir ekki þóknunir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknunir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknunirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6. Þóknunartekjur fjármálfyrirtækja.

24.1.2 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2008 til 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðsins sem ollu mestu tapi hans. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa jafnri og góðri ávöxtun í gegnum árin. Tap sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 en afleiðingarnar komu hins vegar ekki að fullu fram fyrr en á árinu 2009 og 2010. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa og gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða. Tap sjóðsins liggur að mestu í eftirfarandi liðum:

- Skuldabréfum banka og sparissjóða
- Skuldabréfum fyrirtækja
- Innendum hlutabréfum
- Innendum hlutabréfasjóðum
- Innendum skuldabréfasjóðum
- Veðskuldabréfum

Reykjavík tafla 8

Yfirlit yfir tap LsRb af skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innendum hlutabréfum, innendum hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum og veðskuldabréfum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparissjóða	284	723	158	1.165
Skuldabréf fyrirtækja	136		660	796
Innlend hlutabréf			79	79
Innlendir hlutabréfasjóðir		-29	103	74
Innlendir skuldabréfasjóðir		38	32	70
Veðskuldabréf	116			116
Samtals tap í mkr.	536	732	1.032	2.300

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar dags. 08.07.2011.

Ofangreindir liðir mynda tap á árunum 2008 til 2010 samtals að fjárhæð 2.300 mkr. Í uppgjöri sjóðsins er gert ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningarnir séu gerðir upp m.v. gengisvísitöluna (GVT) 175 stig. Hins vegar gera bankarnir þá kröfu að gjaldmiðlavarnarsamningarnir verði gerðir upp m.v. gengi á gjalddaga hvers samnings fyrir sig. Þá reikna bankarnir einnig dráttarvexti á hina óuppgerðu samninga. Skv. forsendum bankanna mundu gjaldmiðlavarnarsamningarnir auka tap sjóðsins um 12 mkr. og yrði það samtals 2.312 mkr.

Skuldabréf banka og sparissjóða

Í ársbyrjun 2008 var eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af bönkum og sparissjóðum samtals 719

mkr. Bókfærð skuldabréfaeign í bönkum og sparisjóðum í árslok 2008 var orðin 1.378 mkr. en í árslok 2009 var hún komin niður í 276 mkr. Umtalsverðar afskriftir áttu sér stað á skuldabréfum banka og sparisjóða, sérstaklega árið 2009, eða 723 mkr. Afskriftir árána 2008 til 2010 námu alls 1.165 mkr. Mestu afskriftirnar voru hjá SPRON 364 mkr., Byr sparisjóði 188 mkr., Kaupþing banka hf. 151 mkr., Straumi Burðarás 146 mkr. og Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. 118 mkr. Afskriftir skuldabréfa annarra banka og sparisjóða námu samtals mkr. 198 mkr.

Neðangreind tafla sýnir bókfærða stöðu skuldabréfa banka og sparisjóða í eigu Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar árið 2009. Síðan koma afskriftir ársins og nettóstaða í árslok. Að lokum er afskriftaprósenta hjá hverjum aðila fyrir sig. Taflan á eingöngu við árið 2009.

Reykjavík tafla 9

Bankar og sparisjóðir, staða og afskriftir skuldabréfa 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskriftir	Nettó staða	Afskrift í %
Byr sparisjóður	170	76	93	45%
Glitnir banki hf./Íslandsbanki	62	62	1	99%
Kaupþing banki hf.	153	151	2	99%
Sparisjóður Kópavogs	22	10	12	45%
Sparisjóðabanki Ísl./Icebank hf.	78	77	1	99%
Sparisjóður Mýrasýslu	10	4	6	40%
Sparisjóður Norðlendinga	29	13	16	45%
SPRON	240	238	2	99%
Straumur Burðarás hf.	77	69	8	90%
VBS fjárfestingabanki	43	21	21	50%
Samtals afskriftir 2009 í mkr.	885	723	162	82%

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar dags. 08.07.2011.

Eftirfarandi tafla sýnir heildar afskriftir Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar árin 2008 – 2010 á skuldabréfum í eigu sjóðsins sem gefin voru út af bönkum og sparisjóðum.

Reykjavík tafla 10

Afskriftir hjá bönkum og sparisjóðum vegna skuldabréfa í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
SPRON	21	238	105	364
Byr Sparisjóður	112	76		188
Kaupþing banki hf.		151		151
Straumur Burðarás hf.	77	69		146
Sparisjóðabanki Ísl./Icebank hf.	6	77	34	118
VBS fjárfestingabanki	25	21	19	65
Glitnir banki hf./Íslandsbanki		62		62
Sparisjóður Norðlendinga	18	13		31

	2010	2009	2008	Samtals
Sparisjóður Kópavogs	14	10		24
Sparisjóður Bolungarvíkur	8			8
Sparisjóður Mýrasýslu	3	4		7
Samtals í mkr.	284	723	158	1.165

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar dags. 08.07.2011.

Skuldabréf fyrirtækja

Eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af fyrirtækjum og stofnunum var 591 mkr. í árslok 2006. Skuldabréfaeign sjóðsins í fyrirtækjaskuldabréfum jókst síðan mjög hratt. Þannig átti sjóðurinn orðið fyrirtækjaskuldabréf að fjárhæð 5.204 mkr. í árslok 2007 sem var aukning um 4.613 mkr. á einu ári. Ástæða þessarar miklu aukningar á fyrirtækjaskuldabréfum sjóðsins var sú að fyrrum stofnanir Reykjavíkurborgar, Orkuveita Reykjavíkur, Véla- miðstöð Reykjavíkurborgar og Malbikunarstöðin, gerðu upp áfallnar lífeyrisskuldbindingar við sjóðinn með útgáfu skuldabréfa. Bókfærð skuldabréfaeign í fyrirtækjum í árslok 2008 var 5.605 mkr., þar af var andvirði skuldabréfa þriggja fyrrnefndu borgarfyrirtækjanna samtals 4.466 mkr. Í árslok 2009 voru fyrirtækjaskuldabréf samtals að fjárhæð 6.748 mkr.

Á árinu 2008 afskrifaði sjóðurinn 660 mkr. af skuldabréfum gefnum út af fyrirtækjum. Árið 2009 áttu engar afskriftir sér stað á skuldabréfum fyrirtækja en á árinu 2010 voru afskrifaðar 136 mkr. Helstu afskriftirnar voru skuldabréf Landic Property hf. 371 mkr. og Bakkavarar hf. að upphæð 153 mkr.

Reykjavík tafla 11

Afskriftir fyrirtækjaskuldabréfa í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Landic Property hf.			371	371
Bakkavör hf.	93		60	153
Baugur Group hf.			53	53
Skipti hf./ Síminn hf.	43			43
Milestone ehf.			40	40
Egla hf.			34	34
Nýsir hf.			26	26
Arorka Group hf./Jarðboranir hf.			24	24
Mosaic Fashions hf.			24	24
Kögun hf.			16	16
Avion Group hf.			12	12
Samtals í mkr.	136	0	660	796

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar dags. 08.07.2011.

Tölvupóstur frá framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar dags. 22. nóv. 2011.

Innlend hlutabréf

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar hefur ekki lagt mikið í fjárfestingar á hlutabréfum. Á þeim fjórum árum sem könnuð voru fjárfesti sjóðurinn einungis í fjórum félögum. Helsta tap sjóðsins á þessu tímabili var árið 2008 en þá tapaði hann 79 mkr.

Reykjavík tafla 12

Hagn. / (-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Hlutafjáreign í byrjun tímabils	79	3	40	17	19
Keypt hlutabréf	72		48	23	
Seld hlutabréf	11		6		5
Hlutafjáreign í lok tímabils	66	6	3	40	17
Hagn / (-tap)	-74	3	-79	-1	3

Hér að neðan má sjá þau félög sem sjóðurinn fjárfesti í á tímabilinu 1. janúar 2006 til 31. desember 2008. Sjóðurinn átti engin hlutabréf í óskráðum félögum. Þar sem um frekar lágar fjárhæðir var að ræða þótti ekki ástæða til að sýna hreyfingar, þ.e. kaup og sölu hlutabréfa hjá einstaka félagi (Sjá töflu 13).

Hlutabréfasjóðir

Í ársreikningum sjóðsins eru innlendir skuldabréfasjóðir, innlendir hlutabréfasjóðir, innlend hlutabréfatengd skuldabréf og vogunarsjóðir færðir sem hlutdeildarskírteini. Í ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2009 eru þessir sjóðir hins vegar sundurliðaðir.

Í töflu nr. 14 má sjá þá hlutabréfasjóði sem lífeyrissjóðurinn var að tapa á. Mesta lækkunin á þessum sjóðum var árið 2008 eða 103 mkr. Á árinu 2009 hækkaði gengi sjóðanna, a.m.k. hjá sjóðum IS-5 og IS-15, sem nemur 29 mkr. Tap lífeyrissjóðsins á hlutabréfasjóðum var því 74 mkr. á þessum tveimur árum.

Reykjavík tafla 13

Hlutabréfaeign Lífeyrissjóðs starfsm. Reykjavíkurborgar á markaðsvirði tímabilið 1.1.06 -31.12.2008 í þús.kr.

	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	30.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Bakkavör Group hf.	10.689	13.125	14.574	12.285	16.785	11.949	8.657	1.024
Kaupþing banki hf.	8.206	4.018	5.375	27.344	47.757	39.851	36.142	
Landsbanki Íslands hf.					4.825	3.861	3.417	
Straumur-Burðarás hf.					12.101	10.720	8.996	2.004
Samtals skráð félög í þús. kr.	18.895	17.143	19.949	39.629	81.468	66.380	57.212	3.028

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar dags. 08.07.2011.

Reykjavík tafla 14

Innlendir hlutabréfasjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

		2009	2008	Samtals
Kaupþing	IS-5	-5	36	31
Kaupþing	ICEQ verðbréfasjóður		23	23
Kaupþing	IS-15	-24	37	13
Kaupþing	Heildarvísitölusjóður		7	7
Samtals		-29	103	74

Innlendir skuldabréfasjóðir

Í árslok 2009 var eign lífeyrissjóðsins í innlendum skuldabréfasjóðum 1.505 mkr. Á árunum 2008 og 2009 voru það einungis tveir skuldabréfasjóðir sem lífeyrissjóðurinn tapaði á sem voru Hávaxtasjóður Kaupþings og Peningamarkaðssjóður Íslenskra verðbréfa. Á Hávaxtasjóðnum tapaði lífeyrissjóðurinn 52 mkr. og á Peningamarkaðssjóðnum 18 mkr.

Reykjavík tafla 15

Innlendir skuldabréfasjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

		2009	2008	Samtals
Kaupþing	Hávaxtasjóður	28	24	52
Íslensk verðbréf	Peningamarkaðssjóður	10	8	18
Samtals		38	32	70

Veðskuldabréf

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar keypti veðskuldabréf þar sem VBS fjárfestingarbanki var tengiliður milli fjárfestis og framkvæmdaðila. VBS kom viðskiptunum á, sá um nauðsynlega skjalgærd o.fl. Enginn samningur var gerður milli lífeyrissjóðsins og VBS fjárfestingarbanka um þau viðskipti sem áttu sér stað þeirra á milli.

Lífeyrissjóðurinn keypti skuldabréf með veði í Laugardælalandi í Árborg. Sjóðurinn varð að afskrifa 116 mkr. af fyrrnefndu skuldabréfi.

Gjaldmiðlavarnarsamningar

Lífeyrissjóðurinn var með gjaldmiðlavarnarsamninga við Kaupþing banka hf. sem voru í neikvæðri

stöðu við fall bankans í október 2008. Í ársreikningi sjóðsins 2009 voru samningarnir metnir miðað við gengisvísitöluna 175 stig og skuld sjóðsins metin 66 mkr. Sjóðurinn gerir ráð fyrir að geta nýtt til frádráttar skuldabréf útgefin af Kaupþingi að upphæð 66 mkr.

Reykjavík tafla 16

Staða gjaldmiðlavarnarsamninga 31.12.2009

Annars vegar tillaga sjóðsins og hins vegar krafa bankanna

	Heildar- krafa	Vaxta- kostn.	Samtals	Skulda- jöfnun	Mis- munur
Tillaga sjóðsins m.v. GVT 175 stig	66	0	66	-66	0
Krafa bankanna m.v. uppgjörsgengi samninganna	70	8	78	-66	12
Mismunur á kröfum í mkr.					12

Heimild: Gögn frá Ls.stm.Rvík dags.08.07.2011.

Bankinn gerir hins vegar ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningarnir verðir gerðir upp m.v. gengi á uppgjörstigi samninganna ásamt dráttarvöxtum. Ýrtrustu kröfur bankanna á hendur sjóðnum m.v. 31.12.2009 eru 78 mkr. Lífeyrissjóðirnir hafa átt í viðræðum við Kaupþing banka hf. um uppgjör á útistandandi gjaldmiðlavarnarsamningum og standa þær viðræður enn yfir.

24.2 Stjórn og starfshættir

24.2.1 Stjórn og starfsmenn

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar hefur starfað frá árinu 1930 en rekstur hans var felldur undir LSS með samningi árið 1999. Síðan hefur rekstur sjóðsins verið hjá LSS en sjóðurinn haft sína stjórn sem fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á rekstrinum og fjárfestingarstefnunni, eftirliti og öllu sem er óvenjulegt og mikilsháttar og sér um ráðstöfun á fjármagni sjóðsins.

Í reynd ber stjórn ábyrgð á störfum framkvæmdastjóra LSS vegna daglegs rekstrar og allar ákvarðanir sem framkvæmdastjórinn þarf að taka sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar eiga að koma fyrir stjórn eða stjórn að heimila framkvæmdastjóranum að taka þær með sérstakri samþykkt. Stjórnin hefur sett framkvæmdastjóranum starfsreglur þar sem tekið er fram að ákvarðanir um óvenjuleg og mikilsháttar málefni sjóðsins skuli hann einungis taka að fenginni samþykkt stjórnar sjóðsins eða stjórn hafi veitt honum sérstaka heimild til afgreiðslu slíkra mála. Það vantar hins vegar í reglurnar allar vísbendingar um hvað telst vera óvenjulegt eða mikilsháttar. Það verður að telja líklegt að fjárfestingar í óskráðum félögum falli undir það sem er óvenjulegt og gangi ávallt til stjórnar en af yfirliti yfir fjárfestingar sjóðsins virðist

sem hann hafi ekki fjárfest í óskráðum félögum (sjá töflur 5 og 9-16 hér að framan). Stjórn gæti gert kröfu til framkvæmdastjórans um að ekki væri fjárfest í tilteknum félögum eða tilteknum tegundum af félögum en því virðist ekki til að dreifa. Skortur á reglum um þessi efni hefur þau áhrif að ábyrgð stjórnar verður óljós þótt skýrt sé kveðið á um hana í lögum og samþykktum.

Hluta af fjárfestingum sjóðsins var útvistað til Kaupþings Búnaðarbanka og Íslenskra verðbréfa. Í samningum við báða þessa aðila var tekið skýrt fram að þeir skyldu halda sig innan fjárfestingarstefnu sjóðsins en í samningunum við þessi fyrirtæki var tilgreint í hverju mátti fjárfesta og hve mikið. Það er ekkert sem bendir til annars en að þessi fjárfestingarfyrirtæki hafi haldið sig innan þeirra marka sem sett voru en það er ástæða til að benda á að ábyrgð stjórnar nær til þess að fyrirtæki sem samið er við haldi sig innan þeirra marka sem lífeyrissjóðum eru sett í lögum og innan þeirra marka sem fjárfestingarstefna sjóðsins setur.

Það er skoðun úttektarnefndarinnar að stjórn sjóðsins setji skýrari reglur um hvaða mál skuli koma til stjórnar, bæði frá framkvæmdastjóra og þeim fyrirtækjum sem samið er við um eignastýringu.

Sömuleiðis vill nefndin benda á að gefin séu upp í ársskýrslu þóknana gjöld, bæði föst og árangurstengd, til þeirra fyrirtækja sem taka að sér fjárfestingar fyrir sjóðinn. Jafnframt er rétt að benda á að vel hefur til tekist í fjárfestingu sjóðsins en fimm ára raunávöxtun hans á árunum 2005 til 2009 er alltaf yfir 4%.

Stjórnarmenn í lífeyrissjóðnum sitja í stjórnnum ýmissa stofnana og félaga en ekki er að sjá, að stjórnin krefjist þess, að þeir gefi upp setu sína í stjórnnum félaga eða fyrirtækja eða í hvaða sjóðum þeir eigi hlut þegar þeir taka sæti í stjórn. Til að reglur um hagsmunaaðreksstra¹ virki þurfa þó þessar upplýsingar að liggja fyrir. Í viðtali við framkvæmdastjórnann kom fram að ekki hefði verið haldið utan um verðbréfaeign og verðbréfavíðskipti stjórnarmanna en það væri gert í dag. Hann taldi þó, að þetta hefði aldrei truflað starfsemi stjórnar sjóðsins eða valdið hagsmunaaðreksstrum.² Í samþykktum verklagsreglum sjóðsins um verðbréfavíðskipti stjórnar hans og starfsmanna er kveðið á um upplýsingaskyldu starfsmanna sjóðsins en ekkert sagt um skyldu stjórnar til að upplýsa um verðbréfaeign sína og kaup og sölu.³

Það er tillaga úttektarnefndarinnar að stjórn sjóðsins setji sér reglur um þetta efni þar sem krafist er að þessar upplýsingar liggi fyrir strax og menn setjast í stjórn. Það er ekki hægt að meta það hvort um sé að ræða hagsmunaaðreksstra nema þessar upplýsingar liggi fyrir.

Það er ástæða til að benda á ákveðna hættu sem kann að liggja í því að stjórnarsæti í Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar og annarra lífeyrissjóða sveitarfélaga verði hluti af nefndasetukerfi kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn. Þátttaka í nefndum verður þá hluti af kjörum hinna pólitísku fulltrúa og hætta er á, að þeir líti á skuldbindingu sína við sveitarfélagið eða meirihlutann á hverjum tíma sem mikilvægari en við lífeyrissjóðinn sjálfan. Það er rétt að taka fram að ekkert bendir til að þetta eigi við um fulltrúa borgarinnar í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar á þeim tíma sem nefndin skoðaði. Engu að síður vill úttektarnefndin koma þessari athugasemd á framfæri.

Framkvæmdastjóri sjóðsins benti á að áður hefði borgarstjóri sjálfkrafa verið formaður stjórnar lífeyrissjóðsins en sú skipan hefði verið afnumin í kringum aldamótin. Síðan hefur borgarstjórn skipað þrjá stjórnarmenn og einn af þeim hefur verið formaður stjórnar. Aðrir lífeyrissjóðir sveitarfélaganna hafa nýverið breytt reglum sínum í sömu átt og Reykjavíkurborg.⁴

Úttektarnefndin leggur til að sjóðfélögum í Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar verði gefinn kostur á að kjósa einn fulltrúa í stjórn með beinni kosningu á ársfundi sjóðsins.

Það er ástæða til að benda á að sjóðurinn hefur ekki sett sér samskipta- og siðareglur eða fjallað um reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar.

24.2.2 Aðrir lífeyrissjóðir sveitarfélaganna

Úttektarnefndin skoðaði starfsemi annarra lífeyrissjóða sveitarfélaganna í rekstri LSS. Þeir voru Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar, Lífeyrissjóður Neskaupstaðar og Lífeyrissjóður starfsmanna Húsvíkurborgar. Það á við um alla þessa þrjá sjóði að þeir taka ekki við nýjum félögum, einungis þeir sem greiddu í þá árið 1998 þegar þeir gerðu samning við LSS geta greitt áfram í sjóðina. Framkvæmdastjóri LSS er framkvæmdastjóri þeirra, þeir hafa allir eigin stjórn. Öll sömu atriðin og rædd voru um Lífeyrissjóð Reykjavíkur og um LSS eiga við um þá sjóði að breyttu breytanda.

1 Samþykktir Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar gr. 4.9.

2 Viðtal við Jón Kristjánsson, framkvæmdastjóra LSS 13.10. 2011.

3 Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar, stjórnar hans og starfsmanna, 2008, sjá gr. 7.

4 Viðtal við Jón Kristjánsson, framkvæmdastjóra LSS 13.10. 2011.

24.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

24.3.1 Inngangur

Að framan hefur verið farið yfir gögn um fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar á úttektarárunum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Lífeyrissjóður þessi var stofnaður 2. janúar 1930 með reglugerð frá 1. janúar sama ár. Nú starfar þessi sjóður eins og aðrir lífeyrissjóðir samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hann er þó frábrugðinn hefðbundnum vinnumarkaðssjóðum og frjálsum lífeyrissjóðum að því leyti að eftir stofnun Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS) 1998 er hann lokaður nýjum sjóðfélögum en nýir starfsmenn Reykjavíkurborgar eiga aðild að þeim sjóði og greiða til hans. Þá er þessi sjóður með bakábyrgð Reykjavíkurborgar og þannig að öðru leytinu gegnumstreymissjóður enda þótt innan hans hafi verið veruleg sjóðsmyndun á síðari árum. Svarar þessi sjóður að mestu leyti til B-deildar LSR meðan deildir LSS svara til A-deildar þess sjóðs. Sjá umfjöllun um LSR í 25. kafla skýrslunnar.

Sjóðurinn er þannig að lögum undanþeginn ákvæðum lífeyrissjóðalaga, meðal annars um fjölda sjóðfélaga, ábyrgð á skuldbindingum og afleiðingum tryggingafræðilegrar úttektar. Sveitarfélagið er þannig ábyrgt fyrir þeim skuldbindingum sem sjóðurinn á ekki fyrir.

Virkir sjóðfélagar voru um 2.000 þegar sjóðnum var lokað en eru nú um 800. Lífeyrisþegum hefur fjölgað að sama skapi. Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar (Borgarsjóðurinn) er enn nokkru stærri en LSS. Ráð er þó fyrir því gert að LSS verði orðinn stærri á næsta ári.

24.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra hafa á grundvelli úttektar á áðurgreindum gögnum um Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar rætt við Jón G. Kristjánsson, framkvæmdastjóra sjóðsins. Jón er einnig framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga en Borgarsjóðurinn er samkvæmt sér-

stökum rekstrarsamningi rekinn af þeim sjóði. Samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjórans var hlutfall hreinnar eignar Borgarsjóðsins það lágt í byrjun aldarinnar að forsvarsmenn sjóðsins sáu fram á að hann myndi tæmast á árunum 2012–2015 og myndi þá reyna á bakábyrgð borgarinnar. Þá var hrein eign Borgarsjóðsins um 5.000 mkr. og lífeyrisskuldbindingar um 70.000 mkr. Þegar Orkuveita Reykjavíkur, Malbikunarstöðin, Vélamiðstöðin o.fl. aðilar fóru út úr Borgarsjóðnum var það gert að skilyrði að fyrirtækin gerðu upp skuldbindingar sínar gagnvart sjóðnum. Með framlagi frá Orkuveitu Reykjavíkur hækkaði hrein eign sjóðsins til muna. Jafnframt fór fram uppgjör milli ríkisins og Reykjavíkurborgar í tengslum við þrjá lífeyrissjóði, LSR, LH og Borgarsjóðinn, en þessir aðilar höfðu sameiginlega komið að rekstri fyrirtækja og stofnana eins og t.d. Borgarspítalans og Sinfóníuhljómsveitarinnar. Þegar Reykjavíkurborg seldi hluta sinn í Landsvirkjun setti ríkið ennfremur það skilyrði að söluandvirðið, um 23.000 mkr., rynni til Borgarsjóðsins til að minnka tryggingafræðilegan halla. Með þessu hefur verið unnt að minnka halla sjóðsins. Talið er að nú séu nánast engar horfur á að það reyni á bakábyrgð Reykjavíkurborgar.⁵

Sameiginlegt er Borgarsjóðnum og öðrum lífeyrissjóðum sveitarfélaga að sveitarfélögin tilnefna ákveðið hlutfall stjórnarmanna. Í tilfalli Borgarsjóðsins urðu tíð meirihlutaskipti í borginni fyrir fáum árum til þess að tíðar breytingar urðu á nefndum borgarinnar og þar með talið á lífeyrissjóðnum. Þetta er óheppilegt út frá þeirri augljósu staðreynd að tíma tekur að setja sig inn í störf lífeyrissjóðanna. Þá sitja borgarfulltrúar í fjölmörgum nefndum og atvinnufyrirtækjum á vegum borgarinnar, m.a. í stjórn Orkuveitunnar. Að sögn framkvæmdarstjóra hefur þetta ekki truflað störf sjóðsins eða valdið hagsmunaárekstrum. Úttektarnefndinni þykir þó sem vægi sjóðfélaga í stjórn eigi að aukast og sveitarfélagið sjálft eigi a.m.k. að velja hluta stjórnarmanna sinna úr hópi æðstu embættismanna borgarinnar. Þeirra sem ekki eru valdir pólitískt. Dæmi úr öðru sveitarfélagi

⁵ Sbr. viðtal úttektarnefndar við Jón Kristjánsson, dags. 3.10.2011.

þar sem lífeyrissjóður lánaði sveitarfélaginu verulega fjármuni langt yfir hámark lífeyrissjóðalaga ætti að vera mönnum víti til varnaðar.

24.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og tap

Að framan er því lýst hvernig eignastýringu Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar var háttað í stórum dráttum á úttektartímanum. Fjárfest var mest í ríkisskuldabréfum og skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs og stefnan tók ekki miklum breytingum. Vikmörk verða að teljast nokkuð í hófi. Sjóðurinn hefur samning um eignastýringu, umsýslu og vörslu eigna við Kaupþing banka hf. frá 30. desember 2004 (nú Arion) og Íslensk verðbréf hf. frá 30. júní 2007. Innstreymi í sjóðinn var lítið eftir að framangreind uppgjör fóru fram að undanskildum stórum afborgunum tvisvar á ári frá Landsvirkjun af skuldabréfi í tengslum við sölu Reykjavíkurborgar á hlut sínum í því fyrirtæki. Mikið af eignunum er bundið í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum. Sjóðurinn nýtur sömu kjara hjá útivistunaraðilum og LSS. Framkvæmdastjórinn sagði úttektaarnefndinni að svo fremi sem fjárfest væri samkvæmt gildandi fjárfestingarstefnu og eingöngu í skráðum bréfum þyrfti ekki samþykki stjórnar fyrirfram.⁶ Óskráðar fjárfestingar og sérhæfðar þyrfti stjórn að samþykkja.⁷ Sjóðurinn fjárfesti lítið í hlutabréfum og tap hans varð aðallega á skuldabréfum banka, sparisjóða og fyrirtækja að hluta til innan sjóða bankanna.⁸ Eins og þessum sjóði er háttað stóð hann fall bankanna þokkalega af sér.

⁶ Sbr. viðtal úttektaarnefndar við Jón Kristjánsson, dags. 3.10.11.

⁷ Sbr. viðtal úttektaarnefndar við Jón Kristjánsson, dags. 3.10.11.

⁸ Um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði bankanna, sjá skýrslu RNA, 4. bindi, bls. 135 o.áfr.

25. Kafli

25.1 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga (LH).	111
25.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH).	111
25.1.2 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga	119
25.2 Stjórn og starfshættir	129
25.2.1 Stjórn.	129
25.2.2 Stjórn og starfsmenn	130
25.2.3 Samskipta og siðareglur.	132
25.3 Fjárfestingar LSR og LH 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar.	133
25.3.1 Inngangur	133
25.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins.	134
25.3.3 Fjárfestingarstefna LSR og LH	135
25.3.4 Tap LSR og LH	137

25.1 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga (LH).

25.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH)

Upphaf LSR og LH

Árið 1919 voru sett lög um lífeyrissjóð fyrir embættismenn og einnig lög um ekkjutryggingu embættismanna. Árið 1921 voru síðan sett lög um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra sem giltu allt til ársins 1943. Þá var nafni sjóðsins breytt í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Jafnframt var sjóðurinn þá opnaður fyrir öðrum ríkisstarfsmönnum en þeim sem töldust embættismenn. Lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra, sem stofnaður var árið 1921, var sameinaður LSR árið 1980.

Lífeyrissjóður hjúkrunarkvemma (LH) hóf starfsemi sína árið 1944 en frá upphafi hefur mikið samstarf verið milli LSR og LH.

Árið 1997 varð umtalsverð breyting á lögum um LSR og LH. Eldra réttindakerfi B-deildar var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum en nýr stigajöfnunarsjóður, A-deild, stofnaður. Árið 1999 var stofnuð séreignardeild LSR sem telur nálægt 4.000 greiddandi sjóðfélaga.

Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 er sameiginlegt rekstrarfélag Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH)

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR)

Stjórn LSR er skipuð átta mönnum. Fjármálaráðherra skipar fjóra stjórnarmenn, stjórn Bandalags ríkis og bæja skipar tvo, Bandalag háskólamanna skipar einn og stjórn Kennarasambands Íslands skipar einn stjórnarmann. Sömu aðilar skipa jafnmarga menn til vara. Skipunartími stjórnarmanna er þrjú ár. Stjórn sjóðsins kys formann úr sínum hópi til eins árs í senn. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórn sjóðsins ákveður hvernig daglegum rekstri er háttað og hefur eftirlit með honum, bókhaldi sjóðsins og meðferð fjármuna hans.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í LSR árin 2006-2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

LSR og LH tafla 1

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í árslok

Nafn:	Tiln.	2009	2008	2007	2006
Árni Stefán Jónsson	BSRB	X			
Ásta Lára Leósdóttir	Fjár.	X			
Birna Lárusdóttir	Fjár.	X	X	X	X
Eiríkur Jónsson	KÍ	Form.	X	X	X
Gunnar Björnsson	Fjár.	X	X	X	X
Marianna Jónasdóttir	Fjár.	X	Form.	X	Form.
Páll Halldórsson	BHM	X	X	X	X
Sigrún V. Ásgeirsdóttir	Fjár.		X	X	X
Trausti Hermannson	BSRB	X	X	X	X
Ögmundur Jónasson	BSRB		X	Form.	X
Fjármálaráðherra	Fjár.				
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja	BSRB				
Bandalag háskólamanna	BHM				
Kennarasamband Íslands	KÍ				

Á árinu 2009 varð engin breyting á stjórn sjóðsins frá fyrra ári nema hvað Eiríkur Jónsson tók við sem formaður í stað Mariönnu Jónasdóttur. Árið 2009 komu tveir nýir menn inn í stjórnina, Árni Stefán Jónsson og Ásta Lára Leósdóttir, þau komu inn í stjórn í stað Ögmundar Jónassonar og Sigrúnar V. Ásgeirsdóttur. Á ofangreindum fjórum árum hafa sex stjórnarmenn verið í stjórn öll árin.

Stjórn Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH)

Stjórn LH er skipuð fjórum mönnum. Fjármálaráðherra skipar tvo stjórnarmenn og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga tvo. Sömu aðilar skipa jafnmarga menn til vara. Skipunartími stjórnarmanna er þrjú ár. Stjórn sjóðsins kys formann úr sínum hópi til eins árs í senn. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórn sjóðsins ákveður hvernig daglegum rekstri er háttað og hefur eftirlit með honum, bókhaldi sjóðsins og meðferð fjármuna hans.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga árin 2006-2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

LSR og LH tafla 2

Stjórn Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga í árslok

Nafn:	Tiln.	2009	2008	2007	2006
Elsa B. Friðfinnsdóttir	FÍH	X	X	X	X
Jón Aðalbjörn Jónsson	Fjár.	X			
Marianna Jónasdóttir	Fjár.	Form.	X	Form.	X
Oddur Gunnarsson	FÍH	X			
Ásta Möller	FÍH		Form.	X	Form.
Jóhannes Pálmason	Fjár.		X	X	X
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	FÍH				
Fjármálaráðherra	Fjár.				

Á árinu 2009 varð engin breyting á stjórn sjóðsins frá fyrra ári nema hvað Elsa B. Friðfinnsdóttir tók við sem formaður í stað Mariönnu Jónasdóttur. Árið 2008 komu tveir nýir menn inn í stjórnina, þeir Jón Aðalbjörn Jónsson og Oddur Gunnarsson.

Helstu starfsmenn og ráðgjafar (LSR + LH)

Framkvæmdastjóri LSR og LH er Haukur Hafsteinsson, Þorkell Sigurgeirsson er skrifstofu- og fjármálastjóri. Þórey Þórðardóttir var forstöðumaður réttindamála til mars 2010. Við starfi Þóreyjar tók Ágústa Hrönn Gísladóttir. Róbert Aron Róbertsson var forstöðumaður eignastýringar til mars 2007 er hann lét af störfum. Í stað Róberts kom Baldur Þór Vilhjálmsson. Stefán Árni Auðólfsson, lögfræðingur LSR og LH.

Endurskoðun:

Ríkisendurskoðun

Tryggingafræðileg athugun:

Vigfús Ásgeirsson, Tálnakönnun hf.

Innra eftirlit:

Sif Einarsdóttir og Björg Sigurðardóttir, löggiltir endurskoðendur, Deloitte hf.

Regluvörður:

Stefán Árni Auðólfsson

Stjórnarmenn og starfsmenn LSR og LH - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009

Samkvæmt reglum sjóðanna skipa þeir hvorki starfsmenn sína né stjórnarmenn í stjórnir fyrirtækja og félaga sem fjárfest er í nema í mjög afmörkuðum tilvikum. Þá hafa sjóðirnir ekki komið að skipan annarra einstaklinga í stjórnir ef frá eru talin nýleg dæmi sem ráðast af þeim sérstöku aðstæðum sem nú ríkjá. Í starfsreglum stjórnar, lið 5.2., segir:

„Stjórnarmenn LSR/LH og starfsmenn lífeyrissjóðsins skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði sjóðsins. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki, sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins, eða fyrirtæki, sem sjóðurinn á hlut í og hafa eingöngu fjárvörslu og fjármálaumsýslu að markmiði. Að meginstefnu til tekur stjórn LSR ekki afstöðu til þess hverjir sitji í stjórnnum þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn hefur fjárfest í. Komi til þess í undantekningartilfellum að LSR taki afstöðu í þessu efni, ákveður stjórn sjóðsins hver skuli vera fulltrúi af hálfu sjóðsins í stjórn viðkomandi atvinnufyrirtækis.“

Starfsmenn LSR og LH sátu í eftirtöldum stjórnnum á tímabilinu 2006-2009:

Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri LSR og LH.

- Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaþing ehf.
- Íslenski framtakssjóðurinn.

Baldur Þór Vilhjálmsson, forstöðumaður eignastýringar LSR og LH.

- Fjárfestingarsjóður Íslands.
- Frumtak GP ehf.

Heimild: Minnisblað LSR og LH dags. 19. október 2010.

Hlutverk Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR)

Hlutverk Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er að finna í 1. gr. samþykktá sjóðsins.

1. gr. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum og þeirra börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, síðari breytingarlaga og samþykktá þessara.

Hlutverk Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH)

Hlutverk Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga er að finna í 1. grein samþykktá sjóðsins.

1. gr. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga. Heimili hans og varnarþing er í

Reykjavík. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum og þeirra börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum laga nr. 2./1997 um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga og samþykka þessara.

Í yfirferðinni hér á eftir verður fjallað um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga sem einn og sama sjóðinn nema annað sé sérstaklega tekið fram. Hér eftir kallaður „LSR + LH“ eða „sjóðirnir“.

Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR)

Lífeyrissjóður LSR starfar í þremur deildum, A-deild, B-deild og séreignardeild (Séreign). Fjárhagur deildanna skal vera aðgreindur. Rekstrarkostnaði skal skipt jafnt á milli þeirra í hlutfalli við umfang hverrar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt nánari reglum sem stjórn sjóðsins setur. Í 2. gr. samþykpta sjóðsins segir að samþykktirnar eigi við allar deildir sjóðsins eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

A-deild sjóðsins var stofnuð 1997 og er gert ráð fyrir að hún sé fjármögnuð með iðgjöldum og ávöxtun þeirra. Allir nýir sjóðfélagar greiða iðgjöld sín til A-deildar en tæplega 80% allra sjóðfélaga í LSR greiða nú til A-deildar sjóðsins. A-deildin er að því leyttinu ólík B-deildinni að gert er ráð fyrir að deildin eigi á hverjum tíma eignir til að mæta skuldbindingum.

B-deild sjóðsins byggir að hluta til á sjóðsöfnun og að hluta til á gegnumstreymiskerfi. Í stað þess að lífeyrisréttindi séu að fullu fjármögnuð með iðgjöldum og ávöxtun þeirra, er gert ráð fyrir að launagreiðendur standi að verulegum hluta undir lífeyrisgreiðslum þegar þær falla til. B-deildin er því fjármögnuð að hluta með greiðslum frá launagreiðendum sem bera ábyrgð á þeim lífeyrishækkunum sem verða frá því að taka lífeyris hófst. Ríkissjóður ber auk þess bakábyrgð. B-deildin er lokuð fyrir nýjum félögum.

Séreignardeild sjóðsins skiptist í þrjár fjárfestingarleiðir sem eru: Leið 1, Leið 2 og Leið 3. Hver leið er með mismunandi fjárfestingarstefnu. Eins og fjárfestingarstefnan er sett fram er gert ráð fyrir mestum sveiflum í ávöxtun hjá Leið 1, minni sveiflum hjá Leið 2 og lágmarks-sveiflum hjá Leið 3.

Úttektarnefndin ákvað að fjalla ekki sérstaklega um séreignardeildir sjóðsins, þar sem eignir séreignardeildanna eru aðeins um 1,7% af heildareignum sjóðanna (LSR og LH). Eignasafn séreignardeildanna er hins vegar inni í allri umfjöllun um verðbréfaeign og raunávöxtun LSR og LH.

Skipulag og starfsreglur stjórnar LSR og LH

Stjórn LSR og LH samþykktu starfsreglur stjórnar þann 22. maí 2002. Starfsreglur beggja stjórna eru eins. Í fjórðu grein starfsreglnanna sem fjallar um verksvið stjórnar segir:

- Stjórn fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins og skal sjá um að skipulag og starfsemi sjóðsins séu í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur.
- Stjórnin skal hafa eftirlit með reikningshaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.
- Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og gengur frá starfslýsingu hans.
- Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun og starfsemi sjóðsins.
- Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- Stjórnin sér um ráðstöfun á fjármagni sjóðsins og er henni skylt að ávaxta það með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til áhættu og langtímaskuldbindinga sjóðsins.
- Stjórnin skal sjá um að skipting á eignasafni sjóðsins sé í samræmi við gildandi lög og fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- Stjórnin tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður meiriháttar og óvenjuleg.

Að öðru leyti fjalla starfsreglur stjórnar um starfsemi sjóðsins, skipan stjórnar og skiptingu starfa innan stjórnar, fyrirsvar, boðun funda o.fl., ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl., fundargerðir

og fundargerðarbók, þagnarskyldu, vanhæfi, frekari reglur um störf stjórnar og breytingar og meðferð starfsreglna.

Starfsreglur framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóra LSR og LH hafa ekki verið settar sérstakar afmarkaðar starfsreglur. Þó eru ýmsar verklagsreglur innan sjóðanna þar sem tekið er á starfsskyldum framkvæmdastjóra. Má þar m.a. nefna:

- Ráðningarsamningur, en þar koma fram nokkur grundvallaratriði er varða starfsskyldur og vinnuframlag.
- Reglur um hlutverk stjórnar LSR, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna við ávöxtun eigna sjóðanna.
- Reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar LSR.
- Samskipta og siðareglur.
- Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti sjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna.
- Starfsreglur stjórnar.
- Verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna.

Fjárfestingarstefna LSR og LH

LSR og LH voru með sömu fjárfestingarstefnu þar til í árslok 2008. Frá þeim tíma hefur fjárfestingarstefna A-deildar verið aðgreind frá stefnum B-deildar og LH. Í stefnunni eru tilgreindar þær megináherslur sem vinna á eftir við ávöxtun sjóðanna. Fjárfestingarstefnan á að miða að því að tryggja góða ávöxtun en jafnframt að takmarka áhættu eftir því sem kostur er. Stjórnir sjóðanna móta fjárfestingarstefnu til eins árs í senn. Eðli málsins samkvæmt eru breytingar á fjárfestingarstefnu milli ára ekki miklar. Fjárfestingarstefnan fyrir árið 2008 var þessi:

Eignasamsetning – stefna

Við ráðstöfun fjármagns og eignastýringu á verðbréfasöfnum sjóðanna eru eftirfarandi viðmið höfð um skiptingu eigna þannig að eignarhluti í einstökum verðbréfaflokkum geti verið á bilinu:

Skuldabréf 40–70%

Ríkistryggð bréf 15–30%: Skuldabréf útgefin af ríkissjóði eða með ábyrgð ríkissjóðs, s.s. hús-

næðisbréf, húsbréf, íbúðabréf, ríkisbréf og spariskrírteini ríkissjóðs.

Skuldabréf sveitarfélaga 2–12%: Skuldabréf útgefin af sveitarfélögum með trausta rekstrar- og fjárhagsstöðu eða með ábyrgð þeirra.

Skuldabréf lánastofnana 2–12%: Skuldabréf útgefin af bönkum og sparissjóðum, eignarleigufyrirtækjum, fjárfestingarlánasjóðum og stofnlánasjóðum atvinnuveganna enda starfi þessir aðilar samkvæmt lögum og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Skuldabréf fyrirtækja 2–12%: Skuldabréf stærri fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu, aðallega skuldabréf fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöll Íslands.

Veðskuldabréf 5–30%: Skuldabréf tryggð með veði í fasteignum, bundin þeim takmörkunum að veðhlutfall fari ekki yfir 65% af markaðsvirði viðkomandi eignar eða 65% af fasteignamati, hvort sem hærra reynist. Strangari reglur gilda um sérhæft atvinnuhúsnæði.

Erlend skuldabréf 0–5%: Skuldabréf í félögum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði.

Hlutabréf 30–60%

Innlend hlutabréf 5–20%: Innlend hlutabréf í fyrirtækjum sem skráð eru í Kauphöll Íslands. Miðað er við að vægi óskráðra fyrirtækja verði ekki hærra en 10% af innlendri hlutabréfaeign sjóðanna á hverjum tíma.

Erlend hlutabréf 25–45%: Hlutabréfasjóðir eða sérgreind hlutabréfasöfn í hlutafélögum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði. Til samstarfs um ávöxtun og fjárstýringu er miðað við að velja fjóra eða fleiri ótengda og óháða aðila.

Aðrar fjárfestingar 0–10%

Framtakssjóðir 0–7%: Framtakssjóðir sem eru almennt ekki skráðir á markaði og hafa líftíma

í kringum 10 ár. Sjóðirnir geta verið sjóðasjóðir eða beinir sjóðir þar sem markmið er um ávöxtun umfram almenna hlutabréfamarkaði.

Fasteignasjóðir 0–5%: Sjóðir sem hafa það markmið að fjárfesta í fasteignum þar sem líftími sjóðanna er í kringum 10 ár. Sjóðirnir geta verið sjóðasjóðir eða beinir sjóðir. Geta ýmist verið skráðir eða óskráðir sjóðir.

Vogunarsjóðir 0–5%: Vogunarsjóðum sem hafa undirliggjandi fjárfestingarleiðir er gert að draga úr áhættu og mynda stöðuga jákvæða ávöxtun. Sjóðirnir geta verið sjóðasjóðir eða beinir sjóðir.

Heimild: Ársskýrsla LSR og LH árið 2007.

Eignastýring

Innlendu verðbréfasafni LSR og LH er stýrt af eignastýringardeild sjóðanna. Á þessu er þó ein undantekning sem varðar gjaldmiðlavarnarsamninga. Stýring þeirra var annars vegar hjá bönkunum þremur, Landsbanka Íslands, Glitni og Kaupþingi, og hins vegar hjá sjóðnum sjálfum.

Í desember 2004 samþykktu stjórnir LSR og LH reglur um „hlutverk stjórnna sjóðanna, framkvæmdastjóra og annara starfsmanna við ávöxtun eigna sjóðanna“. Þessar reglur tóku við af eldri starfsreglum frá 2002 um verðbréfa kaup og upplýsingagjöf til stjórnar LSR. Hér að neðan er fjallað um helstu atriði reglnanna.

Gerð fjárfestingarstefnu og fjárfestingaráætlunar, endurskoðun þeirra og eftirlit

- Í fjárfestingarstefnu skal m.a. koma fram með hvaða hætti eignir sjóðanna skuli ávaxtaðar, með hvaða hætti eignum skuli skipt niður á einstaka flokka verðbréfa og hvernig áhætta þeirra skuli varin.
- Einnig skal gera grein fyrir lífeyrisbyrði einstakra deilda, með hvaða hætti fjárfestingarstefnan skuli endurskoðuð og hvernig árangur hennar skuli metinn.
- Stjórnir LSR og LH hafa eftirlit með framkvæmd fjárfestingaráætlunarinnar og samþykkja breytingar á henni ef sérstakar ástæður gefa tilefni til.

- Til að gera stjórnnum LSR og LH kleift að að hafa eftirlit með framkvæmd fjárfestingaráætlunar og einstökum ákvörðum um fjárfestingar sjóðanna skal framkvæmdastjóri skila greinargerð til stjórnna þeirra ársfjórðungslega, þar sem gerð skal grein fyrir framkvæmd fjárfestingaráætlunarinnar og öðrum atriðum er varða fjárfestingar LSR og LH. Þar skal m.a. koma fram greinargóður samanburður á gildandi fjárfestingaráætlun og fjárfestingum sjóðanna, sundurliðun fjárfestinga eftir helstu tegundum fjármálagerninga og yfirliti yfir ávöxtun þeirra.
- Leita skal fyrirfram samþykkis stjórnna LSR og LH vegna samninga við innlenda og erlenda aðila um fjárvörslu og gjaldmiðlastýringu fyrir sjóðina. Einnig skal leita fyrirfram eftir samþykki stjórnarmanna þegar keypt er í fyrsta sinn hlutdeildarskírteini eða hlutir í verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði eða félagi um sameiginlega fjárfestingu. Sama gildir um fjárfestingar í eignaflokkum sem sjóðirnir hafa ekki fjárfest í áður.

Fjárfestingarráð

- Fjárfestingarráð er starfrækt í þeim tilgangi að tryggja virka upplýsingagjöf til stjórnna LSR og LH.
- Í fjárfestingarráði eiga sæti stjórnarmenn LSR og LH, framkvæmdastjóri, forstöðumaður eignastýringar, aðrir starfsmenn eignastýringar og lögfræðingur sjóðanna.
- Ráðið er ákvörðunarhæft ef fundir þess eru sóttir af minnsta kosti einum stjórnarmanni, framkvæmdastjóra eða forstöðumanni eignastýringar eða staðgenglum þeirra.
- Ráðið skal funda að lágmarki mánaðarlega og rita fundargerðir sem lagðar eru fyrir stjórn LSR og LH til kynningar.
- Meginhlutverk ráðsins er að fylgjast með fjárfestingum og gera grein fyrir einstökum fjárfestingum og öðrum mikilvægum ákvörðunum í tengslum við eignastýringu sjóðanna. Sérstaklega skal gera grein fyrir fjárfestingum í óskráðum félögum og þróun ávöxtunar stærstu eignasafna.

Ákvörðun um einstakar fjárfestingar

- Framkvæmdastjóri, forstöðumaður eignastýringar LSR og LH sem og aðrir starfsmenn eignastýringar, taka daglegar ákvarðanir um verðbréfavíðskipti innan ramma fjárfestingarstefnu og gildandi fjárfestingaráætlunar. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar er einungis heimilt að taka með heimild frá stjórnnum LSR og LH.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur LSR og LH

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 22.950 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðanna hækkað úr 19.053 mkr. árið 2005 í 22.950 mkr. árið 2009 eða 20,5%. Fyrirnefnd hækkan jafngildir 4,7% meðalhækkun lífeyris milli ára á föstu verðlagi. Í árslok 2009 var fjöldi lífeyrisþega 16.439 talsins, samanborið við 11.611 í árslok 2005 sem var fjölgun um 41,6%. Á þessum fimm árum hafði lífeyrisþegum fjölgað um 9,1% að meðaltali milli ára. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fái lífeyrisþegi fleiri en eina tegund lífeyris eða greiðslur frá fleiri en einum sjóði er hann talinn oftast en einu sinni. Þá fjölgaði mjög þeim sjóðfélögum sem fengu greiddan lífeyri vegna séreignarsparnaðar (Sjá töflu 3).

Lífeyrisgreiðslur*Lífeyrisréttindi A-deildar.*

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga til A-deildar hvert almanaksár gefa stig sem mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans. Iðgjöld af grundvallarlaunum í eitt ár gefa eitt stig og iðgjöld af hærri eða lægri launum gefa hlutfallslega fleiri eða færri stig. Grundvallarlaun eru miðuð við fasta krónutölu frá janúar 1996 sem er síðan uppreiknuð miðað við vísitölu neysluverðs hvers árs. Upphæð ellilífeyris er hundradshluti af grundvall-

arlaunum eins og þau eru á hverjum tíma. Hundradshluti er síðan samanlagður stigafjöldi sem sjóðfélagi hefur áunnið sér með iðgjaldagreiðslum margfaldaður með 1,9. Sjóðfélagar eiga rétt á töku lífeyris við 65 ára aldur. Þó er heimilt að hefja töku lífeyris 60 ára en þá skerðist lífeyrir. Einnig er heimilt að fresta töku lífeyris til 70 ára og þá hækka lífeyrisgreiðslur.

Lífeyrisréttindi B-deildar

Sjóðfélögum B-deildar er heimilt að hefja töku lífeyris sem hér segir:

- Við 65 ára aldur.
- Eftir 60 ára aldur sé samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími til sjóðsins 95 ár eða meira áður en 64 ára aldri er náð.

Upphæð lífeyris skal vera ákveðinn hundradshluti af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningum á grundvelli laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Hjá sjóðfélaga sem tekur lífeyri samkvæmt a-lið hér að ofan, skal hundradshluti vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi, sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir en síðan hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall.

Hjá sjóðfélaga sem tekur lífeyri samkvæmt b-lið hér að ofan, skal hundradshluti vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall, þó ekki meira en 64% samtals. Fyrir hvert fullt starfsár með aðild að sjóðnum eftir að samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími til sjóðsins er orðinn 95 ár bætast við 2% þar til taka lífeyris hefst.

Tryggingafræðileg staða

Stjórnir LSR og LH hafa falið Talnakönnun að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðanna í árslok á hvert. Útreikningurinn er í samræmi við reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi

LSR og LH tafla 3

	Lífeyrisgreiðslur í mkr.					Fjöldi lífeyrisþega				
	2009	2008	2007	2006	2005	2009	2008	2007	2006	2005
A-deild LSR	982	718	447	368	267	2.119	1.614	1.272	867	654
B-deild LSR	19.328	17.383	15.435	13.573	12.094	12.425	11.861	11.474	10.724	10.289
Séreign LSR	1.053	203	162	111	55	1.123	284	228	121	121
Lífsj. hjúkrunarfræðinga	1.587	1.366	1.129	970	834	772	723	646	586	547
Samtals	22.950	19.670	17.173	15.022	13.250	16.439	14.482	13.620	12.298	11.611
Samtals, verðlag 2009	22.950	21.147	21.811	20.197	19.053					

lífeyrissjóða. Hjá A-deild LSR er miðað við 3,5% ávöxtun eigna umfram vísitölu neysliverðs. Hjá B-deild LSR og LH er gert ráð fyrir að launahækkanir séu 1,5% umfram vísitölu neysliverðs og ávöxtun 2,0% umfram launahækkanir.

LSR + LH tafla 4

Heildarskuldbinding í mkr.

A-deild LSR	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	335.318	312.241	276.902	239.917	198.610
Skuldbindingar	386.371	359.196	283.730	241.304	205.924
Samtals	-51.053	-46.955	-6.828	-1.387	-7.314
% af skuldbindingum	-13,2%	-13,1%	-2,4%	-0,6%	-3,6%

Í töflunni hér að ofan kemur fram að heildarstaða sjóðsins fer úr því að vera neikvæð um 1.387 mkr. í árslok 2006 í það að verða neikvæð um 51.053 mkr. í árslok 2009 eða sem nemur 13,2% af skuldbindingum A-deildar. Framlag launagreiðenda í árslok 2009 var 11,5% en það er breytilegt samkvæmt lögum. Miðað er við að sjóðurinn eigi að jafnaði nægar eignir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum sínum. Iðgjaldagreiðslur eiga því alfarið að standa undir lífeyrisgreiðslum úr A-deild. Í lögum um lífeyrissjóði er miðað við að grípa þurfi til viðeigandi ráðstafana ef munur á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga er meiri en 10,0%. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði sem gildir vegna uppgjörs 2008 og 2009 má þessi munur vera allt að 15,0%. Heildarstaða A-deildar var neikvæð um 13,2% í árslok 2009 og kemur því ekki sjálfkrafa til breytinga á iðgjaldaprósentu.

LSR + LH tafla 5

Heildarskuldbinding í mkr.

B-deild LSR	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	214.600	205.588	235.692	214.430	184.044
Skuldbindingar	564.034	556.971	503.078	468.809	421.926
Samtals	-349.434	-351.383	-267.386	-254.379	-237.882
% af skuldbindingum	-62,0%	-63,1%	-53,2%	-54,3%	-56,4%

Samkvæmt lögum um B-deild LSR er ekki gert ráð fyrir að iðgjöld og ávöxtun þeirra standi undir lífeyrisgreiðslum og skulu launagreiðendur endurgreiða sjóðunum þann hluta lífeyris sem nemur hækkun á áður ákvörðuðum lífeyri. Frá árslokum 2005 til 2009 jukust eignir B-deildar um 30.556 mkr. eða 16,6%. Á sama tíma jukust skuldbindingar deildarinnar hins vegar um 142.108 mkr. eða 33,7%.

LSR + LH tafla 6

Heildarskuldbinding í mkr.

LH	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	23.457	22.342	25.900	24.629	21.091
Skuldbindingar	65.746	63.797	56.551	53.396	47.077
Samtals	-42.289	-41.455	-30.651	-28.767	-25.986
% af skuldbindingum	-64,3%	-65,0%	-54,2%	-53,9%	-55,2%

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga starfar í raun eins og B-deild LSR. Samkvæmt lögum um LH er ekki gert ráð fyrir að iðgjöld og ávöxtun þeirra standi undir lífeyrisgreiðslum og skulu launagreiðendur endurgreiða sjóðnum þann hluta lífeyris sem nemur hækkun á áður úrskurðuðum lífeyri. Frá árslokum 2005 til 2009 jukust eignir sjóðsins um 2.366 mkr. eða 11,2%. Á sama tíma jukust skuldbindingar deildarinnar hins vegar um 18.669 mkr. eða 39,7%.

LSR + LH tafla 7

Hlutdeild ábyrgðaraðila í heildarskuldbindingum B-deildar LSR og LH í árslok 2009

	B-deild	LH	Samtals
Hrein eign til greiðslu lífeyris	186.891	21.368	208.259
Endurmat á verðbréfaeign	3.851	123	3.974
Krafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur v/ lífeyrishækkana	214.481	29.721	244.202
Krafa á ríkissjóð v/bakábyrgðar	101.532	8.286	109.818
Áfallin skuldbinding skv. tryggingafræðilegri úttekt	506.755	59.498	566.253
Framtíðarskuldbinding	57.279	6.248	63.527
Samtals heildarskuldbinding í mkr.	564.034	65.746	629.780

Pegar hlutdeild ábyrgðaraðila í heildarskuldbindingum B-deildar LSR og LH er skoðuð kemur í ljós að hrein eign til greiðslu lífeyris ásamt endurmati á verðbréfaeign nemur samtals 212.233 mkr. Krafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur vegna lífeyrishækkana er 244.202 mkr. Samkvæmt lögum ber ríkissjóður ábyrgð á greiðslu lífeyris úr B-deild LSR og LH. Þó reynir ekki á þá ábyrgð nema til þess komi að sjóðurinn geti ekki innt af hendi lífeyrisgreiðslur með tekjum sínum og eignum. Bakábyrgð ríkissjóðs vegna beggja sjóðanna var samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt 109.818 mkr. Þá er að lokum sýnd framtíðarskuldbinding beggja sjóðanna, samtals að fjárhæð 63.527 mkr.

Heimild: Ársskýrslur LSR og LH.

Verðbréfaeign og raunávöxtun (LSR + LH)

Stærstur hluti eigna sjóðanna er í erlendum hlutabréfum eða á bilinu 26-33% af heildareignum þeirra. Næst koma ríkistryggð bréf sem eru á bilinu 15-23%. Sjóðfélagalán

hafa ávallt verið stór hluti af eignasafni sjóðanna eða á bilinu 12-13%. Sjóðfélagalánin jukust umtalsvert árin 2008 og 2009 og fóru upp í 17,3%. Jukust þau um 13.804 mkr. milli árana 2007 og 2009 sem var aukning um 30,3%. Skuldabréf lánastofnana og fyrirtækja voru á bilinu 8-9% fram að falli bankanna en þá varð umtalsverð lækkun á þeim skuldabréfum í eignasafni sjóðsins eins og við mátti búast. Skuldabréf sveitarfélaga voru jafnan á milli 5-6%. Innlán í bönkum hafa aukist frá falli bankanna og voru í árslok 2009 um 5,8% af eignum sjóðsins. Aðrir eignaflokkar en hér hafa verið taldir eru mun minni.

LSR og LH tafla 8

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Ríkistryggð bréf	85.542	66.857	51.012	50.599	51.549
Skuldabréf sveitarfélaga	23.291	19.281	15.921	14.986	15.580
Skuldabréf lánastofnana	10.837	19.764	28.012	26.808	20.587
Skuldabréf fyrirtækja	19.576	25.754	32.042	26.501	19.606
Veðskuldabréf	1.593	1.423	84	86	141
Sjóðfélagalán	59.342	55.925	45.538	37.589	31.475
Erlend skuldabréf	2.837	4.699	8.391	6.524	3.946
Innlend hlutabréf	4.027	3.075	51.961	46.966	33.039
Erlend hlutabréf	122.095	96.464	88.126	91.453	64.491
Framtakssjóðir	14.518	14.589	5.353	2.710	
Fasteignasjóðir	1.094	1.257	460	200	
Vogunarsjóðir		16	20	16	
Innlán	21.372	13.998	11.930	1.242	5.286
Samtals	366.124	323.102	338.850	305.680	245.700

Árið 2008 koma innlend hlutabréf, skuldabréf lánastofnana og skuldabréf fyrirtækja illa út. Þá var ávöxtun erlendra hlutabréfa neikvæð um 5,9%.

LSR og LH tafla 9

Raunávöxtun eignasafna í %	2009	2008	2007	2006	2005
Ríkistryggð bréf	4,9%	7,1%	4,3%	3,7%	7,9%
Skuldabréf sveitarfélaga	7,9%	4,3%	4,6%	4,6%	5,0%
Skuldabréf lánastofnana	-30,7%	-34,6%	2,6%	6,6%	7,6%
Skuldabréf fyrirtækja	-33,7%	-28,4%	6,0%	6,1%	5,4%
Veðskuldabréf	8,2%	3,5%	6,3%	2,8%	7,0%
Sjóðfélagalán	4,7%	5,2%	4,7%	4,8%	4,6%
Erlend skuldabréf	7,3%	11,0%	-0,7%	10,1%	-2,0%
Innlend hlutabréf	4,1%	-97,7%	-3,5%	10,6%	63,5%
Erlend hlutabréf	25,0%	-5,9%	-11,7%	28,2%	11,6%
Framtakssjóðir	-23,2%	50,2%	1,8%	10,1%	-10,8%
Fasteignasjóðir	-37,8%	17,9%	-6,4%	0,8%	-
Vogunarsjóðir	10,4%	-31,8%	9,4%	9,1%	4,3%
Innlán	2,8%	-0,5%	7,4%	4,3%	4,0%
Samtals raunávöxtun	2,9%	-25,3%	-0,8%	11,0%	14,2%
Samtals hrein raunávöxtun	2,8%	-25,4%	-0,9%	10,9%	14,0%

Heimild: Ársskýrslur LSR og LH.

Raunávöxtun

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

Árið 2009 var hrein raunávöxtun, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum, 2,9%. Hrein raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var aftur á móti neikvæð um 25,3%. Hrein raunávöxtun árið 2007 var einnig neikvæð eða um 0,8%. Hrein raunávöxtun árin 2006 og 2005 var hins vegar jákvæð um 10,9% og 14,3% sem er mjög góð ávöxtun. Góður árangur árána 2006 og 2005 þurrkaðist út árið 2008. Þannig var fimm ára meðalraunávöxtun árið 2009 neikvæð um 0,7% en árið 2007 var fimm ára meðalraunávöxtun jákvæð um 8,7%.

LSR + LH tafla 10

Raunávöxtun LSR	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	2,9%	-25,3%	-0,8%	10,9%	14,3%
Fimm ára meðalávöxtun	-0,7%	0,5%	8,7%	8,6%	6,3%
Tíu ára meðalávöxtun	1,6%	2,1%	5,7%	6,4%	5,7%

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga

Árið 2009 var hrein raunávöxtun 2,5%. Raunávöxtun sjóðsins var neikvæð um 26,7% árið 2008 og um 1,5% árið 2007. Hrein raunávöxtun árin 2006 og 2005 var hins vegar jákvæð um 11,1% og 13,7% sem er mjög góð ávöxtun. Góður árangur 2006 og 2005 þurrkaðist út árið 2008. Árið 2009 var meðalraunávöxtun síðustu síðustu fimm árin neikvæð um 1,3% en árið 2007 var fimm ára meðalraunávöxtun jákvæð um 8,8%.

LSR + LH tafla 11

Raunávöxtun LH	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	2,5%	-26,7%	-1,5%	11,1%	13,7%
Fimm ára meðalávöxtun	-1,3%	-0,1%	8,8%	8,5%	6,1%
Tíu ára meðalávöxtun	1,1%	1,7%	5,6%	6,4%	5,8%

LSR og LH - Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga, sem er sá fjöldi sem greiðir iðgjald að meðaltali í hverjum mánuði, var 32.085 á árinu 2009 og jókst samtals um 0,3% á milli ára. B-deild LSR og LH er lokað fyrir nýjum sjóðfélögum en A-deild LSR tekur við öllum nýjum sjóðfélögum. Heildariðgjaldagreiðslur árið 2009 til beggja sjóðanna námu samtals 29.957 mkr. sem var lækkun um 6,0% frá árinu 2008.

Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign milli ára á verðlagi ársins 2009 kemur í ljós að árið 2007 fór að halla verulega undan fæti hvað varðaði afkomu sjóðsins. Meginskýringin á lakari afkomu árið 2007 er m.a. sú að árin 2006 og 2005 voru óvenju góð hvað varðar ávöxtun og afkomu sjóðsins. Árið 2008 lækkaði hrein eign til greiðslu lífeyris verulega og er skýringin fyrst og fremst tap á hlutabréfum og öðrum eignarhlutum, varúðarfærsla vegna framvirkra samninga og niðurfærsla skuldabréfa. Síðan varð mikill viðsnúningur árið 2009 en þá hækkaði hrein eign sjóðsins um 43.357 mkr.

LSR og LH tafla 12

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	29.957	31.884	37.286	26.525	26.132
Lífeyrir	-22.951	-19.673	-17.175	-15.023	-13.253
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum	6.322	-39.465	-1.141	29.779	25.308
Varúðarfærsla vegna framvirkra samninga	-1.027	-18.227	0	0	0
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	50.181	35.974	17.426	17.870	13.341
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-18.537	-23.438	-15	-7	-13
Fjárfestingartekjur	36.939	-45.156	16.270	47.642	38.636
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-293	-237	-536	-518	-615
Rekstrarkostnaður	-295	-310	-279	-255	-244
Rekstrargjöld	-588	-547	-815	-773	-859
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	43.357	-33.492	35.566	58.371	50.656
Hrein eign frá fyrra ári	306.482	339.974	304.408	246.037	195.381
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	349.839	306.482	339.974	304.408	246.037

Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009

	2009	2008	2007	2006	2005
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	43.357	-36.007	45.171	78.479	72.840
Hrein eign frá fyrra ári	306.482	365.505	386.613	330.791	280.944
Hrein eign til greiðslu lífeyris	349.839	329.498	431.784	409.270	353.783

1) Fram til ársins 2008 héldu Lífeyrissjóður LSR og LH þóknunum til innlendra og erlendra banka og verðbréfafyrirtækja sem sjá um fjárfestingar fyrir sjóðinn aðgreindum. Frá og með 2008 hættu sjóðirnir að sýna þóknana-tekjur sérstaklega. Þess í stað voru þóknarnir færðar sem hluti af kaup- og söliverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarnir sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6 Þóknana-tekjur fjárfestingarfyrirtækja.

Í endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir LSR og LH, dags. apríl 2009, kom fram að LSR og LH hefðu ákveðið að hætta að sýna þóknarnir sérstaklega í ársreikningi frá og með árinu 2008 og hefur samburðararinu verið breytt samsvarandi. Fjárhæðirnar komu hins vegar fram í skýringum í reikningi. Í fyrri skýrslum Ríkisendurskoðunar hefur verið bent á, að þóknarnir til fjárvörsluáðila skuli koma sérstaklega fram í ársreikningum lífeyrissjóða. Samkvæmt reglum

FME um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 55/2000 kemur fram í 10. gr. að sýna beri meðal fjárfestingargjalda „þóknarnir verðbréfafyrirtækja vegna umsýslu og stjórnunar á fjárfestingum“ viðkomandi lífeyrissjóðs.

Hér á landi hafa aðrir lífeyrissjóðir almennt ekki birt þennan kostnað sérstaklega og hafa m.a. borið því við að örðugt sé að reikna út þennan kostnað með nægjanlegri vissu og bent á að um trúnaðarmál sé að ræða milli milli viðkomandi lífeyrissjóðs og fjárvörsluáðila eða fjármálafyrirtækis. Nægjanlegt sé að draga þennan kostnað frá við útreikning ávöxtunar.

„Gjaldfærðar þóknarnir samanstanda af umsýslu- og viðskiptakostnaði vegna erlendra sérgreindra hlutabréfasafna og viðskiptakostnaði vegna innlendra hlutabréfakaupa. Það sem vantar er umsýslu- og viðskiptakostnaður vegna hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum og eignar í hlutabréfasjóðum þar sem fjárfestingaraðilar hafa ekki viljað gefa upplýsingar um þennan kostnað. Þann kostnað er hins vegar mögulegt að áætla út frá meðalstöðu ársins og kostnaðarhlutfalli.“

Úttektarnefndin tekur heilshugar undir þetta sjónarmið Ríkisendurskoðunar og telur að Fjármálaeftirlitið sem á að hafa eftirlit með lífeyrissjóðunum eigi að hlutast svo til um að sjóðirnir sýni undantekningarlaust allan þóknanakostnað sem sérstakan gjaldalið í stað þess að hafa stóran hluta þóknanna falinn í mismuni á kaup- og söliverði verðbréfa.

25.1.2 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðanna sem eiga mestan þátt í tapi þeirra. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa jafnri og góðri ávöxtun í gegnum árin. Tap sjóðanna átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 en afleiðingarnar komu hins vegar ekki að fullu fram fyrr en á árunum 2009 og 2010. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða og útistandandi gjaldmiðlavarnarsamninga að teknu tilliti til væntanlegrar skuldajöfnunar skuldabréfa á hendur bönkunum. Tap sjóðanna liggur að mestu í eftirfarandi liðum:

- Skuldabréfum banka og sparissjóða
- Skuldabréfum fyrirtækja

- Innlendum hlutabréfum
- Innlendum skuldabréfasjóðum
- Framtakssjóðum
- Erlendum skuldabréfum

LSR+LH tafla 13

Yfirlit yfir tap Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga af skuldabréfum banka og sparisjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innlendum hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum, erl. skuldabréfum og gjaldmiðlavarnarsamningum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparisjóða	931	7.926	11.405	20.262
Skuldabréf fyrirtækja	-96	9.370	11.942	21.216
Innlend hlutabréf		-363	50.415	50.052
Innlendir skuldabréfasjóðir			71	71
Framtakssjóðir		421		421
Erlend skuldabréf	225	753		978
	1.060	18.107	73.833	93.000
Gjaldmiðlavarnarsamningar (GVT 175)		8.528		8.528
Samtals tap í mkr.	1.060	26.635	73.833	101.528

Heimild: Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga.

Samkvæmt uppgjöri beggja sjóðanna var tap þeirra á árunum 2008, 2009 og 2010 samtals að fjárhæð 101.528 mkr. Í uppgjöri sjóðanna var gert ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningarnir væru gerðir upp m.v. gengisvísitöluna (GVT) 175 stig. Hins vegar gera bankarnir kröfu um að gjaldmiðlavarnarsamningarnir séu gerðir upp m.v. gengi á gjalddaga hvers samnings fyrir sig. Þá reikna bankarnir einnig dráttarvexti á hina óuppgerðu samninga. Skv. forsendum bankanna myndu gjaldmiðlavarnarsamningarnir auka tap beggja sjóðanna um samtals 20.307 mkr. og yrði það þá samtals 121.835 mkr.

Skuldabréf banka og sparisjóða

Skuldabréfaeign LSR og LH í bönkum og sparisjóðum í ársbyrjun 2008 var 28.012 mkr. Á árinu 2008 námu afskriftir/niðurfærslur sjóðanna á framangreindum bréfum samtals 11.405 mkr. Árið 2009 voru afskriftir skuldabréfa banka og sparisjóða að fjárhæð 7.926 mkr. sem jafngilti 39% afskriftahlutfalli. Afskriftir/niðurfærslur ársins 2010 voru samtals 931 mkr. Samtals námu því afskriftir/niðurfærslur skuldabréfa banka og sparisjóða 20.262 mkr. árin 2008-2010. Mestu afskriftir LSR og LH voru hjá Glitni 6.032 mkr., Straumi 4.049 mkr., Byr sparisjóði 2.787 mkr., SPRON hf. 2.082 mkr., Landsbanka Íslands hf. 1.632 mkr. og Kaupþingi 1.262 mkr. Afskriftir hjá öðrum bankastofnunum voru samtals að fjárhæð 2.148 mkr.

Víkjandi og breytanlegt skuldabréf Glitnis

Í mars 2008 efndi Glitnir banki til skuldabréfaútboðs, samtals að fjárhæð 15.000 mkr. Um var að ræða útboð á svokölluðum „víkjandi og breytanlegum skuldabréfum“. Skuldabréfaútboðið var að því leyti sérstakt, að skuldabréfin voru án gjalddaga. Þann 1. apríl 2013 („skiptidagur“) skyldi andvirði skuldabréfanna hins vegar breytast í hlutabréf í Glitni banka hf. skv. nánari ákvæðum um gengi hlutabréfanna og fleiri atriða sem tiltekin voru í skuldabréfaútboðinu. M.ö.o. þá var ekki gert ráð fyrir að Glitnir endurgreiddi skuldabréfið með peningum, heldur yrði skuldabréfið greitt til baka árið 2013 með hlutabréfum í Glitni. Skuldabréfið var verðtryggt og ársvextir voru 8,0%. LSR+LH tóku þátt í útboðinu og keyptu skuldabréf fyrir 3.000 mkr. sem töpuðust nokkrum mánuðum síðar eða strax við fall bankanna.

Á 5. fundi fjárfestingarráðs 12. mars 2008 er bókað:

„Víkjandi skuldabréf á Glitni með skiptiskyldu. Baldur kynnir útgáfu Glitnis á nýjum skuldabréfum sem eru til 5 ára, víkjandi, með skyldu til skipta á gjalddaga, verðtryggt og með 8% nafnvexti. Kaup í útgáfunni redd og helstu skilmálar útgáfunnar. Eignastýring stefnir á þátttöku í útgáfunni.“

Frekari umfjöllun um skuldabréfaútgáfu þessa er ekki að finna í fundargerðum fjárfestingarráðs. Á 833. fundi stjórnar LSR og LH (fundurinn var sameiginlegur) sem haldinn var þann 26. mars 2008 kemur fram undir 4. tl:

„Gerð var sérstök grein fyrir kaupum sjóðsins á víkjandi skuldabréfi á Glitni upp á þrjú milljarða, verðtryggt með 8% vöxtum. Að fimm árum liðnum breytist skuldabréfið í hlutabréf. Kaupréttur eftir fimm ár er á genginu 27. Sjóðurinn fær arðgreiðslur á tímabilinu.“

Hvorki í fundargerðum fjárfestingarráðs né stjórnar var vísað til neinnar greiningar, mats eða rökstuðnings fyrir nefndum skuldabréfakaupum. Verður það að teljast bæði undarlegt og óvarfærið þar sem skilmálar skuldabréfsins voru jafn sérstakir og raun ber vitni og rakið hefur verið hér að framan. Eins og fram hefur komið þá töpuðu sjóðirnir andvirði skuldabréfsins þegar Glitnir féll. Ágreiningur vegna þessa skuldabréfs er til umfjöllunar hjá dómstólum.

Telja verður að ofangreint skuldabréf sem LSR og LH keyptu í Glitni í mars 2008 hafi verið það umfangsmikil kaup og með svo óvenjulegum ákvæðum, að stjórnendur lífeyrissjóðsins hefðu átt að sjá til þess að kaupin fengju mun ítarlegri umfjöllun í fjárfestingarráði og bera þau jafnframt undir stjórn sjóðsins til samþykktar, sbr. Reglur um hlutverk stjórna sjóðanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna við ávöxtun eigna sjóðanna, þar sem fjallað er um „Ákvörðun um einstakar fjárfestingar“ en þar segir:

Framkvæmdastjóri, forstöðumaður eignastýringar LSR og LH sem og aðrir starfsmenn eignastýringar, taka daglegar ákvarðanir um verðbrefaviðskipti innan ramma fjárfestingarstefnu og gildandi fjárfestingaráætlunar. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar er einungis heimilt að taka með heimild frá stjórnnum LSR og LH.

Sjá nánar kafla 5.1.9. Glitni hf. – skuldabréfaútböð í mars 2008

Það vekur athygli að af bókfærðri stöðu skuldabréfaeignar LSR og LH í bönkum og sparissjóðum í árslok 2008 voru 11.545 mkr. víkjandi lán eða 37% af skuldabréfaeign sjóðanna á fjármálastofnanir. Öll víkjandi lán voru afskrifuð um leið og bankarnir féllu og koma þau ekki til með að nýtast til skuldajöfnunar upp í gjaldmiðlavarnarsamninga ef af verður.

Neðangreind tafla sýnir bókfærða stöðu skuldabréfa banka og sparissjóða í eigu LSR og LH árið 2009. Síðan koma afskriftir ársins og nettóstaða í árslok. Að lokum er sýnt afskriftahlutfall hjá hverjum skuldara fyrir sig.

LSR+LH tafla 14

Bankar og sparissjóðir - staða og afskriftir skuldabréfa 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskriftir	Nettó staða	Afskrift í %
Byr sparissjóður	3.050	1.943	1.107	64%
Sparissjóðab.Ísl. hf./Icebank hf.	83	83		100%
Sparissjóður Mýrasýslu	1.137	619	518	54%
Sparissjóðurinn í Keflavík	487	487		100%
SPRON hf.	1.498	1.498		100%
Straumur-Burðarás hf. ¹⁾	5.325	3.108	2.217	58%
VBS fjárfestingarbanki hf.	188	188		100%
Samtals	11.768	7.926	3.842	67%

1) Skuldabréfaeign í Straumi, önnur en víkjandi lán, var seld og andvirði hennar fært í innlán hjá Straumi. LSR höfðar mál á hendur Straumi til að fá kröfuna viðurkennda sem forgangskröfu í þrotabú. Fært til bókar sem innlán, varúðarafskrift upp á 58%.

Heimild: Minnisblað LSH og LH til nefndarinnar 1.4.2011.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarafskriftir LSR og LH árin 2008-2010 af skuldabréfum sem gefin voru út af bönkum og sparissjóðum.

LSR + LH tafla 15

Afskriftir hjá bönkum og sparissjóðum vegna skuldabréfa

	2010	2009	2008	Samtals
Glitni banki hf.			6.302	6.302
Straumur-Burðarás hf.	87	3.108	854	4.049
Byr sparissjóður	844	1.943		2.787
SPRON hf.		1.498	584	2.082
Landsbanki Íslands hf.			1.632	1.632
Kaupþing banki hf.			1.262	1.262
VBS fjárfestingarbanki hf.		188	440	628
Sparissjóður Mýrasýslu		619		619
Sparissjóðurinn í Keflavík		487		487
Sparissjóðab.Ísl. hf./Icebank hf.		83	331	414
Samtals í mkr.	931	7.926	11.405	20.262

Skuldabréf fyrirtækja

Eign sjóðanna í skuldabréfum útgefnum af fyrirtækjum og stofnunum var samtals 19.606 mkr. í árslok 2005. Skuldabréfaeign sjóðanna í fyrirtækjum jókst síðan mjög hratt. Þannig áttu sjóðirnir orðið fyrirtækjaskuldabréf að fjárhæð 32.042 mkr. í árslok 2007 sem var aukning um 12.436 mkr. eða 63% á tveimur árum. Bókfærð skuldabréfaeign í fyrirtækjum í árslok 2008 var 25.754 mkr. og höfðu sjóðirnir þá afskrifað fyrirtækjaskuldabréf að fjárhæð 11.942 mkr. Staðan í árslok 2009 var 28.873 mkr. Af þeirri fjárhæð voru afskrifaðir 9.370 mkr. Eign sjóðanna í fyrirtækjaskuldabréfum í árslok 2009 nam þannig samtals 19.576 mkr. Samtals námu afskriftir/niðurfærslur LSR og LH í fyrirtækjaskuldabréfum 21.216 mkr. árin 2008-2010.

Mestu afskriftirnar voru hjá Landic Property hf. 4.472 mkr., Exista hf. 3.466 mkr., Bakkavör Group hf. 2.530 mkr., Samson ehf. 2.093 mkr., Atorka hf./Jarðboranir hf. 1.629 mkr. og Baugur Group hf. 1.338 mkr. Aðrar afskriftir voru samtals að fjárhæð 5.688 mkr.

Neðangreind tafla sýnir bókfærða stöðu skuldabréfa fyrirtækja í eigu LSR og LH árið 2009. Síðan koma afskriftir ársins og nettóstaða í árslok. Að lokum er sýnt afskriftahlutfall hjá hverju fyrirtæki fyrir sig. Taflan á eingöngu við um árið 2009.

LSR+LH tafla 16

Fyrirtæki og stofnanir – staða og afskriftir skuldabréfa 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskriftir	Nettó staða	Afskrift í %
365 hf.	174	174		100%
Atorka hf./Jarðboranir hf.	2.088	1.629	459	78%
Avion hf./HF Eimskipafél. Ísl.hf.	429	429		100%
Bakkavör Group hf.	5.258	2.530	2.728	48%
Baugur Group hf.	267	267		100%
Egla hf.	281	232	49	83%
Eik fasteignafélag hf.	359	172	187	48%
Exista hf.	1.615	1.167	448	72%
Landic Property hf.	1.789	1.789		100%
Stoðir hf./FL Group hf.	51	51		100%
Teymi hf./Kögun hf.	271	271		100%
Milestone ehf.	333	333		100%
Mosaic Fashions hf.	221	221		100%
Samson ehf.	105	105		100%
Samtals	13.241	9.370	3.871	71%

Eftirfarandi tafla sýnir heildar afskriftir LSR og LH árin 2008–2010 af skuldabréfaeign sinni í fyrirtækjum.

LSR+LH tafla 17

Afskriftir hjá fyrirtækjum vegna skuldabréfa

	2010	2009	2008	Samtals
Landic Property hf. ¹⁾		1.789	2.683	4.472
Exista hf.	-34	1.167	2.333	3.466
Bakkavör Group hf.		2.530		2.530
Samson ehf.		105	1.988	2.093
Atorka hf./Jarðboranir hf.		1.629		1.629
Baugur Group hf.		267	1.071	1.338
Stoðir hf./FL Group hf.		51	1.209	1.260
Avion hf./HF Eimskipafél.Ísl.		429	644	1.073
Milestone ehf.		333	499	832
Egla hf.		232	557	789
Teymi hf./Kögun hf.	-62	271	379	588
Mosaic Fashions hf.		221	332	553
365 hf.		174	247	421
Eik fasteignafélag hf.		172		172
Samtals í mkr.	-96	9.370	11.942	21.216

1) Síðar Fasteignafélagið Reitur

Heimild: Yfirlit LSR og LH dags. 14.2.2011.

Innlend hlutabréf

Á fjórum árum töpuðu LSR og LH samtals 40.807 mkr. á innlendra hlutabréfaeign sinni. Mest varð tapið á árinu 2008 eða samtals 50.415 mkr. Samfara tapinu á hlutabréfaeigninni þá féll hlutdeild hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðsins úr því að vera um 15% árin á undan í það að verða aðeins 1,0% árið 2008 og 1,1% árið 2009.

LSR+LH tafla 18

Hagn./(-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

LSR + LH	Samtals	2009	2008	2007	2006
Hlutafjáreign í ársbyrjun	135.041	3.075	51.961	46.966	33.039
Keypt hlutabréf á árinu	90.002	1.958	16.025	34.980	37.039
Seld hlutabréf á árinu	75.186	1.362	13.504	30.860	29.460
Arður	3.021	7	992	1.020	1.002
Hlutafjáreign í lok árs	106.029	4.027	3.075	51.961	46.966
Hagn / (-tap)	-40.807	363	-50.415	1.895	7.350

Heimild: Yfirlit LSR og LH dags. 14.02.2011.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir innlendra hlutabréfaeign LSR og LH tímabilið 1. jan. 2006 til 31. des. 2008. Félögunum er annars vegar skipt upp í skráð félög og hins vegar óskráð félög (Sjá töflu 19).

Þann 1. jan. 2006 áttu LSR og LH hlutabréf samtals að fjárhæð 33.039 mkr. Ári síðar eða 1. jan. 2007 var hlutabréfaeign sjóðanna komin í 46.966 mkr. Mest varð hlutabréfaeign sjóðanna 1. júlí 2007 eða 62.910 mkr. en um það leyti náði úrvalsvístalan hæstu hæðum eða 9.016,5 stigum. Þann 1. jan. 2008 hafði hlutabréfaeign sjóðanna lækkað um 10.949 mkr. og stóð þá í 51.961 mkr. Árið 2008 lækkaði hlutabréfaeign sjóðanna jafnt og þétt, þannig að hún var komin niður í 3.075 mkr. í árslok. Gengi nánast allra hlutabréfa í Kauphöllinni lækkaði gríðarlega á árinu 2008. Því er það athyglisvert að LSR+LH eru nettókaupendur hlutabréfa árið 2008 að fjárhæð 2.521 mkr. Þeir voru nettókaupendur fyrri hluta ársins en nettóseljendur seinni hluta ársins 2008. Sjóðirnir keyptu hlutabréf fyrir 16.025 mkr. en seldu hlutabréf fyrir 13.504 mkr. Rétt er að benda á að nánast öll hlutabréfaeign sjóðanna er í skráðum félögum. Arðgreiðslur af hlutabréfum á tímabilinu námu samtals 3.021 mkr.

Hér á eftir verður þróun á hlutabréfaeign LSR og LH í nokkrum félögum sýnd nánar. Úttektarnefndin aflaði sér upplýsinga um hlutabréfaeignina þann 31.12.2005, 31.12.2006, 30.06.07 og 31.12.07. Einnig voru fengnar upplýsingar um hlutabréfaeign í lok hvers ársfjórðungs árið 2008. Því er ekki mögulegt að sýna einstök kaup eða sölu hlutabréfa. Einungis er unnt að sýna nafnverð og markaðsvirði hlutabréfa í lok hvers tímabils svo og breytingar á hlutabréfaeign í einstökum félögum milli þeirra tímabila sem könnuð voru.

Sýnt er: Nafn félags, nafnverð, hreyfingar á nafnverði innan tímabils, dagslokagengi og markaðsvirði hinna keyptu/seldu hlutabréfa. Árið 2006 er sýnt sérstaklega.

LSR+LH tafla 19

Hlutabréfaeign LSR og LH á markaðsvirði tímabilið 1.1.2006 - 31.12.2008 í þús. kr.

Skráð félög	31.12.05	31.12.06	30.6.07	31.12.07	31.3.08	30.6.08	30.9.08	31.12.08
Avion hf./HF Eimskipafél.Ísl.		6.199	7.687	6.619	4.416	2.728	763	
Actavis Group hf.	1.830.511	4.277.003	4.967.317					
Alfesca hf./SÍF hf.	757.803	177.996	10.134	12.957	12.714	961.330	740.698	490.831
Atorka hf./Jarðboranir hf.	585.454	1.113.020	694.245	767.941	596.185	518.422	125.965	3.500
Bakkavör Group ehf.	3.196.025	5.426.284	7.627.340	6.487.886	5.003.591	3.803.137	2.768.689	328.743
Dagsbrún hf.	11.850							
Exista ehf.		2.750.418	3.963.364	3.633.230	2.214.795	1.728.217	1.276.969	8.708
Stoðir hf./FL Group hf.	944.564	2.161.564	2.746.017	1.160.354	1.029.718	22.358	22.358	
Flaga Group hf.	376.569	214.015	155.202	69.432	71.883	65.348	65.348	
Glitnir banki hf.	3.829.687	3.940.808	7.014.515	4.290.989	3.263.601	5.060.683	1.308.708	
Grandi hf.	711							
Icelandair Group hf.		357.778	111.355	7.686	6.924	4.584		
Icelandic Group hf.	869.078							
Kaupthing banki hf.	14.063.692	17.736.588	22.248.735	21.325.248	20.912.590	19.912.560	17.322.636	
Kaupþing banki hf.	9.578	10.967	14.744	11.424	10.505	9.960	8.807	
Kögun hf.	20.147							
Landsbanki Íslands hf.	4.508.710	5.631.173	9.259.957	10.027.223	8.081.674	5.575.890	4.711.149	
Marel hf.	9.251	658.873	890.907	1.123.876	649.201	970.014	944.290	1.169.876
Mosaic Fashions hf.	677.995	1.128.947	15.461					
SPRON hf.					94.058	73.010	345.400	
Skipti hf.					4.250	4.828		
Straumur-Burðarás hf	712.927	809.058	3.120.698	2.376.533	1.254.845	715.712	1.315.247	
Teymi hf.			7.650	8.910	6.435	3.015		
Össur hf.	634.052	565.161	54.482	590.628	645.954	678.852	916.259	1.072.378
Samtals skráð félög í þús. kr.	33.038.605	46.965.853	62.909.810	51.900.936	43.863.338	40.110.647	31.873.287	3.074.036
Óskráð félög	31.12.05	31.12.06	30.6.07	31.12.07	31.3.08	30.6.08	30.9.08	31.12.08
Eignarhaldsfélag lífsj. VP-LSR	547	547	547	547	547	547	547	547
Samtals óskráð félög í þús. kr.	547	547	547	547	547	547	547	547
Samtals félög í þús. kr.	33.039.151	46.966.399	62.910.356	51.901.482	43.863.885	40.111.194	31.873.834	3.074.583

Heimild: Yfirlit unnið úr gögnum LSR + LH, dags. 28. mars 2011.

Árinu 2007 er skipt í tvennt, þ.e. sýnd er staðan í lok hvors árhelmingis fyrir sig. Sömu upplýsingar koma fram fyrir árið 2008 en það ár er staðan sýnd í lok hvers ársfjórðungs. Neðst í töflunum eru síðan teknar saman upplýsingar um verðmæti á upphafsstöðu hlutafjár í viðkomandi félagi 31.12.2005 og bætt við það kaupverði umfram söluverð hlutabréfa til áramóta 2008. Þannig er gerð tilraun til að finna út hvert var heildartap sjóðsins í viðkomandi félagi frá árslokum 2005 til ársloka 2008. Það skal áréttað að hér er einungis reynt að sýna tap sjóðsins ofangreint tímabil. Í mörgum tilvikum höfðu lífeyrissjóðirnir átt hlutabréfin lengur og keypt þau á lægra verði en kemur fram í yfirlitunum hér á eftir.

Kaupþing banki hf.

Í árslok 2007 voru LSR og LH fjórði stærsti hluthafinn í Kaupþingi með 3,22% eignarhlut. Á

tímabilinu var nafnverð hlutabréfaeignar LSR og LH nokkuð stöðugt eða á bilinu 19.000 – 26.000 þús. hlutir. Á fyrri hluta árs 2007 seldu sjóðirnir 1.313 þús. hluti með verulegum hagnaði. Frá miðju ári 2007 til marsloka 2008 keyptu sjóðirnir samtals 6.266 þús. hluti en þá var gengi Kaupþings byrjað að falla. Sjóðirnir náðu síðan að selja hlutabréf fyrir rúmar 737 mkr. á þriðja ársfjórðungi 2008 og lækka þar með tap sjóðanna sem nemur þeirri fjárhæð.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta			Markaðsverð
	Staða	Hreyfing	Gengi	
31.12.05	18.852		746	14.064
31.12.06	21.090	2.238	841	1.882
30.06.07	19.777	-1.313	1.125	-1.477
31.12.07	24.233	4.456	880	3.921
31.03.08	26.043	1.810	803	1.453
30.06.08	26.098	55	763	42

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
30.09.08	25.033	-1.065	692	-737
31.12.08			0,00	
Samtals		6.181		19.148
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				19.148
Stæða 31.12.08	0		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				19.148

Landsbanki Íslands hf.

Hlutabréfaeign LSR og LH í Landsbankanum fór úr 178.210 þús. hlutum í árslok 2005 í 230.939 þús. hluti þann 30.09.2008. Á árinu 2007 voru sjóðirnir nettókaupendur á hlutabréfum í Landsbankanum og námu kaup þeirra á því ári a.m.k. 2.563 mkr. (kaupverð hlutabréfanna hefur þó í reynd verið mun hærra þar sem gengi bankans á síðari hluta ársins var löngum um og yfir 40 en í forsendum nefndarinnar er reiknað með genginu 35,50 fyrir hlutabréfaviðskipti í Landsbankanum á síðari árshelmingi 2007). Gengi bankans féll síðan mjög hratt á árinu 2008 en sjóðunum tókst að selja hlutabréf fyrir 1.220 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	178.210		25,30	4.509
31.12.06	212.497	34.287	26,50	909
30.06.07	243.043	30.546	38,10	1.164
31.12.07	282.457	39.414	35,50	1.399
31.03.08	273.030	-9.427	29,60	-279
30.06.08	241.904	-31.126	23,05	-717
30.09.08	230.939	-10.965	20,40	-224
31.12.08			0,00	
Samtals		52.729		6.760
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				6.760
Stæða 31.12.08	0		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				6.760

Bakkavör Group hf.

Í ársbyrjun 2006 áttu sjóðirnir samtals 62.790 þús. hluti í Bakkavör. Samkvæmt þeim gögnum sem úttektarnefndin hefur undir höndum voru LSR+LH ávallt kaupendur á hlutabréfum í Bakkavör. Engin sala á hlutabréfum virðist hafa átt sér stað. Í árslok 2008 var nafnverðseign sjóðanna í Bakkavör komin í 132.025 þús. hluti og hafði hún þá aukist um 110% á tímabilinu. Stærstu hlutabréfakaupin áttu sér stað á fyrri hluta árs 2007 en þá var gengi félagsins jafnframt

í hæstu hæðum. Gengi félagsins fór hæst í 72,10 þann 23. maí 2007. Eins og sést á töflunni hér að neðan þá féll gengi félagsins jafnt og þétt frá miðju ári 2007. Engin hlutabréf í Bakkavör voru seld þrátt fyrir að um sömu þróun á hlutabréfagengi hafi verið að ræða og hjá flestum öðrum skráðum hlutafélögum.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	62.790		50,90	3.196
31.12.06	86.821	24.031	62,50	1.502
30.06.07	109.904	23.083	69,40	1.602
31.12.07	110.904	1.000	58,50	59
31.03.08	121.152	10.248	41,30	423
30.06.08	129.358	8.206	29,40	241
30.09.08	129.985	627	21,30	13
31.12.08	132.025	2.040	2,49	5
Samtals		69.235		7.036
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				7.036
Stæða 31.12.08	132.025		2,49	-329
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				6.708

Glitnir banki hf.

Töluverðar sveiflur voru á eignarhlut LSR+LH í Glitni hf. Í upphafi skoðunartímabilsins áttu sjóðirnir samtals 221.369 þús. hluti í bankanum. Nafnverðseign sjóðanna hélst síðan nokkuð jöfn eða í kringum 200.000 þús. hlutir. Eins og fram kemur í umfjöllun nefndarinnar um FL Group hér á eftir var hluthöfum þess félags boðið að selja hluti sína í FL Group og kaupa þess í stað hluti í Glitni á verðinu 17,05 á hvern hlut. Skiptihlutfallið var 0,3918 hlutir í Glitni fyrir hvern hlut í FL Group. LSR+LH samþykktu tilboð FL Group og skýrir það nafnverðshækkun hlutafjár á 2. ársfjórðungi 2008.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	221.369		17,30	3.830
31.12.06	169.133	-52.236	23,30	-1.217
30.06.07	242.298	73.165	28,95	2.118
31.12.07	195.489	-46.809	21,95	-1.027
31.03.08	189.194	-6.295	17,25	-109
30.06.08	328.616	139.422	15,40	2.147
30.09.08	287.628	-40.988	4,55	-186
31.12.08			0,00	
Samtals		66.259		5.555
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				5.555
Stæða 31.12.08	0		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				5.555

Exista hf.

Í ársbyrjun 2006 var eignarhlutur LSR+LH í Exista ekki mikill eða 122.241 þús. hlutir sem jafngilti 2.750 mkr. að markaðsvirði. Á árinu 2007 jók sjóðurinn hlut sinn í Exista um 61.720 þús. hluti eða um 50,5% og hefur kaupverð þeirra hluta verið rúmlega 1.100 mkr. m.v. gengi á bréfunum í árslok það ár. Á fyrsta ársfjórðungi 2008 keyptu sjóðirnir hlutabréf í Exista fyrir um 302 mkr. en þá hafði gengi á hlutabréfunum fallið um rúm 47% á þremur mánuðum. Um áramótin 2008/2009 voru hlutabréf Exista nánast orðin verðlaus og töpuðu LSR+LV samtals 4.184 mkr. á hlutabréfaeign sinni í félaginu.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta			Markaðsverð
	Staða	Hreyfing	Gengi	
31.12.06	122.241		22,50	2.750
30.06.07	115.214	-7.027	34,40	-242
31.12.07	183.961	68.747	19,75	1.358
31.03.08	212.961	29.000	10,40	302
30.06.08	229.816	16.855	7,52	127
30.09.08	212.828	-16.988	6,00	-102
31.12.08	217.693	4.865	0,04	
Samtals		95.452		4.193
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				4.193
Stæða 31.12.08	217.693		0,04	-9
Tapað hlutafé frá 31.12.06 - 31.12.08 í mkr.				4.184

FL Group hf.

Þann 11. desember 2007 tilkynnti FL Group að félagið hygðist auka hlutafé sitt með lokuðu útboði til fjárfesta og að stefnt væri að því að selja hlutafé fyrir allt að 10.000 mkr. Tilgangur útboðsins væri að styrkja eiginfjárgrunn félagsins og breikka hluthafahópinn. Hver hlutur yrði seldur á genginu 14,7 og átti kaupverðið að greiðast 4. janúar 2008.

Vikurnar fyrir útboðið var hins vegar mikið fall á gengi hlutabréfa í FL Group. Þannig var gengi á hlutabréfum félagsins um áramótin 2007/2008 komið niður fyrir útboðsgengið sem var 14,7. Þann 10. jan. 2008 hafði gengi félagsins síðan fallið um rúm 21% frá áramótum.

Þann 3.12.2007 seldu LSR+LH 20.000 þús. hluti á genginu 21,15 fyrir 42 mkr. Þau viðskipti áttu sér stað áður en FL Group tilkynnti um væntanlega hlutafjárukningu í félaginu og telst sú sala því ekki tengjast hlutafjárútboðinu.

Viðskipti LSR+LH í tengslum við kaupin á hlutabréfum FL Group voru eins og fram kemur hér að neðan.

Dags.	Kaup	Sala	Nettó viðskipti
19.12.2007		-458	-458
4.1.2008	1.174		1.174
Samtals í mkr.	1.174	-458	716

Þann 19.12.2007 seldu LSR+LH hlutabréf í FL Group, samtals 30.000 þús. hluti, á genginu 15,25 fyrir 458 mkr. Viðskipti sjóðanna á hinu nýja hlutafé í FL Group fóru fram þann 4. janúar 2008. Þá var keypt hlutafé að nafnverði 79.831 þús. hlutir á genginu 14,7 fyrir samtals 1.174 mkr. Mismunur á kaupum og sölu í ofangreindum viðskiptum nam 716 mkr. Gengi bréfa FL Group var komið niður í 11,43 þann 11. jan. 2008 þannig að sjóðirinin töpuðu 245 mkr. á þessum viðskiptum fyrstu vikuna eftir kaupin og hefur þá verið tekið tillit til sölu hlutabréfanna þann 19. des. 2007.

Heimild: Tölvupóstur LSR+LH dags. 6. apríl 2011.

Síðasti fundur fjárfestingarráðs á árinu 2007 var haldinn þann 6. desember. Þar er bókað: „*Baldur kynnir helstu viðskipti á innlenda markaðinum og stöðu þess markaðar. Þá er farið yfir viðskipti FL-Group í vikunni og stöðu þess félags.*“ Þetta var bókað áður en FL Group tilkynnti um hlutafjárútboðið en það var gert 11. desember 2007. Enga bókun eða samþykkt er hins vegar að finna í fundargerðum fjárfestingarráðs eða stjórn sjóðanna fyrir þátttöku þeirra í nefndu hlutafjárútboði.

Um mitt ár 2008 var hluthöfum í FL Group tilkynnt að félagið yrði afskráð í Kauphöll Íslands. Jafnframt var hluthöfum tilkynnt að þeir ættu kost á að fá hlutabréfum sínum í FL Group skipt yfir í hlutabréf í Glitni. Úttektarnefndin sendi LSR+LH fyrirspurn varðandi skipti á hlutabréfum FL Group og Glitnis. Í svari sjóðanna dags. 6. apríl 2011 kom fram: „*Í kjölfar afskráningar FL Group úr Kauphöll Íslands þann 6. júní 2008 var hluthöfum félagsins boðið að selja hluti sína á verðinu 6,68 á hlut sem var meðalgengi FL Group í aprilmánuði 2008 og kaupa þess í stað hluti í Glitni á verðinu 17,05 á hlut sem var lokagengi Glitnis þann 30. apríl 2008. Skiptihlutfallið í tilboði til hluthafa var því 0,3918 hlutir í Glitni banka fyrir hvern*

hlut í FL Group. Það var álit eignastýringar LSR á þessum tíma, að betra væri að eiga í skráðum banka en í óskráðu fjárfestingarfélagi og því var tekin ákvörðun um að ganga að þessu tilboði.“

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	49.454		19,10	945
31.12.06	84.767	35.313	25,50	2.162
30.06.07	93.085	8.318	29,50	245
31.12.07	79.585	-13.500	14,58	-197
04.01.08	159.416	79.831	14,70	1.174
31.03.08	162.416	3.000	6,58	20
30.06.08	3.398	-159.018	6,58	-1.046
30.09.08	3.398		6,58	
31.12.08	3.398			
Samtals		-46.056		3.302
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				3.302
Staða 31.12.08			0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				3.302

Straumur-Burðarás hf.

Hlutabréfaeign LSR og LH í Straumi fór úr 44.838 þús. hlutum í árslok 2005 í 157.515 þús. hluti 30.09.2008. Á árinu 2007 juku sjóðirnir eign sína í bankanum verulega enda var gengi bankans nokkuð stöðugt fram eftir árinu en fór síðan að gefa eftir um haustið. Í lok árs 2007 var gengi Straums komið niður í 15,1 en hæst hafði það farið í 23,25 þann 18. júlí það ár. Gengi Straums fór síðan hríðlækkandi allt árið 2008. Því virðist það hafa verið eðlileg ákvörðun sjóðanna að selja hlutabréf sín í Straumi til að forðast frekara tap. Þannig seldu sjóðirnir samtals 85.455 þús. hluti á fyrri árshelmingi 2008 fyrir um 941 mkr. Á þriðja ársfjórðungi 2008 keyptu LSR og LH hlutabréf í Straumi fyrir 715 mkr. Á móti höfðu sjóðirnir selt hlutabréf í stóru bönkunum og drógu þar með aðeins úr tjóni sjóðsins þar sem Straumsbréfin voru seld skömmu síðar en á mun læga verði en þau höfðu verið keypt á.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	44.838		15,90	713
31.12.06	46.498	1.660	17,40	29
30.06.07	143.151	96.653	21,80	2.107
31.12.07	157.386	14.235	15,10	215
31.03.08	106.886	-50.500	11,74	-593
30.06.08	71.931	-34.955	9,95	-348
30.09.08	157.515	85.584	8,35	715
31.12.08	157.515	0	1,86	
Samtals		112.677		2.838
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				2.838
Staða 31.12.08			1,86	-293
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				2.545

SPRON hf.

Rétt er að vekja athygli á að LSR og LH keyptu hlutabréf í SPRON hf. á 1. ársfjórðungi 2008. Kaupverð bréfanna var tæpar 94 mkr. Á þriðja ársfjórðungi 2008 keyptu sjóðirnir aftur hlutabréf í SPRON, þá fyrir 288 mkr. Þessi eign var orðin að engu nokkum vikum síðar. Miklar gagnrýnisraddir höfðu verið uppi um það hvernig staðið var að hlutafélagavæðingu SPRON hf. enda varð verðfall á hlutabréfum félagsins strax frá skráningu mikið. Upphafsgengi SPRON þann 23.10.2007 var 16,70. Í árslok 2007 var gengið komið í 8,60 og hafði það þá fallið um 48,5% á rúmum tveimur mánuðum. Síðasta skráða gengi SPRON er frá 3.10.2008. Tap LSR+LH á hlutabréfunum í SPRON hf. var því tæpar 382 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.03.08	21.925	21.925	4,29	94
30.06.08	21.925	0	3,33	
30.09.08	131.832	109.907	2,62	288
31.12.08	131.832	0		
Samtals		131.832		382
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				382
Staða 31.10.08			0,00	
Tapað hlutafé frá 31.03.08 - 31.12.08 í mkr.				382

Innlendir skuldabréfasjóðir

Í ársbyrjun 2008 var bókfærð eign LSR og LH í innlendum skuldabréfasjóðum 2.876 mkr. Á árinu 2008 færðu lífeyrissjóðirnir Fyrirtækjabréf í Landsbankanum niður um 55% og hlutdeild í Hávaxtasjóði Kaupþings um 45%, samtals var niðurfærslan 71 mkr.

LSR+LH tafla 20

Innlendir skuldabréfasjóðir - gengistap 2008 í mkr.

Landsbankinn	Fyrirtækjabréf	48
Kaupþing	Hávaxtasjóður	23
Samtals		71

Framtakssjóðir

Í árslok 2008 áttu lífeyrissjóðirnir 15.851 mkr. í framtakssjóðum. Engar afskriftir áttu sér stað hjá lífeyrissjóðunum af hlutdeild sinni í framtakssjóðum á árunum 2008 og 2009 ef undan er skilinn sjóður Kaupþings, Capital Partners II Fund. Á árinu 2009 var sjóðurinn afskrifaður 100% eða um 421 mkr. en sjóðurinn var tekinn til gjaldþrotaskipta 15. október 2008. Kaupþing Capital Partners II Fund var m.a. stofnaður til að halda utan um fjárfestingar Kaupþings í óskráðum bréfum og var opinberlega kynntur sem lokaður sjóður í eigu félagsins, fagfjárfesta og viðskipavina bankans í einkaþjónustu hans.

Heimild: Rannsóknarskýrsla Alþingis bindi 3.

Erlend skuldabréf

Í árslok 2007 áttu LSR og LH 8.391 mkr. í erlendum skuldabréfum. Eign sjóðsins fór síðan jafnt og þétt minkandi og var komin niður í 2.837 mkr. í árslok 2009. Engar afskriftir áttu sér stað hjá lífeyrissjóðunum árið 2008 en árin 2009 og 2010 voru að fullu afskrifuð skuldabréf tveggja útgefenda en það voru skuldabréf franska bankans Société Générale og Caylon Finance í Guernsey. Landsbankinn hafði milligöngu um að selja skuldabréf Société Générale og voru þau baktryggt með tengingu í skuldabréfasafni 100 stærstu fyrirtækja í Evrópu.

Sjá nánar kafla 5.1.9., Société Générale

LSR+LH tafla 21

Afskriftir erlendra skuldabréfa í mkr.	2009	2010	Samtals
Caylon Finance Guernsey	331	63	394
Société Générale	422	162	584
Samtals	753	225	978

Gjaldmiðlavarnarsamningar

Á fundi stjórnar LSR og LH sem haldinn var 19. desember 2007 var samþykkt að halda áfram 50% varnarviðmiði á erlenda safninu. Eftir sem áður var svigrúm niður í núll og við sérstakar aðstæður allt upp í 100%. Gerðir yrðu samningar við þrjá banka,

Glitni, Kaupþing og Landsbankann. Við Glitni og Landsbankann var gerður einn samningur við hvorn banka, þar sem gert var ráð fyrir gjaldeyrisvörnum á móti erlendri eign að fjárhæð 10.000 mkr. Við Kaupþing voru gerðir tveir samningar um gjaldeyrisvarnir á móti erlendri eign að fjárhæð 10.000 mkr. hvor. Samkvæmt þessu var gert ráð fyrir að í utanhússtýringu væri 40% af erlendu eignasafni sjóðanna varið miðað við áramótastöðu safnsins upp á u.þ.b. 100.000 mkr. og 60% hjá eignastýringu sjóðsins. Miðað við 50% varnarviðmið var hver banki því að verja um 5.000 mkr. af hverjum 10.000 mkr. Því var miðað við að vera með samninga að fjárhæð 20.000 mkr. í utanhússtýringu og 30.000 mkr. í innanhússtýringu miðað við 50% varnarhlutfall. Miðað við fjárfestingaráætlun fyrir árið 2008 var áætlað að fjárfesta fyrir um 9.500 mkr. í erlendum fjárfestingum sem hefði fært erlenda eignasafni sjóðanna úr 96.500 mkr. í 106.000 mkr. að öðru óbreyttu.

Í Rannsóknarskýrslu Alþingis, 4. bindi, kafla 13.6.1, er m.a. fjallað um gjaldeyrissamninga LSR og LH. Þar kemur m.a. fram:

„Þar sést að staða samninganna helst til-
tölulega lág allt fram til ársins 2007 þegar
staða framvirkra samninga og skiptasamninga
hækkar talsvert. Þannig nær neikvæð heildar-
staða framvirkra samninga sjóðsins hámarki í
lok mars 2008 og er hún þá neikvæð upp á
um 300 milljónir evra en við hrun bankanna
er hún neikvæð um tæplega 179 milljónir
evra. Sé einnig lögð við neikvæð staða gjald-
eyrisskiptasamninga sjóðsins þá nær staðan
hámarki í lok júní 2008 og er þá neikvæð
um tæplega 687 milljónir en var neikvæð um
rúmlega 656 milljónir evra við fall bankanna.
Í sameinuðum ársreikningi Lífeyrissjóðs starfs-
manna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunar-
fræðinga fyrir árið 2007 kemur fram að um
áramótin hafi erlendar eignir sjóðsins numið
rétt rúmum 700 milljónum evra.

Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfs-
manna ríkisins sagði að gerð samninga til að
verja erlendar eignir gegn gjaldmiðlahreyf-
ingum hefði verið hluti af stefnu sjóðsins.
„Stefna okkar var að vera með varnarhlutfallið
um 50% en við vorum hinsvegar með svigrúm

niður í núll og upp í 70% og við sérstakar aðstæður þess vegna alveg upp í 100%“.

(Skýrsla Hauks Hafsteinssonar fyrir RNA 22. september 2009.)

LSR+LH tafla 22

Staða gjaldmiðlavarnarsamninga 31.12.2009

Annars vegar tillaga sjóðsins og hins vegar krafa bankanna

	Heildar krafa	Vaxta kostn.	Samtals	Skulda jöfnun	Mis munur
Tillaga sjóðsins m.v. GVT 175 stig	17.871	1.045	18.916	-10.388	8.528
Krafa bankanna m.v. uppgjörsgengi samninganna	37.000	3.532	40.532	-11.697	28.835
Mismunur á kröfum í mkr.					20.307

Heimild: Ársskýrslur LSR og LH 2008 og 2009 og minnisblað LSR og LH dags. 1. febrúar 2011.

Eins og fram kemur hér að ofan færðu sjóðirnir til skuldar 18.916 mkr. í ársreikningi 2009, sem skuld við lánastofnanir vegna óuppgerðra gjaldmiðlavarnarsamninga. Ofangreind fjárhæð er m.v. gengisvísitöluna 175 stig. Þá gera sjóðirnir ráð fyrir að geta skuldajafnað skuldabréfum í eigu sinni á viðkomandi viðskiptabanka. Skuldabréf í eigu sjóðanna sem þeir gera ráð fyrir að geta skuldajafnað eru samtals að fjárhæð 10.388 mkr. Vextir eru reiknaðir af nettóstöðu, þ.e. stöðu samninganna að frádregnum skuldajafnanlegum bréfum. Rétt er að vekja athygli á, að í forsendum sjóðanna varðandi skuldajöfnun gera sjóðirnir ráð fyrir að skuldabréf útgefin af Stofnlánadeild landbúnaðarins komi til skuldajöfnunar á stöðu sjóðanna gagnvart Landsbanka Íslands.

„Landsbankinn tók yfir Stofnlánadeild landbúnaðarins árið 2005 sem varð við það hluti af bankanum sjálfum (ekki rekinn áfram á eigin kennitölu). Ríkisábyrgðin hélst á þegar útgefnum skuldbindingum sjóðsins. Við fall Landsbankans lýstum við kröfum á Stofnlánadeildina í þrotabú Landsbankans, m.a. til að glata ekki mögulegum skuldajöfnunarrétti.“

Heimild: Tölvupóstur frá LSR dags. 18. mars 2011

Hins vegar gera bankarnir ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningarnir verði gerðir upp m.v. gengi á uppgjörstigi samninganna ásamt vöxtum. Ýrustu kröfur bankanna á hendur sjóðunum m.v. 31.12.2009 eru 40.532 mkr. Sjóðirnir gera hins vegar ráð fyrir að geta skuldajafnað 11.697 mkr. gegn kröfum bankanna á hendur sjóðnum.

„Allt frá bankabruninu haustið 2008 hafa átt sér stað viðræður milli fulltrúa þrettán lífeyrissjóða og skila-

nefndar Landsbanka Íslands hf. um stöðu framvirkra gjaldmiðlavarnarsamninga sjóðanna við bankann og forsendur fyrir mögulegri sátt um uppgjör þeirra.

Náðst hefur rammasamkomulag milli fulltrúa Landssamtaka lífeyrissjóða og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um fullnaðaruppgjör samninganna.

Niðurstæða samkomulagsins er að mestu í samræmi við stöðu samninganna í ársreikningum lífeyrissjóðanna og mun því ekki hafa frekari áhrif á tryggingafræðilega stöðu þeirra.

Í kjölfar samkomulagsins verður hægt að ljúka uppgjöri milli Landsbanka Íslands hf. og einstakra lífeyrissjóða“.

Heimild: Fréttatilkynning frá Landssamtökum lífeyrissjóða dags. 21. júlí 2011

Lífeyrissjóðirnir hafa átt í viðræðum við Kaupþing banka hf. og Glitni banka hf. um hvernig standa skuli að uppgjöri á útstandandi gjaldmiðlavarnarsamningum og standa þær viðræður enn yfir.

Tengdir aðilar

Exista og tengdir aðilar

Þau félög sem tengjast Exista hf. og koma við sögu hjá LSR+LH eru Kaupþing, Bakkavör og Síminn. Í árslok 2006 nam hlutabréfaeign LSR+LH samtals 46.966 mkr. Þar af var hlutabréfaeign sjóðsins í Exista hf. og tengdum aðilum samtals 25.924 mkr. eða sem nam 55,1% af innlendri hlutabréfaeign sjóðsins. Í árslok 2007 var innlend hlutabréfaeign LSR+LH samtals 51.961 mkr. Hlutabréf í Exista og tengdum aðilum námu þá samtals 31.106 mkr. eða 59,8% af innlendri hlutabréfaeign sjóðsins. Þá áttu LSR+LH skuldabréf á ofangreind félög, samtals að fjárhæð 10.972 mkr. í árslok 2006 og 15.673 mkr. í árslok 2007.

Í árslok 2006 nam skulda- og hlutabréfaeign LSR+LH í Exista hf. og tengdum aðilum samtals 36.896 mkr. eða sem nam 12,1% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Í árslok 2007 var skulda- og hlutabréfaeign í Exista og tengdum aðilum 46.779 mkr. eða 13,8% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Af skuldabréfaeign LSR+LH í félögunum fjórum var búið að afskrifa rúmar 7.292 mkr. í árslok 2009.

Baugur Group og tengdir aðilar

Þau félög sem tengjast Baugi Group hf. og koma við sögu hjá LSR+LH er að finna í töflunni hér að neðan. Á því tímabili sem skoðað var nam skulda- og hlutabréfaeign sjóðanna í Baugi Group hf. og tengd-

LSR+LH tafla 23

Exista og tengdir aðilar sem hlutfall af hreinni eign til greiðslu lífeyris

	2 0 0 7			2 0 0 6		
	Hlutabréf	Skuldabréf	Samtals	Hlutabréf	Skuldabréf	Samtals
Bakkavör hf.	6.468	4.092	10.560	5.426	3.064	8.490
Exista hf.	3.585	3.338	6.923	2.750	1.890	4.640
Kaupþing banki hf.	21.053	5.279	26.332	17.748	4.382	22.130
Skipti hf./Síminn hf.		2.964	2.964		1.636	1.636
Samtals í mkr.	31.106	15.673	46.779	25.924	10.972	36.896
Hrein eign til greiðslu lífeyris í mkr.			339.974			304.408
Hlutf. af hreinni eign til greiðslu lífeyris			13,8%			12,1%

um félögum samtals 24.235 mkr. í árslok 2006 eða 8,0% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Í árslok 2007 var verðbréfaeign sjóðanna í sömu félögum samtals 23.526 mkr. sem var 6,9% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. LSR+LH fjárfestu mun meira í skuldabréfum í Baugi og tengdum aðilum en hlutabréfum. Hlutfjáreign sjóðanna var eingöngu bundin við Glitni, FL Group og Mosaic Fashion.

Af skuldabréfaeign LSR og LH í neðangreindum tíu félögum var búið að afskrifa 15.168 mkr. í árslok 2009.

LSR+LH tafla 24

Baugur Group hf. og tengdir aðilar sem hlutfall af hreinni eign til greiðslu lífeyris

	2 0 0 7			2 0 0 6		
	Hlutabréf	Skuldabréf	Samtals	Hlutabréf	Skuldabréf	Samtals
Baugur Group hf.		2.235	2.235		1.028	1.028
Landic Property hf.		3.891	3.891		3.718	3.718
Kögun hf.		675	675		659	659
FL Group hf.	1.152	1.153	2.305	2.162	1.593	3.755
Tryggingamiðstöðin hf.		427	427		401	401
Mosaic Fashions hf.		472	472	1.129	449	1.578
Glitnir banki hf.	4.291	8.249	12.540	3.941	8.237	12.178
365 hf.		676	676		639	639
Teymi hf.	9		9			0
Eik fasteignaf. hf.		296	296		279	279
Samtals í mkr.	5.452	18.074	23.526	7.232	17.003	24.235
Hrein eign til greiðslu lífeyris í mkr.			339.974			304.408
Hlutf. af hreinni eign til greiðslu lífeyris			6,9%			8,0%

Tengdir aðilar: Byggir á skilgreiningu sem gerð er grein fyrir í kafla 4.2.6, Fjárfestingar í skuldabréfum og víxlum banka, sparisjóða o.fl., og kafla 5.1.7, Tengdir aðilar.

25.2 Stjórn og starfshættir

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins á sér langa sögu eins og kemur fram fyrir og hann hefur ásamt Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga nokkra sérstöðu meðal íslenskra lífeyrissjóða.

25.2.1 Stjórn

Í stjórn LSR sitja átta einstaklingar. Fjármálaráðherra skipar fjóra, stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skipar tvo, Bandalag háskólamanna

skipar einn og Kennarasamband Íslands skipar einn. Stjórnarmenn er kosnir til þriggja ára í senn. Stjórn kýs sér formann til eins árs í senn og hafa fulltrúar fjármálaráðherra og starfsmannafélaganna skipst á um að fara með formennskuna.

Það vekur athygli að ekki er hámarkstími á stjórnarsetu í þessari stjórn en úttekta nefndin er þeirrar skoðunar að hámarkstími ætti að vera 8-12 ár (sjá kafla 5.2.3). Það er einnig skoðun nefndarinnar að

stjórnir lífeyrissjóða skuli móta sér stefnu um að einn eða fleiri stjórnarmenn úr hópi sjóðfélaga skuli kosnir á ársfundi (sjá kafla 5.2.2). Þessi skoðun á við LSR í ljósi þess að stærsti hluti félaga hans er í A-deildinni. Það virðist einnig skynsamlegt að formaður sitji tvö ár í senn fremur en eitt til að tryggja betur samfellu í störfum stjórnar.

25.2.2 Stjórn og starfsmenn

Stjórn lífeyrissjóðs ber endanlega ábyrgð á öllum ákvörðunum hans og rekstri. „Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans.“¹ Þetta merkir að stjórnin framselur vald sitt til starfsmanna og vald þeirra er allt fengið frá stjórn. Stjórnin getur ekki gert hvað sem henni sýnist en það er á endanum alltaf hún sem ræður.

Ein mikilvægasta ákvörðun stjórnar er að ráða framkvæmdastjóra. Um störf framkvæmdastjóra gilda þær reglur sem stjórnin setur og honum ber að fara eftir þeim. Stjórn getur sett reglur eftir sínu höfði um störf framkvæmdastjóra en lög nr. 129/1997 setja þó valdi stjórnar ákveðnar skorður. Í LSR eins og öðrum lífeyrissjóðum er verkaskipting framkvæmdastjóra og stjórnar sú að framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur lífeyrissjóðsins en stjórn hefur eftirlit með starfseminni og setur henni reglur. Stjórn ræður til dæmis forstöðumann endurskoðunardeildar eða sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að annast innra eftirlit og „innra eftirlit skal vera hluti af skipulagi lífeyrissjóðsins og þáttur í eftirlitskerfi hans.“² Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk og hefur vald til að taka ákvarðanir um fjárfestingar og annað sem fellur innan daglegs rekstrar.

Framkvæmdastjóri þiggur vald sitt frá stjórn og vinnur í umboði hennar „og skal hann fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem sjóðstjórnin hefur gefið“ segir í samþykktum LSR.³ Sú sýn að framkvæmdastjóri þiggi umboð sitt frá stjórn er óvenjulega skýr í samþykktum LSR og því fylgir að ljóst er að stjórnin setur reglur um alla starfsemina. Hún felur framkvæmdastjóra að sjá um daglegan rekstur og hún afmarkar daglegan rekstur frá því sem er meiriháttar og óvenjulegt. „Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar getur framkvæmdastjóri aðeins gert sam-

kvæmt heimild frá sjóðstjórn“ segir í samþykktum og „Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi.“⁴ Af þessum ákvæðum samþykktu sjóðsins er ljóst að stjórn verður að fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir um stefnumótun og starfsemi og hún verður að heimila allar ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar og framkvæmdastjóri hyggst koma í verk. Það verður að líta þannig á að stjórnin sjálf taki ákvarðanir um meiriháttar og óvenjuleg atriði í stefnumótun og starfsemi og sennilega er orðalagið að stjórnin fjalli um þær líka til að tryggja að stjórnin hugsi saman áður en ákvörðun er tekin. En í þessum ákvæðum er lögð lína um hverju framkvæmdastjóri ræður og hverju stjórn.

Það er ekki ljóst af samþykktunum eða öðrum reglum hvernig stjórn LSR skilur þá markalínu sem dregin er í þessum ákvæðum, hvaða viðmiðanir eru hafðar um hvað er óvenjulegt og hvað er meiriháttar. Það virðast engar skrásettar reglur gilda um hverjar þessar viðmiðanir séu eða ættu að vera. Innri endurskoðendur sjóðsins sögðu í viðtali við nefndina að engar reglur um fjárhæðarmörk væru á fjárfestingar og engar reglur um nýfjárfestingar í fyrirtækjum sem segðu til um hvaða ákvarðanir ættu að fara fyrir stjórn og hvaða ákvarðanir ættu ekki að fara fyrir stjórn.⁵ Framkvæmdastjóri segir í viðtali við nefndina að sem dæmi um mál sem borin væru undir stjórn áður en fjárfest er séu fjárvörslusamningar sem gerðir eru við þriðja aðila, gjaldeyrissamningar, kaup á hlutdeildarskírteinum í sjóðum sem ekki hefur verið fjárfest í áður. En að öðru leyti eru ekki tegundar- eða fjárhæðarmörk á fjárfestingum lífeyrissjóðanna, LSR og LH, sem bera þarf undir stjórn áður en fjárfest er.

Það er ljóst af þessu að engar viðmiðanir í þessum efnunum eru hjá sjóðnum umfram það sem fram kemur hér að ofan. Úttektarnefndin leggur áherslu á að sjóðurinn bæti úr þessu og setji sér fjárhæðarmörk sem afmarki skýrt hvað er meiriháttar og hvað ekki. Sömuleiðis verði sett skýr viðmið um hvað er óvenjulegt. Það er óviðunandi fyrir alla aðila að leikreglurnar séu ekki skýrar. Það er óviðunandi fyrir framkvæmdastjórnann að þurfa hugsanlega að sitja undir

1 Samþykktir fyrir lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 2009, 3. gr., 2. mgr.

2 Samþykktir fyrir lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 2009, 8. gr.

3 Samþykktir fyrir lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 2009, 5. gr.

4 Samþykktir fyrir lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 2009, 5. gr. og 3. gr. 2. mgr.

5 Viðtal við Sif Einarsdóttur og Björgu Sigurðardóttur, innri endurskoðendur LSR/LH, 4.5. 2011.

gagnrýni vegna ákvarðana sem hann tók í góðri trú og hefð er fyrir. Það er óviðunandi fyrir stjórn að geta í raun ekki litið eftir því hvort framkvæmdastjórinn og aðrir starfsmenn fylgja eftir vilja stjórnar en það er tekið óvenju skýrt til orða í samþykktum sjóðsins um að framkvæmdastjóri eigi að fylgja þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið.

Fjárfestingarhópur hefur verið starfandi hjá LSR/LH frá 2002 en þá má finna heimild fyrir starfrækslu hans.⁶ Þessi hópur hefur verið nefndur fjárfestingarráð. Framkvæmdastjóri sjóðsins segir í bréfi til úttektarnefndarinnar að fjárfestingarráðið sé þannig skipað að þar sitji framkvæmdastjóri sjóðsins, forstöðumaður eignastýringar, aðrir starfsmenn eignastýringar, lögfræðingur sjóðanna og stjórnarmenn sjóðanna.⁷ Stjórnarmennirnir eru boðaðir á fundi fjárfestingarráðs en mæting þeirra er ekki skylda. Fundir eru haldnir vikulega en þó ekki þá viku sem stjórnarfundir eru haldnir, fyrir fundina er lagður listi yfir þær fjárfestingar sem framkvæmdar hafa verið frá síðasta fundi. Tilgangur þess að stofna til fjárfestingarráðs er sá að tryggja faglega umfjöllun um fjárfestingar sjóðsins og tryggja upplýsingaflæði til stjórnarmanna.

Það er gert ráð fyrir því í reglum frá 2002 að fjárfestingarráðið geti tekið ákvarðanir um fjárfestingar enda segir þar að halda skuli skrá yfir ákvarðanir um verðbréfavíðskipti sem fjárfestingarhópurinn hefur tekið og yfir öll kaup á hlutabréfum í óskráðum hlutafélögum.⁸ Framkvæmdastjóri sagði þó í viðtali við nefndina að ákvarðanir væru sjaldnast teknar í fjárfestingarráði heldur taka framkvæmdastjóri og forstöðumaður eignastýringar ákvarðanir um kaup og sölu fjármálagerninga. Lengi vel voru fundagerðir fjárfestingarráðs fátæklegar og ekkert hægt að ráða hvað hefði verið ákveðið og hvað ekki eða á hvaða forsendum. Forstöðumaður eignastýringar sagði á fundi með úttektarnefndinni að fjárfestingar væru ræddar á fundum fjárfestingarráðsins þótt þess sæist ekki stað í fundargerðum þess en ekki væri haldið utan um þau gögum sem lögð væru fyrir fundi þess.⁹

6 Starfsreglur um verðbréfa kaup og upplýsingagjöf til stjórnar LSR, 3. apríl 2002, b liður.

7 Minnisþingar frá LSR og LH til úttektarnefndar, 12. febrúar 2011.

8 Starfsreglur um verðbréfa kaup og upplýsingagjöf til stjórnar LSR, 3. apríl 2002, b liður.

9 Viðtal við Baldur Þór Vilhjálmsson, forstöðumann eignastýringar LSR og LH, 12. 4. 2011.

Það geta fylgt því kostir að starfrækja fjárfestingarráð. Það virðist geta tryggt gæði fjárfestinga og festu í ákvörðunum. En því virðast fylgja ókostir líka. Það er hætta á að stjórn sjóðsins verði valdaminni en lög gera ráð fyrir og ábyrgð hennar verði ekki eins skýr og nauðsynlegt er. Í tilviki LSR/LH er full mikill losarabragur á fjárfestingarráðinu, það virðist ekki ljóst í huga þeirra sem sitja í því nákvæmlega til hvers það sé og það virðist fyrst og fremst þjóna sem umræðuvettvangur um fjárfestingar, stjórnarmenn sjóðanna sækja fundi þess óreglulega enda er það ekki skylda þeirra að gera það. Ábyrgð á ákvörðunum um fjárfestingar liggur fyrst og fremst hjá framkvæmdastjóra og forstöðumanni eignastýringar.

Úttektarnefndin leggur til að þetta skipulag verði endurskoðað og skerpt verði á hlutverkum og ábyrgð allra aðila. Það virðist sjálfsagt að einn eða tveir stjórnarmenn í LSR/LH verði fastir fulltrúar í fjárfestingarráði í fyrirfram ákveðinn tíma bæði til að tryggja áhrif stjórnanna á ákvarðanir um fjárfestingar og til að gera eftirlit stjórnanna auðveldara. Það þarf að tryggja að hvorki framkvæmdastjóri né fjárfestingarráðið taki ákvarðanir sem teljast vera meiriháttar eða óvenjulegar heldur verði öll ábyrgð á slíkum ákvörðunum hjá stjórn eða framkvæmdastjóri geti framkvæmt skv. sérstakri heimild stjórnar.

Það kemur fram í starfsreglum stjórnar sjóðsins að stjórnarmönnum er skylt að tilkynna um vanhæfi og þeim er óheimilt að taka þátt í afgreiðslu mála sem varða sjóðinn og þá persónulega og þeir mega ekki gera neinar ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að taka hagsmuni ákveðinna sjóðfélaga eða fyrirtækja fram yfir hagsmuni annarra.¹⁰ Sambærileg ákvæði eru í verklagsreglum LSR um verðbréfavíðskipti og þar er skýrt kveðið á um upplýsingaskyldu stjórnar- eða starfsmanns þegar hann kann að vera vanhæfur.¹¹ Þegar stjórnarmaður er vanhæfur til að fjalla um tiltekið mál vikur hann af fundi undir þeim lið. Það er ekki nægilegt. Það væri eðlilegt að í öllum tilvikum þar sem stjórnarmaður kann að vera vanhæfur að boðaður sé varamaður á þann fund. Það ætti að tryggja betur hlutlæga og gagnrýna umfjöllun í stjórn um þau málefni sem stjórn þarf að ákveða.

10 Starfsreglur stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, 2002, 10. gr.

11 Verklagsreglur LSR um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna, 2002, gr. 4, 6, 7 og 8.

Það virðist ekki vera nægilega virkt eftirlit með verðbréfaeign og mögulegum kaupum og sölu á verðbréfum hjá starfsmönnum og stjórnarmönnum. Það kemur fram í skýrslu innri endurskoðenda að engar tilkynningar hafi borist til regluvarðar árið 2009.¹² Sömuleiðis kemur fram að ekki sé nógu vel haldið utan um skráningu á stjórnarsetu stjórnarmanna svo að hægt sé að koma við nægilega góðu eftirliti.¹³ Fjárfestingarráðið gerir þetta erfiðara en ella.

Það er skýr stefna sjóðsins að tilnefna ekki starfsmenn eða stjórnarmenn fulltrúa sjóðsins í stjórnir þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn á bréf í.¹⁴ Á þessu er ein undantekning ef um er að ræða fyrirtæki sem sinna einungis fjárvörslu eða fjármálaumsýslu. Þessi undantekning gengur þó ekki lengur vegna breyttra laga. Það væri heppilegt fyrir sjóðinn að setja sér þá reglu að skipa einungis einstaklinga sem ekki eru stjórnar- eða starfsmenn í stjórnir félaga sem það vill eiga fulltrúa í telji hann ástæðu til að eiga fulltrúa í stjórn.

Lífeyrissjóðir eru almannahagssjóðir. Það þýðir að stjórnar- og starfsmenn fara alltaf með fjármuni annars fólks og gengi sjóðsins byggist á því trausti sem stjórnin og starfsmenn njóta. Það er skoðun úttektarnefndarinnar að það ætti að vera ótvíræð skylda allra stjórnar- og starfsmanna lífeyrissjóða að skrá allar verðbréfaeignir sínar og tilkynna öll viðskipti sín á markaði jafnóðum og þau eiga sér stað (sjá kafla 5.2.4.).

25.2.3 Samskipta og siðareglur

LSR samþykkti vísi að samskipta- og siðareglum árið 2002.¹⁵ Í þeim var lögð áhersla á að koma í veg fyrir árekstur einkahagsmuna starfsmanna og hagsmuna sjóðsins. Starfs- og stjórnarmenn skyldu leitast við að koma í veg fyrir að þeirra eigin hagsmunir tengdust á nokkurn hátt hagsmunum sjóðsins í viðskiptum við viðskiptaaðila. Sömuleiðis áttu þeir að gæta þess að þiggja ekki boð eða gjafir sem hugsanlega gætu haft áhrif á ákvarðanir þeirra.

Árið 2009 voru settar samskipta- og siðareglur fyrir báða sjóðina, LSR og LH.¹⁶ Í upphafi þeirra

er lýst yfir mikilvægi þess að starfs- og stjórnarmenn geri sér ljósa þá ábyrgð sem fylgir því að fara með þá fjármuni sem sjóðfélagar hafa trúað sjóðnum fyrir til ávöxtunar yfirleitt til langs tíma. Til að rækja þetta hlutverk sem best þurfi stjórnir og starfsmenn að hafa regluleg samskipti við aðila á markaði og þau muni kappkosta að samskiptin byggist á góðu viðskiptasiðferði og almennum grunnreglum.

Reglurnar eru í fimm hlutum. Sá fyrsti skýrir hvað séu góðir starfshættir. Öll verk sem starfsmenn vinna skulu miða að því að vera sjóðnum og þar með sjóðfélögum til framdráttar og forðast ber hvers kyns hagsmunaárekstra. Annar hlutinn er um ferðlög og segir að starfsmenn sem þurfi að sækja kynningarfundu eða fræðslu verði að huga að því hvort tilgangur þeirra tengist markmiðum sjóðsins og um slíka fundu verði að liggja fyrir gögn sem halda á til haga. Ef fara þurfi í ferðalög vegna slíkra funda eða sækja viðburði verði sjóðurinn sjálfur að greiða kostnaðinn og viðburðirnir að vera viðeigandi og eyða ekki vinnutíma. Þriðji hlutinn er í raun um sama hlut nema þar er kveðið á um gjafir og boð og leggur bann við því að þiggja gjafir og boð sem ekki samræmast stöðu og starfi starfsmanna hjá sjóðnum.

Fjórdi hlutinn segir að leiki vafi á hvort reglurnar eigi við skuli leita álits framkvæmdastjóra. Fimmti hlutinn er að brot á reglunum geti varðað áminningu eða uppsögn.

Þessar reglur eru rýrar í roðinu, bæta engu við þær almennu leiðbeiningar sem Landssamtök lífeyrissjóða gáfu út. Reglurnar ná ekki yfir öll mikilvægustu svið siðareglna fyrir lífeyrissjóði, svið á borð við fjárfestingar, útreikning og greiðslu lífeyris, upplýsingagjöf til sjóðfélaga og almennt um hvert samband starfsmanna og stjórnar sé við hagsmuni sjóðfélaga. Í öðru lagi er einungis talað um stjórn og starfsmenn í inngangi að reglunum en þegar kemur að númeruðu hlutum er einungis talað um starfsmenn eins og þær greinar eigi einungis við starfsmenn. Það er margt í þeim greinum sem á jafn mikið við stjórn og starfsmenn. Í þriðja lagi þá er ákvæði um viðurlög en ekki sagt hver eigi að skera úr um brot og viðurlög. Í fjórða lagi þá væri ástæða til að huga að samfélagslegri ábyrgð í fjárfestingum (sjá kafla 5.2.6).

12 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, innri endurskoðun, mars 2010, bls. 6

13 Sama.

14 Starfsreglur stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, 2002, gr. 5.2

15 Reglur fyrir starfsmenn LSR og stjórnarmenn sjóðsins um samskipti við viðskiptaaðila, viðtöku gjafa, boð o.fl., 2002.

16 Samskipta- og siðareglur starfsmanna LSR og LH vegna umsjónar fjármuna og eignastýringar, 2009.

25.3 Fjárfestingar LSR og LH 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar.

25.3.1 Inngangur

Að framan hefur verið farið yfir fjárfestingarstarfsemi LSR og LH á úttektartímanum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna verður nefndin jafnframt að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Lífeyrissjóður LSR starfar í þremur deildum A-deild, B-deild og séreignardeild og á fjárhagur þeirra að vera aðgreindur. A-deildin varð til með lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og laga nr. 2/1997 um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, en þá voru áður gildandi lög endurskoðuð og verulegar breytingar gerðar á skipulagi lífeyrisréttinda starfsmanna ríkisins. Þáverandi rétthöfum var tryggður réttur til áframhaldandi aðildar að þáverandi lífeyriskerfi, sem varð B-deild, en þeim jafnframt gefinn kostur á að flytja sig yfir í nýtt kerfi sem var A-deild. Nýir starfsmenn fengu eingöngu aðild að nýju deildinni. Verðmæti heildarréttinda átti að verða hliðstætt og í gamla kerfinu en í raun var skipulaginu verulega breytt, m.a. tóku réttihafar að greiða iðgjöld af öllum launum sínum. A-deildin er fjármögnuð með iðgjöldum og ávöxtun þeirra, svo sem er um lífeyrissjóði samkvæmt almennu lífeyrissjóðalögum, en B-deildin og LH byggja hins vegar aðeins að hluta á sjóðsöfnun en að miklu leyti á gegnumstreymiskerfi, þ.e. það sem á vantar er greitt af fjárlögum eftir því sem til þarf. Tæplega 80% allra sjóðfélaga LSR og LH greiða nú til A-deildar. B-deildinni og LH var lokað og munu hverfa eftir því sem réttihafar falla frá. Í raun eru B-deildin og LH einungis að hluta lífeyrissjóðir, heldur eftirlaunakerfi sem samið var um sérstaklega.¹⁷ Litið var á þessi lífeyrisréttindi sem hluta af kjörum og þar sem þau höfðu verið til muna betri en á almennum markaði mætti ríkið kröfum starfsmanna sinna um jöfnun launa við sambærileg laun á almenna vinnumarkaðinum alltaf með því að taka yrði tillit til þess að meta mætti betri lífeyrisréttindi til launa.

A-deildin er að því leyti ólík B-deildinni og LH að gert er ráð fyrir að deildin eigi á hverjum tíma eignir til að mæta skuldbindingum sínum. Iðgjald launþega á að vera 4% af launum samkvæmt lög-

unum. Stofn þess á að vera sá sami og kveðið er á um í lífeyrissjóðalögum. Iðgjald launagreiðanda á að lágmarki að vera 8% af launum sjóðfélaga hjá þeim og greiðast samtímis iðgjöldum sjóðfélaganna. Hins vegar á að endurskoða iðgjald launagreiðanda á hverjum tíma og miða við að iðgjöld sjóðsins dugi til þess að hann geti staðið við skuldbindingar sínar. Með greiðslu þessa iðgjalds áttu launagreiðendur að hafa staðið við allar skuldbindingar sínar, þ.e. áttu ekki að þurfa að inna frekari greiðslur af hendi (Sjá nánar 13. gr. laga nr. 1/1997 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins). Hjá almennum lífeyrissjóðum er iðgjaldið í heild hins vegar 12% sem skiptist eins og um semst í kjarasamningi eða ráðningarsamningi. Lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna voru því ekki aukin á veltutímunum og síðan skert við fall bankanna eins og gert hefur verið samkvæmt 39. gr. lífeyrissjóðalaganna hjá sumum öðrum sjóðum þótt það sé afar mismunandi.

Af því sem að framan er sagt er ljóst að sjóðir B-deildar LSR og LH verða ekki bornir saman við almenna lífeyrissjóði. A-deild LSR er að nokkru sambærileg en um hana gilda sérlög, sem um sumt víkja frá því sem gildir um aðra lífeyrissjóði. Líta verður þó til þess að eins og lífeyrissjóðir eru uppbyggðir á Íslandi og lagaákvæðum um þá hátt að erfitt er að leggja mat á þá nema í samhengi við launa- og kjarasamninga.

Stjórnir LSR og LH hafa falið Talmakönnun að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðanna í árslok ár hvert. Útreikningurinn er í samræmi við reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hjá A-deild LSR er sem hjá öðrum sjóðum miðað við 3,5% ávöxtun eigna umfram vísitölu neysliverðs. Að framan í LSR+LH tafla 4 kemur fram að heildarstaða A-deildar LSR fer úr því að vera neikvæð um 1.387 mkr. í árslok 2006 í það að vera neikvæð um 51.053 mkr. í árslok 2009 eða sem nemur 13,2% af skuldbindingum A-deildar. Framlag launagreiðenda í árslok 2009 var 11,5% og þannig ríflega yfir lágmarksframlaginu 8%, en miðað er við svo sem að framan greinir að sjóðurinn eigi að jafnaði nægar eignir til að standa undir lífeyris-skuldbindingum sínum. Fyrir liggur þó að það muni

17 Sbr. útskýringar Hauks Hafsteinssonar, framkvæmdastjóra sjóðanna, í viðtali við úttektarnefnd, dags. 11.4.2011.

tæpast nægja til að uppfylla skyldur launagreiðanda samkvæmt lögnum. Launagreiðendur hafa varist kröfum um aukin framlög til sjóðsins með tilvísun til ákvæða VI. greinar til bráðabirgða við 39. gr. almennu lífeyrissjóðalaganna, sbr. lög nr. 171/2008 og nr. 130/2009 sem lögtekin voru í kjölfar falls bankanna, en þar er lífeyrissjóðum heimilað að hafa allt að 15% mun á milli eignaliða og framtíðarskuldbindinga vegna lífeyris miðað við tryggingafræðilega athugun án þess að gera þurfi breytingar á samþykktum sjóðsins. Deila má þó um hvort þetta ákvæði á við A-deild LSR þar sem 39. gr. lífeyrissjóðalaga á tæpast við sjóðinn, sbr. síðar.

25.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra hafa á grundvelli úttektar á framangreindum gögnum LSR og LH rætt við Hauk Hafsteinsson framkvæmdastjóra sjóðanna, Baldur Þór Vilhjálmsson forstöðumann eignastýringar þeirra, Ögmund Jónasson fyrrv. formann stjórnar LSR, Mariönnu Jónasdóttur einn fjögurra fulltrúa fjármálaráðuneytisins í stjórn LSR og LH og fyrrv. stjórnarformann til skiptist við Ögmund, Pál Halldórsson aðalman BHM í stjórn LSR og núverandi stjórnarformann. Þá hefur verið rætt við starfsmenn Ríkisendurskoðunar þá Grétar Bjarna Guðjónsson og Sigurgeir Bóasson en Grétar Bjarni hefur farið með ytri endurskoðun sjóðanna frá 1997 en Sigurgeir með honum um eitt ár. Loks var rætt við innri endurskoðendurna frá Deloitte hf., þær Sif Einarsdóttur og Björgu Sigurðardóttur.

Í samtali við Hauk Hafsteinsson kom fram að kaup á hlutdeildarskírteinum í nýjum sjóðum og kaup í nýjum fjárfestingarflokkum væru borin fyrirfram undir stjórn sjóðanna. Einnig hafi átt að bera fjárfestingar í óskráðum bréfum undir stjórn en um þær hafi nánast ekki verið að ræða. Ögmundur Jónasson hélt því fram að stjórnin hafi viðhaft mjög varfærna og íhaldssama fjárfestingarstefnu, þótt eftir á að hyggja hefðu menn stundum átt að breyta öðru vísi en gert var.

Innan sjóðanna var starfrækt fjárfestingarráð. Í því áttu sæti auk framkvæmdastjóra og forstöðumanns eignastýringar og nokkurra starfsmanna sjóðsins, fulltrúar stjórna sjóðanna. Raunar fengu

allir stjórnarmenn fundarboð og gátu setið fundi ráðsins en það mun hafa farið nokkuð eftir áhuga hvers og eins og tíma hvernig fundarsetu þeirra var háttað, t.d. kom fram hjá Ögmundi að hann taldi sig ekki hafa átt sæti í fjárfestingarráðinu. Hins vegar tóku t.d. Páll Halldórsson og Marianna Jónasdóttir virkan þátt í fjárfestingarráðinu samkvæmt viðtali við þau. Í samtali nefndarinnar við Hauk, Baldur, Pál og Mariönnu kom fram að hlutverk fjárfestingarráðs væri fyrst og fremst að skapa vettvang þar sem fjárfestingar væru ræddar almennt. Lítið væri hins vegar um að formlegar fjárfestingarákvarðanir væru teknar á fundum fjárfestingarráðs. Ögmundur taldi að gróft á litið hafi mátt skipta eignasafni lífeyrissjóða þannig að þriðjungur hafi alla jafnan verið í erlendum eignum, þriðjungur í ríkisbréfum og sveitarfélagabréfum og þriðjungur í hlutabréfum. Innan stjórnar LSR hefðu menn gjarnan viljað setja meira af fjármunum sjóðsins í ríkisbréf en staðan hafi verið sú að lánsfjárförf ríkisins hafi verið takmörkuð tímamann næsta fyrir hrún. Á grundvelli þess hafi verið ákveðið að styrkja fremur íslensk fyrirtæki heldur en að fjárfesta erlendis.

Fram kom hjá stjórnendum sjóðanna að þeir hafi gert sér nokkra grein fyrir krosseignatengslum íslenskra fyrirtækja og hættunni sem af því stafaði. Jafnframt kom fram hjá Baldri Þór að frá því er hann hóf störf hjá lífeyrissjóðunum hafi hann haft áhuga á að líta á norrænan markað hlutabréfa sem heima-markað lífeyrissjóðanna. Lífeyrissjóðirnir hafi haft góða burði í slík verkefni á grundvelli stærðar sinnar. Að sögn hans lýsti hann þessari skoðun sinni innan sjóðanna og hafi þetta verið rætt. Hins vegar taki slíkar breytingar tíma auk þess sem fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóðanna var orðið mjög erfitt (upp úr miðju ári 2007). Í viðtali úttektarnefndarinnar við ytri endurskoðendurna Grétar Bjarna og Sigurgeir kom fram að eftir fall bankanna hafi verið gerðar at-hugasemdir m.a. um áhættudreifingu og hún talin ófullnægjandi. Því var haldið fram að fjárfestingar sjóðsins væru um of bundnar í ákveðnum flokkum fjárfestinga, m.a. of mikil áhersla lögð á innlendar fjárfestingar. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er þó ekki farið ítarlega í þessi atriði, fremur tekið undir með innri endurskoðendum. Grétar Bjarni nefndi það þó almennt að áhugi lífeyrissjóða hefði fyrir hrún aðal-

lega verið á fjárfestingum á hlutabréfamarkaði. Þar var einnig mesta ávöxtun að hafa á þessum árum og þá aðallega hjá fjármálafyrirtækjum. Þar varð tap sjóðanna líka mest þegar bankarnir féllu.

Í skýrslu innri endurskoðanda fyrir árið 2008 kemur fram að sjóðirnir hafi vanmetið mótaðilaáhættu og að ekki hafi verið litið nægjanlega á tengsl milli fyrirtækja.¹⁸ Úttektarnefndin tekur undir þetta og bendir á að af innlendri hlutabréfaeign LSR og LH í árslok 2007 hafi um 60% verið í Exista og tengdum aðilum. Jafnframt má benda á að afskriftir á skuldabréfum hjá félögum tengdum Baugi Group hf. voru samtals 15.168 mkr.

Í ofangreindri skýrslu er að finna nokkur atriði og ábendingar til sjóðanna varðandi ákvarðanir um fjárfestingar, fjárfestingarferli og eftirlit með fjárfestingum.

- Bent er á að tegundaafmarkanir fjárfestinga séu mjög opnar. Með skýrari reglum sé minni hætta á að ákvarðanir séu teknar sem ágreiningur verður um hvort séu innan leyfilegra marka eða ekki.
- Eftirlit með skuldabréfasafni m.t.t. mótaðilaáhættu.
- Eftirlit og eftirfylgni með ávöxtun eigna, þ.e. að sjóðirnir setji sér árangursmarkmið fyrir sjálfa sig og fjárvörsluaðila.
- Reglur um áhættumat. Tilgangur reglnanna væri að efla upplýsingagjöf til stjórnar og eftirlitsaðila um þá áhættu sem sjóðirnir búa við. Markmiðið væri að bregðast við áhættu með áhættustýringu sem miðaði að því að hámarka líkur á að sjóðirnir standi við skuldbindingar og lágmarka líkur á tapi.

Í sambærilegri skýrslu fyrir árið 2009 eru athugasemdir innri endurskoðenda á sömu nótum og áður.

- Æskilegt að áhættur í starfsemi lífeyrissjóðanna séu reglulega yfirfarnar af stjórnendum lífeyrissjóðanna.
- Mikilvægt að starfsreglur stjórnna lífeyrissjóðanna verði yfirfarnar með hliðsjón af breytingum í verkferli fjárfestinga en þær hafa ekki verið endurskoðaðar síðan um mitt ár 2002.¹⁹

¹⁸ Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, innri endurskoðun, mars 2009, bls. 8.

¹⁹ Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, innri endurskoðun, mars 2010.

25.3.3 Fjárfestingarstefna LSR og LH

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 1/1997 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins skal stjórn sjóðsins móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórnin á að setja sjóðnum samþykktir í samræmi við ákvæði þessara laga og ákvæði annarra laga um lífeyrissjóði eftir því sem við á. Í samþykktunum á m.a. að kveða á um hvernig ávaxta skuli fé hans. Fjármálaráðherra á að staðfesta hvort samþykktir sjóðanna og breytingar á þeim séu í samræmi við þessi lög og önnur lög um lífeyrissjóði að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Hér hlýtur að vera vísað til laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Í 50. og 51. gr. þeirra laga eru lífeyrissjóðir sem starfa samkvæmt sérlögum og/eða njóta bakábyrgðar ríkis, sveitarfélaga og banka undanþegnir ákveðnum ákvæðum þeirra laga. Ákvæði VII. kafla lífeyrissjóðalaganna um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða eru ekki meðal þeirra ef 39. gr. er frá talin. Því gildir þessi kafli laganna um þessa lífeyrissjóði sem aðra. Samþykktir þeirra og fjárfestingarstefna þarf því að uppfylla ákvæði laga nr. 129/1997 eins og stefna annarra lífeyrissjóða. Ákvæði 39. gr. um tryggingafræðilega úttekt og afleiðingar hennar gilda þó ekki um þessa lífeyrissjóði. Slík úttekt fer þó fram en áhrif hennar verða önnur, sbr. framanskráð.

LSR og LH hafa sömu fjárfestingarstefnu. Í stefnunni eru tilgreindar þær megináherslur sem vinna á eftir við ávöxtun sjóðanna. Breytingar á fjárfestingarstefnunni voru ekki miklar milli ára. Að framan í kaflanum um starfsemi sjóðanna er rakið hver var stefnan varðandi eignasamsetninguna 2008. Athygli vekur að þegar sleppir ríkistryggðum bréfum og sjóðfélagabréfum fylgir hámark eignasamsetningarinnar hámarki 36. gr. lífeyrissjóðalaganna og er jafnvel að því er hlutabréf og hlutdeildarskírteini varðar yfir hámarkinu. Ekki liggur fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi gert nokkra athugasemd við þetta. Haukur Hafsteinsson framkvæmdarstjóri sagði spurður um vikmörk fjárfestingarstefnunnar að lífeyrissjóðirnir yrðu að hafa vikmörkin rúm og hefðu eftir hrun orðið að rýmka þau enn frekar. Þó hefðu þeir svo dæmi væri tekið aldrei farið upp í vikmörk laganna í fjárfestingarstefnu sinni að því er varðar erlendar fjárfestingar

eða fjárfestingar hjá einstökum útgefendum (10% skv. lögnum en 6% hjá sjóðunum eftir hrun). Þá nefndi hann jafnframt að vikið væru í sumum tilfellum sameiginleg fyrir sjóðina þótt LSR væri starfræktur í tveimur deildum og svo LH sérstaklega.

Þá vekur það sérstaka athygli að af skuldabréfaeign sjóðanna í árslok 2008 áður en kom að afskriftum voru 11.500 mkr. víkjandi lán í fjármálafyrirtækjum (þ.e. víkja við gjaldþrot fyrir öllum kröfum nema hlutabréfum) eða 37% af slíkri skuldabréfaeign. Ýmsir sjóðstjórar og framkvæmdastjórar lífeyrissjóða hafa fyrir úttektarnefndinni haldið því fram að líta megi á víkjandi skuldabréf á sama hátt og fjárfestingu í hlutabréfum. Sé þetta rétt væri eðlilegra að meta fjárfestingar í víkjandi lánunum á sama hátt og hlutabréfin og telja víkjandi lán til þeirra þegar farið er eftir fjárfestingarmörkum. Áhættuna ætti þá að meta á líkan hátt. Ekki ætti því að fara yfir fjárfestingarmörk hlutabréfa við sameiginlega fjárfestingu í víkjandi lánunum og hlutabréfum. Áhætta í fjárfestingu hlutabréfa er alla jafna meiri en venjulegra skuldabréfa en nefna verður að markaður er undir venjulegum kringumstæðum fyrir hlutabréf í skráðum fyrirtækjum en algjörlega er óupplýst hvort nokkur eftirmarkaður var fyrir víkjandi skuldabréf bankanna. Spurning er hvort lífeyrissjóðir, sem varfærnir fjárfestar, ættu yfirhöfuð að fjárfesta í víkjandi lánunum, a.m.k. verða fyrirvarsmenn þeirra þá að meta áhættuna rétt og halda sig innan marka sem gilda um hlutabréf.

Þá er samkvæmt fjárfestingarstefnunni heimilt að fjárfesta í fasteignasjóðum og vogunarsjóðum. Haukur Hafsteinsson var spurður að því á hvaða lagastöð fjárfestingar sjóðanna í fasteignasjóðum væru reistar og í því sambandi bent á 1. mgr. 38. gr. lífeyrissjóðalaga. Að hans sögn byggir sjóðurinn slíkar fjárfestingar á sömu heimild og um kaup í framtakssjóðum, þ.e. 8. tl. 36. gr. laganna. Spurning er hvort þetta er tæk skýring á lögnum og hvort með þessu sé ekki verið að fara í kring um bann 38. gr. Telji menn að fara eigi inn á þessa braut er rétt að lögum sé breytt til samræmis. Lífeyrissjóðirnir hafa að sögn Hauks ekki fjárfest í vogunarsjóðum en hæpið er að hafa þessa heimild í fjárfestingarstefnu að óbreyttum lögum. Einnig er það mikil spurning hvort þetta eigi að vera meðal fjárfestingamöguleika lífeyrissjóða.

Það kom fram hjá Hauki Hafsteinssyni framkvæmdastjóra og Baldri Þór Vilhjálmssyni forstöðumanni eignastýringar að mikið vatn væri runnið til sjávar að því er varðar skuldabréfaútgáfu frá því sem tíðkaðist fyrir fall bakanna. Þá hafi ekki verið óalgenget að skuldabréf væru útgefin með veði í öllum eignum útgefandans, t.d. skrifstofuhúsnæði og byggingum víða um borgina, sem leigðar voru stöndugum leigjendum og áttu þannig að hafa tryggar leigutekjur. Í mörgum tilvikum hafi þessar eignir síðan verið veðsettar öðrum án samþykkis skuldabréfaeigandans. Í slíkum tilvikum voru gjarnan engir skilmálar í bréfunum um bann við frekari veðsetningu eigna án samþykkis kröfuhafa. Raunin varð því oft á tíðum sú að sáralítið varð eftir af eignum á bak við upphaflegt skuldabréf. Algengast hafi verið að skilmálar skuldabréfa lytu að því að heimilt væri að gjaldfella bréfið ef eigið fé viðkomandi útgefanda færi undir ákveðið viðmið. Þau mörk hafi haldið í mörgum tilvikum allt að bankahruni haustið 2008. Þessir skilmálar voru þó ekki í öllum bréfum. Í kafla 5.1.5 að framan er um þetta fjallað og fundið að því að lífeyrissjóðirnir almennt hafi ekki sameinast um að krefjast styrkari skilmála löngu fyrir fall bankanna. Þeir munu hins vegar hafa sofið á verðinum vegna þess hve sjaldan reyndi á það að afskrifa þyrfti skuldabréf á þessum árum.

Þegar litið er yfir stjórnarfundargerðir LSR og LH í aðdraganda hrunsins sést að áhugi virðist hafa verið fyrir því að fjárfesta beint í hlutabréfum á Norðurlöndum, svo sem áður greinir. Haukur Hafsteinsson sagði að þessi umræða hefði vaknað vegna þess hve samþjöppun á markaði var orðin mikil hér á landi og í því sambandi nefndi hann að eitt félag vigtaði um 40% af hlutabréfamarkaðinum (Kaupþing). Ákveðið hafi verið að opna á það í fjárfestingarstefnu sjóðanna að fjárfest yrði beint í fyrirtækjum á Norðurlöndum. Taka má undir það með framkvæmdastjóranum að þetta hafi verið nauðsynlegt en það er álit úttektarnefndarinnar að þessi þörf hafi verið ljós mun fyrr og margir íslenskir fjárfestar hafi verið farnir að notfæra sér slíka möguleika.²⁰

20 Sbr. viðtöl úttektarnefndarinnar við Þórð Magnússon, stjórnarformann Eyris Invest ehf., dags. 28.4.2011, en hann nefnir árin 2004-2005, svo og viðtal nefndarinnar við Mariönnu Jónasdóttur stjórnarmann í LSR/LH, dags. 3.5.2011, sem nefnir sömu ár.

Í endurskoðunarskýrslu fyrir árið 2009 er bent á að tap umræddra lífeyrissjóða af innlendum skuldabréfum og hlutabréfum var verulegt árin 2008 og 2009. Segir Ríkisendurskoðun að þetta hljóti að kalla á að fjárfestingarstefna sjóðanna og tilheyrandi verklagsreglur verði endurmetnar. Fyrir liggja að sjóðirnir hafa gert breytingar á fjárfestingarstefnu sinni eftir fall bankanna. Þá hefur Deloitte í skýrslu sinni frá mars 2009 um áhættugreiningu vikið að samþjöppunaráhættu vegna tengdra aðila og einnig að þeirri staðreynd að íslenskir lífeyrissjóðir starfa í mjög smáu hagkerfi. Úttektarnefndin tekur undir þetta álit en þótt sjóðirnir hafi breytt fjárfestingarstefnu sinni virðist meira þurfa til. Má að mestu vísa þar um til kafla 5 í almenna hlutanum að framan þar sem tekin eru til umræðu ýmis þau atriði sem til framfara horfa í starfsemi lífeyrissjóðanna og nefndin vill benda á.

Af því sem að framan er rakið er ljóst að stjórn sjóðsins gerði sér nokkra grein fyrir því hvaða hætta eignasafni sjóðsins gat stafað af tengslum fjárfestinga í íslensku efnahagslífi enda þótt flestir utan innsta hrings helstu fjármálafyrirtækjanna og eignarhaldsfyrirtækjanna hafi ekki og gátu tæpast gert sér grein fyrir alvarleika og víðfedmi þessarar hættu. Starfsmenn og stjórnarmenn sjóðsins, sem rætt var við, töldu að þeir hafi síðustu árin fyrir fall bankanna gert sér nokkra grein fyrir eignatengslum fyrirtækja á markaði og töluðu um umræður innan fjárfestingarráðs og stjórnar um hættu sem af því gæti stafað. Eignasafnið virðist bera þess nokkur merki að leitast hafi verið við að dreifa því í samræmi við lagaákvæði og fjárfestingarstefnu sjóðanna. Athygli vekur þó mikil eign í bönkum og öðrum fjármálafyrirtækjum, sérstaklega Kaupþing banka hf. Vissulega vigtaði bankinn mikið á markaðinum, en af orðum fyrirvarsmanna sjóðanna má ráða að þeir hafi við fjárfestingar sínar tekið mikið mið af markaðsvísitölum. Þar sem íslenski markaðurinn, sérstaklega hlutabréfamarkaðurinn, var orðinn mjög takmarkaður og grunnur á þessum árum má spyrja hversu skynsamleg þessi áhersla var. Úttektarnefndin hefur um það heimildir frá fjárfestum utan lífeyrissjóða að þeir hafi strax á árunum 2004-2005 verið farnir að missa trú á íslenska hlutabréfamarkaðinum. Vissulega var á árunum 2004-2006 mestar tekjur að hafa af fjárfestingum í bréfum bankanna, sem gerði það

að verkum í tilfelli þeirra sjóða, sem hér er rætt um, að minna þurfti að sækja til launagreiðenda. Með þessari fjárfestingarstefnu varð tapið líka verulegt við fall bankanna. Stjórnendur þessara sjóða hefðu þurft að fylgjast vel með stefnu og stjórnun fjármálafyrirtækjanna og mátt hafa í huga að heildarhagsmunir landsmanna og umbjóðenda þeirra lágu víðar en þar, t.d. í vel reknnum framleiðslufyrirtækjum.²¹

Gróðinn hefði vissulega orðið minni á veltiárunum en tapið að sama skapi miklu minna við fall bankanna. Að hinu leytinu má þó benda á að þar sem fjárfestingartækifæri voru takmörkuð hér innanlands síðustu árin fyrir hrun og sjóðirnir miklir varð sífellt erfiðara að hreyfa eignasafnið, sérstaklega vegna stærðar þessara sjóða í heild. Að minnsta kosti hefði þó mátt breyta um áherslur og hætta nýfjárfestingum í fjármálafyrirtækjum og minnka þannig tapsáhættuna þegar tók að sverfa að á hlutabréfamarkaðinum og fleiri og fleiri váboðar tóku að birtast um afkomu bankanna og lausafjárþurrð.

25.3.4 Tap LSR og LH

Eins og fram kom í kafla 25.1.2 er tap sjóðanna fjórþætt og að mestu fólgið í tapi á skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innlendum hlutabréfum og gjaldmiðlavarnarsamningum. Benda verður auk þess á að til þess getur komið að færa verði niður sjóðfélagalán sem hvíla á yfirveðsettu húsnæði.²² Virðist þetta allt með líkum hætti og hjá ýmsum öðrum lífeyrissjóðum nema mun yfirgripsmeira hjá þessum sjóðum vegna stærðar þeirra. Hlutabréf og eignir í hlutabréfasjóðum eru færð á markaðsvirði og því tók eignasafn sjóðanna að minnka af þessum sökum upp úr miðju ári 2007 í takt við lækkun markaðsvísitölnnar, bæði á erlendum og innlendum hlutabréfamarkaði. Eftir fall bankanna hefur komið skýrar og skýrar í ljós að bankarnir reyndu með ýmsum aðferðum að hafa áhrif á hlutabréfaverð þeirra og þegar það tók að lækka að reyna að halda lækkun þess í skefjum. Hvenær þetta hófst liggur líklega ekki skýrt fyrir. Að framan er því lýst hversu takmarkaður og grunnur innlendi markaðurinn var orðinn strax 2004-2005

21 Sbr. viðtöl úttekta nefndar við Jafet Ólafsson, dags. 26.4.2011 og Þórð Magnússon, dags. 28.4.2011.

22 Samkomulag um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga 22. desember 2010.

og því auðveldara að hafa áhrif á verðið. Gera má svo ráð fyrir að aðgerðir bankanna á innlenda hlutabréfamarkaðinum hafi aukist þegar fór að harðna á dalnum. Erlendis fór hlutabréfaferð lækkaði 2008 og því dróst eignasafn sjóðanna saman einnig af þeim sökum. Það hækkaði síðan aftur og þess vegna og einnig vegna falls íslensku krónunnar jókst eignasafnið á nýjan leik og eign sjóðanna til greiðslu lífeyris eflidist að þessu leyti. Erlendu eignir sjóðanna hafa síðan lækkað á nýjan leik og þannig mun þetta sveiflast eftir stöðu krónunnar. Á innlenda markaðinum var meginhluti hlutabréfaeignarinnar bundinn í fjármálafyrirtækjum og því tapaðist hún að miklu leyti strax í október 2008 og síðan í meira mæli eftir því sem fleiri fjármálafyrirtæki féllu. Að framan í almenna kafla skýrslunnar er því lýst hvernig lífeyrissjóðirnir reyndu að fá heimildarmörk fjárfestinga í hlutabréfum rýmkuð. Segja má að sá andi hafi verið ríkjandi allt fram til 2008 að auka fjárfestingar sjóðanna í hlutabréfum. Sérstaklega átti þetta við fjárfestingar í fjármálafyrirtækjum, því þær gáfu á pappírnum bestu ávöxtun. Þegar fram á árið 2008 kom og markaðurinn tók að veikjast varð erfiðara að losna við þessi bréf nema með tapi og fyrir liggur að stjórnendur lífeyrissjóða almennt gerðu sér enga grein fyrir því að bankarnir gætu fallið algjörlega, nema þá rétt fyrir hrun, þótt þeir hafi ef til vill verið farnir að spá í enn frekari lækun á markaði.

Fjárfesting í innlendum hlutabréfum hefur reynst lífeyrissjóðunum almennt áhættusöm og nokkuð ljóst að aldrei hefði átt að auka heimildir þeirra til slíkra fjárfestinga. Eftir á að hyggja hefðu stjórnendur þeirra líklega átt löngu fyrir fall bankanna að hafa áttað sig á þeim hættum sem stöfuðu af þeim grunna hlutafjármarkaði sem hér var og áhrifum stærstu bankanna á hann. Það gerðu þeir þó ekki. Má vera að gott útlit ársreikninga og tryggingafræðilegrar úttektar á grundvelli þeirra hafi líka haft sín áhrif.

Að framan er það rakið að LSR og LH höfðu fjárfest grimmt í víkjandi skuldabréfum fjármálafyrirtækjanna. Þessi skuldabréf töpuðust við fall þessara fyrirtækja. Úttektarnefndin hefur verulegar efasemdir um þessar fjárfestingar eins og áður er fram komið. Þar á meðal fjárfestu sjóðirnir í víkjandi láni Glitnisbanka í mars 2008 sem gaf á pappírnum mikla ávöxtun en sem breyta átti í hlutabréf við greiðslu

2013. Stjórnendur sjóðanna vísa til þess að gögn þau sem þeim voru sýnd á kynningarfundum um þessa fjárfestingu hafi litið mjög vel út. Telja þeir að tíminn hafi leitt í ljós að þessi gögn hafi verið mjög misvísandi og deila þeir fyrir héraðsdómi Reykjavíkur við skilanevnd bankans um stöðu þessara skuldabréfa í skuldaröð.

Þá hafa sjóðirnir orðið að afskrifa verulegar fjárhæðir vegna skulda fyrirtækja. Þessar fjárfestingar voru allar í markaðsskuldabréfum þeirra fyrirtækja sem mest voru áberandi á innanlandsmarkaði. Aðallega er hér um að ræða eignarhaldsfyrirtæki. Að framan er gerð grein fyrir því að skilmálar þessara bréfa voru verulega ótryggir og á það ljóslega þó nokkurn þátt í þessum afskriftum. Það er álit nefndarinnar að sjóðirnir hafi sifið á verðinum, en þeir voru ekki einir um það.

Mikil óvissa ríkir um uppgjör gjaldmiðlavarnarsamninga lífeyrissjóðanna. Að framan í almenna hluta þessarar álitgerðar er gerð grein fyrir því að úttektarnefndin er mjög efins um hversu skynsamlegt það var að undirgangast þessa samninga. Má í því sambandi benda á það sem haft er eftir Hauki Hafsteinssyni fyrir Rannsóknarnefnd Alþingis. Erfitt er að skilja orð hans öðruvísi en svo að þessir samningar hafi ekki eingöngu verið gerðir til varnar gjaldmiðlaáhættu heldur til þess að skapa aukinn arð. Erfitt er að sameina fjárfestingu í því skyni við 36. gr. lífeyrissjóðalaganna.

Þrátt fyrir ofangreindar athugasemdir úttektarnefndarinnar um tap sjóðanna má ekki skilja álit hennar svo að stjórnendum sjóðsins sé það aðallega um að kenna, heldur stafar það svo sem áður er lýst fyrst og fremst af afleiðingum falls bankanna og á rót sína að rekja til orsaka þess. Hins vegar er margt sem bendir til þess að tapið hefði mátt verða minna hefðu stjórnendurnir gætt að sér og hagað fjárfestingarstefnu sjóðanna meira í ætt við þá varfærni sem lífeyrissjóðalögin og lögin um þessa sjóði mæla fyrir um. Gæta verður þó þess hvaða andi ríkti í íslensku fjármálalífi á þessum tíma, sem stjórnaðist af óheyrilegum áhrifum fjárfestinga- og viðskiptabankanna, máttleysi eftirlitsstofnana og þeirrar stefnu Seðlabanka Íslands að halda gengi krónunnar uppi meðan stætt var án þess að tryggja væri að aðrir kraftar efnahagslífsins væru þeim samstiga (Sjá kafla 5.1.10).

26. Kafli

26.1 Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (LSS)	141
26.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS) . . .	141
26.1.2 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga 2008 til 2010 . .	147
26.2 Stjórn og starfshættir	153
26.2.1 Stjórn og starfsmenn	153
26.2.2 Samskipta- og siðareglur	154
26.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS)	
2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	155
26.3.1 Inngangur	155
26.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins	155
26.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga	156
26.3.4 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga	157

26.1 Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (LSS).

26.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS)

Upphaf

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (LSS) var stofnaður 28. júlí 1998 með samningi milli BHM og BSRB fyrir hönd hlutaðeigandi stéttarfélaga annars vegar og hins vegar Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd fjölmargra sveitarfélaga víðs vegar um landið.

Hjá eftirtöldum félögum er í kjarasamningum kveðið á um skylduáðild hlutaðeigandi starfsmanna að LSS. Félögin eru: Aðildarfélag BHM, aðildarfélag BSRB, Samband íslenskra sveitarfélaga, Launanevnd sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands.

Stjórn sjóðsins

Fjöldi stjórnarmanna er sex og eru þeir skipaðir til fjögurra ára í senn. Engin tímamörk eru á því hvað stjórnarmaður má sitja lengi í stjórn sjóðsins. Val stjórnarmanna fer þannig fram að Samband íslenskra sveitarfélaga skipar þrjá stjórnarmenn í samráði við þau sveitarfélög sem aðild eiga að sjóðnum. Þá skipar BSRB tvo stjórnarmenn og BHM einn. Sömu aðilar skipa jafnframt jafnmarga varamenn. Stjórnin kys sér formann og skulu fulltrúar sveitarfélaga og stéttarfélaga skipta með sér formennsku á tveggja ára fresti. Allir sjóðfélagar, bæði greiðendur og lífeyrisþegar, hafa setu- og tillögurétt á ársfundum sjóðsins.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í LSS árin 2006-2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

LSS tafla 1

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga í árslok

Nafn:	Tiln.	2009	2008	2007	2006
Halldóra Friðjónsdóttir	BHM	Form.	Form.	X	X
Elín Björg Jónsdóttir	BSRB	X	X	X	X
Garðar Hilmarsson	BSRB	X	X	X	X
Gunnar Rafn Sigurbjörnsson	SÍS	X	X	X	X
Karl Björnsson	SÍS	X	X	Form.	Form.
Kristbjörg Stephensen	SÍS	X	X	X	X
Samband íslenskra sveitarfélaga	SÍS				
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja	BSRB				
Bandalag háskólanna	BHM				

Eins og fram kemur hér að ofan hefur engin breyting orðið á stjórnarmönnum á þeim árum sem könnuð voru. Þá hafa tveir stjórnarmenn setið í stjórn sjóðsins frá upphafi sem er árið 1998 en það eru þau Elín Björg Jónsdóttir og Karl Björnsson.

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Jón G. Kristjánsson og hefur hann gegnt því starfi frá stofnun sjóðsins árið 1998. Árið 2007 var Elías Halldór Leifsson ráðinn sem sviðstjóri fjármála- og skrifstofusviðs en hann tók við því starfi af Gunnari Hjartarsyni sem starfað hafði hjá sjóðnum frá stofnun. Arent Claesen er sviðstjóri réttindasviðs og hefur gegnt því starfi frá árinu 1999. Að auki starfa hjá sjóðnum sjö starfsmenn. Starfsmenn sjóðsins eru því samtals 10 talsins.

Endurskoðun:

Knútur Þórhallsson og Sigurður Páll Hauksson, endurskoðendur, Deloitte hf.

Tryggingafræðileg athugun:

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur.

Innri endurskoðun:

Sif Einarsdóttir, endurskoðandi og yfirmaður áhættuþjónustu Deloitte hf.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009

Karl Björnsson hefur setið í eftirfarandi stjórnnum:

- Atvinnuleysistryggingasjóður
- Launanevnd sveitarfélaga
- Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Vinnumálastofnun

Kristbjörg Stephensen hefur setið í eftirfarandi stjórnnum:

- Austurhöfn – TR ehf.
- SPRON sjóðurinn SES
- Minjavernd hf.
- Neyðarlínan ehf.
- Jörundur ehf.

Halldóra Friðjónsdóttir hefur setið í eftirfarandi stjórnnum:

- Útgarður
- Félag háskólamanna 1995-2009
- Formaður BHM - 2008
- Atvinnuleysistryggingasjóður frá 2004
- Jafnréttisráð frá 2008

Elín Björg Jónsdóttir hefur setið í eftirfarandi stjórnnum:

- Stjórn BSRB
- VIRK starfsendurhæfingarsjóður
- Háskólafélag Suðurlands

Garðar Hilmarsson hefur setið í eftirfarandi stjórnnum:

- Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
- BSRB
- Styrktarsjóður BSRB

Jón G. Kristjánsson framkvæmdastjóri hefur setið í stjórn Íslenskra verðbréfa hf. frá 2009 -2010.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga er að finna í 1. gr. samþykka sjóðsins.

1. „Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara samþykka.“

Starfsemi LSS

Sjóðurinn starfar í tveimur samtryggingardeildum, almennri deild (A-deild) og valdeild (V-deild). Einnig starfrækir sjóðurinn séreignardeild (S-deild). Séreignardeildin er fjárhagslega aðskilin frá samtryggingardeildunum. Innan séreignardeildar sjóðsins er síðan boðið upp á þrjár ávöxtunarleidir.

A-deild er almenn deild sem veitir föst réttindi óháð aldri. Nýir starfsmenn þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að LSS og eru félagsmenn í aðildarfélögum BHM eða BSRB gerast sjálfkrafa sjóðfélagar í A-deild. Heildariðgjöld eru 16%. Réttindi eru fyrirfram ákveðin og iðgjald starfsmanna er 4% af heildarlaunum þeirra. Iðgjald launagreiðanda er hins vegar breytilegt en árið 2009 var það 12% af öllum

launum. Iðgjald launagreiðanda er aðlagð að því að standa á hverjum tíma undir réttindum sjóðfélaga. Miðað er við að taka lífeyris hefjist við 65 ára aldur en getur þó hafist við 60 ára aldur en þá gegn skerðingu. Segja má að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga sé í raun spegilmynd af A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

V-deild er valdeild sem veitir aldurstengd réttindi. Deildin er opin þeim sem fá laun eða þóknun frá sveitarfélögum eða stofnunum þeirra og þeim sem ekki hafa skylduáðild að lífeyrissjóði. Iðgjald ræðst af kjara- og ráðningarsamningum. Lágmarksíðgjald er 12% þar sem sjóðfélagi greiðir 4% og launagreiðandi 8%. Réttindi sjóðfélaga ráðast af iðgjöldum, ávöxtun þeirra og aldri við innborgun. Miðað er við að taka lífeyris hefjist við 65 ára aldur, en getur hafist við 60 ára aldur en þá gegn skerðingu.

Bæði A- og V-deildum sjóðsins var allt fram til ársins 2008 stýrt eins og um eina deild væri að ræða. Fram að þeim tíma höfðu deildirnar sameiginlega fjárfestingarstefnu og eignastýringu.

Úttektarnefndin ákvað að fjalla ekki sérstaklega um séreignardeild sjóðsins (S-deild), þar sem eignir séreignardeildar eru einungis um 2% af heildareignum sjóðsins. Eignasafn séreignardeildar er hins vegar inni í allri umfjöllun um verðbréfaeign og ávöxtun.

Í yfirferð um LSS hér á eftir er því jafnan fjallað um lífeyrissjóðinn í heild sinni nema annað sé tekið fram.

Skipulag og starfsreglur stjórnar LSS

Á stjórnarfundum sjóðsins þann 11. september 2001 voru samþykktar starfsreglur fyrir stjórn sjóðsins í samræmi við 29. gr. laga nr. 129/1997 og 6. gr. samþykka sjóðsins. Helstu atriði starfsreglnanna sem sneru að aðkomu stjórnar að fjárfestingum sjóðsins eru:

- Að sjá um að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.
- Að ráða framkvæmdastjóra og ganga frá starfslýsingu hans.
- Að taka ákvarðanir í öllum málum sem geta talist óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórnin getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála.

- Að móta fjárfestingarstefnu sjóðsins og sjá um að skipting á eignasafni sjóðsins sé í samræmi við gildandi lög og fjárfestingarstefnu sjóðsins hverju sinni.
- Að láta framkvæma tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins og meta framtíðarstöðu hans.

Önnur atriði í starfsreglunum fjölluðu almennt um starfsemi sjóðsins, skipan og skiptingu starfa stjórnar, fyrirsvar, boðun funda, ákvörðunarvald og atkvæðagreiðslur, fundargerðir og fundargerðarbók, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi, breytingar á starfsreglum og meðferð starfsregla.

Starfsreglur framkvæmdastjóra LSS

Starfsreglur framkvæmdastjóra sjóðsins voru samþykktar á stjórnarfundi sjóðsins þann 9. september 2003.

- Áætlanagerð og skipulagsmál.
- Afgreiðsla lífeyrisumsókna og veiting sjóðfélagalána.
- Gerð ársreikninga, ársskýrslna o.fl.
- Gæta eigna sjóðsins að því marki sem þær eru í hans vörslu, áhalda og búnaðar, og sjá um nauðsynlegt viðhald og varðveislu.
- Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar, nema stjórn hafi veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála.
- Framkvæmdastjóra er ekki heimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar.

Á fundi úttekta nefndarinnar þann 3. okt. 2011 var framkvæmdastjóri LSS spurður hvaða fjárfestingarheimildir hann hefði frá stjórn og hvaða fjárfestingar hann hefði þurft að bera undir stjórn sjóðsins. Hér er átt við fjárhæðamörk, fjárfestingartegundir (skuldabréf, hlutabréf, sjóðir o.fl.) og fjárfestingar í einstökum félögum. Í svari framkvæmdastjórans kom fram að hann hefði ekki verið háður neinum sérstökum takmörkunum svo framarlega sem fjárfestingin væri innan fjárfestingarstefnu sjóðsins. Þó yrði hann að bera fjárfestingar í óskráðum félögum undir stjórn sjóðsins.

Fjárfestingarstefna

Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu sjóðsins til eins árs í senn. Fjárfestingarstefnan er grundvölluð á lögum nr. 129/1997 og samþykktum sjóðsins. Eðli málsins samkvæmt eru breytingar á fjárfestingarstefnu sjóðsins ekki miklar milli ára. Sameiginleg fjárfestingarstefna hefur verið fyrir A-deild og V-deild en eins og áður hefur komið fram var því breytt fyrir árið 2008 og fjárfestingarstefna mótuð fyrir hvora deild fyrir sig. Fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2008 má sjá í töflu nr. 2.

LSS tafla 2

Fjárfestingarstefna LSS fyrir árið 2008:

Í hlutfalli af hreinni eign til greiðslu lífeyris	A-deild		V-deild	
	Markmið	Vikmörk	Markmið	Vikmörk
Innlán í bönkum og sparisjóðum	3%	0-10%	3%	0-10%
Ríkisvixlar og skuldabréf með ríkisábyrgð	30%	20-50%	27%	20-50%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	1%	0-10%	1%	0-10%
Skuldabréf og vixlar fjármálastofnana	6%	0-25%	6%	5-25%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	15%	5-25%	13%	10-25%
Hlutdeildarskírteini, sérhæfðar fjárfestingar	0%	0-10%	0%	0-15%
Hlutabréf	35%	5-50%	40%	5-60%
Önnur verðbréf	10%	0-20%	10%	0-20%
Samtals	100%		100%	

Eins og sjá má er ekki mikill munur á fjárfestingarstefnu samtryggingardeildanna tveggja. Hlutabréf hafa heldur meira vægi í V-deild en bréf með ríkisábyrgð og fasteignaveðtryggð skuldabréf hafa meira vægi í A-deild. Ef tekið er tillit til vikmarka má segja að fjárfestingarstefna sjóðsins sé í raun sú sama hjá báðum deildum.

Eignastýring

Fyrir fall bankanna var LSS með eftirfarandi eignastýringarsamninga í gildi:

- Samningur um eignastýringu, umsýslu og vörslu A-deildar við Kaupþing hf. dags. 28.12.2006.
- Samningur um eignastýringu, umsýslu og vörslu V-deildar við Kaupþing hf. dags. 28.12.2006.
- Samningur um rekstur séreignardeildar LSS við Kaupþing hf. dags. 22.10.2004.
- Samningur um eignastýringu, umsýslu og vörslu séreignarleida við Kaupþing hf. dags. 28.12.2006.

- Samningur um fjárvörslu og ávöxtun fjármuna við Íslandsbanka frá 2003.
- Samningur um ávöxtun og vörslu eigna við Íslensk verðbréf hf. dags 2.6.2006.
- Samningur um gjaldmiðlastýringu við Landsbanka Íslands hf. dags. 19.2.2007.

Rekstrarfélag Kaupþing banka hf. (RKB)

Eins og fram kemur hér að framan voru þrjú samningar í gildi milli LSS og Rekstrarfélags Kaupþing banka hf. Einn samningur fyrir hverja af hinum þremur deildum sjóðsins. Samningarnir voru samhljóða að undanskildum viðauka sem fylgdi með hverjum samningi. Í viðaukanum var m.a. gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu viðkomandi deildar. Fram kom að gildandi fjárfestingarstefna á hverjum tíma væri til viðmiðunar og að hún skyldi endurskoðuð með hliðsjón af markaðsaðstæðum eftir því sem þurfa þætti. Þá voru einnig skilgreind markmið um hlutfallsskiptingu verðbréfaflokka ásamt vikmörkum fyrir hverja deild. Þeir verðbréfaflokkar sem RKB var heimilt að fjárfesta í samkvæmt fjárfestingarstefnu A-deildar, V-deildar og S-deildar voru eftirfarandi:

- Innlán í bönkum og sparisjóðum
- Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs
- Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga
- Skuldabréf og vixlar banka, sparissjóða og annarra lánastofnana
- Fasteignatryggð skuldabréf
- Innlend og erlend hlutabréf
- Skuldabréf fyrirtækja
- Sérhæfðar fjárfestingar

Einnig var kveðið á um heimild til stýringar gengisvarna gagnvart gjaldmiðlaáhættu. Í samningnum sem vísuðu til A-deildar og V-deildar var viðmið gengisvarna að erlendar eignir væru varðar að lágmarki 0% en að hámarki 100%. Í tilfalli S-deildar var ekki kveðið á um hversu mikið af erlendu eignasafni deildarinnar væri heimilt að verja.

Í lok viðauka allra samninganna þriggja var tilgreind sú þjónusta sem bankinn veitti sjóðnum í tengslum við fjárvörslu:

- Árleg greining á eignum og skuldbindingum viðskiptavinar.

- Ráðgjöf við endurskoðun og mótun fjárfestingarstefnu.
- Ráðgjöf við mat á fjárfestingarkostum.
- Upplýsingafundir eftir því sem við á.
- Fræðslufundir með starfsmönnum og stjórn.
- Önnur tilfallandi aðstoð

Framkvæmdastjóri LSS var spurður að því hvernig hinir árlegu fundir þar sem fara átti yfir greiningu á eignum og skuldbindingum viðskiptavina hefðu farið fram. Fram kom að þetta hefðu meira verið „rabbfundir“, og ekki hefðu verið ritaðar fundargerðir. Ennfremur mátti skilja það svo að ekki hefði verið farið skipulega yfir greiningu á „eignum og skuldbindingum viðskiptavina“ hvað varðaði afkomu þeirra á liðnu ári og væntanlegar afkomuhorfur á komandi ári.

Íslandsbanki-Eignastýring (ÍSB)

Samkvæmt samningi þessum tók ÍSB að sér fjárvörslu og ávöxtun á fjármunum LSS samkvæmt meðfylgjandi fjárfestingarstefnu sem fylgdi samningnum í viðauka I. Í gr. 1.2 kom fram: „Við ávöxtun fjármuna LSS er ÍSB heimilt að fjárfesta í innlendum og erlendum verðbréfasjóðum og hlutabréfasjóðum sem ÍSB rekur og hefur umsjónartekjur af. Jafnframt er ÍSB heimilt að ávaxta fjármuni LSS í stökum verðbréfum.“

Íslensk verðbréf hf. (ÍV), A-deild og V-deild

Þann 2. júní 2006 gerði LSS samning um eignastýringu við ÍV. Samningurinn náði til beggja samtryggingardeilda sjóðsins, þ.e. A-deildar og V-deildar. Í samningnum var framkvæmdastjóra ÍV eða öðrum starfsmanni félagsins veitt ótakmarkað umboð til kaupa og sölu á verðbréfum samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins sem fylgdi með í viðauka með samningnum.

Samkvæmt viðaukanum voru fjármunir sjóðsins ávaxtaðir í skuldabréfum, *Innlend skuldabréf – Stöðusafn*. Skipting á *Innlend skuldabréf – Stöðusafn* milli meginverðbréfaflokka safnsins var þessi:

Markflokkar ríkisskuldabréfa	0-100%	
Önnur ríkistryggð skuldabréf	0-60%	
Skráð skuldabréf fyrirt. og sveitarf.	0-60%	
Óskráð skuldabréf og vixlar	0-50%	Skammtímbréf 3-6 mán.
Laust fé	0-10%	

Landsbanki Íslands hf. (LÍ)

Samningur um gjaldmiðlavarðir var gerður við Landsbanka Íslands þann 19. febr. 2007. Í 2. gr. samningsins kom fram hvernig gjaldmiðlastýringu hjá LSS skyldi háttað.

- Sjóðurinn sendir Landsbankanum eignastöðu sem stýring á að taka til í upphæðum eftir myntum. Gjaldmiðlasafnið, þ.e. upplýsingar um eignastöðu, leggur bankinn til grundvallar ákvarðanatöku gjaldmiðlastýringar samkvæmt samningi, þar til fyrirmæli um nýja eignastöðu berast frá sjóðnum.
- Bankinn annast stýringu á gjaldmiðlasamsetningu gjaldmiðlasafns í samræmi við aðgerðaramma, sbr. 4. gr. samningsins.
- Gjaldmiðlasamsetningu verður stýrt með framvirkum samningum, valréttarsamningum eða öðrum afleiðusamningum og/eða samsetningu slíkra samninga.
- Bankinn mun annast stýringu á öllum þeim afleiðusamningum sem gerðir eru í tengslum við stýringuna.

Aðgerðaramminn sem vísað var til hér að ofan fól m.a. í sér, að tímalengd afleiðusamninga mætti að hámarki vera eitt ár, að öðrum kosti þyrfti samþykki sjóðsins. Auk þess hafði bankinn heimild til að gera gjaldmiðlasamninga í erlendum krossum. Síðan var fjallað um kostnað við gerð samninganna og hagnað sem af þeim kynni að leiða innan aðgerðarammans.

Í innanhússtýringu hjá sjóðnum sjálfum voru nánast eingöngu sjóðfélagalán. Nánast allar aðrar fjárfestingar LSS voru í höndum stýringaraðila.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur

Árið 2009 námu lífeyrisgreiðslur samtals 686 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu þær hækkað frá árinu 2005 að meðaltali um 30,2% milli ára. Lífeyrisþegum hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 1.487 talsins, samanborið við 474 lífeyrisþega í árslok 2005. Á þessum fimm árum hafði þeim þannig fjölgað um 33,1% að meðaltali milli ára. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris þá er hann talinn oftast en einu sinni.

LSS tafla 3

Lífeyrisgreiðslur í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	265	200	135	105	87
Örorkulífeyrir	192	134	109	86	53
Makalífeyrir	24	17	11	9	6
Barnalífeyrir	26	22	18	16	11
Séreign	179	27	21	14	9
Samtals, verðlag hvers árs	686	400	294	230	166
Samtals, verðlag 2009	686	430	373	309	239

Tryggingafræðileg staða - samtryggingardeild

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% á ári umfram hækkun vísitölu neysliverðs. Í A-deild sjóðsins ábyrgist launagreiðandi að greiða það iðgjald sem þarf til að standa undir skilgreindum réttindum deildarinnar og getur því mótframlagið bæði hækkað eða lækkað, allt eftir afkomu deildarinnar hverju sinni. Í V-deild sjóðsins er hins vegar skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk sem getið er um í samþykktum sjóðsins.

LSS tafla 4

Heildarskuldbinding í mkr. A-deild	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	96.061	84.911	71.599	61.854	50.683
Skuldbindingar	106.390	94.130	76.911	66.938	54.494
Samtals	-10.329	-9.219	-5.312	-5.084	-3.811
% af skuldbindingum	-9,7%	-9,8%	-6,9%	-7,6%	-7,0%

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir A-deildar sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar eru neikvæðar á bilinu 7-10% öll árin sem eru til skoðunar.

LSS tafla 5

Heildarskuldbinding í mkr. V-deild	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	20.243	16.318	13.336	10.778	6.300
Skuldbindingar	20.986	16.932	13.393	10.879	6.220
Samtals	-743	-614	-57	-101	80
% af skuldbindingum	-3,5%	-3,6%	-0,4%	-0,9%	1,3%

Árið 2005 voru heildarskuldbindingar í V-deild jákvæðar um 1,3%. Árin 2006 og 2007 voru skuldbindingarnar hins vegar neikvæðar um tæpt 1%.

Staðan versnaði árin 2008 og 2009 en þá var hún orðin neikvæð um 3,6% og 3,5%.

Verðbréfaeign og raunávöxtun eignasafna

Eftir fall bankanna árið 2008 sést að áhersla sjóðsins á verðbréfakaupum flyst yfir á bankainnstæður, skuldabréf með ríkisábyrgð þ.m.t. innlenda skuldabréfasjóðir, skuldabréf sveitarfélaga og skuldabréf fyrirtækja.

LSS tafla 6

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Bankainnstæður	1.775	2.488	835	996	885
Veðskuldab. sjóðfélaga	5.965	6.013	4.629	3.417	2.442
Innlendir skuldabréfasjóðir	2.643	2.682			
Erlend verðbréfaeign	8.492	7.127	6.517	6.001	3.484
Peningamarkaðssjóðir	217	41			
Innlend hlutabréf	721	85	922	656	641
Innlendir hlutabréfasjóðir	92	227			
Innlend hlutdeildarskírteini*	308	802	5.461	3.745	3.692
Erlend skuldabréf	81				
Skuldabréf með ríkisábyrgð	13.108	8.095	4.808	3.148	2.632
Skuldabréf sveitarfélaga	2.938	1.751	202	357	355
Skuldabréf lánastofnana	657	1.086	1.453	2.152	1.397
Skuldabréf fyrirtækja	4.045	2.167	2.929	1.967	739
Samtals	41.042	32.564	27.756	22.439	16.267

Heimild: Ársreikningar LSS.

* Innlend hlutdeildarskírteini:

Undir verðbréfaflokkinn innlend hlutdeildarskírteini árin 2007, 2006 og 2005 falla skuldabréfasjóðir, hlutabréfasjóðir, peningamarkaðssjóðir, gjaldmiðlasjóðir, framtakssjóðir og vogunarsjóðir. Í ársreikningi 2008 og 2009 eru skuldabréfasjóðir, hlutabréfasjóðir og peningamarkaðssjóðir sýndir sérstaklega. Árin 2008 og 2009 eru það þá einungis gjaldmiðlasjóðir, framtakssjóðir og vogunarsjóðir sem skilgreindir eru sem innlend hlutdeildarskírteini.

Í töflunni yfir ávöxtun eignasafna sjóðsins kemur fram að á árinu 2008 eru það fyrst og fremst fimm verðbréfasöfn sem sýna neikvæða ávöxtun en þau eru: innlendir skuldabréfasjóðir, erlend verðbréfaeign, innlend hlutabréf, innlendir hlutabréfasjóðir, innlend hlutdeildarskírteini og skuldabréf fyrirtækja. Eins og fram kemur þá er ávöxtun eignasafna sjóðsins árin 2005 og 2006 mjög góð. Árið 2007 eru það fyrst og fremst innlend hlutabréf sem eru með neikvæða ávöxtun. Árið 2008 kemur illa út enda er þá algjört hrun á innlendum hlutabréfum. Á árinu 2009 eru miklar afskriftir og niðurfærslur á skuldabréfum lánastofnana og innlendum hlutabréfasjóðum.

LSS tafla 7

Hrein raunávöxtun eignasafna	2009	2008	2007	2006	2005
Bankainnstæður	11,5%	1,9%	7,2%	7,0%	6,5%
Veðskuldab. sjóðfélaga	5,4%	5,0%	5,7%	4,8%	5,3%
Innlendir skuldabréfasjóðir	-13,0%	-9,8%	0,0%	3,6%	-0,5%
Erlend verðbréfaeign	5,0%	-8,1%	-5,5%	28,4%	8,7%
Innlend hlutabréf	-9,0%	-95,6%	-4,4%	41,7%	108,7%
Innlendir hlutabréfasjóðir	-67,4%	-39,9%	-9,5%	-16,8%	14,3%
Innlend hlutdeildarskírteini	-3,2%	-19,2%	-3,5%	0,3%	1,3%
Skuldabréf með ríkisábyrgð	3,8%	3,1%	2,0%	3,9%	3,6%
Skuldabréf sveitarfélaga	8,4%	-3,1%	3,2%	-2,4%	6,0%
Skuldabréf lánastofnana	-56,8%	11,7%	6,8%	-7,6%	7,3%
Skuldabréf fyrirtækja	4,4%	-31,9%	6,6%	6,7%	6,3%
Samtals*	1,3%	-11,9%	1,0%	7,6%	6,9%

*Raunávöxtun sjóðsins á viðkomandi ári

Heimild: Tölvupóstur frá LSS dags. 12. okt. 2011.

Raunávöxtun

Árið 2009 var raunávöxtun sjóðsins þegar rekstrar-kostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum 1,4%. Raunávöxtun á árinu 2008 var aftur á móti neikvæð um 12,0%. Raunávöxtun árið 2007 var jákvæð um 0,9%. Hins vegar var raunávöxtun árána 2006 og 2005 mjög góð eða 7,6% og 7,0%. Meðalraunávöxtun síðustu fimm árin var 1,0% árið 2009 og 1,7% árið 2008.

LSS tafla 8

Raunávöxtun	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	1,4%	-12,0%	0,9%	7,6%	7,0%
Fimm ára meðalávöxtun	1,0%	1,7%	6,2%	6,9%	3,1%

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Á árinu 2009 var meðaltal virkra sjóðfélaga sem greiddu iðgjald til sjóðsins 12.490. Iðgjaldagreiðslur árið 2009 námu samtals 5.416 mkr. sem er hækkun um 11,9% frá árinu 2008 en þá voru iðgjöld samtals 4.839 mkr.

Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris milli ára á verðlagi ársins 2009 má sjá að staða sjóðsins árið 2008 er nánast óbreytt frá árinu 2007. Afkoma sjóðsins batnaði síðan milli árána 2008 og 2009 og hrein eign til greiðslu lífeyris hækkar á föstu verðlagi um 5.850 mkr. eða 16,2%. Tafla nr. 9 hér að neðan sýnir heildaryfirlit sjóðsins á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005-2009. Árið 2009 var hlutfall A-deildar 86,4%, V-deildar 11,3% og S-deildar 2,3%.

LSS tafla 9

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	5.416	4.839	4.154	3.648	2.888
Lífeyrir	-687	-401	-294	-237	-167
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum	-6	-906	7	261	305
Tekjur/-gjöld af húseignum og lóðum	0	0	0	0	0
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	3.791	1.750	1.748	2.595	1.355
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	0	0	0	0	0
Fjárfestingartekjur	3.785	844	1.755	2.856	1.660
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-60	-28	-21	-30	-35
Rekstrarkostnaður	-81	-66	-54	-48	-48
Rekstrargjöld	-141	-94	-75	-78	-83
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	8.373	5.188	5.540	6.189	4.298
Hrein eign frá fyrra ári	33.597	28.409	22.869	16.680	12.382
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	41.970	33.597	28.409	22.869	16.680

Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009

Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	8.373	5.578	7.036	8.321	6.180
Hrein eign frá fyrra ári	33.597	30.542	29.045	22.426	17.804
Hrein eign til greiðslu lífeyris	41.970	36.120	36.081	30.747	23.985

1) Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6. Þóknatekjur fjármálafyrirtækja.

26.1.2 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga 2008 til 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafninu sem ollu mestu af tapi sjóðsins. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem hafa skilað jafnri og góðri ávöxtun í gegnum árin. Tap sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 og 2009 en afleiðingarnar komu hins vegar ekki að fullu fram fyrr en á árinu 2010. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða og úti-standandi gjaldmiðlavararsamninga að teknu tilliti til væntanlegrar skuldajöfnunar skuldabréfa á hendur bönkunum. Tap sjóðsins liggur einkum í eftirfarandi liðum:

- Skuldabréfum banka og sparissjóða
- Skuldabréfum fyrirtækja
- Innendum hlutabréfum
- Innendum hlutabréfasjóðum
- Innendum skuldabréfasjóðum
- Veðskuldabréfum
- Erlendum verðbréfum

LSS tafla 10

Yfirlit yfir tap LSS af skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innendum hlutabréfum, innendum hluta- og skuldabréfasj., veðlánum, erl. verðbréfum og gjaldmiðlavararsamningum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparissjóða	410	702	875	1.987
Skuldabréf fyrirtækja	66	49	981	1.096
Innlend hlutabréf		5	914	919
Innlendir hlutabréfasjóðir			431	431
Innlendir skuldabréfasjóðir		1.103	257	1.360
Innlend veðskuldabréf	475	28		503
Erlend verðbréf		167	480	647
	951	2.020	3.938	6.943
Gjaldmiðlavararsamningar (GVT 175)		359		359
Samtals tap í mkr.	951	2.379	3.938	7.302

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga dags. 6.7.2011 og 28.07.2011.

Sjö ofangreindir liðir mynduðu tap á árunum 2008 til 2010, samtals að fjárhæð 7.302 mkr. Gjaldmiðlavararsamningar sjóðsins við bankana eru enn óuppperðir. Í uppgjöri sjóðsins var gert ráð fyrir að gjaldmiðlavararsamningarnir yrðu gerðir upp m.v. gengisvísitöluna (GVT) 175 stig. Hins vegar vilja bankarnir gera gjaldmiðlavararsamninga upp m.v. gengi á gjalddaga hvers samnings fyrir sig. Þá reikna bankarnir einnig dráttarvexti á hina óuppperðu samninga. Skv. forsendum bankanna myndi uppgjör á gjaldmiðlavararsamningum auka tap sjóðsins um 115 mkr. og yrði það þá samtals 7.417 mkr.

Skuldabréf banka og sparissjóða

Í ársbyrjun 2008 var eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af bönkum og sparissjóðum samtals 1.453 mkr. Bókfærð skuldabréfaeign í bönkum og sparissjóðum í árslok 2008 var 1.086 mkr. en í árslok 2009 var hún komin niður í 657 mkr. Umtalsverðar afskriftir áttu sér stað á skuldabréfum banka og sparissjóða árin 2008 til 2010 eða samtals 1.987 mkr. Mestu afskriftirnar voru hjá SPRON hf. 483 mkr., Kaupþingi 438 mkr., VBS fjárfestingarbanka 363 mkr., Byr sparissjóði 122 mkr. og Glitni banka hf. 117 mkr. Afskriftir skuldabréfa annarra banka og sparissjóða námu samtals 464 mkr.

LSS keypti víkjandi og breytanleg skuldabréf útgefin af Glitni banka hf. fyrir 100 mkr. Um var að ræða útboð á svokölluðum „víkjandi og breytanlegum skuldabréfum“. Skuldabréfaútboðið var að því leytnu sérstakt, að skuldabréfin voru án gjalddaga. Þann 1. apríl 2013 („skiptidagur“) skyldi andvirði

skuldabréfanna hins vegar breytast í hlutabréf í Glitni banka hf. skv. nánari ákvæðum um gengi hlutabréfanna og fleiri atriða sem tiltekin voru í skuldabréfaútboðinu. M.ö.o. þá var ekki gert ráð fyrir að Glitnir endurgreiddi skuldabréfið með peningum, heldur yrði það greitt til baka árið 2013 með hlutabréfum í Glitni. Skuldabréfið var verðtryggt og ársvextir voru 8,0%. Skuldabréfið varð verðlaust strax við fall bankanna. Ekkert er bókað um skuldabréfakaupin í Glitni í fundargerðum stjórnar sjóðsins.

Sjá nánari umfjöllun í kafla 5.1.9, Glitnir hf. - skuldabréfaútboð í mars 2008.

LSS tafla 11

Bankar og sparisjóðir, staða og afskriftir skuldabréfa 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskriftir	Nettó staða	Afskrift í %
Kaupþing banki hf.	334	-41	375	-12%
SPRON hf.	446	364	82	82%
Byr sparisjóður	110	50	60	45%
Frjálsi fjárfestingarbankinn	2	1	1	50%
Sparisjóðabanki Ísl./Icebank hf.	78	50	28	64%
Sparisjóður Kópavogs	51	23	28	45%
Sparisjóður Hafnarfjarðar	33	15	18	45%
Sparisjóður Mýrasýslu	85	34	51	40%
Sparisjóður Norðlendinga	58	26	32	45%
Sparisjóður vélstjóra	22	10	12	45%
Sparisjóður Vestfirðinga	33	26	7	79%
Straumur Burðarás hf.	60	36	24	60%
VBS fjárfestingarbanki	108	108	0	100%
Samtals í mkr.	1.420	702	718	49%

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga dags. 6.7.2011.

LSS tafla 12

Afskriftir hjá bönkum og sparisjóðum vegna skuldabréfa í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
SPRON hf.	41	364	78	483
Kaupþing banki hf.	-43	-41	522	438
VBS fjárfestingarbanki	194	108	61	363
Byr sparisjóður	72	50		122
Glitnir banki hf.	-28	0	145	117
Sparisjóðabanki Ísl./Icebank hf.	6	50	28	84
Sparisjóður Mýrasýslu	50	34		84
Sparisjóður Norðlendinga	37	26		63
Straumur Burðarás hf.	5	36	20	61
Sparisjóður Kópavogs	33	23		56
Sparisjóður Vestfirðinga	10	26		36
Sparisjóður Hafnarfjarðar	20	15		35
Sparisjóður vélstjóra	13	10		23
Landsbanki Íslands hf.			20	20
Frjálsi fjárfestingarbankinn		1	1	2
Samtals	410	702	875	1.987

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga dags. 6.7.2011.

Skuldabréf fyrirtækja

Í árslok ársins 2005 var eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af fyrirtækjum og stofnunum samtals 739 mkr. Skuldabréfaeign sjóðsins í fyrirtækjaskuldabréfum jókst síðan mjög hratt. Þannig átti sjóðurinn fyrirtækjaskuldabréf að fjárhæð 2.929 mkr. í árslok 2007 sem var aukning um tæp 300% á tveimur árum. Á árinu 2008 voru síðan afskrifuð fyrirtækjaskuldabréf að fjárhæð 981 mkr. Bókfærð skuldabréfaeign í fyrirtækjum í árslok 2008 var þá komin niður í 2.167 mkr. Árið 2009 voru afskriftir fyrirtækjaskuldabréfa 49 mkr. og árið 2010 voru afskriftir 66 mkr. Afskriftir á skuldabréfum fyrirtækja árin 2008-2010 voru þannig samtals 1.096 mkr. Mest var afskrifað af skuldabréfum Landic Property hf. 274 mkr., FL Group hf. 140 mkr. og Exista hf. 110 mkr. Aðrar afskriftir fyrirtækja voru samtals að fjárhæð 572 mkr.

LSS tafla 13

Skuldabréf fyrirtækja - staða og afskriftir 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskriftir	Nettó staða	Afskrift í %
Burðarás hf.	174	34	140	20%
Samson eignarhaldsfélag ehf.	32	7	25	22%
Stoðir Invest ehf	4	4	0	100%
Skipti hf./Síminn hf.	6	-1	7	-17%
Aco Tækniálf hf.	19	5	14	26%
Samtals í mkr.	235	49	186	21%

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga dags. 6.7.2011.

LSS tafla 14

Afskriftir fyrirtækjaskuldabréfa í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Landic Property hf./Fasteignafél. Stoðir hf.			274	274
FL Group hf.			140	140
Exista hf.			110	110
Baugur Group hf.			96	96
Nýsír hf.			93	93
Bakkavör hf.	11		73	84
Egla hf.			57	57
Avion Group hf./HF. Eimskipafél. Ísl.			47	47
Teymi hf./Kögun hf.			38	38
Samson eignarhaldsfélag ehf.	4	7	25	36
Burðarás hf.		34		34
Skipti hf./Síminn hf.	29	-1	1	29
Aco Tækniálf hf.	4	5	14	23
N 1 hf./Olíufélagið hf.	18			18
Atorka Group hf./Jarðboranir hf.			11	11
Stoðir Invest ehf.		4	2	6
Samtals	66	49	981	1.096

Innlend hlutabréf

Á fjórum árum tapaði LSS samtals 855 mkr. á innlendri hlutabréfaeign sinni. Mest varð tapið á árinu 2008 eða samtals 914 mkr. Hlutfall innlendra hlutabréfa hefur aldrei verið hátt hjá sjóðnum. Árið 2007 þegar hlutabréfaeignin var sem mest var hlutfallið einungis 3,3% af heildareignum sjóðsins.

LSS tafla 15

Hagn./(-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Hlutfjáreign í byrjun tímabils	2.286	85	916	652	633
Keypt hlutabréf	2.591	643	548	821	579
Seld hlutabréf	1.648	2	465	550	631
Hlutfjáreign í lok tímabils	2.374	721	85	916	652
Hagn./(-tap)	-855	-5	-914	-7	71

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga dags. 6.7.2011.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir innlendri hlutabréfaeign Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga tímabilið 1. jan. 2006 til 31. des. 2008 (Sjá töflu 16).

Þann 1. jan. 2006 átti Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hlutabréf samtals að fjárhæð 641 mkr.

Um mitt ár 2007 fór hlutfjáreign sjóðsins hæst í rúmar 1.066 mkr. Í lok árs 2008 var hlutabréfaeignin hins vegar komin niður í 85 mkr.

Hér á eftir verður þróun á hlutabréfaeign Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga í nokkrum félögum sýnd nánar. Úttektarnefndin aflaði sér upplýsinga um hlutabréfaeign sjóðanna þann 31.12.2005, 31.12.2006, 30.06.07 og 31.12.07. Einnig voru fengnar upplýsingar um hlutabréfaeign í lok hvers ársfjórðungs árið 2008. Því er ekki mögulegt að sýna einstök kaup eða sölu hlutabréfa. Einungis er unnt að sýna nafnverð og markaðsvirði hlutabréfa í lok hvers tímabils svo og breytingar á hlutabréfaeign í einstökum félögum milli þeirra tímabila sem könnuð voru.

Sýnt er: Nafn félags, nafnverð, hreyfingar á nafnverði innan tímabils, dagslokagengi og markaðsvirði hinna keyptu/seldu hlutabréfa. Árið 2006 er sýnt sérstaklega. Árinu 2007 er skipt í tvennt, þ.e. sýnd er staðan í lok hvors árshelmings fyrir sig. Sömu upplýsingar koma fram fyrir árið 2008 en það ár er staðan sýnd í lok hvers ársfjórðungs. Neðst

LSS tafla 16

Hlutabréfaeign á markaðsvirði tímabilið 31.12.2005 - 31.12.2008

Skráð félög:	31.12.2005	31.12.2006	30.6.2007	31.12.2007	30.3.2008	30.6.2008	30.9.2008	31.12.2008
Actavis Group hf.	56.894	47.197	83.458					
Atorka Group hf./Jardboranir hf.	9.600	5.624	603	710	551	479		
Alfesca hf.							3.043	2.006
Bakkavör Group hf.	34.384	56.282	76.216	73.212	87.568	66.746	60.924	7.893
Exista hf.		18.955	107.894	70.904	81.820	64.426	49.454	350
FL Group hf.	37.475	43.657	51.715	40.913	868			
Flaga Group hf.		3.170	2.299	1.029	1.065			1.150
Glitnir banki hf.	87.030	95.806	125.370	87.654	5.750	75.271	25.547	
Icelandair Group hf.			11.200					
Kaupbing banki hf.	222.715	210.648	342.196	401.362	440.080	328.748	268.828	
Landsbanki Íslands hf.	101.611	106.583	162.572	135.980	134.308	96.685	82.509	
Marel hf.						22.625	17.620	16.538
Mosaic Fashions hf.	26.425	10.369	895					
SPRON hf.					4.290	1.091	858	622
Straumur-Burðarás hf.	64.303	57.198	101.804	90.196	107.048	94.829	83.755	18.657
Teymi hf.						1.508	23.093	38.237
Össur hf.				14.400	13.552	13.655		
Samtals í þús. kr.	640.437	655.490	1.066.221	916.361	876.899	766.062	615.632	85.453
Óskráð félög:	31.12.2005	31.12.2006	30.6.2007	31.12.2007	30.3.2008	30.6.2008	30.9.2008	31.12.2008
Ehf. lsj. um Verðbréfabing	79	79	79	5.515				
Flaga Group ehf.						1.150	1.150	
Samtals í þús. kr.	79	79	79	5.515		1.150	1.150	
Samtals í þús. kr.	640.516	655.569	1.066.299	921.876	876.899	767.212	616.781	85.453

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga dags. 6.7.2011.

Í töflunum eru síðan teknar saman upplýsingar um verðmæti á upphafsstöðu hlutafjár í viðkomandi félagi 31.12.2005 og bætt við það kaupverði umfram söliverð hlutabréfa til áramóta 2008. Þannig er gerð tilraun til að finna út hvert var heildartap sjóðsins í viðkomandi félagi frá árslokum 2005 til ársloka 2008. Það skal áréttað að hér er einungis reynt að sýna tap sjóðsins ofangreint tímabil. Í mörgum tilvikum hafði lífeyrissjóðurinn átt hlutabréfin lengur og keypt þau á lægra verði en kemur fram í yfirlitunum hér á eftir.

Kaupþing banki hf.

Í ársbyrjun 2006 átti Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga 282.261 þús. hluti í Kaupþing banka hf. og var markaðsvirði bréfanna þá 211 mkr. Á árinu 2007 og á fyrsta ársfjórðungi 2008 jók sjóðurinn við hlutabréfaeign sína í Kaupþingi og átti orðið 541.132 þús. hluti þann 31.03.2008. Á öðrum ársfjórðungi 2008 tók sjóðurinn að selja hlutabréf sín í bankanum en þá var gengi bréfanna búið að lækka mikið mánuðina á undan. Við fall bankans í október 2008 var hlutafjareign sjóðsins í Kaupþingi 388.480 þús. hlutir. Tap sjóðsins á hlutabréfaeign sinni í Kaupþingi var a.m.k. 332 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	282.261		746	211
31.12.06	246.193	-36.068	841	-30
30.06.07	299.893	53.700	1.125	60
31.12.07	449.714	149.821	880	132
31.03.08	541.132	91.418	803	73
30.06.08	430.826	-110.306	763	-84
30.09.08	388.480	-42.346	692	-29
31.12.08	388.480		0,00	
Samtals		106.219		332
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				332
Staða 31.12.08	388.480		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				332

Landsbanki Íslands hf.

Lítill hreyfing var á hlutabréfaeign sjóðsins í Landsbankanum á því tímabili sem er til skoðunar. Heildartap sjóðsins var um 106 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	3.893		25,30	98
31.12.06	4.022	129	26,50	3
30.06.07	4.267	245	38,10	9
31.12.07	3.830	-437	35,50	-16
31.03.08	4.537	707	29,60	21
30.06.08	4.195	-342	23,05	-8
30.09.08	4.045	-150	20,40	-3
31.12.08			0,00	
Samtals		152		106
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				106
Staða 31.12.08	331		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				106

Straumur Burðarás hf.

Í byrjun árs 2006 átti lífeyrissjóðurinn einungis 399 þús. hluti í Straumi Burðarási hf. sem var um 6 mkr. að markaðsvirði. Sjóðurinn keypti hlutabréf í Straumi jafnt og þétt árin 2006 – 2008, þrátt fyrir fallandi gengi íslenska hlutabréfamarkaðarins frá miðju ári 2007. Mestu kaupin áttu sér stað árið 2008 eða um 4.058 þús. hlutir. Sjóðurinn tapaði um 133 mkr. á hlutabréfaeign sinni í Straumi.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	399		16,10	6
31.12.06	3.287	2.888	17,40	50
30.06.07	4.659	1.372	21,80	30
31.12.07	5.973	1.314	15,10	20
31.03.08	9.118	3.145	11,74	37
30.06.08	9.531	413	9,95	4
30.09.08	10.031	500	8,35	4
31.12.08	10.031	0	1,86	
Samtals		9.632		152
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				152
Staða 31.10.08	10.031		1,86	-19
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.10.08 í mkr.				133

Bakkavör Group hf.

Í upphafi árs 2006 átti sjóðurinn 669 þús. hluti að verðmæti 34 mkr. í Bakkavör. Á árunum 2006 – 2008 var sjóðurinn stöðugt að bæta við sig hlutabréfum í félaginu. Hlutabréfaeign sjóðsins í Bakkavör fór því úr því að vera 669 þús. hlutir í upphafi árs 2006 í 3.132 þús. hluti í árslok 2008. Þessi kaup voru nánast að engu orðin í lok ársins 2008 og áætlað tap á félaginu því 116 mkr. Það vekur athygli að sjóðurinn var aðeins kaupandi í Bakkavör en aldrei seljandi.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	669		50,90	34
31.12.06	901	232	62,50	15
30.06.07	1.098	197	69,40	14
31.12.07	1.251	153	58,50	9
31.03.08	2.120	869	41,30	36
30.06.08	2.270	150	29,40	4
30.09.08	2.860	590	21,30	13
31.12.08	3.132	272	2,49	1
Samtals		2.463		124

Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu			
Stæða 31.12.08	3.132	2,49	-8
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.			116

Innlendir hlutabréfasjóðir

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga átti mest í hlutabréfasjóðum í árslok 2007 eða 1.496 mkr. að markaðsvirði en var kominn niður í 197 mkr. í árslok 2009. Sjóðurinn fjárfesti að mestu leyti í hlutabréfasjóðum Kaupþings eins og sjá má í töflu hér að neðan. Í heildina var tap á hlutabréfasjóðum 431 mkr.

LSS tafla 17

Innlendir hlutabréfasjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

		2009	2008	Samtals
Glitnir	Sjóður 10 úrval innl. hlutabr.		113	113
Kaupþing	IS 15		222	222
Kaupþing	IS 5		78	78
Kaupþing	Heildarvisitölusjóður		15	15
Kaupþing	ICEQ		3	3
Samtals í mkr.		0	431	431

Heimild: Unnið úr gögnum frá LSS dags.28.07.2011.

Innlendir skuldabréfasjóðir

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga fjárfesti í nokkuð blönduðu safni skuldabréfa. Fjárfest var í tveimur sjóðum Glitnis, sjóði 1 og sjóði 11. Heildartap á þessum sjóðum á árunum 2008 og 2009 var 117 mkr. Mest tapaði lífeyrissjóðurinn á peningamarkaðssjóði Íslenskra verðbréfa hf. eða um 991 mkr. og Currency fund Landsbankans. Heildartap á skuldabréfasjóðum á þessum tveimur árum var 1.360 mkr.

LSS tafla 18

Innlendir skuldabréfasjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

		2009	2008	Samtals
Íslensk verðbréf	Peningamarkaðssjóður	991		991
Landsbankinn	Currency fund		194	194
Glitnir	Sjóður 1	53	54	107
Kaupþing	Fixed income	38		38
Kaupþing	Hávaxtasjóður	12	9	21
Glitnir	Sjóður 11	9		9
Samtals í mkr.		1.103	257	1.360

Heimild: Unnið upp úr gögnum frá LSS dags. 28.07.2011.

Veðskuldabréf

LSS keypti nokkuð af veðskuldabréfum þar sem VBS fjárfestingarbanki var tengiliður milli fjárfestis og framkvæmdaaðila. Hér var um að ræða svokallaða verk-efnafjármögnun. VBS fjárfestingarbanki kom viðskiptunum á, sá um nauðsynlega skjalagerð og átti að fylgjast með framvindu verksins o.fl. Enginn samningur var hins vegar gerður milli LSS og VBS fjárfestingarbanka vegna þeirra viðskipta sem áttu sér stað. Veðskuldabréf þessi gátu verið með veði í margs konar eignum, t.d.:

- Fasteignum sem voru í byggingu. Hér gat bæði verið um atvinnu- og íbúðarhúsnæði að ræða. Veðhæfi viðkomandi byggingar var metið út frá framvindu verksins.
- Eldri fasteignum sem fyrirhugað var að breyta og fá nýtt hlutverk.
- Lóðum og landareignum. Hér gat verið um að ræða jarðir eða jarðarluta sem oft var fyrirhugað að skipta upp, t.d. í sumarbústaðalönd.

Afskriftir á innlendum veðskuldabréfum voru samtals að fjárhæð 503 mkr. Mestar voru þær á Laugardælalandi 303 mkr. og á fasteignum á Vatnsnesvegi og Hrannargötu í Reykjanesbæ, samtals 128 mkr. Afskriftir á öðrum eignum námu samtals 72 mkr.

LSS tafla 19

Innlend veðskuldabréf - afskriftir í mkr.

	2010	2009	Samtals
Laugardælaland, Árborg	303		303
Vatnsnesvegur og Hrannargata	128		128
Mjöllnisholt	33		33
Vallakór	2	13	15
Kjarnagata	2	12	14
Góðakur	5		5
Leirdalur		3	3
Tjarnarvellir	2		2
Samtals í mkr.	475	28	503

Erlend verðbréf

Sjóðurinn tapaði 647 mkr. vegna niðurfærslu á erlendum sjóðum. Sjóðirnir sem hér um ræðir voru allt sjóðir á vegum íslensku bankanna:

Landsbanki Absolute Return Strategy: Kanadískur vögunarsjóður.

Kaupþing KBAB 10 og Kaupþing KBAB 12: Báðir þessir sjóðir eru fagfjárfestastjóðir sem gáfu út skuldabréf sem tengd voru vísitölum (oftast hlutabréfavísitölum). Án þess að unnt sé að fullyrða um það er ekki ólíklegt að hér sé um skuldabréf að ræða en ekki hlutdeildarskírteini í sjóðunum sjálfum.

GIR Capital Invest: Sjóðurinn fjárfesti í mörgum tegundum verðbréfa og fjármálaafurðum, t.d. hlutabréfum, skuldabréfum og afleiðum. Sjóðurinn var skráður á Caymaneyjum og vörsluaðili sjóðsins var Kaupthing Bank, Luxemburg.

LSS tafla 20

Aðrir sjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

		2009	2008	Samtals
Landsbanki	Absolute Return Str.		273	273
Kaupþing	KBAB 12 fagfj.fest.sj.	111		111
Kaupþing	KAU112		100	100
Kaupþing	Capital invest	56		56
Kaupþing	KBAB 10 fagfj.fest.sj.		54	54
Kaupþing	KAU 905		53	53
Samtals		167	480	647

Gjaldmiðlavarinnir

Lífeyrissjóðurinn var með gjaldmiðlavarnarsamninga við bæði Kaupþing banka hf. frá árinu 2006 og Landsbanka Íslands hf. frá árinu 2007.

LSS tafla 21

Staða gjaldmiðlavarnarsamninga 31.12.2009, annars vegar tillaga sjóðsins og hins vegar krafa bankanna

	Heildar krafa	Vaxta kostn.	Samtals	Skulda jöfnun	Mis munur
Tillaga sjóðsins m.v. GVT 175 stig	517	65	582	-223	359
Krafa bankanna m.v. uppgjörsgengi samninganna	627	70	697	-223	474
Mismunur á kröfum í mkr.					115

Heimild: Gögn frá LSS dags. 6.7.2011 og ársreikningur LSS árið 2009.

Miðað við að gjaldmiðlavarnarsamningarnir verði gerðir upp skv. gengisvísitölu 175 stig, er bókfærð skuld sjóðsins 517 mkr. skv. ársreikningi 2009. LSS reiknaði hins vegar enga vexti á kröfu bankanna en

hér er reiknað með 10% vöxtum. Sjóðurinn telur sig eiga skuldabréf útgefin af bönkunum að verðmæti 223 mkr. sem geti komið til skuldajöfnunar á framangreindri skuld.

Hins vegar gera bankarnir ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningarnir verði gerðir upp m.v. gengi á uppgjörsgengi hvers samnings fyrir sig ásamt vöxtum. Ýtrustu kröfur bankanna á hendur sjóðnum m.v. 31.12.2009 eru 697 mkr. Krafa bankanna er því 115 mkr. hærri en sjóðurinn reiknar með.

„Allt frá bankahrininu haustið 2008 hafa átt sér stað viðræður milli fulltrúa þrettán lífeyrissjóða og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um stöðu framvirkra gjaldmiðlavarnarsamninga sjóðanna við bankann og forsendur fyrir mögulegri sátt um uppgjör þeirra.

Náðst hefur rammisamkomulag milli fulltrúa Landssamtaka lífeyrissjóða og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um fullnaðaruppgjör samninganna.

Niðurstæða samkomulagsins er að mestu í samræmi við stöðu samninganna í ársreikningum lífeyrissjóðanna og mun því ekki hafa frekari áhrif á tryggingafræðilega stöðu þeirra.

Í kjölfar samkomulagsins verður hægt að ljúka uppgjöri milli Landsbanka Íslands hf. og einstakra lífeyrissjóða“.

Heimild: Fréttatilkynning frá Landssamtökum lífeyrissjóða dags. 21. júlí 2011

Lífeyrissjóðirnir hafa átt í viðræðum við Kaupþing banka hf. um uppgjör á útistandandi gjaldmiðlavarnarsamningum og standa þær viðræður enn yfir.

26.2 Stjórn og starfshættir

26.2.1 Stjórn og starfsmenn

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS) er skipuð sex einstaklingum. Þrjú þeirra eru skipaðir af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og sömuleiðis þrjú varamenn, í samráði við þau sveitarfélög sem eiga aðild að sjóðnum, BSRB skipar tvo fulltrúa og tvo til vara og BHM skipar einn og annan til vara. Stjórnin er skipuð til fjögurra ára í senn.¹ Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Hún ræður framkvæmdastjóra.

Stjórnin ber ábyrgð á rekstri sjóðsins og fer með yfirstjórn hans. Henni ber að fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir um stefnumótun sjóðsins og starfsemi og sjá um að eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.²

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer eftir stefnu og fyrirmælum stjórnar. Allar ákvarðanir sem eru „óvenjulegar eða mikilsháttar, til dæmis ákvarðanir um fjárfestingu í atvinnurekstri eða fasteignum, skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar“ eða skv. áætlun sem stjórn hefur samþykkt. Það er einnig heimilt fyrir framkvæmdastjóra að taka meiriháttar ákvarðanir að höfðu samráði við formann stjórnar sé ekki mögulegt að bera málið upp fyrir stjórnina í heild.³

Stjórnarmenn eiga að gæta hags sjóðsins í hvívetna í ákvörðunum sínum. Þeir mega ekki taka þátt í meðferð máls ef þeir hafa sjálfir hagsmuna að gæta eða einhver þeim nákominn sem kynnu að vera aðrir en sjóðsins.⁴ Fyrirsvarsmenn sjóðsins mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem „bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótillhýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins“.⁵ Stjórnarmanni eða framkvæmdastjóra sem er kunnugt um slíkan vafa er skylt að upplýsa um slík atvik og ber að tilkynna stjórn fyrirfram um aðstæður sem „valda vanhæfni eða gætu gefið tilefni til efasemda um hæfi hans“.⁶ Það er stjórnarinnar að ákveða hvort stjórnarmaður sem kann að vera vanhæfur viku sæti eða ekki og stjórn-

armaðurinn sem í hlut á tekur ekki þátt í umræðum um hvort hann skuli víkja af fundi.

Það er tekið fram í Samþykktum Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga að „Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans“.⁷ Undantekning er þó ef um er að ræða fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Jafnframt er tekið fram í sömu grein að ef stjórnarmenn sjóðsins sitja í stjórn félags sem sjóðurinn á verulegan hlut í þá geti sá stjórnarmaður ekki verið stjórnarformaður lífeyrissjóðsins.

Það er eftirtektarvert að sjóðfélagar eiga engan beinan aðgang að því hverjir sitja í stjórn sjóðsins. Það eru stjórnir BSRB og BHM sem kjósa fulltrúa sína og félagar í þessum samböndum geta ekki haft áhrif á þá kosningu nema þeir sitji í stjórn þeirra. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga kys sína þrjú fulltrúa og ber að hafa samráð við stjórnir þeirra bæjarfélaga sem aðild eiga að sjóðnum. Ársfundur sjóðsins getur engin áhrif haft á stjórn af því að hann hefur ekkert að segja um hverjir sitja í stjórn. Þó segir í Samþykktum sjóðsins: „Allir sjóðfélagar svo og fulltrúar sveitarfélaga og stéttarfélaga eiga rétt til fundarsetu á ársfundi með málfrelsi og tillögurétti. Hver fundarmaður fer með eitt atkvæði. Stjórn sjóðsins er skylt að taka til umfjöllunar þær tillögur sem hljóta meirihluta atkvæða. Um breytingar á samþykktum sjóðsins fer skv. 54. grein.“⁸ Í 54. grein segir: „Samþykktum þessum verður ekki breytt nema með samkomulagi stofnaðila sjóðsins, þ.e. BSRB, Bandalags háskólamanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga.“ Sjóðfélagar geta sem sagt samþykkt hvaða tillögur sem er á ársfundinum og stjórn sjóðsins er skylt að ræða þær, „taka þær til umfjöllunar“, en henni er ekki skylt að fara eftir þeim. Ársfundurinn getur ekki samþykkt neinar breytingar á samþykktum sjóðsins því það er einungis með samkomulagi allra stofnaðila að slíkt getur gerst. Það er líka sjálfsgagt að benda á að það eru engin tímamörk á því hvenær á að leggja fram tillögur sem koma til atkvæða á ársfundinum og stjórn sjóðsins ber engin skylda til að kynna slíkar tillögur skv. samþykktunum.

1 Samþykktir Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga 4. gr.

2 Sama, 7. gr.

3 Sama, 8. gr.

4 Sama, 13. gr.

5 Sama, 14. gr. Sjá einnig Starfsreglur stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, gr. 10.3.

6 Starfsreglur stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, gr. 10.2.

7 15. gr.

8 18. gr.

Það er tillaga úttektarnefndar að samþykktum sjóðsins verð breytt á þann veg að a.m.k. einn stjórnarmanna verði kosinn á ársfundi og hlutverk ársfundar verði betur skýrt í samþykktum og reglum.

Hér á undan í kaflanum um fjárfestingar sjóðsins kom fram í hvaða stjórnnum fyrirtækja og stofnana stjórnarmenn lífeyrissjóðsins sitja. Allir stjórnarmenn sitja í stjórnnum annarra stofnana eða fyrirtækja. Í nánast öllum tilvikum er um að ræða stjórnir sem útilokað er eða afar ólíklegt að tengist hagsmunum sjóðsins. Þó situr einn stjórnarmanna í stjórnnum tveggja eignarhaldsfélaga.

Í samþykktum og reglum sjóðsins er kveðið á um að allar ákvarðanir framkvæmdastjóra sem eru mikilsháttar eða óvenjulegar skuli bera undir stjórn. Dæmi um þetta er fjárfesting í atvinnurekstri eða fasteignum. Í 36. gr. laga nr. 129/1997 segir: „Lífeyrissjóði er heimilt að ávaxta fé sitt með eftirfarandi hætti“ og síðan eru taldir upp tíu liðir og í engum þeirra er nefnd fjárfesting í atvinnurekstri eða fasteignum. Í 1. mgr. 38. gr. segir raunar: „Lífeyrissjóður má ekki fjárfesta í fasteignum eða lausafé nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi sjóðsins.“ Fjárfesting í atvinnurekstri getur verið óvenjuleg, til dæmis ef hún er í fyrirtæki sem ekki er skráð á markaði en fjárfestingar lífeyrissjóðs í fasteignum virðist einfaldlega óheimil.

Það er eftirtektarvert að hvergi í regluverki sjóðsins er leitast við að skilgreina eða setja viðmiðanir um hvaða ákvarðanir teljast vera meiriháttar eða óvenjulegar. Það kom fram í samtali við Jón G. Kristjánsson, framkvæmdastjóra sjóðsins, að þannig væri lítið á að allar ákvarðanir sem rúmuðust innan fjárfestingarstefnu sjóðsins teldust ekki vera meiriháttar eða óvenjulegar svo framarlega sem fjárfest væri í skráðum bréfum.⁹ Það verður að líta þannig á að sama regla hafi gilt um fjárfestingar þeirra aðila sem hefðu bréf sjóðsins í eignastýringu. Í samþykktri fjárfestingarstefnu eru vikmörk nokkuð rúm. Virðast engin önnur takmörk en fjárfestingarstefnan hafa verið á því um hve mikla fjármuni ákvarðanir voru teknar. Ákvæðið um að stjórnin taki ákvarðanir um mál sem eru óvenjuleg eða mikilsháttar virðist því hafa verið merkingarlítið.

Það er tillaga úttektarnefndarinnar að um þetta verði settar reglur þar sem fram komi viðmiðanir um hvað teljist vera ákvarðanir um meiriháttar og óvenjulega hagsmuni Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.

26.2.2 Samskipta- og siðareglur

Árið 2010 samþykkti sjóðurinn Samskipta- og siðareglur.¹⁰ Tilgangurinn er að styrkja fagmennsku stjórnar og starfsmanna. Í reglunum er kveðið á um góða starfshætti, að allar ákvarðanir og undirbúningur þeirra sé eins vandaður og frekast er unnt, hagsmunir sjóðfélaga séu hafðir að leiðarljósi, samskipta og verkferlar endurspegli samskipta- og siðareglur LSS og starfsmenn viðhaldi starfshæfni sinni.

Annar hluti ber heitið „Siðareglur“. Þar er lýst þeirri afstöðu að stjórn og starfsfólk mismuni ekki, skilji skýrt á milli eiginhagsmuna og hagsmuna sjóðsins, þiggi ekki gjafir vegna starfa sinna fyrir sjóðinn, LSS standi straum af kostnaði af því að sækja kynningar- og fræðslufundi um fjárfestingar, stjórn og starfsmönnum sé óheimilt að þiggja boðsferðir sem ekki tengjast hagsmunum og starfsemi sjóðsins, það gæti þagmælsku og trúnaðar.

Þriðji og síðasti hlutinn heitir samskiptareglur. Í þeim er sagt að sjóðurinn komi fram við alla af virðingu og veiti sjóðsfélögum allar þær upplýsingar sem þeir eiga rétt á, stjórn og starfsmenn gæti þess að upplýsingar séu réttar. Sama eigi við í samskiptum framkvæmdastjóra og stjórnarformanns við fjölmiðla og við sjóðfélaga, atvinnurekendur, eftirlitsaðila og aðila á fjármálamarkaði.

Í reglunum kemur fram að það sé hlutverk stjórnar og framkvæmdastjóra að leysa úr álitamálum sem upp kunna að koma. Þetta hlýtur að merkja að stjórn og framkvæmdastjóri hafi kennivald til að túlka reglurnar. En það er ekki kveðið á um hver skeri úr um hvort reglurnar hafi verið brotnar en þó er sagt að brot geti varðað áminningu eða uppsögn.

Það er óheppilegt að stjórn og framkvæmdastjóri eigi að túlka reglurnar í ljósi þess að þær ná yfir þá og málin geta stundum snúist um ákvarðanir eða hegðun þeirra. Það væri heppilegra að úrskurðarnefnd stæði utan sjóðsins og til hennar mætti leita með álitamál um túlkun og hugsanleg brot.

9 Viðtal við Jón G. Kristjánsson, framkvæmdastjóra LSS og fleiri sveitarfélugasjóða, 3.10. 2011.

10 Samskipta- og siðareglur Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Samþykktar september 2010.

26.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS) 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

26.3.1 Inngangur

Að framan hefur verið farið yfir gögn um fjárfestingarstefnu Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga á úttektarárunum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin jafnframt orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Lífeyrissjóður þessi var stofnaður 28. júlí 1998 með samningi milli BHM og BSRB annars vegar og Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd fjölmargra sveitarfélaga hins vegar. Sjóðurinn fékk starfsleyfi í desember 1998.

Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga er skipt í þrjár deildir. A-deild er nokkurn veginn spegilmynd af A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins en V-deild er aldurstengd með föstu iðgjaldi en þá eru iðgjöldin skilgreind og taka réttindi sjóðfélaga mið af ávöxtun og stöðu sjóðanna hverju sinni, líkt og gildir um hefðbundna vinnumarkaðssjóði og frjálsa lífeyrissjóði. Skiptingin milli A-deildar og V-deildar er nokkurn veginn sú að 90% sjóðfélaga eru í A-deild en 10% í V-deild, fyrst og fremst yngri sjóðfélagar. Þriðja deildin er S-deild, sem er séreignardeild. Innan Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga er hins vegar engin deild sem samsvarar B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Aftur á móti eru til sérstakir sjóðir eldri starfsmanna sveitarfélaga sem samsvara B-deildinni og eru á sama hátt í raun gegnumstreymissjóðir með bakábyrgð viðkomandi sveitarfélags, þótt innan þeirra hafi jafnframt átt sér stað nokkur sjóðsmyndun. Flestir þeirra voru stofnaðir í kringum 1969/1970 en sumir þeirra eru þó eldri. Þeir eru nú lokaðir nýjum sjóðfélögum.

Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga árin fyrir fall bankanna ber nokkurt vitni þeim aðstæðum sem sagt er frá í upphafi 5. kafla almenna hluta álitserðar þessarar. Heildarskuldbindingar A-deildar voru neikvæðar um 7-10% öll árin sem eru til skoðunar og óx munurinn er leið á tímabilið. Heildarskuldbindingar V-deildar voru jákvæðar árið 2005 en þróuðust þannig að þær voru orðnar neikvæðar um 3,6-3,5% árin 2008 og 2009 (Sjá LSS töflur 4 og 5 hér að framan). Samkvæmt frásögn framkvæmdastjóra var fyrirséð fyrir bankahrun að

hækka yrði mótframlag launagreiðanda til A-deildar sjóðsins. Ástæðan var ávöxtun sjóðsins að hluta en ekki síður lífaldur sjóðfélaga. Árið 2009 var mótframlag launagreiðenda hækkað úr 11,5% í 12,0% og umræða er um að hækka það enn frekar. Þá er útlit fyrir að skerða verði réttindi sjóðfélaga í V-deild. Sú aðgerð mun þó eingöngu tilkomin vegna hækkandi lífaldurs.¹¹ Ólík meðferð deildanna stafar af mismunandi uppbyggingu þeirra (Sjá jafnframt varðandi A-deild LSS, umfjöllun um A-deild LSR).

26.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra hafa á grundvelli úttektar á áðurgreindum gögnum um Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga rætt við Jón G. Kristjánsson, framkvæmdastjóra sjóðsins. Jón er jafnframt framkvæmdastjóri fimm sjóða einstakra sveitarfélaga sem reknir eru af Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga og ekki eru lengur opnir nýjum sjóðfélögum. Þá hefur einnig verið rætt við Marínó Örn Tryggvason, forstöðumann eignarstýringar fagfjárfesta hjá Arion banka, Kristjönu Sigurðardóttur fjárfestingarstjóra, Helgu Indriðadóttur og Halldóru Skúladóttur, sjóðstjóra hjá lífeyrissjóðadeild eignarstýringar Glitnis banka, og loks Friðrik Nikulásson, fyrrverandi deildarstjóra eignarstýringar safna hjá Landsbanka Íslands, en þetta fólk kom að eignastýringu fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga. Þá hefur verið rætt við Björn Snæ Guðbrandsson, forstöðumann eignarstýringar Íslenskra verðbréfa, en LSS á 15% hlut í félaginu.

Stjórn sjóðsins hefur sett sér starfsreglur og jafnframt eru í gildi reglur um störf framkvæmdastjóra. Umræddar reglur munu vera í endurskoðun eftir ábendingu frá innri endurskoðanda og jafnframt mun unnið að því að endurskoða verkferla innan sjóðsins, þar á meðal um fjárfestingar sjóðsins. Sjóðurinn hefur í þessu skyni ráðið sér nýjan starfsmann sem á að hafa umsjón með áhættustýringu sjóðsins. Ætlunin mun vera að setja á fót sérstakt fjárfestingu-

¹¹ Sbr. viðtal úttektarnefndar við Jón G. Kristjánsson, framkvæmdastjóra LSS, dags. 3.10.11.

arráð, sem í eigi sæti þeir starfsmenn sjóðsins, sem koma að fjárfestingum. Áður hafa eingöngu verið fyrir hendi ófullkomnir verkferlar um fjárfestingar sjóðsins. Fyrir bankahrún kom framkvæmdastjóri einn að fjárfestingum innanhúss en bróðurpartinum af fjárfestingum sjóðsins var útviðað til stýringaraðila. Sameiginlegur skilningur stjórnar og framkvæmdastjóra mun hafa verið sá að innan fjárfestingarstefnu í skráðum bréfum gæti framkvæmdastjóri tekið allar ákvarðanir óstuddur. Óskráðar fjárfestingar og sérhæfðar fjárfestingar voru aftur á móti bornar undir stjórn áður en fjárfesting var ákveðin. Það voru aðallega sjóðfélagalán sem voru í stýringu innan sjóðsins sjálfs.¹²

26.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

Að framan er því lýst hvernig eignastýringu Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga var háttað í stórum dráttum á úttektartímanum. Fjárfestingarstefna sjóðsins virðist hafa verið ákveðin með nokkuð rúmum vikmörkum og hámark sem sjóðurinn má eiga í einstökum flokkum verðbréfa tekið mið af ákvæðum 36. gr. lífeyrissjóðalaganna um fjárfestingar. Þótt vikmörk geti verið nauðsynleg og einhverju miðgildi sé venjulega fylgt geta mjög rúm vikmörk valdið því að erfiðara verður að fylgja lögnum, sérstaklega við útvistun fjárfestinga, og því veruleg hætta á því að löggin verði brotin.

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hafði eignarstýringarsamninga við alls fjóra aðila, svo sem fram kemur í áðurgreindu yfirliti um starfsemi sjóðsins. Íslensk verðbréf voru með tvö skuldabréfasöfn í eignastýringu, þar af annað í virkri stýringu. Auk þessa var félagið með eitt vörslusafn fyrir sjóðinn. Athygli vekur hve vikmörk fjárfestingarstefnu sem félagið starfar eftir fyrir hönd sjóðsins eru rúm. Forstöðumaður eignastýringar ÍV hélt því þó fram að það hafi aldrei komið að sök.¹³

Eignir sjóðsins voru að mestu leyti í stýringu hjá Kaupþingi banka á úttektarárunum samkvæmt rekstrarsamningum við rekstrarfélag bankans, þ. á m. allur séreignarsparnaður. Eignastýring fagfjárfesta

sá um stýringuna. Hjá Kaupþingi fjárfesti sjóðurinn bæði í hlutabréfasjóðum bankans og í bankanum beint. Eignastýring bankans hafði jafnframt heimild til að kaupa í einstökum félögum. Framkvæmdastjóri sjóðsins sagði í sambandi við slíkar fjárfestingar að hugmyndin hefði verið sú að eiga skuldabréf út líftím-ann en að virka stýringin hefði hins vegar átt að vera innan hlutabréfasjóða bankans.¹⁴ Hann var spurður að því hvort hann hefði orðið þess áskynja þegar tók að líða á árið 2007 og á árinu 2008 að bankinn hefði minnkað stöður í innlendum hlutabréfum. Hann kvaðst ekki muna eftir því.¹⁵ Hann kvaðst hins vegar hafa ákveðið að minnka stöður í stökum hlutabréfum í bönkunum vegna flökts á gengi þeirra, en þau voru færð á markaðsvirði, og kaupa í staðinn skuldabréf á bankana þar sem þau voru færð á kaupkröfu. Hann var jafnframt spurður um stöðug kaup í einstökum fyrirtækjum svo sem Straumi Burðarás og Bakkavör alveg fram að hrúni. Sagði hann að það hefði verið að frumkvæði stýringaraðila. Þeir hafi talið þetta vera góð fjárfestingartækifæri en stöðugt innstreymi fjár var í lífeyrissjóðinn. Eftir á að hyggja verði að segja að bæði starfsmenn og stjórnarmenn hafi verið fullir trúnaðartrausts. Greiningar og skýrslur greiningaraðila hafi ekki gefið til kynna að nokkuð væri að. Það hafi verið fyrst um mitt ár 2008 að forsvarsmenn sjóðsins hafi byrjað að verða órólegir vegna þróunar á mörkuðum. Þá hafi hins vegar enginn markaður verið fyrir innlend hlutabréf.¹⁶ Þessi sjóður hafði hins vegar ekki fjárfest mikið í hlutabréfum.

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga var einnig með samning við Íslandsbanka/Glitni um vörslu eigna (fjárvörslusamning). Þar var eingöngu fjárfest í hlutdeildarskírteinum skuldabréfa- og hlutabréfasjóða rekstrarfélags bankans fyrir hönd lífeyrissjóðsins. Af svörum framkvæmdastjórans við spurningum úttektarnefndarinnar að dæma urðu fyrirvarsmenn lífeyrissjóðsins ekki varir við breytingar á eignasöfn-um þessara sjóða er nær dró hrúni.¹⁷

Þá fjárfesti lífeyrissjóðurinn ennfremur í peninga- markaðssjóðum Landsvaka en þó ekki á grundvelli

12 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Jón G. Kristjánsson, dags. 3.10.11.

13 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Björn Snæ Guðbrandsson, forstöðumann eignastýringar ÍV, dags. 27.9.11.

14 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Jón G. Kristjánsson.

15 Sjá umfjöllun um sjóði Kaupþings í skýrslu RNA, 4. bindi, bls. 135 o.áfr.

16 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Jón G. Kristjánsson.

17 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Jón Kristjánsson. Um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði Glitnis sjóða vísast til umfjöllunar um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði bankanna í 4. bindi skýrslu RNA, bls. 135 o.áfr.

eignastýringarsamnings. Hlutfallslega varð tap sjóðsins mest hjá Landsbankanum.¹⁸

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hafði samninga um gjaldmiðlastýringu við bæði Landsbankann og Kaupþing. Sjóðurinn ákvað upphaflega að kaupa varnir á erlendar eignir sjóðsins í kringum 2004/2005 og þá af fleiri aðilum en á úttektartím- anum voru þessir samningar í gildi. Sá munur var á þessari stýringu bankanna að meðan stýringarað- ilar hjá Kaupþingi drógu úr vörnum þegar nær dró hrúni, héldu Landsbankamenn vörnunum við. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins sagði að stýringar- aðilar bankanna hefðu alltaf hringt þegar tap varð á vörnunum en yfirleitt hefðu samtölin endað á því að framkvæmdastjóri LSS spurði að því hvað þeir ráð- legðu og fór hann eftir þeim ráðleggingum.¹⁹

Úttektarnefndinni þykir einsýnt að innan Lífeyr- issjóðs starfsmanna sveitarfélaga hafi á úttektartím- anum ekki verið mikið afl til að fara gagnrýnið yfir fjárfestingar stýringardeilda bankanna. Áhættugreini- ng hafi verið takmörkuð. Til þessa hafi ekki verið mannskapur. Hins vegar hefur að ráðleggingum innri endurskoðunar verið ráðist í gagngerðar endurbætur á áhættugreiningu og fjárfestingarferlum eftir hrún.

26.3.4 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga varð fyrst og fremst á árinu 2008 þótt afleiðingar þess kæmu ekki fram að fullu fyrr en á árunum 2009 og 2010. Tapið varð aðallega í eftirfarandi verð- bréfaflokkum: Skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innlendum hlutabréfum, innlendum hlutabréfasjóðum og innlendum skulda- bréfasjóðum. Vega þar skuldabréf banka og sparissjóða hvað mest, en mikið tap varð einnig á skuldabréfum fyrirtækja og í sjóðum bankanna. Lítið tap mun enn hafa orðið á sjóðfélagalánunum.

Ljóst er af viðtölum nefndarinnar við fram- kvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga að lítil umræða skapaðist innan sjóðsins um stjórn- enda- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi. Þá virð- ist hafa gilt það sama um forsjármenn sjóðsins svo sem um fyrirsvarsmenn annarra lífeyrissjóða að þeir

voru ekki á verði gagnvart hættu sem stafaði af göll- uðum skilmálum í eingreiðslubréfum eignarhalds- félaga. Nánar er um þessi atriði fjallað í almenna hluta skýrslunnar, köflum 5.1.7 og 5.1.5. Hins vegar virðast þeir hafa verið nokkuð á verði gagnvart sveifl- unum á hlutabréfamarkaði og ekki í sama mæli og margir aðrir treyst á stöðugan gróða af fjárfestingum í hlutabréfum. Sjóðurinn tók þátt í útboði á víkjandi skuldabréfi Glitnis í mars 2008 en hins vegar ekki kaupum á lánshæfistengdu skuldabréfi sem Lands- bankanum tókst að selja sumum lífeyrissjóðanna, svo sem nánar er fjallað um í almenna hluta skýrslunnar, kafla 5.1.9. Framkvæmdastjóri sjóðsins heimilaði fyrir sitt leyti eignastýringu Glitnis að fjárfesta í um- ræddu bréfi að andvirði 100 mkr. Hann sagði í sam- tali við úttektarnefnd að hann hefði ekki gert sér fulla grein fyrir skilmálum bréfsins.²⁰

Sem fyrr segir var LSS með gjaldmiðlastýringar- samninga við Kaupþing banka og Landsbankann. Sjóðurinn vinnur nú að því að ganga frá uppgjöri við Landsbankann vegna þessara samninga. Að sögn framkvæmdastjóra á sjóðurinn lítið af skuldabréfum á Landsbankann til að skuldajafna á móti. Hins vegar hefur tekist með samstarfi við aðra lífeyrissjóði að lág- marka tapið. Þá á sjóðurinn skuldabréf á Kaupþing til að skuldajafna á móti tapi af vörnum við bankann, en svo sem áður er sagt var það tap ekki mjög mikið.

Í bókum sjóðsins kemur fram að eftir hrún bank- anna hefur sjóðurinn orðið að afskrifa 503 mkr. af veðskuldabréfum vegna Verðbréfastofunnar hf. Að sögn framkvæmdastjóra setti sjóðurinn fjármuni í verktakafjármögnun hjá stofunni. Um var að ræða skammtímaávöxtun á 1. veðrétti sem gekk vel til að byrja með. Það varð til þess að sjóðurinn innleysti ekki fjármunina, heldur endurfjárfesti þá. Verklagið við þessa fjárfestingu var það að verkfræðistofa hér í bæ tók út framkvæmdirnar og voru þær fjármagn- aðar eftir því sem verkinu miðaði. Framkvæmdastjóri sjóðsins sagði nefndinni að þeir hefðu síðan sofnað á verðinum og ekki áttað sig á því þegar Verðbréfa- stofan var seld, að nýir og aðrir aðilar voru komnir að stjórn stofunnar. Verðbréfastofan hafi þá horfið frá ofangreindu verklagi og tók að lána út á framkvæmd- ir sem ekki voru hafnar. Þessar fjárfestingar höfðu byggst á trausti til fyrri eigenda sem höfðu heldur

18 Um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði Landsvaka vísast til umfjöllunar í 4. bindi skýrslu RNA, bls. 135 o.áfr.

19 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Jón G. Kristjánsson.

20 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Jón G. Kristjánsson, dags. 13.10.2011.

ekki brugðist því. Sjóðurinn kærði síðan málið til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra. Ekkert kom þó út úr því.²¹ Vissulega virðist háttsemi Verðbréfastofunnar jaðra við svik, svo sem sjóðurinn hefur ætlað, þar sem vikið var frá föstu verklagi við fjárfestingarnar. Þótt ríkislögreglustjóri hafi ekki viljað sinna málinu getur verið athugandi fyrir sjóðinn að höfða skaðabótamál á hendur Verðbréfastofunni og þeim sem tóku við stjórninni eftir eigendaskiptin.

Að framan hefur ýmislegt verið tíundað sem miður fór í starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga í aðdraganda hrunsins. Hins vegar er ekki unnt að ætla að stjórnendur sjóðsins frekar en stjórnendur annarra sjóða hafi mátt gera sér grein fyrir því hversu höllum fæti bankarnir stóðu. Það er fyrst eftir fall þeirra að koma í ljós hvernig yfirstjórn þeirra var háttáð og eignarhaldi þeirra oft á tíðum misbeitt síðustu árin fyrir hrun. Æðstu stjórnendur bankanna virðast jafnvel einir hafa haft heildarsýn yfir stöðuna samkvæmt viðtölum nefndarinnar við starfsmenn eignastýringardeilda þeirra. Stjórnendum Seðlabankans, Fjármálaeftirlitsins og greiningardeilda bankanna er einnig legið á hálsi af stjórnendum lífeyrissjóðanna fyrir að hafa ekki lesið stöðuna rétt eða hafa verið blekkir af yfirstjórn bankanna. Stjórnmalamenn og ímyndarsérfræðingar hafi svo verið notaðir til að fegra myndina, sbr. skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis.²²

21 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Jón G. Kristjánsson.

22 Sjá m.a. skýrslu RNA, 1. bindi. kafla 5: Stefna stjórnvalda um stærð og starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja, bls. 209 o.áfr.

27. Kafli

27.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar	161
27.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjabæjar .	161
27.1.2 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjabæjar 2008 til 2010	163
27.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjabæjar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	163

27.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar

27.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjabæjar

Upphaf

Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar var stofnaður með samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja og reglugerð staðfestri af fjármálaráðuneytinu 13. febrúar 1958 og hét þá Eftirlaunasjóður Vestmannaeyjakaupstaðar. Sjóðurinn er lokaður og ekki hefur verið tekið við nýjum sjóðfélögum frá ársbyrjun 1995. Vestmannaeyjabær ábyrgist skuldbindingar sjóðsins. Núverandi sjóðfélagar eru starfsmenn Vestmannaeyjabæjar eða stofnana hans, nema lög eða kjarasamningar kveði svo á að viðkomandi starfsmaður eigi aðild að öðrum lífeyrissjóði.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum. Einn er kosinn af sjóðfélögum, annar kosinn af bæjarstjórn og sá þriðji er bæjarstjóri og er hann formaður stjórnar. Allir sjóðfélagar og fulltrúar launagreiðenda eiga rétt til að sitja ársfundi með umræðu- og tillögu-rétti. Atkvæði eru ekki greidd á ársfundi en tillögum er vísað til stjórnar sjóðsins.

Vestmannaeyjabær tafla 1

Stjórn Lsj.stm. Vestmannaeyjabæjar í árslok

Nafn:	Tiln.	2009	2008	2007	2006
Elliði Vignisson	Bæjarstj.	Form.	Form.	Form.	Form.
Ólafur Elísson	Bæjarstj.	X	X	X	
Unnur Sigmarsdóttir	Starfsm. fél.	X	X	X	
Rut Haraldsdóttir					X
Sigurður Þ. Jónsson.					X

Litlar breytingar hafa orðið á stjórn Lsj.stm. Vestmannaeyjabæjar á tímabilinu. Elliði Vignisson bæjarstjóri hefur verið stjórnarformaður öll árin. Eina breytingin er að árið 2008 komu Ólafur Elísson og Unnur Sigmarsdóttir inn fyrir Rut Haraldsdóttur og Sigurð Þ. Jónsson.

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins er Sigurbergur Ármannsson og hefur sinnt því starfi frá árinu 2008, áður var Páll Einarsson framkvæmdastjóri. Öll um-

sýsla sjóðsins er í höndum starfsmanna skrifstofu Vestmannaeyjabæjar.

Endurskoðun:

Jón Gestur Jónasson, endurskoðandi

Tryggingafræðileg athugun:

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur

Innri endurskoðun:

Sif Einarsdóttir, löggiltur endurskoðandi, Deloitte hf.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009

Engar upplýsingar eru fyrirleggjandi um stjórnarsetu stjórnar- og starfsmanna sjóðsins, enda var ekki óskað eftir þeim.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjabæjar er að finna í 2. grein samþykktu sjóðsins.

2. Hlutverk sjóðsins.

2.1 Hlutverk sjóðsins er að sjá sjóðfélögum, eftirlátnum mökum þeirra og börnum fyrir lífeyri samkvæmt þeim reglum, er greinir í samþykktum þessum.

Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjabæjar

Eina starfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingarsjóðs. Bæði starfsemi og verðbréfaeign eru í það litlum mæli að ekki var óskað eftir fjárfestingarstefnu né upplýsingum um eignastýringu sjóðsins.

Árið 2009 setti sjóðurinn starfsreglur fyrir stjórn og framkvæmdastjóra.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur - samtryggingarsjóður

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 103 mkr. Lífeyrisþegum hefur ekki fjölgað mikið milli ára en í árslok 2009 voru þeir 169 talsins, samanborið við 158 í árslok 2005. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni.

Vestmannaeyjabær tafla 2

Lífeyrisgreiðslur í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	65	54	45	42	40
Örorkulífeyrir	9	9	10	9	9
Makalífeyrir	28	32	24	21	20
Barnalífeyrir	1	1	1	1	1
Samtals, verðlag hvers árs	103	96	80	73	70
Samtals, verðlag 2009	103	103	102	98	101

Heimild: Ársreikningar Lsj. stm. Vestmannaeyjabæjar.

Tryggingafræðileg staða - samtryggingardeild

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Vestmannaeyjabær tafla 3

Heildarskuldbinding í mkr.	2009	2008	2007	2006
Eignir	229	194	194	192
Skuldbindingar	3.874	3.666	3.210	2.896
Samtals	-3.645	-3.472	-3.016	-2.704
% af skuldbindingum	-94,1%	-94,7%	-94,0%	-93,4%

Heimild: Ársreikningar Lsj. stm. Vestmannaeyjabæjar.

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar eru neikvæðar þessi fjögur ár um 94% allt tímabilið. Engar breytingar hafa verið gerðar á lífeyrisréttindum sjóðfélaga þar sem bæjarsjóður Vestmannaeyjabæjar ábyrgist lífeyrisgreiðslurnar.

Verðbréfaeign

Verðbréfaeign lífeyrissjóðsins var einungis tæp 91 mkr. í árslok 2009 og var eignin nánast öll í bankainnstæðum. Árið 2006 átti sjóðurinn verðbréf að upphæð 900 þús. kr. Verðbréfaeignin dróst nokkuð saman árin 2007 og 2008 og var einungis 331 þús. kr. í árslok 2008. Vegna þess hversu lítil verðbréfaeign sjóðsins var, gefur það ekki tilefni til mikillar umfjöllunar.

Vestmannaeyjabær tafla 4

Verðbréfaeign í þús. kr.	2009	2008	2007	2006
Bankainnstæður/sjóður og veltiinnlán	92.631	80.137	69.803	61.880
Veðlán	2		714	1.269
Gjaldfallnar næsta árs afborganir	124			
Eignarhlutir í félögum		331	663	900
Verðbréf með föstum tekjum				475
Samtals	92.757	80.468	71.180	64.524

Heimild: Ársreikningar Lsj. stm. Vestmannaeyjabæjar.

Raunávöxtun sjóðsins

Árið 2009 var raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum 0,0%. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var neikvæð um -3,9%. Raunávöxtun 2007 var 4,3%. Hins vegar var raunávöxtun ársins 2006 mjög góð eða 18,2% en síðan var raunávöxtun ársins 2005 neikvæð um 105,4%.

Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu fimm árin var neikvæð um 158,2%.

Vestmannaeyjabær tafla 5

Raunávöxtun	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	0,0%	-3,9%	4,3%	18,2%	-105,4%
Fimm ára meðalávöxtun	-158,2%	-158,2%	-159,1%	-158,8%	-156,6%

Heimild: Ársreikningur Lsj.stm. Vestmannaeyjabæjar 2009.

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005-2009 í mkr.

Á árinu 2009 greiddu 46 sjóðfélagar til samtryggingarsjóðs hjá þremur launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins. Iðgjaldagreiðslur 2009 námu 16 mkr.

Frá 2005 til 2009 hækkar hrein eign til greiðslu lífeyris á föstu verðlagi 2009 úr 81 mkr. í 93 mkr. sem jafngildir 3,5% meðalhækkun milli ára.

Vestmannaeyjarbær tafla 6

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	16	15	16	13	13
Innborgun launagreiðanda inn á skuldbindingu	41	45	31	29	104
Sérstök aukaframlög	54	45	36	36	34
Samtals iðgjöld	111	105	83	78	151
Lífeyrir	-103	-96	-79	-72	-70
Fjárfestingartekjur	9	9	7	6	3
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-4	-5	-2	-2	-11
Rekstrarkostnaður	-2	-4	-2	-1	-1
Rekstrargjöld	-6	-9	-4	-2	-12
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	12	10	7	9	72
Hrein eign frá fyrra ári	81	71	65	56	-16
Hrein eign í árstlok til greiðslu lífeyris	93	81	72	65	56
Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009					
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	12	11	8	12	104
Hrein eign frá fyrra ári	81	76	83	75	-23
Hrein eign til greiðslu lífeyris	93	87	91	87	81

Heimild: Ársreikningar Lsj. stm. Vestmannaeyjabæjar.

27.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjabæjar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

Að framan hefur verið farið yfir gögn um starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjabæjar á úttektarárunum, sem um var getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Lífeyrissjóðurinn var stofnaður 13. febrúar 1958 og nýtur bakabyrgðar sveitarfélagsins. Í aðdraganda setningar lífeyrissjóðalaganna og stofnunar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélagsins (LSS) var sjóðnum lokað fyrir nýjum félögum. Hann hefur frá þeim tíma eingöngu tekið við iðgjöldum frá þeim sjóðfélögum sem voru starfandi og greiddu iðgjöld við gildistöku laganna. Þótt sjóðsmyndun sé nokkur í lífeyrissjóðnum má að öðru leyti líta á hann sem gegnumstreymissjóð. Gildir um hann að því leyti það sama og um sambærilega sjóði annarra sveitarfélaga sem lokað var fyrir nýjum sjóðfélögum í kjölfar lagasetningarinnar og stofnunar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga svo og um B-deild LSR. Má vísa til LSR um þetta fyrirkomulag að öðru leyti. Sjóðurinn er þannig undanþeginn lagaákvæðum svo sem um fjölda sjóðfélaga, ábyrgð á skuldbindingum og afleiðingar tryggingafræðilegrar úttektar. Sveitarfélagið er þannig ábyrgt fyrir þeim

27.1.2 Tap Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjabæjar 2008 til 2010

Eignarhlutur lífeyrissjóðsins í verðbréfum með breytilegum tekjum var 900 þús. kr. í ársbyrjun 2007. Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini eða önnur sem eru háð afkomu útgefanda. Á árinu 2007 voru 238 þús. kr. afskrifaðar af þessum bréfum. 2008 voru 331 þús. kr. afskrifaðar til viðbótar, samtals 569 þús.kr.

skuldbindingum sem sjóðurinn á ekki fyrir. Bæjarfélagið hefur enda tvo af stjórnarmönnum en sjóðfélagar einn. Öll umsýsla sjóðsins er í höndum starfsmanna á skrifstofu Vestmannaeyjakaupstaðar.

Heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar hafa verið neikvæðar allt úttektartímabilið. Bæði starfsemi og verðbréfaeign eru það lítil að ekki var óskað eftir fjárfestingarstefnu né upplýsingum um eignastýringu sjóðsins. Það eru því ekki efni til að fjalla frekar um fjárfestingar sjóðsins.

28. Kafli

28.1 Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	167
28.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands	167
28.1.2 Tap Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands 2008 - 2009 . . .	171
Tannlæknar tafla 11	172
28.2 Stjórn og starfshættir	173
28.2.1 Stjórn og starfsmenn	173
28.2.2 Samskipta- og siðareglur	174
28.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands 2006-2009.	
Athugasemdir úttektarnefndar	175
28.3.1 Inngangur	175
28.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins.	175
28.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands .	176

28.1 Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands

28.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

Upphaf

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands og var stofnaður í nóvember árið 1999. Aðilar að sjóðnum eru starfandi tannlæknar og makar þeirra.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð fimm mönnum sem kosnir eru á aðalfundi sjóðsins og er kjörtímabil þeirra þrjú ár í senn. Stjórnin kys sér formann og skiptir með sér verkum. Rétt til setu á aðalfundi eiga stjórnarmenn sjóðsins, fulltrúar þeirra aðila sem sjóðurinn hefur gert samstarfssamning við, auk sjóðfélaga og rétthafa. Atkvæðisréttur sjóðfélaga fer eftir inneign þeirra og réttindum miðað við næstliðin áramót. Rétthafar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands árin 2006-2009.

Tannlæknar tafla 1

Stjórn Lífeyrissjóðs Tannl.fél. Ísl. í árslok

Nafn:	2009	2008	2007	2006
Björn Ragnarsson	Form.	Form.	Form.	Form.
Sigurgísli Ingimarsson	X	X	X	X
Þórólfur Ólafsson	X	X	X	X
Jón Björn Sigtryggsson	X	X	X	X
Teitur Jónsson	X	X	X	X

Engar breytingar hafa orðið á skipan stjórnar sjóðsins undanfarin fjögur ár.

Þann 17. mars 2009 var sjóðnum skipaður umsjónaraðili af fjármálaráðuneytinu vegna rannsóknar Sérstaks saksóknara á meintum brotum sjóðsins á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóra sjóðsins var vikið frá störfum á meðan umsjónaraðili starfaði. Sjóðnum var skilað aftur til stjórnar og framkvæmdastjóra þann 1. júlí 2009 án athugasemda. Engin niðurstaða hefur fengist í rannsókn Sérstaks saksóknara, engar kærur hafa verið birtar og enginn stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri hefur stöðu grunaðs í málinu.

Heimild: Ársreikningur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands 2009.

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands er með rekstrarsamning við Landsbanka Íslands hf. Samningur þessi tók gildi þann 18. nóvember 2004 og féll þá úr gildi rekstrarsamningur sjóðsins við Landsbréf hf.

Hafa þarf í huga að þeir sem starfa við lífeyrissjóðinn eru í raun starfsmenn Landsbanka Íslands hf. og er það í samræmi við rekstrarsamning milli sjóðsins og bankans. Starfsmennirnir eru ráðnir til bankans og greiðir bankinn þeim jafnframt laun. Bankinn felur hins vegar hverjum starfsmanni tiltekid starf fyrir sjóðinn og er viðkomandi þá með starfshætti hjá sjóðnum í samræmi við starfslýsingu sína. Davíð Harðarson var framkvæmdastjóri sjóðsins frá árinu 2006 til 12. mars 2009 er hann lét af störfum hjá sjóðnum. Jafnhliða starfi framkvæmdastjóra var Davíð einnig sjóðstjóri sjóðsins. Halldór Kristinsson tók við starfi framkvæmdastjóra þegar Davíð lét af störfum.

Heimild: Tölvupóstur frá Halldóri Kristinssyni, framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs tannlækna, dags. 10. nóv. 2011.

Endurskoðun:

Ólafur Gestsson, endurskoðandi, PricewaterhouseCoopers hf.

Tryggingafræðileg athugun:

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur.

Innri endurskoðun:

Innri endurskoðun Landsbanka Íslands hf.

Regluvörður:

Ekki hefur verið skipaður regluvörður hjá sjóðnum.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009.

Sjóðurinn gerir ekki þá kröfu til stjórnarmanna sinna að þeir veiti upplýsingar um stjórnarsetu sína í fyrirtækjum ef þeir hafa ekki setið þar sem fulltrúar sjóðsins.

Heimild: Tölvupóstur frá Halldóri Kristinssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins, dags. 21. okt. 2011.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands er að finna í 2. grein samþykktu sjóðsins.

2. Hlutverk sjóðsins.
 - 2.1 Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykka þessara.
 - 2.2 Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

Starfsemi Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

Sjóðurinn starfrækir tvær fjárhagslega aðskildar deildir, sameignardeild og séreignardeild. Fjallað verður sameiginlega um báðar deildirnar en eignir sameignardeildar eru einungis um 15% af heildareignum sjóðsins.

Skipulag og starfsreglur stjórnar

Engar starfsreglur voru til fyrir stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands.

Heimild: Tölvupóstur frá Halldóri Kristinssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins, dags. 14.11.2011.

Starfsreglur og heimildir framkvæmdastjóra

Fram kemur í skýrslu innri endurskoðunar fyrir árið 2009 að „ekki eru til staðar fullnægjandi starfslýsingar og verkferlar fyrir alla starfsemi Landsbankans sem tengist Lífeyrissjóði tannlækna“.

Heimild: Skýrsla Innri endurskoðanda, apríl 2009, bls. 2

Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðs, stjórnar hans og starfsmanna

Á árinu 2009 samþykkti stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands verklagsreglur um verðbréfavíðskipti. Reglur þessar eru settar samkvæmt 5. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997.

7. grein reglnanna um tilkynningarskyldu stjórnarmanna hljóðar þannig:

Lífeyrissjóður tannlækna hefur í gildi fjárvörslusamning við Eignastýringarsvið Landsbankans og gilda verklagsreglur um verðbréfavíðskipti bankans fyrir þá starfsmenn og framkvæmdastjóra sem koma að stýringu fjárvörslusafnsins, auk þessara reglna.

Stjórn sjóðsins og aðrir þeir er sitja stjórnarfundum eru undanþegnir ákvæðum reglnanna um tilkynningarskyldu, en ákvarðanir um einstök verðbréfavíðskipti eru að öllu jöfnu teknar af starfsmönnum rekstraraðila sjóðsins, sjóðstjórum og almennt ekki ræddar á stjórnarfundum.

Komi til þess að ákvarðanir um einstök verðbréfavíðskipti séu teknar eða ræddar á stjórnarfundum, skulu þeir aðilar sem sitja stjórnarfundum fylgja 8. gr. reglna þessara og tilkynna um öll víðskipti samdægurs með þau verðbréf sem ákvörðun var tekin um í 8 vikur frá þeim tíma sem ákvörðun var tekin.

Þótt ofangreindar reglur hefðu verið staðfestar af Fjármálaeftirlitinu gerði innri endurskoðun lífeyrissjóðsins athugasemdir við fyrrnefnda undanþágu stjórnarmanna í skýrslu sinni fyrir árið 2009. Röksemdir innri endurskoðunar voru þær að

„gera beri ríkar kröfur til stjórna félaga eins og lífeyrissjóða sem þjóna almannahagsmunum. Því megi telja edlilegt að gera kröfu til stjórnar um að upplýsa um verðbréfaeign sína og öll eigin víðskipti meðan á stjórnarsetu stendur án nokkurrar undanþágu. Slik upplýsingaskylda eykur á trúverðugleika stjórnar og gagnsæi í störfum“.

Heimild: Skýrsla innri endurskoðunar fyrir 2008, dags. 2009.

Fjárfestingarstefna

Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu og ber að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórn lífeyrissjóðsins skal ávaxta fé sjóðsins skv. 36. gr. laga nr. 129/1997. Stjórn sjóðsins er heimilt samkvæmt samþykktum sjóðsins að móta fjárfestingarstefnu fyrir hvora deild fyrir sig.

Í töflu nr. 2 má sjá fjárfestingarstefnuna fyrir árið 2008 ásamt leyfilegum hámarks og lágmarks fjárfestingarhlutföllum í hverjum verðbréfaflokki fyrir sig. Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnuna í samstarfi við Landsbankann sem er rekstraraðili sjóðsins. Fjárfestingarstefnan gildir fyrir báðar deildir sjóðsins.

Tannlæknar tafla 2

Fjárfestingarstefna Lsj. Tannlæknafél. Ísl. fyrir árið 2008

	Stefna	Lágmark	Hámark
Innlend skuldabréf	42%	20%	100%
Ábyrgð ríkisins	8%	0%	100%
Fjármálastofnanir	14%	0%	50%
Sveitarfélög	3%	0%	50%
Önnur verðbréf	18%	0%	50%
Innlend hlutabréf	15%	0%	30%
Erlend verðbréf	33%	0%	50%
Hlutabréf	28%	0%	40%
Skuldabréf	5%	0%	15%
Framsæknar fjárfestingar	10%	0%	12%

Eignastýring

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands er með rekstrarsamning við Landsbanka Íslands hf. sem sér alfarið um fjárvörslu, eignastýringu og rekstur sjóðsins. Samningur þessi tók gildi 18. nóvember 2004 og féll þá úr gildi rekstrarsamningur sjóðsins við Landsbréf hf.

Fyrsta grein rekstrarsamningsins fjallar um verkfni, skyldur aðila og umbodð, þar segir:

„Hlutverk LÍ felur í aðalatriðum í sér umsjón með eignum sjóðsins og lífeyrisréttindum sjóðfélaga ásamt því að sjá um allt reikningshald og skila uppgjöri í hendur endurskoðanda, eins og nánar er lýst í samningi þessum. LÍ skal einnig sjá um samskipti við sjóðfélaga og þjónustu við stjórn sjóðsins. Hlutverk stjórnar sjóðsins skal vera almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins í samræmi við ákvæði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og í samræmi við samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar. Samningurinn tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur LÍ aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn sjóðsins.“

Eins og fram kemur hér að ofan, þar sem m.a. er fjallað um skyldur aðila, á stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands að setja sér starfsreglur. Starfsreglur stjórnar sjóðsins sem bárust Úttektarnefndinni voru hins vegar gefnar út í október 2011. Þegar framkvæmdastjóri sjóðsins var spurður að því hvort ekki væru til eldri starfsreglur eins og samningur kvæði á um, sagði hann svo ekki vera.

Heimild: Tölvupóstur frá Halldóri Kristinssyni, framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands, dags. 14. nóv. 2011.

Einnig kemur fram í samningunum að LÍ á að annast umsjón og ávöxtun fjármuna sjóðsins með virkri eignastýringu. Fjárfestingar og ávöxtun eigna skal þó alltaf vera í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins sem er í gildi hverju sinni. Fjárfestingarstefnan skal mótuð af stjórn sjóðsins í samráði við LÍ. Hvað varðar sjóðfélagalán þá tekur stjórn sjóðsins ákvörðun um lánveitingar, veðflutninga og aðrar breytingar en LÍ skal sjá um afgreiðslu þeirra mála.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur - samtryggingardeild

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 322 mkr. Lífeyrisþegum hefur fjölgað á síðustu árum. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 89 talsins, samanborið við 36 lífeyrisþega í árslok 2005. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni.

Tannlæknar tafla 3

Lífeyrisgreiðslur í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	287	120	52	36	25
Örorkulífeyrir	2	1	1		1
Makalífeyrir	17	16	2		3
Barnalífeyrir	16	10	5		
Samtals, verðlag hvers árs	322	147	60	36	29
Samtals, verðlag 2009	322	158	76	48	42

Frá árinu 1997 hafa engar breytingar á lífeyrisréttindum átt sér stað hjá samtryggingardeild sjóðsins. Aftur á móti millifærði samtryggingardeildin 79 mkr. árið 2007 inn á frjálsa séreign sjóðfélaga vegna góðrar tryggingafræðilegrar stöðu samtryggingardeildar. Auk þess var dánar- og örorkubótasjóður í eldra sjóðfélagakerfi leystur upp og voru 13 mkr. millifærðar úr sjóðnum inn á frjálsa séreign sjóðfélaga. Samtals voru því 92 mkr. millifærðar yfir á séreignarreikninga sjóðfélaga árið 2007.

Tryggingafræðileg staða - samtryggingardeild

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysliverðs.

Tannlæknar tafla 4

Heildarskuldbinding í mkr. sameignardeild

	2009	2008	2007	2006
Eignir	901	841	861	778
Skuldbindingar	897	842	750	725
Samtals	4	-1	111	53
% af skuldbindingum	0,4%	-0,1%	14,8%	7,3%

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar voru jákvæðar, að undanskildu árinu 2008. Markmið sjóðsins er að halda eignum og skuldbindingum nokkurn veginn jöfnum í sameignardeild. Árið 2007 voru eignir umfram skuldbindingar 14,8% og voru því fjármunir fluttir yfir í séreignardeild eins og gerð er grein fyrir hér að framan og skýrir það breytinguna milli árána 2007 og 2008.

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Í gegnum árin virðist sem aðaláherslan hafi verið lögð á að fjárfesta í innlendum skuldabréfasjóðum. Árin 2006 og 2007 var hlutfall innlendra skuldabréfasjóða um 55 – 56% af eignasafni sjóðsins. Árið 2009 var hins vegar mest fjárfest í ríkistryggðum skuldabréfum og í árslok voru þau orðin 50,5% af eignasafninu. Einnig voru töluverðir fjármunir lagðir inn á bundnar bankainnstæður. Í árslok 2009 voru innlendir skuldabréfasjóðir komnir niður í 212 mkr. og höfðu þá miklar afskriftir átt sér stað í þeim sjóðum.

Tannlæknar tafla 5

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Innlend hlutabréf			110	90	14
Innlendir hlutabréfasjóðir	26	47	239	395	316
Innlendir skuldabréfasjóðir	212	1.133	1.530	1.392	1.172
Óhefðbundnar fjárfestingar	146	216	216	97	
Erlend verðbréfaeign	171	97	390	375	324
Ríkistryggð skuldabréf	1.209	20		2	3
Skuldabréf lánastofnana			99	89	64
Skuldabréf fyrirtækja	41	21	90	38	16
Skuldabréf sveitarfélaga	57				
Sjóðfélagalán	58	60	61	51	65
Bundnar bankainnstæður	476	633			
Samtals	2.396	2.227	2.735	2.529	1.974

Heimild: Ársskýrslur Lsj. Tannlæknafél. Ísl.

Ávöxtun hlutabréfa var slök en á móti kom að sjóðurinn átti jafnan mjög lítið af hlutabréfum. Ávöxtun á „öðrum verðbréfum“ var neikvæð um 73%. Hins vegar liggur ekki ljóst fyrir hvaða verðbréfasöfn eru talin með öðrum verðbréfum. Ástæða þess er sú, að

samræmi er ekki milli eignasafna skv. töflu nr. 5 og ávöxtunar eignasafna skv. töflu nr. 6. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands þá eru önnur verðbréf í töflu nr. 6 skuldabréf fyrirtækja. Jafnframt kemur fram í svari framkvæmdastjórans að veðlán eru fasteignatryggð skuldabréf, innlendir hlutabréfasjóðir eru hlutabréf og erlendir hlutabréfasjóðir eru gengisbundin verðbréf.

Heimild: Tölvupóstur frá Halldóri Kristinnssyni, framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands dags. 12. des. 2011.

Þess skal getið að allar fjárhæðir í töflu nr. 5 hér að framan eru aðgengilegar í ársreikningum sjóðsins. Hins vegar er hvergi í ársreikningum að finna upplýsingar um ávöxtun einstakra eignasafna eins og þau eru sett fram í ársreikningunum. Þ.a.l. er ekki ljóst hvernig hinn almenni sjóðfélagi á að nálgast upplýsingar um ávöxtun eignasafna hafi hann á því áhuga. Í raun er það grundvallaratriði að samræmi sé í framsetningu eignasafna að því er varðar fjárhæðir og ávöxtun á viðkomandi eignasafni. Ávöxtunin sem sýnd er hér að neðan er samhljóða þeim upplýsingum sem sjóðurinn sendi FME um ávöxtun eignasafna og á eingöngu við um ávöxtun eignasafna sameignardeildar.

Tannlæknar tafla 6

Hrein raunávöxtun eignasafna	2009	2008	2007	2006
Innlán í bönkum og sparissjóðum	6,5%	1%	-	
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	6,1%	6%	4%	8,5%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	3,6%	0%	4%	8,9%
Skuldabréf banka og sparissjóða	9,5%	-53%	14%	12,4%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf		6%	11%	12,0%
Hlutabréf		-83%	2%	18,1%
Hlutir og hlutdeildarskírteini	1,5%			
Önnur verðbréf	1,4%	-73%	13%	5,9%
Gengisbundin verðbréf	19,0%	-1%	3%	31,0%
Samtals	4,7%	-29%	7%	15,6%

Heimild: Skýrslur um ávöxtun eignasafna sendar FME.

Raunávöxtun

Sjóðurinn birtir raunávöxtun séreignardeildar og samtryggingardeildar í sitt hvoru lagi. Árið 2009 var raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum 8,4% í séreignardeild og 4,7% í samtryggingardeild. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var aftur á móti neikvæð í báðum deildum um 28,6% í séreignardeild og 26,7% í samtryggingardeild. Raunávöxtun árána 2006 og 2005 var mjög góð eða milli 7% - 8%.

Tannlæknar tafla 7

	Raunávöxtun - séreignardeild					Raunávöxtun - samtryggingardeild				
	2009	2008	2007	2006	2005	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	8,4%	-28,6%	1,3%	8,0%	7,9%	4,7%	-26,7%	-0,5%	7,9%	7,3%
Fimm ára meðalávöxtun	-1,8%	-1,8%	8,0%	8,2%	6,1%	-2,4%	-1,6%	7,3%	7,5%	5,2%

Meðalraunávöxtun síðustu fimm árin var neikvæð um 1,8% í séreignardeild og 2,4% í samtryggingardeild (Sjá töflu 7).

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Á árinu 2009 greiddu 395 einstaklingar iðgjald til sjóðsins, þar af greiddu 200 til sameignardeildar og 195 greiddu til séreignardeildar. Iðgjaldagreiðslur árið 2009 námu samtals 132 mkr. sem var hækkun um 4,8% frá árinu 2008.

Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign milli ára á verðlagi ársins 2009 kemur í ljós að árið 2007 fór að halla undan fæti hvað varðaði afkomu sjóðsins. Árið 2008 lækkaði hrein eign til greiðslu lífeyris um rúmar 524 mkr. Árið 2009 hækkaði hrein eign sjóðsins hins vegar um 166 mkr. en sú hækkun náði þó ekki að vinna upp vísitölubreytingar milli árána 2008/2009. Við samanburð á árunum 2005 og 2009 var hrein eign í árslok 2009, 20% lægri en hún var í árslok 2005.

Tannlæknar tafla 8

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	132	126	207	105	93
Lífeyrir	-324	-148	-61	-38	-30
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum	0	1	3	1	1
Tekjur/-gjöld af húseignum og lóðum	0	0	0	0	0
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	378	-3	183	343	242
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-10	-457	0	0	1
Fjárfestingartekjur	368	-459	186	344	244
Fjárfestingargjöld	-1	-6	-6	-6	-3
Rekstrarkostnaður	-9	0	0	-1	-9
Rekstrargjöld	-10	-6	-6	-7	-12
Yfirfærsla til séreignardeildar	0	0	-79	0	0
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	166	-487	247	404	295
Hrein eign frá fyrra ári	2.302	2.789	2.542	2.138	1.843
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	2.468	2.302	2.789	2.542	2.138

Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009

	2009	2008	2007	2006	2005
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	166	-524	314	543	424
Hrein eign frá fyrra ári	2.302	2.998	3.228	2.874	2.650
Hrein eign til greiðslu lífeyris	2.468	2.475	3.542	3.418	3.074

1) Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaup- og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarir sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6. Þóknatekjur fjármálafyrirtækja.

28.1.2 Tap Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands 2008 - 2009

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðsins sem ollu mestu af tapi hans. Ekki var talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa jafnri og góðri ávöxtun í gegnum árin. Tap sjóðsins átti sér eingöngu stað á árinu 2008. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða. Tap sjóðsins var að mestu þríþætt og lá í eftirfarandi liðum:

- Innendum hlutabréfum
- Innendum hlutabréfasjóðum
- Innendum skuldabréfasjóðum

Tannlæknar tafla 9

Yfirlit yfir tap Lífeyrissjóðs Tannlæknafél. Ísl. af innendum hlutabréfum, hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum í mkr.

	2009	2008	Samtals
Innlend hlutabréf		37	37
Innlendir hlutabréfasjóðir		102	102
Innlendir skuldabréfasjóðir	-30	488	458
Samtals í mkr.	-30	627	597

Heimild: Gögn frá Lsj. Tannlæknafél. Ísl. dags. 2.8.2011 og 21.10.2011.

Þrjú ofangreindir liðir mynduðu tap á árinu 2008 að fjárhæð 627 mkr. Á árinu 2009 hækkaði gengi innlendra skuldabréfasjóða sem dró að nokkru leyti út tapi sjóðsins. Að teknu tilliti til gengishækkunar var tap sjóðsins því samtals 597 mkr. Lífeyrissjóðurinn var á þessum tíma ekki með neinar beinar fjárfestingar í skuldabréfum banka og sparisjóða. Einnig var lítið um beinar fjárfestingar í skuldabréfum fyrirtækja og engar afskriftir af þeim á árunum 2008 og 2009.

Innlend hlutabréf

Á fjórum árum tapaði Lsj. Tannlæknafél. Ísl. 24 mkr. á innlendra hlutabréfaeign sinni. Tapið átti sér stað á árinu 2008 eða samtals 37 mkr.

Tannlæknar tafla 10

Hagn. / (-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Hlutafjäreign í byrjun tímabils	190	0	110	77	3
Keypt hlutabréf	327	0	46	177	104
Seld hlutabréf	306	0	118	152	36
Hlutafjäreign í lok tímabils	187	0	0	110	77
Hagn / (-tap)	-24	0	-37	7	6

Heimild: Gögn frá Lsj. Tannlæknafél. Ísl. 2.8.2011.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir innlendri hlutabréfaeign Lsj. Tannlæknafélags Íslands tímabilið 1. jan. 2006 til 31. des. 2008. Efri hluti töflunnar sýnir eign sjóðsins í skráðum félögum en neðri hlutinn sýnir eign sjóðsins í óskráðum félögum (Sjá töflu 11).

Lsj. Tannlæknafélags Íslands fór ekki að fjárfesta í skráðum hlutabréfum fyrir en árið 2006. Í lok þess árs var hlutabréfaeign sjóðsins komin í 77 mkr. Um mitt ár 2007 átti sjóðurinn hlutabréf að verðmæti 150 mkr. og fór hlutafjäreign sjóðsins ekki hærra en það. Um áramótin 2007/2008 átti sjóðurinn hlutabréf að verðmæti 108 mkr. en þá hafði hlutabréfa-vísitalan lækkað um 29,9% frá miðju ári 2007 og stóð þá í 6.318 stigum. Einnig hafði sjóðurinn selt nokkuð af hlutabréfum. Um mitt ár 2008 átti sjóðurinn einungis hlutabréf að verðmæti 39 mkr. Áhersla sjóðsins á fjárfestingar í hlutabréfum var aldrei mikil. Sem dæmi þá var hlutafjäreign sjóðsins einungis um

4% af heildareignum í árslok 2007 og hefur það vissulega dregið úr tapi sjóðsins við bankahrundið í október 2008.

Innlendir hlutabréfasjóðir

Sjóðurinn átti um 395 mkr. í hlutabréfasjóðum Landsbankans árið 2006. Ári seinna var eign sjóðsins í hlutabréfasjóðum komin niður í 239 mkr. Árið 2009 átti lífeyrissjóðurinn einungis 48 mkr. í hlutabréfasjóðum. Einhver sala átti sér stað út úr hlutabréfasjóðunum á árinu 2008 en mestu munar þó um tap ársins sem nam 102 mkr. Tap Lsj. Tannlæknafél. Ísl. var mest í Úrvalsbréfum LÍ 84 mkr. en einnig varð 18 mkr. tap á Vísitölubréfum LÍ.

Heimild: Gögn frá Lsj. Tannlæknafél. Ísl. 2.8.2011.

Innlendir skuldabréfasjóðir

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands hefur lagt mikla áherslu á fjárfestingar í skuldabréfasjóðum. Á árunum 2005-2008 voru skuldabréfasjóðir á bilinu 50-60% af heildareignum sjóðsins. Allir skuldabréfasjóðirnir voru Landsbankasjóðir. Árið 2008 tapaði lífeyrissjóðurinn 488 mkr. á skuldabréfasjóðum, en á árinu 2009 hækkaði gengi Markaðsbréfa LÍ og Fyrirtækjabréfa LÍ sem dró úr tapi sjóðsins um 30 mkr. Tap þessara tveggja ára var því 458 mkr. Mest

Tannlæknar tafla 11

Hlutabréfaeign Lsj. Tannlæknafél. Ísl. á markaðsvirði tímabilið 1.1.2006 - 31.12.2008 í þús.kr.

Skráð félög	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	30.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Straumur Burðarás hf.		8.700	19.620	17.018				183
Marel hf.		13.462	14.808			13.575		168
Landsbanki Íslands hf.		10.600	34.290	67.450	56.240	10.426		
Bakkavör hf.				23.985		14.700		
Mosaic Fashions hf.		7.650	8.250					
Atorka hf./Jarðboranir hf.		10.816	14.487					
Exista hf.		8.925						
Avion hf./Hf Eimskipafélag Íslands		15.269	21.226					
Actavis hf.			35.840					
BankNordik			372					
FL Group hf.					3.170			
Samtals í þús. kr.	0	75.422	148.893	108.453	59.410	38.701	0	352
Óskráð félög	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	30.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Eignarhaldsfél. Lífsj. um verðbréfaskráningu	11	11	11	11	11	11	11	11
Decode Genetics	2.862	1.766	1.280	1.261	631	407	227	123
Samtals í þús. kr.	2.873	1.777	1.291	1.271	642	417	238	134
Samtals félög í þús. kr.	2.873	77.199	150.184	109.724	60.052	39.118	238	485

Heimild: Gögn frá Lsj. Tannlæknafélags Íslands 2.8.2011.

var tapið í Fyrirtækjabréfum LÍ eða 356 mkr. og á Peningabréfum LÍ um 90 mkr. Tap annarra sjóða var samtals 12 mkr.

Tannlæknar tafla 12

Innlendir skuldabréfasjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

	2009	2008	Samtals
Landsbanki Fyrirtækjabréf	-25	381	356
Landsbanki Peningabréf		90	90
Landsbanki Markaðsbref meðal	-5	15	10
Landsbanki Diversified Yield Fund		2	2
Samtals í mkr.	-30	488	458

Heimild: Gögn frá Lsj.Tannlæknafél.Ísl. 21.10.2011.

28.2 Stjórn og starfshættir

28.2.1 Stjórn og starfsmenn

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands (LTÍ) var stofnaður árið 1999. Árið 2004 gerði sjóðurinn samning við Landsbanka Íslands um rekstur sjóðsins. Stjórn LTÍ er skipuð fimm einstaklingum sem kosnir eru á aðalfundi sjóðsins til þriggja ára.¹

Enginn hámarkstími virðist vera á setu fulltrúa í stjórn sjóðsins í reglum hans eða samþykktum að því er best verður séð. Stjórnin ber ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög, hún skiptir með sér verkum og kemur fram fyrir hans hönd. Í nágildandi samþykktum segir að stjórn hafi heimild til að gera samning við fjármálafyrirtæki eða annan hæfan aðila um rekstur sjóðsins.² Starfsmenn Landsbanka Íslands sjá um eignastýringu fyrir sjóðinn, LÍ tilnefnir framkvæmdastjóra sjóðsins úr röðum starfsmanna sinna sem jafnframt er sjóðstjóri. Í samþykktum sjóðsins er kveðið almennt á um ábyrgð stjórnar á rekstri sjóðsins og ávöxtun fjármuna hans en í samningi sjóðsins og LÍ kemur fram að samningurinn taki ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða meiriháttar. Slíkar ráðstafanir geti LÍ einungis gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn sjóðsins.³

Í samstarfssamningnum er kveðið á um að starfsmenn LÍ verði að halda sig innan fjárfestingarstefnu

Erlendar eignir

Engar niðurfærslur eða afskriftir voru á erlendri verðbréfaeign sjóðsins á árunum 2007–2009.

Heimild: Tölvupóstur dags. 20.10.2011 frá Halldóri Kristinssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins.

Gjaldmiðlavarnarsamningar

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands var ekki með neina virka gjaldmiðlavarnarsamninga við fall bankanna.

sjóðsins á hverjum tíma og innan ramma laganna í fjárfestingum sínum.

Í verklagsreglum sjóðsins segir að stjórnarmenn og aðrir þeir sem sitja stjórnarfundi séu „undanþegnir ákvæðum reglnanna um tilkynningaskyldu, en ákvarðanir um einstök verðbréfavíðskipti eru að öllu jöfnu teknar af starfsmönnum rekstraraðila sjóðsins, sjóðstjórum og almennt ekki ræddar á stjórnarfundum“.⁴

Vandinn við þetta fyrirkomulag er að samband stjórnar sjóðsins við framkvæmdastjórnann verður óljóst. Hann er skipaður af LÍ og starfar á þeim forsendum og kjörum sem LÍ ákveður. Það er ekki sjálfgefið að þessi kjör séu beinlínis heppileg fyrir langtímafjárfesta á borð við lífeyrissjóð. Bónusgreiðslur, launaukar og annað af því tagi getur haft áhrif á ákvarðanir framkvæmdastjórnans. Stjórn sjóðsins hefur ekkert vald til að hafa áhrif á kjör hans skv. þeim samningi sem hún hefur gert. Það er rétt að benda á að nýjar reglur LÍ um hagsmunaárekstra geta bætt úr þessu. Þó er það álit úttektarnefndarinnar að óheppilegt sé að stjórn LTÍ ráði engu um kjör framkvæmdastjórnans og komi ekki að ráðningu hans.

Stjórnarmenn LTÍ eru undanþegnir því að gefa upp hlutabréfaeign sína og þau víðskipti sem þeir eiga með eignir sínar á markaði. Áður hafa komið fram athugasemdir við svona undanþágu í þá átt að eðlilegt sé að gera þá kröfu til stjórnar lífeyrissjóðs sem er almenningssjóður að stjórn eigi að upplýsa

1 Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands, Samþykktir, 2010, gr. 4.1; Samþykktir fyrir Lífeyrissjóð Tannlæknafélags Íslands, 2009, gr. 41.

2 Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands, Samþykktir, 2010, gr. 4.9; Samþykktir fyrir Lífeyrissjóð Tannlæknafélags Íslands, 2009, gr. 4.9 orðar þetta þannig að heimilt sé að gera rekstrarsamning við verðbréfafyrirtæki.

3 Samningur um fjárvörslu og rekstur. Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands og Landsbanki Íslands 2004, gr. 1.

4 Verklagsreglur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðs, stjórnar hans og starfsmanna, 2008, gr. 7.

um verðbréfaeign sína og öll eigin viðskipti meðan á stjórnarsetu stendur undanbragðalaust vegna þess að upplýsingaskylda af þessu tagi eykur trúverðugleika stjórnar og gagnsæi í störfum hennar. Úttektarnefnd lífeyrissjóðanna telur að stjórnarmenn eigi að upplýsa um alla verðbréfaeign sína um leið og þeir setjast í stjórn lífeyrissjóðsins og um öll viðskipti sín meðan setið er í stjórn. Reglur LÍ verða að tryggja að framkvæmdastjórinn upplýsi um eigin eignir og viðskipti og ætti að upplýsa stjórn um allt slíkt.

Í grunninn er skiptingin sú að stjórn sjóðsins ber ábyrgð á öllu því sem er óvenjulegt og/eða mikilsháttar en LÍ á daglegum rekstri. En vandinn er sá að það liggur ekkert fyrir um það í þeim skjölum sem nefndin hefur fengið hvað telst vera óvenjulegt eða mikilsháttar. Það eru til dæmis engar upphæðir á fjárfestingum sem framkvæmdastjórinn gæti miðað við þegar hann metur hvort ákvörðun er óvenjuleg eða mikilsháttar. Það virðist mega skilja samninginn á milli sjóðsins og LÍ þannig að allt sem rúmast innan fjárfestingarstefnunnar teljist vera daglegur rekstur. Það þýðir að einungis þegar farið er út fyrir fjárfestingarstefnuna, þá geti ákvörðun verið óvenjuleg eða mikilsháttar. Þessi skilningur gengur ekki því hann þýðir í reynd að engar ákvarðanir falla í þann flokk nema um sé að ræða mistök. Það er skoðun úttektarnefndarinnar að stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands eigi að bæta úr þessu og setja ákveðin viðmið um hvað telst vera óvenjulegt og/eða mikilsháttar.

Það kom fram í yfirliti yfir fjárfestingar sjóðsins hér að framan að skuldabréfasjóðirnir sem LTÍ fjárfesti í á árunum 2005–2008 voru allir á vegum Landsvaka og þar með LÍ og í þeim voru 50–60% af eignum sjóðsins. Sú hætta er raunveruleg að fjárfestingar sem framkvæmdar eru af starfsmönnum LÍ beinist of mikið að sjóðum Landsvaka og ekki sé hugsað nægilega vel um dreifingu áhættu. Þótt kínamúrar eigi að vera á milli ólíkra deilda LÍ, þá virðast þeir lekari en ætla mætti af yfirlýsingum bankanna sjálfra. Það er einfaldlega ekki trúverðugt að sjóðir Landsvaka hafi boðið betri kjör en sjóðir annarra banka.

Það er einnig sjálfsagt að benda á að stjórnin getur ekki haft eftirlit með fjárfestingum í hlutdeildarskírteinum í skuldabréfa- eða hlutabréfasjóðum. Ástæðan er sú að eignirnar að baki slíkum skírteinum liggja ekki ljósar fyrir þegar ákveðið er að fjárfesta

þótt hugsanlega megi sjá hvar stærstu eignirnar eru. Ábyrgð stjórnar á fjárfestingum sjóðsins verður óljós og eftirlit erfitt. Fjárfestingar lífeyrissjóðs á hverjum tíma eiga að vera innan marka laganna og innan ramma eigin stefnu. Það er erfitt að meta með hlutdeildarskírteinum. Þess vegna er sjálfsagt að lífeyrissjóður fari varlega í slíkum fjárfestingum.

Úttektarnefndin leggur til að fram komi í árskýrslum hver umsýsluþóknun LÍ er á hverju ári, bæði föst og árangurstengd. Það er kurteisi við sjóðfélaga að greina skilmerkilega frá því hve háar greiðslur fara til bankans á meðan samningur er í gildi við hann.

Um hlutverk sjóðsins segir í samþykktum hans gr. 2.1: „Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktu þessara.“⁵ Hér hefur gleymst að kveða á um að tryggja sjóðfélögum lífeyri.

28.2.2 Samskipta- og siðareglur

NBI hf. Landsbankinn hefur sett sér samskipta-reglur og áhættumat fyrir lífeyrissjóði í rekstri Landsbankans.⁶ Reglunum er ætlað veg fyrir hagsmunarárekstra sem upp geta komið í viðskiptum sjóðstjóra eignastýringar sem sjá um lífeyrissjóði við aðra innan bankans eða Landsvaka. Eignastýring á að vera staðsett í öðru húsi, hafa aðra stjórn og annað tölvukerfi en aðrar einingar bankans. Öll samskipti skulu skráð og vera rekjanleg og fundargerð haldin á öllum fundum. Starfsmönnum eignastýringar er óheimilt að tjá sig um rekstur lífeyrissjóða við aðra starfsmenn Landsbankans nema til komi samþykki stjórnar lífeyrissjóðsins eða sjóðfélaga. Áhættustýringu ber að skila skýrslu til framkvæmdastjóra hvers lífeyrissjóðs, regluvarðar og forstöðumanns eignastýringar um viðskipti þeirra lífeyrissjóða sem hafa gert samning við eignastýringu bankans við aðrar einingar í samstæðu Landsbankans og staðfesta að slík viðskipti uppfylli kröfur um bestu framkvæmd eða bestu starfsvenju. Starfsmönnum Landsbankans er óheimilt að greiða eða þiggja þóknun fyrir þau verk sem falla undir fyrir nefndar reglur Landsbankans. Starfsmenn eignastýringar eiga ekki að hafa beinan aðgang að miðlunar-

⁵ Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands, Samþykktir, 2010.

⁶ Samskiptareglur og áhættumat fyrir lífeyrissjóði í rekstri Landsbankans, 2010.

kerfum og öll viðskipti skulu fara fram í gegnum fjármálaráðgjöf í eignastýringu. Ytri endurskoðendur sjóðsins verða að endurskoða mat á óskráðum fjármálagerningum.

Síðan eru tilgreindar aðstæður sem upp geta komið og fela í sér hugsanlega hagsmunaaðrekstra. Það er til dæmis lögð áhersla á að fjárfestingar lífeyrissjóðs í vörslu Landsbankans í sjóðum Landsvaka byggist ávallt á mati á hagsmunum sjóðfélaga. Það er lögð

áhersla á að hætta sé á að starfsmenn lögfræðisviðs geti setið báðum megin borðs í samningum lífeyrissjóðs og Landsbankans en tryggja megi að það gerist ekki með skýrri verkaskiptingu á lögfræðisviði. Í öllum meginatriðum þá virðast þessar lýsingar og þau viðbrögð sem lögð eru til skýr og eðlileg. Það er þó veikt það sem segir um lögfræðisviðið.

LTÍ hefur ekki sett sér reglur um mögulega hagsmunaaðrekstra eða siðareglur.

28.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

28.3.1 Inngangur

Að framan hefur verið farið yfir gögn um starfsemi Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands á úttektarárunum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin jafnframt orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Lífeyrissjóðurinn var stofnaður 1999 og í honum eru starfandi tannlæknar og makar þeirra. Stjórn sjóðsins skipa fimm menn kosnir á aðalfundi. Atkvæðisréttur fer eftir inneign sjóðfélaga og réttindum. Lífeyrissjóðurinn hefur rekstrarsamning við Landsbanka Íslands hf. frá 18. nóvember 2004 sem leysti af hólmi rekstrarsamning við Landsbréf hf. Allir þeir sem starfa fyrir lífeyrissjóðinn eru samkvæmt rekstrarsamningnum starfsmenn Landsbankans, sem útdeilir verkefnum til þeirra og greiðir þeim laun. Innan Landsbankans er sjóðurinn rekinn af Eignastýringu safna fagfjárfesta, sem heyrði undir eignastýringarsvið bankans. Auk hans rak deildin fleiri lífeyrissjóði og stýrði jafnframt eignasöfnum sem aðrir lífeyrissjóðir höfðu útvistað til bankans.

Lífeyrissjóðurinn starfrækir tvær aðskildar deildir, sameignardeild og séreignardeild. Eignir samtryggingardeildar eru einungis 15% af heildareignunum. Frá árinu 1997 hafa engar breytingar verið gerðar á lífeyrisréttindum samtryggingardeildar. Hins vegar millifærði samtryggingardeildin 79 mkr. árið 2007 inn á frjálsa séreign sjóðfélaga vegna góðrar tryggingafræðilegrar stöðu samtryggingardeildar. Þá var eldri dánar- og örorkubótasjóður leystur upp og 13 mkr. jafnframt færðar í frjálsa séreign. Sjá um þetta heimild í 3. mgr. 4. gr. lífeyrissjóðalaganna. Mark-

mið sjóðsins er að halda eignum og skuldbindingum nokkurn vegin jöfnum í samtryggingardeild.

Árið 2007 fór að halla undan fæti að því er varðaði afkomu sjóðsins og árið 2008 lækkaði hrein eign til greiðslu lífeyris um rúmar 524 mkr. Árið 2009 hækkaði hrein eign að nýju og þá um 166 mkr. Raunávöxtun árið 2008 var neikvæð í báðum deildum en hafði verið mjög góð árin 2005 og 2006.

28.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra hafa rætt við Friðrik Nikulásson sem var deildarstjóri Eignastýringar safna fagfjárfesta hjá Landsbankanum og kom sem slíkur að stýringu og vörslu eignasafns Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands. Hins vegar hefur Davíð Harðarson, sem var framkvæmdastjóri sjóðsins frá árinu 2006 og til mars 2009, ekki viljað ræða við nefndina. Bar hann fyrir sig að málefni þeirra sjóða, sem voru í heildarstýringu hjá Landsbankanum, hefðu verið til rannsóknar hjá embætti sérstaks saksóknara vegna kæru frá FME. Hann hefði að svo komnu engan áhuga á að tjá sig um málefni þessara sjóða hjá fleiri rannsóknar- eða úttektaraðilum. Þessi afstaða Davíðs getur að nokkru leyti komið niður á úttekt á þessum sjóðum, enda hefur nefndin ekki aðgang að rannsókn sérstaks saksóknara. Innri endurskoðun Landsbankans sá um innri endurskoðun fyrir sjóðinn og KPMG hf. um ytri endurskoðun.

Stjórn sjóðsins mótaði fjárfestingarstefnu sjóðsins í samráði við rekstraraðilann. Þá átti stjórnin að taka allar ákvarðanir í málum sem voru óvenjuleg eða mik-

ilsháttar. Að öðru leyti sá rekstraraðilinn um ávöxtun sjóðsins. Samkvæmt skýrslu innri endurskoðunar Landsbankans fyrir 2008 var sjóðnum ekki stillt upp miðað við gildandi lagaviðmið um hlutfall hámarksfjárfestingar hjá sama útgefanda og hámarkshlutdeild í einstöku félagi. Þessa vegna hlýtur það að hafa verið erfitt fyrir stjórnina að sinna eftirlitshlutverki sínu. Þetta eftirlit virðist því ekki hafa verið nægjanlegt á úttektartímanum.⁷

28.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

Að framan er því lýst hvernig Eignastýring safna fagfjárfesta hjá Landsbankanum hafði með höndum eignastýringu og vörslu eignasafns Lífeyrissjóðs Tannlæknafélagsins, samkvæmt sérstökum rekstrar-samningi við lífeyrissjóðinn. Eignastýringin átti að fara að samþykktum sjóðsins og fjárfestingarstefnu sem stjórn sjóðsins ákvað árlega eftir undirbúning rekstraraðilans.

Athygli vekur að fjárfestingarstefna sjóðsins hafði í flestum tilfellum svo rúm vikmörk að í raun gátu há mörk 36. gr. lífeyrissjóðalaganna ráðið mörkum og dreifingu ávöxtunar (Sjá töflu 2 í yfirliti um starfsemi sjóðsins). Vikmörkin komu ekki í veg fyrir að sjóðurinn færi yfir mörk fjárfestingarstefnunnar í tveimur fyrirtækjum⁸ (Kaupþingi og Atorku varðandi sér-eignarsjóðinn og Kaupþingi og Samson að því er sneri að samtryggingarsjóðnum). Hæfileg vikmörk geta verið nauðsynleg en eðlilega á að fylgja ákveðnu miðgildi fjárfestingarstefnunnar. Ekki á að ákveða vikmörk svo að hætta sé á að fara yfir há mörk lífeyrissjóðalaga. Athygli vekur að annað þeirra fyrirtækja, sem fjárfest er í meira en heimilt var að lögum, er fyrirtæki tengt Landsbankanum samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Fjárfesting í því fyrirtæki var að því leyti einnig mjög vafasöm. Þá virðist hafa komið í ljós við hrúnið að a.m.k. allt árið 2008 hafi þetta fyrirtæki ekki átt fyrir skuldum.

Verkferlar voru ekki yfir störf sjóðstjóra en rammann, sem honum var settur, er að finna í fjárfestingarheimildum sjóðstjóra á Eignastýringarviði safna. Í fjárfestingarheimildunum kemur meðal annars fram

að sjóðstjóri hefur heimild til að eiga viðskipti svo lengi sem fjárfesting er í takt við ákvörðun fjárfestingarráðs, innan heimilda laga og reglna og fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins. Þessar heimildir sjóðstjóranna munu ekki hafa verið kynntar stjórnnum þeirra lífeyrissjóða sem voru í stýringu hjá Landsbankanum.⁹

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti aðallega í hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Landsvaka, dótturfélags Landsbanka Íslands. Á árunum 2005–2008 átti lífeyrissjóðurinn um 50–60% af heildareignum sínum í skuldabréfasjóðum Landsvaka. Árið 2008 tapaði lífeyrissjóðurinn 488 mkr. á þessum skuldabréfasjóðum. Á árinu 2009 dró úr þessu tapi um 30 mkr. þar sem gengi tveggja þeirra hækkaði. Tap lífeyrissjóðsins í hlutabréfasjóðum Landsvaka var hins vegar samtals 102 mkr., en lífeyrissjóðurinn lagði minna upp úr fjárfestingum í hlutabréfum og hlutabréfasjóðum.

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands var ekki með virka gjaldmiðla- eða vaxtaskiptasamninga við fall bankanna. Eignastýring safna fagfjárfesta hafði sjálf haft með þá að gera fyrir sjóðinn og hafði lokað öllum stöðum. Því hlaut ekkert tap af slíkum samningum við hrúnið sjálft gagnstætt því sem varð um gjaldmiðlavarnarsamninga, sem voru í stýringu hjá gjaldmiðlastýringardeild bankans.

Með erindisbréfi fjármálaráðherra 17. mars 2009 voru skipaðir tilsjónarmenn með lífeyrissjóðum þeim sem voru í fullum rekstri hjá Landsbankanum. Í skýrslum umsjónarmanna kemur fram að rannsókn embættis sérstaks saksóknara, sem áður er að vikið, beindist að fjárfestingum og skýrslugerð sjóðsins á fyrri hluta árs 2008. Má af skýrslunum ráða að hætta hafi þótt á hagsmunaaðreksstrum þegar rekstraraðili lífeyrissjóðs eða aðili nátengdur honum byði upp á fjárfestingarkost fyrir sjóðinn. Hætta var þá talin á því að rekstraraðilinn veldi frekar fjárfestingarkosti sem tengdur aðili byði upp á. Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um sjóði Landsvaka verður ekki annað ráðið en að á því tímasteiði sem þarna var til rannsóknar hafi sjóðir Landsvaka fjárfest í skuldabréfum fyrirtækja eða endurnýjað bréf á fyrirtæki sem voru nátengd bankanum eða meðal stærstu viðskiptavina hans.¹⁰ Við fall bankanna kom í ljós að

7 Skýrsla innri endurskoðunar Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands vegna ársins 2008 (apríl 2009), bls. 10–11.

8 Sama heimild, bls. 11–12.

9 Sama heimild, bls. 10.

10 Skýrsla RNA, 4. bindi, bls. 161 o.áfr.

sum þessara fyrirtækja voru í raun gjaldþrota. Virðist ekki óvarlegt að ætla að fyrirtæki þessi hafi strax um áramótin 2007/2008 ekki átt fyrir skuldum ef ekki fyrir þann tíma. Eignasafn þessara sjóða hefur þannig verið orðið mun rýrara en skýrslur bankans sýndu en lífeyrissjóðirnir sem voru í stýringu hjá bankanum voru látnir fjárfesta í þessum skuldabréfum. Sjóðstjórar sjóða Landsvaka sáu um þessar fjárfestingar og Eignastýring safna fagfjárfesta sem sá um fjárfestingar lífeyrissjóðanna virðist ekki hafa haft heildaryfirsýn yfir fjárfestingarnar fyrr en þá löngu eftir á. Þá virðist ekki annað hafa verið gert en að reyna að færa þær að mörkum heimildanna.¹¹

Haldi Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands áfram að láta Landsbankann reka sjóðinn fyrir sig verður að koma því svo fyrir að Eignastýring safna fagfjárfesta hjá bankanum fylgist á hverjum tíma með stöðu sjóðsins miðað við marktæka eignastýringarstefnu og lagaákvæði. Til dæmis með því að stilla sjóðnum upp miðað við gildandi viðmið fjárfestingarstefnu svo að yfirsýn fái, t.d. yfir hlutfall óskráðra og skráðra bréfa og vægi einstakra útgefenda og hámarkshlutdeild í félögum.¹² Þá verður deildin að gefa stjórn sjóðsins allar upplýsingar reglubundið og stilla sjóðnum upp miðað við lagaviðmið um hlutfall hámarksfjárfestingar í sama útgefanda og hámarks-
hlutdeild í félögum.¹³ Stjórnin verður jafnframt að sinna eftirlitsskyldu sinni betur. Ætli stjórnin að fjárfesta í sjóðum, sem reknir eru af dótturfélögum bankans, verður Eignastýring safna fagfjárfesta að geta fylgst með fjárfestingum þeirra sjóða daglega og grípa strax til aðgerða verði dreifing eignasafna sjóðanna óeðlileg eða fjárfest er um of í skyldum fyrirtækjum. Fjármálaeftirlitið þarf þá einnig að koma að því að finna aðferð til að geta gert þetta gerlegt. Svokallaðir “kínamúrar” mega ekki koma í veg fyrir að hæfilegt eftirlit sé haft með fjárfestingum.

11 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Friðrik Nikulásson, dags. 27.10.2011.

12 Skýrsla innri endurskoðunar Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands vegna 2008 (apríl 2009).

13 Sama heimild.

ISBN-13: 978-9979721017



9 789979 721017